allt
RAGNHILDUR FJELSTED
*Býr til ferska og óhefðbundna aðventukransa*
Heilsa Jólin Heimili Tíska
Í MIÐJU BLAÐSINS



FLOSI ÓLAFSSON
*Stelst í kleinur og bakkelsi*
Forboðnir ávextir í eldhússkápunum
MATUR 46






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. nóvember 2005 — 318. tölublað — 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000



**Veisla á hverjum tug**
Tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir eru fertugir í dag.
TÍMAMÓT 36

**Fetar nýjar brautir**



Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal frumsýnir einleikinn Typpatal á Nasa í kvöld. Hann segist þó alls ekki vera neinn dónakarl.
FÓLK 62



**Túrkaka brostinna hjarta**
Hefnd, ástarsorg, uppgjör og súrsætir sigrar urðu skáldkonunum Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur að yrkisefni í Djóflatertunni.

**Gerir upp við Guðjón**



Guðni Bergsson, fyrrverandi landsliðsfyrirliði, segir sína hlið mála á frægri deilu við Guðjón Þórðarson í nýútkominni bók um knattspyrnuferil sinn. Guðni segir Guðjón hafa gengið á bak orða sinna án útskýringa.

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART OG SVALT** verður víða um land í dag. Búast má þó við stöku éljum norðaustan og austan til. Mjög hvasst verður austan til en mun hægara vestan til. Frost 0-8 stig.

# Níutíu öryrkjar skulda milljón eða meira í bætur

**Rúmlega eitt hundrað bótaþegar skulda hver um sig Tryggingastofnun ríkisins milljón eða meira. Af þessum skuldugu bótaþegum eru rúmlega 90 öryrkjar og 16 ellilífeyrisþegar. Flestir töldu ekki fram til skatts.**

**LÍFEYRISMÁL** Rúmlega hundrað lífeyrisþegar skulda Tryggingastofnun milljón eða meira, hver um sig, vegna ofgreiðslna tekjutengdra bóta á árinu 2004. Af þessum 107 bótaþegum er 91 öryrki en 16 ellilífeyrisþegar. Þá eru 150 bótaþegar með kröfur frá 800 þúsundum upp í eina milljón króna hver. Í nánast öllum tilvikum stafa ofgreiðslur Tryggingastofnunar af því að viðkomandi bótaþegar hafa ekki talið fram. Fjármagnstekjur hafa þessi áhrif í örfáum tilvikum. Ofgreiddar tekjutengdar lífeyrisbætur nema alls 1800 milljónum króna. Vangreiddar bætur nema 800 milljónum.

Þetta er niðurstaða endurreiknings tekjutengdra bóta á árinu 2004 að sögn Ágústs Þórs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra líftryggingasviðs TR. Hann segir enn fremur að áður en núverandi reiknikerfi TR sem byggir á tekjuáætlun og síðan uppgjöri, var tekið í notkun, komu ofgreiðslurnar hvergi fram. Þá hafi líka allar vangreiðslur vegna tekjulækkunar komið í ljós. „Á bak við ofgreiðslukröfurnar eru samtals 15 þúsund manns, þannig að meðalkrafan er upp á 121 þúsund krónur,“ segir hann. „Þetta er töluverð hækkun frá árinu 2003. Fjöldi krafna sem er 50 þúsund eða minna er nánast sá sami og árið áður. En þegar komið er yfir það mark fer að skilja á milli. Það eru mun fleiri sem fá þessar miklu ofgreiðslur.“

Ágúst Þór segir meginskýringuna þá, að mun fleiri hafa ekki talið fram til skatts nú en árið áður. Þeir lenda í að fá áætlun hjá skattinum, sem sé alltaf há og leiði til hárra ofgreiðslna.

„Við erum alltaf að vonast til að þetta fólk telji fram og leiðrétti mál sín, þannig að ekki þurfi að koma til endurkröfu. Við erum bundin af lögum um að álagning skattstjóra gildir,“ segir Ágúst Þór. Hann bætir við að aðrar ástæður fyrir því að lífeyrisþegar fái ofgreiðslur séu að þeir láti Tryggingastofnun ekki vita þótt tekjur þeirra hækki frá því sem tekjuáætlunin gerði ráð fyrir. Hann ítrekar því að áríðandi sé að bótaþegar vandi tekjuáætlanir sínar, fylgist síðan vandlega með því að þær séu réttar og láti Tryggingastofnun vita ef einhverjar breytingar verða á þeim. Ofgreiðslur eða vangreiðslur séu algjörlega á ábyrgð bótaþeganna.

Ágúst Þór vonar að flestar kröfurnar falli niður þegar fólk telur fram. Reynist enn um ofgreiðslur að ræða er dregið af bótum viðkomandi. Séu þeir ekki lengur á bótum fari endurkröfuupphæðin í venjulegt innheimtuferli.

jss@frettabladid.is



**JÓLATRÉ Í PÓSTHÚSSTRÆTI** Enn eru jólasveinar ekki komnir til byggða en allt útlit er fyrir að jólatrén séu komin á kreik. Ljósmyndari átti fótum fjör að launa þegar þetta jólatré kom askvaðandi eftir Pósthússtrætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Tilraun til manndráps:

## Hlaut fimm og hálfs árs dóm

**DÓMSMÁL** Lárus Már Hermannsson hefur verið dæmdur í fimm og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Vesturlands fyrir tilraun til manndráps. Hann lamdi fyrrverandi sambýliskonu sína ítrekað í höfuðið með felgulykli á heimili hennar á Akranesi í ágúst síðastliðnum. Hlaut hún mikla áverka og var lögð á sjúkrahús.

Lárusi Má var einnig gert að greiða henni 700 þúsund krónur í miskabætur og þarf auk þess að greiða rúmar 800 þúsund krónur í sakarkostnað. Hann hefur átt við þunglyndi að stríða og hefur misnotað lyf og áfengi. Honum var gert að sæta geðrannsókn en telst vera ábyrgur gerða sinna.

Dómnum verður líklega áfrýjað að sögn verjanda hans. -jse

Þörf fyrir tæknifrjóvgun vanmetin en fjármunir gengu til þurrðar í ágúst:

## 100 bíða tæknifrjóvgunar

**HEILBRIGÐISMÁL** Um 100 pör bíða tæknifrjóvgunar hjá Art Medica, sem Landspítali-háskólasjúkrahús hefur gert samning við um slíka læknisþjónustu.

Hið opinbera tekur þátt í kostnaði við tæknifrjóvgun en umsamdir fjármunir vegna 250 aðgerða voru uppurnir í ágúst síðastliðnum.

Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær, hvort til stæði að greiða niður tæknifrjóvgun þeirra sem greitt hefðu aðgerðina úr eigin vasa að undanförnu. Taldi Ágúst þörfina vanmetna og enn ætti þörfin eftir að aukast með tæknifrjóvgun meðal annars vegna samkynhneigðra.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra sagði að bráðabirgðasamningur væri í gildi við Art Medica til 12. desember en verið væri að semja til lengri tíma. Sagði Jón að ríkið tæki einnig þátt í tæknifrjóvgun þeirra sem greitt hefðu hundruð þúsunda úr eigin vasa. Fram kom að nærri 60 pör hefðu kosið að greiða allan kostnað eftir að fjármuni þraut, en 20 pör hefðu kosið að fresta aðgerð vegna óvissu um kostnaðarhlutdeild ríkisins.

Margir þingmenn töldu þjónustu Art Medica hafa gefist vel og studdu kostnaðarþátttöku ríkisins en Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að fólk ætti sjálft að greiða tæknifrjóvgun að fullu. -jh




Opið til
21:00
í kvöld!
Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD Í SMÁRALIND





## SPURNING DAGSINS

*Magnús, hafa hinir þátttakendurnir í keppninni litið þig hýru auga?*

„Nei, ekki lent í því. En þeir hafa verið mjög góðir við mig.“

Magnús Jóhann Vilhjálmsson er fyrsti samkynhneigði keppandinn sem tekur þátt í keppninni Herra Ísland, svo vitað sé.

Fríkirkjuprestur segir að trúfélögum sé mismunað:

# Stjórnvöld brjóta stjórnarskrá

**TRÚFÉLÖG** „Margvísleg forréttindi þjóðkirkjunnar umfram önnur trúfélög og afstaða hennar til annarra trúfélaga valda hróplegri mismunun,“ segir Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur.

Hann segir að trúfélagafrelsi, sem eigi að teljast til grundvallarmannréttinda í okkar samfélagi, byggist á jafnræði milli starfandi trúfélaga. Því sé hins vegar ekki fyrir að fara. „Samkvæmt fjárlögum ríkisins fær þjóðkirkjustofnunin hátt í fjóra milljarða króna árlega á meðan öll önnur trúfélög hafa bara trúfélagsgjöldin. Og þessi mismunun réttlætist ekki af ákvæði stjórnarskrárinnar um stuðning ríkisins við hina evangelísku-lúthersku kirkju því Fríkirkjan í Reykjavík, sem er eftir því sem ég best veit stærsta frjálsa trúfélag landsins, er einnig evangelísk-lúthersk kirkja,“ segir Hjörtur Magni.



**SÉRA HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON** Hjörtur Magni segir illa sótta Kristnihátíð árið 2000 vitna um þá stóru gjá sem sé á milli ytri umgjörðar trúmála í landinu og trúarlegs veruleika landsmanna.

Hann segir þessa mismunun stangast á við jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar og bætir við að ríkiskirkjur hafi fyrir löngu misst trúverðugleika sinn.

„Hér áður var þeim ætlað að skapa stöðugleika og viðhalda ríkjandi ástandi fyrir veraldlega valdhafa en fólk er löngu hætt að trúa því að valdhafar fái umboð sitt að ofan,“ segir hann að lokum. **- jse**

Héraðsdómur Reykjaness:

# Mál Ramsey til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Ríkissksóknari hefur áfrýjað dómi Héraðsdóms Reykjaness yfir Scott Ramsey til Hæstaréttar.

Scott var dæmdur í 18 mánaða fangelsi og þar af 15 mánuði skilorðsbundið í héraðsdómi í síðasta mánuði fyrir að veita dönskum hermanni hnefahögg sem leiddi hann til bana. Scott var einnig dæmdur til að greiða foreldrum mannsins eina og hálfa milljón króna og þar að auki tæpar 650 þúsund krónur í bætur.

Ríkissaksóknari áfrýjar málinu til refsiþyngingar.

**-jse**



**SÁ SEM ALLT SNÝST UM** Ariel Sharon var íbygginn á þingfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelska þingið:

# Kosið verður í lok mars

**ÍSRAEL** Ísraelska þingið Knesset samþykkti í gær hinn nýja miðjuflokk Ariels Sharon forsætisráðherra sem stofnaður var á mánudaginn.

Sextán Knesset-liðar hafa gengið til liðs við Þjóðarábyrgðarflokkinn, 15 fyrrverandi Likud-menn og einn úr Verkamannaflokknum. Þá samþykkti Knesset í gær að boða til kosninga 28. mars næstkomandi.

Skoðanakannanir benda til að flokkur Sharons geti fengið um fjórðung sæta á þinginu, eða um 30 sæti. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Skoskur gröfumaður sleit Farice-strenginn

**Sambandstruflanir tengdar sæstrengnum Farice eru orðnar 17. Í gær sleit gröfumaður streng við Inverness í Skotlandi. Áður réðust rottur á strenginn. Unnið er að varaleið í Skotlandi þar sem allar truflanirnar hafa orðið.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Á þeim tæpu tveimur árum sem gögn hafa verið flutt um Farice-sæstrenginn hafa sautján sinnum orðið truflanir á starfseminni. Síðast rofnaði sambandið í gær þegar skoskur gröfumaður sleit í sundur ljósleiðarastreng nærri Inverness í Skotlandi rétt fyrir klukkan hálftólf í gærmorgun. Samband komst aftur á síðdegis.

Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice, segir sambandið oftast hafa rofnað vegna framkvæmda þar sem menn hafi ekki gætt sín á ljósleiðaranum og ljóst að tíðni bilana á netsambandinu sé langt umfram það sem eðlilegt geti talist. Þá segir hann ljóst að lega strengsins sem Farice notar til að tengjast Edinborg sé ekki nógu vel merkt. „En úr því hefur eigandi strengsins lofað að bæta.“ Einnig er unnið að því að koma á annarri tengingu til Edinborgar frá landstöð Farice nyrst í Skotlandi, en þaðan eru um 800 kílómetrar til Edinborgar. Þeirri vinnu á að vera lokið í febrúar. „Við erum að tvöfalda um það bil tvo þriðju af landleiðinni, en hefði sú tvöföldun verið komin á strax, þá værum við að horfa á fjögur bilanatilvik frá upphafi í stað sautján.“ Engin vandamál hafa komið upp við tengingar Farice hér á landi, eða tengd strengnum sjálfum, heldur eru þær allar á þessari leið frá landstöðinni.

Sambandsrofið hefur ekki bara verið af mannavöldum en á þessu ári kom tvisvar fyrir að rottur nöguðu í sundur ljósleiðarann. Guðmundur segir að brugðist hafi verið við því með viðeigandi hætti og strengurinn varinn á slóðum þar sem slíkra árása gæti verið að vænta.



**FARICE-STRENGURINN TEKINN Í LAND Í SKOTLANDI** Hér sést kapalskipið Pertinacia við Skotlandsstrendur þegar verið var að koma Farice-sæstrengnum í land. Rekstur hans hófst í febrúarbyrjun 2004. MYND/FARICE

„Ástandið er fyrir neðan allar hellur,“ segir hugbúnaðarfrömuðurinn Friðrik Skúlason. „Þetta gæti hugsanlega orðið til þess að þau fáu hugbúnaðarfyrirtæki sem ekki hafa þegar flúið með dreifingu á sínum hugbúnaði úr landi hljóti að fara að gera það. Auðvitað sér hver maður að þetta ástand gengur ekki,“ segir hann og óttast að öryggi gagnaflutninga verði ekki nægilega tryggt, þrátt fyrir tvöföldun á hluta flutningsleiðar Farice í Skotlandi. „Stóra áhyggjuefnið er neðansjávar, því ekki þarf annað en skip með botnvörpu á röngum stað til að úr verði miklu alvarlegri bilun.“ **- óká**



**SLITNI KAPALLINN** Hann lætur ekki mikið yfir sér ljósleiðarakapallinn sem skoskur gröfumaður sleit í gærmorgun og truflaði með því netsamband hér. MYND/FARICE



**TERRY DAVIS** Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins í Strassborg. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn á fangaflutningum:

# Skorað á Evrópuráðsríki

**BRUSSEL, AP** Terry Davis, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, greindi í gær frá því að hann hefði sent ríkisstjórnum allra 46 aðildarríkja samtakanna bréf. Í bréfinu er skorað á þjóðirnar að leggja rannsókn stofnunarinnar á meintum fangaflutningum á vegum bandarísku leyniþjónustunnar CIA um lofthelgi og flugvelli aðildarríkjanna lið með því að láta í té allar upplýsingar sem þær kunna að búa yfir um málið. Farið er fram á að ríkisstjórnirnar sýni að fylgst sé með viðunandi hætti með athöfnum erlendra leyniþjónustna í lögsögu ríkjanna, einkum að þær brjóti ekki ákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á stúlku** Unglingsstúlka var flutt með sjúkrabíl á slysadeild eftir að hún varð fyrir bíl á Suðurlandsbrautinni í gær. Aðdragandi slyssins er óljós en að sögn lögreglu er stúlkan ekki alvarlega slösuð.

## NORÐURLÖND

**Lúsin lifir allt** Höfuðlús sem lifir allt lifir góðu lífi í Danmörku og hugsanlega í Svíþjóð líka. Ekkert bítur á þessa lús, hvorki lyf né sjampó. Í Danmörku er talið að allt að 72 prósent af lúsinni séu orðin ónæm fyrir lyfjum.






Fimm fórust og borg varð vatnslaus þegar sprenging varð í efnaverksmiðju:

# Eiturfljótið streymir nær borginni

**PEKING, AP** Milljónaborgin Harbin í norðaustanverðu Kína er vatnslaus eftir að eiturefni streymdu úr efnaverksmiðju í nágrenninu í fljót sem borgarbúar sækja neysluvatn sitt í.

3,8 milljónir manna búa í Harbin en borgarbúar sækja neysluvatn í Songhua-fljót. Ákveðið var að skrúfa fyrir neysluvatnsæðarnar eftir að sprenging varð í efnaverksmiðju nærri borginni Jilin, sem stendur ofar við fljótið, 13. nóvember. Talsvert magn eiturefnisins bensens streymdi út í ána og nálgast nú eitrið Harbin óðfluga. Fimm manns dóu í sprengingunni sem varð vegna mannlegra mistaka.

Íbúar borgarinnar tæmdu drykkjarvörulagera verslana og brugðu yfirvöld þá á það ráð að flytja vatn með slökkviliðsbílum frá nálægum borgum. Enginn hefur orðið fyrir nokkurs konar eitrun, enda hefur eitursúpan ekki náð ennþá til Harbin. Samt þykir borgarstjórninni vissara að gæta fyllstu varúðar. Búist er við að fljótið muni hreinsa sig á 4-5 dögum og þá segja yfirvöld að hægt verði að neyta vatns á ný.



**VATNSBIRGÐIR HAMSTRAÐAR** Slökkviliðsbílar úr nálægum bæjum fluttu þyrstum íbúum Harbin drykkjarvatn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málinu er þó ekki þar með lokið því íbúar rússnesku borgarinnar Khabaraovsk, sem stendur 700 kílómetrum neðar við Songhua-fljótið, óttast að eftir nokkra daga muni vatnsbólum þeirra verða lokað. **- shg**



# Jólaljósin færðu í Húsasmiðjunni!



Jóla-
fígúrur
í úrvali!




**Jólatré með ljósleiðara**
Með skrauti, 60 sm.
5899382



**Útisería, 50 og 100 ljósa**
Chrissline, 200x170
5899148-49
Verð frá **2.425**



**Jólastjarna, 100 ljósa** **3.995**
Chrissline, 60 sm.
5899320



**Grenilengja** **350**
2718500



30% afsláttur*
Á meðan birgðir endast



**Aðventuljós, 17 ljósa** **1.847**
5899126-7

# Lýstu upp skammdegið

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.11.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,72 | 63,02 |
| Sterlingspund | GBP | 108,13 | 108,65 |
| Evra | EUR | 74,00 | 74,42 |
| Dönsk króna | DKK | 9,917 | 9,975 |
| Norsk króna | NOK | 9,414 | 9,47 |
| Sænsk króna | SEK | 7,768 | 7,814 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5288 | 0,5318 |
| SDR | XDR | 89,42 | 89,96 |

*Gengisvísitala krónunnar*

104,325

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmenn Menntaskólans á Ísafirði undirrita bréf en krefjast nafnleyndar:

# Hræðsla og flokkadrættir

**DEILUR** „Það er einhver hræðsla í gangi sem veldur því að fólk þorir ekki að koma fram undir nafni,“ segir Katrín Gunnarsdóttir, kennari við Menntaskólann á Ísafirði. Katrín er sú eina af þeim þrettán kennurum sem undirrituðu yfirlýsingu um rangfærslur í máli Félags framhaldsskólakennara sem hefur viljað koma fram undir nafni.

Í yfirlýsingunni kom fram að fleiri starfsmenn hefðu vilja til að skrifa undir plaggið en ekki viljað gera það af ótta við hefndaraðgerðir.

Katrín segist ekki vön þessari nafnleynd en segir að undir niðri kraumi ótti. Hún telur hugsanlegt að starfsmenn séu dregnir í dilka og þannig sé litið á að ef einhver lýsi ekki samstöðu með Ingibjörgu Ingadóttur enskukennara þá sé þeim sama skipað í óvinaliðið. Þetta telur hún geta verið undirrót þess að fólk vilji ekki koma fram undir nafni.

Í yfirlýsingunni fara kennararnir þrettán fram á að Félag framhalsskólakennara vandi vinnubrögð sín og gæti jafnræðis gagnvart félagsmönnum og láti fagleg sjónarmið ráða gjörðum sínum. - saj



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Þrettán kennarar við skólann hafa í skjóli nafnleyndar farið fram á að Félag framhaldsskólakennara vandi vinnubrögð sín.

Verkalýðsfélag Akraness:

# Löggæsla verði ekki minnkuð

**LÖGREGLUMÁL** Stjórn Verkalýðsfélags Akraness mótmælir harðlega fyrirhugaðri skerðingu á starfsemi lögreglunnar á Akranesi en í tillögum framkvæmdanefndar um nýskipan lögreglumála er gert ráð fyrir að Borgarnes verði lykilembættið á svæðinu.

Skorar stjórnin á dómsmálaráðherra sem og þingmenn Norðvesturkjördæmis að tryggja að til þessarar skerðingar komi ekki. Þess í stað verði lögreglan á Akranesi efld og umdæmi hennar stækkað og látið ná til Grundartanga vegna þeirrar gríðarlegu aukningar sem orðið hefur á starfsemi þar. -jse

# Þekkingin flýr land í leit að hagkvæmni

**Nágrannalöndin leitast við að ná til sín íslenskum hátæknifyrirtækjum með gylliboðum. Hörður Arnarson, framkvæmdastjóri Marels, segir að vaxtarmöguleikar hér séu skertir og telur að vaxtastefnu Seðlabankans sé um að kenna.**

**ÚTFLUTNINGSFYRIRTÆKI** „Löndin í kringum okkur keppast að því að ná til sín íslenskum hátæknifyrirtækjum. Við missum fólkið og þar með þekkinguna og ég kann ekki að leggja verðmat á það. Hér eru að tapast framtíðarstörf,“ segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Þarna talar hann um hátækniiðnað sem hefur tekjur sínar af útflutningi. Í þessum geira eru fyrirtæki á borð við Actavis, Marel og Össur einna mest áberandi. Nýlega tók fyrirtækið Medcare-Flaga ákvörðun um að flytja starfsemi sína til Kanada.

Sveinn segir fyrirtækin aðeins leitast við að finna sér hagstætt rekstrarumhverfi. „Þeir sem reka fyrirtækin eru ekkert sértaklaga að velta fyrir sér hvort þeir eru í útrás eða á flótta. Þeir eru bara að leita að bestu starfsskilyrðunum,“ segir Sveinn.

Hann segir ennfremur að hér sé um að ræða þau störf sem síst skyldi missa úr landi. Þetta séu þau fyrirtæki sem mest verðmæti skapi fyrir hvert starf og geti því staðið undir háum launum og góðum lífskjörum. „Það er dýrt fyrir okkur að missa þessi fyrirtæki úr landi. Það tekur langan tíma að byggja þau upp, fimmtán til tuttugu ár í sumum tilvikum. Ef þessi fyrirtæki fara þá koma þau ekki aftur heldur þurfum við að byrja upp á nýtt í einhverju öðru,“ segir Sveinn.

Hörður Arnarson, framkvæmdastjóri Marels flutti framsöguerindi á fundi sem Samtök iðnaðarins stóðu fyrir síðastliðinn föstudag. Þar útskýrði hann áhrif gengishækkana á rekstur útflutningsfyrirtækja. Samkvæmt útreikningum Harðar hefur 25 prósenta gengishækkun sömu áhrif á útflutningsfyrirtæki og 80 prósenta launahækkun starfsmanna hefði. „Það dettur engum heilvita manni í hug að í eðlilegu fyrirtæki sé hægt að hækka laun um 80 prósent án þess að þar fari allt í kaldakol,“ segir Sveinn um þetta.

Hörður benti einnig á í erindi sínu að helsta ástæðan fyrir erfiðleikum útflutningsfyrirtækjanna sé hátt gengi krónunnar sem að hans mati er fyrst og fremst afleiðing af vaxtastefnu Seðlabankans og aðgerðarleysis ríkis og sveitarfélaga. Hann telur að hér séu vaxtarmöguleikar fyrirtækja skertir og tækifæri í vöruþróun fari vannýtt. Þau tækifæri komi aldrei aftur og því sé um varanlegan skaða að ræða.

saj@frettabladid.is



**HÖRÐUR ARNARSON FORSTJÓRI MAREL** Hörður lýsti áhyggjum yfir því að gengishækkanir valdi brottflutningi hátæknifyrirtækja frá Íslandi til nágrannalandanna í erindi á fundi hjá Samtökum iðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA IÐNAÐARINS** Sveinn spyr hvort ekki beri að koma í veg fyrir flótta hátækniiðnaðar frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**SAMGÖNGURÁÐHERRA** Sturla er í Kína á afmælinu sínu með fulltrúum frá Icelandair og Avion Group. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Sturla Böðvarsson í Kína:

# Segir Kínverjum ekki fyrir

**SAMGÖNGUR** „Kínverjarnir gáfu kost á þessari tímasetningu jafnvel þó hana bæri upp á sextugsafmælinu. Maður segir Kínverjunum ekki fyrir verkum í þessu tilliti,“ segir Sturla Böðvarsson samgönguráðherra á sextugsafmæli sínu.

Sturla er nú í opinberri heimsókn í boði ferðamálaráðherra Kína. Með ráðherranum fylkja liði fulltrúar frá Avion Group og Icelandair og ræða menn meðal annars hvernig auðvelda megi Kínverjum ferðalög til Íslands. - saj

Drengirnir sem brenndust:

# Annar enn á gjörgæslu

**SLYSFARIR** Annar drengjanna tveggja sem brenndust þegar eldfimur vökvi skvettist yfir þá í Bryggjuhverfi í Grafarvogi á sunnudagskvöldið liggur enn á gjörgæslu Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Líðan hans er sögð eftir atvikum en hann brann á 30 prósentum líkamans, aðallega á höndum og í andliti. Hinn pilturinn brenndist minna og hefur verið fluttur á almenna deild. ■



**VARÐSKIP** Landhelgisgæslan fær nýtt skip í lok ársins 2008.

Landhelgisgæslan:

# Fær nýtt skip árið 2008

**ÖRYGGISMÁL** Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, tilkynnti í gær að tilboða í byggingu nýs fjölnota varðskips yrði leitað í byrjun næsta árs.

Fimm til tíu skipasmíðastöðvar, sem starfa á evrópska efnahagssvæðinu, fá að bjóða í byggingu skipsins að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, til dæmis með tilliti til rekstrarstöðu þeirra og reynslu af sambærilegum verkefnum. Stefnt er að því að samningagerð ljúki í júní 2006 og 30 mánuðum síðar verði nýtt varðskip afhent. - sk

Íslandsbanki og SPRON:

# Vextir á íbúðalánum hækka

**VAXTAMÁL** Íslandsbanki hefur hækkað vexti íbúðalána úr 4,15% í 4,35%.

Í tilkynningu frá bankanum segir að þetta sé gert vegna hækkana Íbúðalánasjóðs á íbúðalánum sínum. Hækkanirnar taka strax gildi. Þá hafa allir bankarnir nema KB-banki tilkynnt hækkun á vöxtum íbúðalána. Í morgun hækkaði SPRON vexti sína í 4,35% og fyrir nokkru hækkaði Landsbankinn sína vexti í 4,45%. ■




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR SUNNAN TIL**

Það er að sjá mjög snarpan streng við suðausturströndina í dag og þó einkum í kvöld þar sem búast má við norðan stormi. Einnig verður mjög hvasst undan Austfjörðum og jafnvel svo að strengurinn nái inn á Austfirðina í snörpum hviðum. Það verður ískalt í dag en síðan verður heldur mildara á morgun þótt ekki verði tölurnar háar.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Norðan gola og bjartviðri. Frost 2-5 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C skýjað | París | 9°C léttskýjað | Alicante | 20°C heiðskírt |
| Osló | 2°C slydda | Berlín | 5°C heiðskírt | Mílanó | 11°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 9°C alskýjað | New York | 10°C skúrir |
| Helsinki | 2°C hálfskýjað | Madríd | 13°C heiðskírt | San Francisco | 23°C léttskýjað |
| London | 9°C heiðskírt | Barcelona | 18°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 24°C þrumur |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# ALLT Á EINUM STAÐ

## FYRIR AÐVENTUNA



PAKKATILBOÐ

Aðventukrans

1.690 kr.



PAKKATILBOÐ

Aðventuskreyting

950 kr.



PAKKATILBOÐ

Aðventuskreyting

2.850 kr.

- **Nýjar hugmyndir að aðventuskreytingum, - pakkatilboð!**
- **Pakkatilboð á hefðbundnum aðventukrönsum!**
- **Endalaust úrval af föndur- og skreytingarefni fyrir þá sem vilja gefa hugmyndafluginu lausan tauminn!**
- **Úrval tilbúinna aðventuskreytinga og kransa hannaða af blómaskreytum Garðheima!**



20% afsláttur
af öllum kertum í aðventukransa á tilboðstorginu

SIRIUS

**40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR 595 kr.**

**80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR 795 kr.**



Aðventuljós

795 kr.

áður 1.390 kr.

Tilboð!

Aðventukerta-skreyting

990 kr.

Tilboð!

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM!




Lukku stund!

-LENDIR ÞÚ Á LUKKUSTUND?

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

OPIÐ TIL KL. 22.00 FRAM AÐ JÓLUM!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is



## KJÖRKASSINN

*Treystir þú Halldóri Ásgrímssyni sem forsætisráðherra?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að kaupa tæki fyrir tollgæsluna til að gegnumlýsa gáma til að sporna gegn fíkniefnasmygli?*

Sjúkraliðar á Norðurlandi eystra íhuga verkfall:

# Sviknir um orlofsuppbót

**KJARAMÁL** Sjúkraliðar á Norðurlandi eystra eru óánægðir með gang kjaraviðræðna við Launanefnd sveitarfélaga. Þeir hafa ekki fengið greidda út orlofsuppbót hjá Akureyrarbæ frá 1. júní og sjá ekki fram á að fá greidda desemberuppbót.

Í ályktun, sem aðalfundur deildar sjúkraliða á Norðurlandi eystra hefur sent frá sér, segir að sjúkraliðum sé sýnd mikil vanvirðing með þessu háttalagi.

Helga Dögg Sverrisdóttir, formaður sjúkraliða á Norðurlandi eystra, segir að þegar sjúkraliðar hafi reynt að tala við Akureyrarbæ um að fá orlofsuppbótina greidda hafi þeir fengið þau svör að hún yrði ekki greidd á meðan sjúkraliðarnir á Norðurlandi eystra væru ekki með undirritaða samninga.

„Þá fengum við Sjúkraliðafélag Íslands til að ganga í málið en það fékk sömu svör, og það gengur ekkert eða rekur“ segir Helga Dögg. „Það virðist ekki vera vilji fyrir hendi til að semja við okkur á sömu nótum og Sjúkraliðafélag Íslands samdi við ríkið fyrir hönd þeirra sjúkraliða sem þar starfa.“

Aðspurð um hvort verkfall væri framundan sagði Helga Dögg að þolinmæði sjúkraliða væri á þrotum. „Við bíðum ekki mikið lengur.“ **- sk**



**FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ AKUREYRI** Sjúkraliðar á Norðurlandi eystra segja þolinmæði sína vera á þrotum.

Slökkviliðið:

## Eldur í þaki Actavis

**ELDUR** Eldur kom upp í þaki húss lyfjafyrirtækisins Actavis í Hafnarfirði um klukkan eitt í gærdag. Að sögn slökkviliðsmanna kom mikill reykur en eldurinn var ekki mikill. Iðnaðarmenn voru að bræða þakpappa á húsþakinu og virðist hafa kviknað í af neista sem komst í pappann.

Iðnaðarmennirnir slökktu eldinn með handslökkvitæki áður en slökkviliðsmenn bar að.

Þetta er í annað skiptið á tveimur dögum sem slökkviliðinu berst tilkynning frá Actavis en í fyrradag varð að eiturhreinsa tilraunastofu í húsinu. **-jse**



SALERNI

Ifö Cera 3816.
Traust, einföld og þægileg með vandaðri setu.

Tilboð:
18.900 kr.

Ifö Þægindi á tilboði

Opið:
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

TENGI

Smiðjuvegur 76 | 200 Kópavogur | Sími 414 1000 | Fax 414 1001 | tengi.is




**MARKMIÐIÐ GÆTI NÁÐST** Fyrir árið 2010 standa vonir til að þeir sem reykja að staðaldri verði ekki fleiri en 15 prósent þjóðarinnar. Í dag er talan rúmlega 19 prósent. AFP.NORDICPHOTOS/AFP

# Færri reykja en áfengisneysla eykst

**Markmið þau er sett voru fram í áfengis- og tóbaksvörnum í heilbrigðisáætlun frá 2001 til 2010 eru misjafnlega raunhæf. Þeim fækkar sem reykja daglega en neysla áfengis hefur aukist.**

**VÍMUVARNIR** Afar misjafnlega gengur að ná þeim markmiðum í áfengis- og tóbaksvörnum hérlendis sem sett voru fram í heilbrigðisáætlun árið 2001 og eiga að nást fyrir árið 2010. Þannig er markviss árangur að nást í tóbaksvörnum en áfengisneysla landsmanna hefur staðið í stað og jafnvel aukist lítið eitt.

Forgangsverkefni í áfengisvörnum í heilbrigðisáætlun þeirri er samþykkt var á Alþingi 2001 var að neysla áfengis yrði ekki meiri en 5 lítrar af hreinu alkóhóli á hvern íbúa 15 ára og eldri árið 2010 og að dregið yrði úr áfengisneyslu fólks undir lögaldri um 25 prósent á tímabilinu.

Nú, fjórum árum síðar, er áfengisneysla á hvert mannsbarn um 6,7 lítrar ár hvert og aukning hefur orðið hin síðari ár.

Meðal takmarka í tóbaksvörnum sem nást eiga fyrir árið 2010 er að hlutfall fólks milli 18 og 69 ára sem reykir verði ekki hærra en 15 prósent. Ennfremur skal hlutfall barna og unglinga á aldrinum 12 til 17 ára sem reykja verða undir fimm prósentum.

Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Lýðheilsustöð, segir engan vafa leika á að árangur hafi náðst síðustu árin og margvíslegar kannanir staðfesti það, nú síðast rannsókn sem Rannsóknir og greining framkvæmdi fyrir Lýðheilsustöð og birt var fyrir skömmu um vímuefnaneyslu framhaldsskólanema. „Á það verður að líta að takmarkið í heilbrigðisáætluninni er fyrir 2010 og enn er tími til stefnu. Hvað varðar markmiðin í dag er staðan sú að hlutfall 18 til 69 ára sem reykja er 19,2 prósent í dag og verulegur árangur hefur náðst.“

Erfiðara segir Viðar að meta árangur hjá 12 til 17 ára enda hafi Lýðheilsustöð gert athugasemdir við þau markmið enda stór munur á reykingum 12 ára barna og 17 ára unglinga. „Þarna er himinn og haf á milli. Tólf ára börn sem reykja eru nánast ekki til en rannsóknir sýna að talsvert stökk verður úr grunnskóla og yfir í framhaldsskóla og þarna er í raun verið að mæla mun á tólf ára börnum annars vegar og svo nánast fullorðnu fólki. Við höfum enga marktæka tölfræði um þennan hóp.“ **albert@frettabladid.is**


ENGINN DAGUR EINS
ENGIR TVEIR ÍSLENDINGAR EINS
BÓK EFTIR 366 ÍSLENDINGA



Skálholtsútgáfan


Þrír grunaðir íslamskir hryðjuverkamenn handteknir í Torrevieja á Spáni:

# Íslendingarnir urðu ekki varir við nokkuð óvenjulegt

**SPÁNN** „Ég varð ekki var við neitt annað en það sem kom í sjónvarpinu og hef ekki heyrt í neinum sem varð þessa var,“ segir Sveinn Arnar Nikulásson, sem er einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem búsettir eru í eða við Torrevieja á Spáni. Spænska lögreglan handtók þar í gærmorgun þrjá meinta íslamska hryðjuverkamenn sem taldir eru tengjast al-Kaída.

Handtökurnar voru hluti af stærri aðgerð lögreglunnar en alls voru handteknir níu manns í þremur borgum sem grunaðir eru um að hafa ætlað að skipuleggja frekari ódæði í landinu.

Við handtökurnar fannst talsvert magn fíkniefna og fölsuð vegabréf en mennirnir eru allir sagðir meðlimir í íslömskum samtökum á Spáni sem lögregla telur víst að hafi tengsl við al-Kaída, hryðjuverkasamtök Osama Bin Laden.

Nálægt 500 Íslendingar eiga hús í Torrevieja eða nágrenni og er það fjölmennasta Íslendingabyggð á Spáni. **-aöe**



**FJÖLMENN AÐGERÐ** Níu bættust í gær í hóp rúmlega 200 manna sem spænska lögreglan hefur handtekið undanfarin tvö ár vegna gruns um frekari hryðjuverk í landinu. AFP.NORDICPHOTOS/AFP


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Landsins mesta úrval af leikföngum

**Ertu búin að sjá leikfangablað Hagkaupa?** Kíktu á blaðið á **www.hagkaup.is**. Yfir 500 tegundir af skemmtilegum leikföngum.

**HAGKAUP LÆKKA VERÐ Á LEIKFÖNGUM**






**1.294 kr**
verð áður 2.499 kr

**ALLT AÐ 50% VERÐLÆKKUN**




**1.999 kr**
verð áður 2.799 kr

**ALLT AÐ 30% VERÐLÆKKUN**




**2.990 kr**
verð áður 5.499 kr

**45% VERÐLÆKKUN Á BABY BORN DÚKKU**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða sjónvarpsstöð íhugaði Bandaríkjaforseti að gera árás á samkvæmt breskum fjölmiðlum?*

2 *Hvað heitir sérstakur ríkissaksóknari í Baugsmálinu?*

3 *Hvað hrjáir Örn Arnarson sundkappa?*

Spenna milli Bandaríkjamanna og Spánverja:

# Engin vopn verði seld til Venesúela

**SPÁNN** Spenna hefur nú myndast í samskiptum Bandaríkjamanna og Spánverja eftir að bandaríski sendiherrann á Spáni tilkynnti þarlendum stjórnvöldum að öll vopnasala til Venesúela væri litin alvarlegum augum.

Ráðgert var að skrifa undir samning milli Spánar og Venesúela í þessum mánuði um kaup þeirra síðarnefndu á tólf flutningavélum og átta varðskipum og hefur salan farið fyrir brjóstið á Bandaríkjamönnum.

Segja þeir vopnasölu þangað geta kynt undir óróa og óstöðugleika í landinu en sem kunnugt er hefur Hugo Chaves, forseti Venesúela, ekki vandað Bandaríkjamönnum kveðjurnar undanfarna mánuði og er afar stirt samband þar á milli.

Stirt hefur verið milli Chaves og stjórnar George Bush um hríð og töluðust þeir lítið við á fundi Ameríkuríkjanna sem fram fór í Argentínu fyrir nokkrum vikum. - aöe



**ZAPATERO OG CHAVES** Sala Spánverja á hernaðartólum til Venesúela fer fyrir brjóstið á Bandaríkjamönnum.
AFP.NORDICPHOTOS/AFP


HVERFAFUNDIR BORGARSTJÓRA 2005



Borgarstjóri þakkar
góðar ábendingar

*Ágætu borgarbúar*

*Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem komu á hverfafundi síðustu vikur. Skoðanir ykkar skipta miklu máli. Fjölmargar ábendingar ykkar verða hafðar til hliðsjónar í því markmiði að gera góða borg betri. Ágrip af umræðunum er að finna á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.*

*Með bestu kveðju*

Nánari upplýsingar á: www.reykjavik.is

Borgarstjórinn í Reykjavík

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu




**HÖFUÐSTÖÐVAR AL-JAZEERA** Sjónvarpsstöðin hefur bækistöðvar sínar í Doha, höfuðborg Katar, en þarlend yfirvöld eru á meðal dyggustu stuðningsmanna Bandaríkjanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ásökunum alfarið neitað

**Hvíta húsið vísar fregnum af vangaveltum Bush Bandaríkjaforseta um að eyða höfuðstöðvum sjónvarpsstöðvarinnar al-Jazeera algerlega á bug.**

**BANDARÍKIN** Hvíta húsið vísar á bug ásökunum um að Bandaríkjastjórn hafi haft hug á að sprengja höfuðstöðvar sjónvarpsstöðvarinnar al-Jazeera í Katar fyrir um ári síðan. Tveir breskir embættismenn hafa verið ákærðir fyrir að leka trúnaðarupplýsingum um málið.

Frásögn breska blaðsins Daily Mirror af ummælum Bush, forseta Bandaríkjanna, í samtali við Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, um að varpa sprengjum á skrifstofur al-Jazeera hafa vakið talsverða athygli en upplýsingarnar hefur blaðið úr breskum leyniskjölum þar sem samtalið er skráð. Annar heimildarmaður þess segir að Bush hafi sagt þetta í hálfkæringi en hinn segir að forsetanum hafi verið fúlasta alvara. Hvort sem Bush var alvara eða ekki á Tony Blair að hafa talið hann ofan af þessum áformum.

Scott McClellan, talsmaður Hvíta hússins, sagði í gær í samtali við AP-fréttastofuna að ásakanirnar væru ekki svaraverðar. „Við höfum ekki áhuga á að tjá okkur um eitthvað svo furðulegt og óhugsandi.“ Bandarískur embættismaður sem dagblaðið Washington Post ræddi við sagði að sennilega væri um að ræða einn af frægum fimmaurabröndurum Bush. „Það voru hins vegar mistök að færa ummælin til bókar og nú munu fjölmiðlar gera sér mat úr þeim næstu daga.“

Áður en Daily Mirror birti fréttina var málið raunar þegar farið að draga dilk á eftir sér því á dögunum ákærðu bresk yfirvöld tvo menn fyrir brot á lögum um ríkisleyndarmál, þá David Keogh, embættismann í stjórnarráðinu og Leo O'Connor, aðstoðarmann Tonys Clarke, fyrrverandi þingmanns Verkamannaflokksins. Keogh er gefið að sök að hafa lekið afritum af samtali þeirra Bush og Blair til O'Connor en yfirmaður hans skilaði gögnunum tafarlaust til forsætisráðherrans þegar hann áttaði sig á efni þeirra. Að sögn breska blaðsins Guardian hefur Goldsmith lávarður, lögfræðilegur ráðunautur ríkisstjórnarinnar, hótað þeim fjölmiðlum lögsókn sem birta efni úr gögnunum.

Bandarísk stjórnvöld hafa lengi haft horn í síðu al-Jazeera en sjónvarpsstöðin hefur gagnrýnt mjög stefnu Vesturlanda í málefnum svæðisins auk þess að birta annað slagið yfirlýsingar frá al-Kaída. Forsvarsmenn stöðvarinnar hafa farið fram skýringar á málinu frá ríkisstjórnum Bandaríkjanna og Bretlands.

Meðan á innrásinni í Írak stóð árið 2003 hæfði flugskeyti Bandaríkjahers útibú al-Jazeera í Bagdad og tveimur árum áður gjöreyðilögðust skrifstofur stöðvarinnar í Kabúl þegar bandarískar sprengjur höfnuðu á þeim.

sveinng@frettabladid.is



**GEORGE W. BUSH** Ekki er ljóst hvort forsetanum var alvara með ummælum sínum en hitt er víst að þau voru færð til bókar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





LEYNIST Í ÞÉR LISTAGÓÐUR
FÖNDRARI?
50%
Föndurskæri með
sex mismunandi mynstrum.
Verð áður: 389 kr.
Verð nú: 195 kr.
ALCO
DEXTRA
25%
Föndurpappír
í 19 björtum
og fallegum litum.
50 blöð í pakka.
Verð áður: 640 kr.
Verð nú: 479 kr.
20%
Búðu til falleg horn á jólakortin eða mynda-
rammann. Í hverri hornskellu eru þrjú
mismunandi mynstur.
Verð áður: 1.299 kr.
Verð nú: 998 kr.
FISKARS
20%
Búðu til flott göt á jólakortin
með handgataranum.
Níu mismunandi mynstur.
Verð áður: 899 kr.
Verð nú: 719 kr.
FISKARS
Hönnun Oddi M7684
Föndrarar og aðrir
áhugasamir geta skráð sig
á föndurkvöld hjá Odda
skrifstofuvörum á
www.femin.is!
Tilboðin gilda til og með 3. desember nk.
eða á meðan birgðir endast.
ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga 8-18 og lau. 10-17
Verslun Odda • Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opið virka daga 8-18
Netverslun www.oddi.is
Pantanasími 515 5100

## Hryggur og krydd
Uppistaðan í íslenskri veislumáltíð!



## C. T. Pizzur
Fljótlegt og frábært á bragðið!



## Celebrations krans
Kennsla í kransagerð og smakk á Celebrations frá klukkan 14 til 17.30.



| | | |
|---|---|---|
| Cranberry safi | 1l | 139 kr |
| Hvítlauksostur | 150 g | 129 kr |
| Pepperoniostur | 150 g | 129 kr |
| Clubs | 200 g | 99 kr |
| ORA rauðrófur | 580 g | 99 kr |
| Nammibar | 50% afsláttur fös-lau | |

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútuvogi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16


Ljósmyndarafélagið semur við stjórnvöld um passamyndatöku:

# Fá undaþágu til að mynda

**ÖRYGGISMÁL** „Okkur hefði þótt eðlilegt að dómsmálaráðuneytið hefði látið Ljósmyndarafélagið og stærri fagaðila vita af útboðinu,“ segir Gunnar Leifur Jónasson, formaður Ljósmyndarafélagsins, um útboð ráðuneytisins á uppbyggingu nýrrar aðstöðu á sýslumannsskrifstofum. Þar á meðal verður eins konar passamyndataka en með hertum kröfum frá Alþjóðaflugmálastofnun er gert ráð fyrir því að passamyndataka verið í umsjá yfirvalda.

„Við funduðum með þeim í ráðuneytinu og þeir eru með alla lagalega ábyrgð á hreinu varðandi það hvernig að útboðinu var staðið en okkur hefði þó þótt eðlilegt að við hefðum að minnsta kosti haft fregnir af því,“ segir Gunnar Leifur.



**VEGABRÉF** Ísland er eitt af fáum löndum þar sem vegabréfin geta verið prýdd ljósmyndum frá ljósmyndurum en ekki aðeins frá sýslumanni.

Ljósmyndarafélagið náði miklum árangri í viðræðum við ráðuneytið að sögn Gunnars Leifs. „Það verður leyfilegt að nota myndir frá okkur í passana að uppfylltum nokkrum skilyrðum um öryggi. Ísland er því eitt af fáum löndum þar sem menn geta látið almennilega ljósmyndara um að mynda sig í stað þess að láta afmynda sig hjá sýslumanni,“ segir Gunnar Leifur.

Eftir breytingarnar verða vegabréfin mun dýrari og munu gilda í fimm ár í stað tíu líkt og nú tíðkast. **- jse**



**REYKJAVÍKURBORG** Verð á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mikið undanfarin misseri og hefur það leitt til mikillar hækkunar á vísitölu neysluverðs.

# Engar breytingar á Íbúðalánasjóði nú

**Íbúðalánasjóður lagar sig að markaðsaðstæðum og félagsmálaráðherra segir að hlutverki hans og stöðu verði ekki breytt með lögum á yfirstandandi þingi. Sjóðurinn hækkaði vexti í fyrradag og býður valkosti í íbúðalánum.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Árni Magnússon félagsmálaráðherra útilokar að breytingar verði gerðar á stöðu og hlutverki Íbúðalánasjóðs á yfirstandandi þingi. „Ég vonast til að sjá fram úr því áður en árið er liðið hvað skynsamlegast er að gera til breytinga á húsnæðislánamarkaði. Ef sú yrði niðurstaðan að gera einhverjar breytingar er hugsanlegt að það gæti komið til umræðu á Alþingi.“



**ÁRNI MAGNÚSSON FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**

Félagsmálaráðherra segir að vaxtabreytingar Íbúðalánasjóðs í gær séu eðlilegar, en vextir eru nú um 4,45 prósent. „Íbúðalánasjóður gerir það reyndar núna í fyrsta sinn að hann vegur saman peninga sem hann aflar á markaði annars vegar og svo uppgreiðslufé hins vegar. Það er eðlilegt að vaxtakjörin hækki miðað við það sem hefur verið að gerast á markaðnum. Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum að Seðlabankinn hefur verið að hækka mjög vextina og ávöxtunarkrafan á markaði hefur verið að hækka.

Vaxtakjör Íbúðalánasjóðs verða með tvennum hætti og eru þau byggð á reglugerð sem félagsmálaráðherra gaf út í fyrradag. „Sjóðurinn bíður annars vegar upp á lán þar sem fólk þarf ekki að greiða sérstakt gjald ef það greiðir upp sitt lán fyrr en ætlað er. Á móti borgar það hærri vexti. Það er fyrirkomulag sem verið hefur. Síðan býður sjóðurinn nú upp á nýjan vaxtaflokk þar sem vextir eru 0,25 prósentustigum lægri, en þá afsalar fólk sér réttinum til þess að greiða upp lánið þegar því hentar. Ákveði það engu að síður að greiða lánið upp borgar það sérstakt gjald sem er í samræmi við þau kjör sem bankarnir hafa verið að bjóða.“

Árni segir að Íbúðalánasjóður hafi ekki viljað breyta þessu fyrr en nú vegna þess að vafi hafi leikið á því hvort þetta stæðist lög um neytendalán. Áfrýjunarnefnd um samkeppnismál hefur komist að þeirri niðurstöðu að þetta standist og þetta er fyrsta vaxtaákvörðun Íbúðalánasjóðs eftir að sá úrskurður lá fyrir. Og þess vegna ákveður stjórn sjóðsins að hafa þennan háttinn á,“ segir félagsmálaráðherra.

**johannh@frettabladid.is**

Rannsókn á mögulegum höfundarréttarbrotum með niðurhali af netinu:

# Erfið og tímafrek rannsókn

**LÖGREGLA** Rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra á mögulegum höfundarréttarbrotum á netinu, sem hófst í fyrrahaust með húsleit og handtöku tólf einstaklinga, er tímafrek vegna umfangs, að sögn Jóns H. Snorrasonar, yfirmanns efnahagsbrotadeildarinnar.

Jón segir rannsóknina í fullum gangi. „Verið er að vinna í tímafrekum frágangsmálum svo hægt sé að ljúka málinu. Þarna var um að ræða hugsanlega dreifingu á þúsundum kvikmynda og tugþúsundum tónlistarskráa. Í þessu er mikil handa- og nákvæmnisvinna við að kortleggja þetta allt saman.“ Þá segir Jón gríðarmörg mál í vinnslu og öll þess eðlis að taki tíma að vinna þau.

Jón segir misjafnt eftir málum hvað mikið sé haldlagt af gögnum og hversu lengi þurfi að halda þeim, en við húsleit lögreglu í fyrrahaust var lagt hald á margar tölvur og mikið magn tölvugagna. „Við þurfum að halda eftir og vera með þá hluti sem á annað borð kemur til greina að krefjast upptöku á,“ segir hann og bætir við að aðrir séu hreinlega sönnunargögn sem þurfi að vera tiltæk. „Það er af ýmsum ástæðum sem hlutir eru hér hjá okkur, en yfirleitt af rökstuddum ástæðum og nauðsyn þess að þeir séu til staðar.“

Hallgrímur Kristinsson, framkvæmdastjóri Smáís, samtaka myndrétthafa, sagði nýlega að sig væri farið að lengja eftir niðurstöðu rannsóknar lögreglu, en hann vonast til að gefnar verði út ákærur. „Niðurstaða myndi skýra línurnar og eyða óvissu,“ sagði hann. **- óká**



**JÓN H. SNORRASON** Yfirmaður efnahagsbrotadeildar segir að fara hafi þurft yfir hafsjó af efni í tölvum sem lagt var hald á í rassíu lögreglu í fyrrahaust.

# TÍMAMÓTAVERK

## *Orðabók framtíðarinnar*

SVO MIKLU MEIRA
EN HEFÐBUNDIN ORÐABÓK




Þetta er afar yfirgripsmikið verk sem veitir einstaka leiðsögn um orðaval í ræðu og riti. Efnisskipan bókarinnar tryggir fjölþættari og virkari aðgang að orðabókarlýsingu en notendur hafa hingað til átt kost á.

Bókin gerir rækilega grein fyrir notkun orða og orðasambanda í margvíslegu samhengi og birtir um leið skýra mynd af íslenskum orðaforða og innra samhengi hans.

**EINSTAKT TILBOÐ**

**kr. 12.980**

**STENDUR TIL SUNNUDAGS**
Verð frá 1. janúar kr. 16.980
Dreifðu greiðslunni vaxtalaust með greiðslukorti í allt að 4 mánuði.

**Rafræn útgáfa á geisladiski**
fylgir bókinni og veitir margvíslega leitarmöguleika og nýja innsýn í efnið.

- **Samfelldur flettiorðalisti** með orðum og hugtakaheitum.
- **Orðin birtast í efnislega flokkuðum samsetningum.**
- **Hugtakaheiti** sameina merkingarlega samstæð orð og orðasambönd.
- **Sérstök orða- og orðasambandaskrá** veitir beinan aðgang að einstökum orðasamböndum.
- **Skrár með enskum, dönskum og þýskum hugtakaheitum** vísa erlendum notendum veginn að orðabókartextanum.

**Yfirgripsmesta verk sem út hefur komið um íslenska málnotkun. Bókin er yfir 1600 bls. í stóru broti.**

*Stóra orðabókin* sameinar alhliða lýsingu á íslenskri málnotkun, þar sem orðin birtast í margs konar notkunarsamhengi, til dæmis orðasamböndum af ólíku tagi og samsetningum og er jafnframt samheitaorðabók.



Eymundsson
BÓKSALI FRÁ 1872




Óformleg menntun og þátttaka ungs fólks í samfélaginu

Dr. Howard Williamson flytur fyrirlestur um óformlega menntun og þátttöku ungs fólks í samfélaginu í Háskólanum í Reykjavík, stofu 101, mánudaginn 28. nóvember nk. kl. 13:15

Fyrirlesturinn er í boði menntamálaráðuneytisins og Háskólans í Reykjavík.

*Dr. Howard Williamson er prófessor í European Youth Policy in the School of Humanities, Law and Social Sciences við Háskólann í Glamorgan Wales. Áður hefur hann starfað við háskólana í Oxford, Cardiff og í Kaupmannahöfn og hefur unnið ötullega að málefnum ungmenna í Evrópu í yfir 20 ár. Hann hefur unnið að stefnumótun í málefnum ungs fólks bæði í Bretlandi og fyrir ýmis lönd. Þá hefur hann mjög komið að stefnumótun Evrópusambandsins og Evrópuráðsins í málefnum ungs fólks. Síðasta bók hans er The Milltown Boys Revisited (2004). Árið 2002 var hann sæmdur heiðursorðunni CBE (Commander of the British Empire) fyrir störf sín að málefnum ungs fólks.*

Fyrirlesturinn er sérstaklega áhugaverður fyrir þá er vinna með og starfa að stefnumótun í málefnum ungs fólks, hjá frjálsum félagasamtökum, opinberum aðilum og aðra er bera hag þeirra fyrir brjósti.

Þátttaka er öllum opinn, aðgangur er ókeypis. Vinsamlega staðfestið þátttöku með tölvupósti til charlotta@ru.is.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is




Kynningar í Lyfju á nýju vetrartískunni frá OROBLU
- Fimmtudag, 24. nóv. kl. 14-18 á Smáratorgi.
- Föstudag, 25. nóv. kl. 14-18 í Lágmúla og Smáralind.
- Laugardag, 26. nóv. kl. 12-16 á Laugavegi.


Mexíkóska lögreglan veiðir stórtækan fíkniefnasala í net sitt:

# „Læknirinn“ loks í varðhald

**MEXÍKÓ** Lögreglan í Mexíkó hefur handtekið einn umfangsmesta fíkniefnasmyglara landsins. Hann er sagður bera ábyrgð á fimmtungi fíkniefnainnflutnings frá Mexíkó og öðrum löndum Mið- og Suður-Ameríku til Bandaríkjanna.

Ricardo García Urquiza, sem þekktur er í undirheimum sem Læknirinn, var handtekinn fyrir tíu dögum í fyrirsát lögregluyfirvalda við verslunarmiðstöð. Hefur hann um langan tíma verið annar af þeim tveimur glæpamönnum sem bandaríska alríkislögreglan hefur leitað hvað mest og er handtaka hans álitin einn stærsti sigur lögreglunnar í Mexíkó.

Stór hluti þeirra fíkniefna sem til Bandaríkjanna berast kemur gegnum landamærin frá Mexíkó og hafa rannsóknarlögreglumenn undrast hvernig Urquiza virðist hafa tekist að reka starfsemi sína sem lögmætt fyrirtæki. Rannsókn á samtökum hans og raunverulegu umfangi þeirra hans mun taka langan tíma. **- aöe**



**MIKILVÆGUR SIGUR Í BARÁTTUNNI** Einn umsvifamesti fíkniefnasalinn í heiminum hefur verið handtekinn. AFP.NORDICPHOTOS/AFP



**MERKEL OG STEINMEIER** Angela Merkel kanslari og Frank Walter Steinmeier utanríkisráðherra ræðast við í þotunni á leið til Parísar í gær. MYND/AP

# Fransk-þýski öxullinn stendur óhaggaður

**Áherslur nýrrar ríkisstjórnar Þýskalands í utanríkismálum tóku að skýrast í gær er nýskipaður kanslari valdi að fara í heimsókn til Parísar á fyrsta heila starfsdegi sínum í embætti. Næst fer Merkel til Lundúna og Washington.**

Þýskaland, AP Angela Merkel, sem tók við embætti kanslara Þýskalands á þriðjudag, kaus að verja fyrsta heila starfsdeginum í embætti í að fara til skrafs og ráðagerða við ráðamenn í París. Fullvissaði hún þá um að nýja stjórnin í Berlín áliti Frakkland vera lykilbandamann Þýskalands. Í öðrum Evrópulöndum var grannt fylgst með heimsókninni, ekki síst til að líta eftir því hvort Merkel og nýi utanríkisráðherrann, Frank Walter Steinmeier, gæfu frá sér einhver merki um breyttar áherslur í utanríkisstefnu mesta þungavigtarríkis Evrópusambandsins. Einkum voru menn í París áhugasamir um að vita hvort yfirlýst markmið Merkel um bætt tengsl vestur um haf myndi koma til með að bitna á tengslum evrópsku meginlandsveldanna tveggja.

Fyrir brottförina frá Berlín til Parísar lýstu þau Merkel og Steinmeier, sem áður var starfsmannastjóri Gerhards Schröders fyrrverandi kanslara, því bæði yfir að nýja stjórnin myndi í stórum dráttum fylgja sömu stefnu í utanríkismálum og mörkuð hefði verið á síðustu árum. Merkel og gestgjafinn Jacques Chirac Frakklandsforseti áréttuðu líka eftir viðræður þeirra að tengslin milli þjóðanna tveggja yrðu áfram náin, í takt við það samband sem þeir Schröder og Chirac höfðu komið á sín í milli. Merkel sagði að val hennar á París sem fyrsta viðkomustað eftir embættistökuna endurspeglaði þá „djúpstæðu sannfæringu“ að góð tengsl Frakklands og Þýskalands væru ekki aðeins mikilvæg fyrir löndin tvö heldur Evrópu alla. Merkel tók hins vegar fram að ekki stæði til að „þröngva sjónarmiðum Frakka og Þjóðverja“ upp á aðrar þjóðir álfunnar. Hún hefur áður sagt að hún muni leggja sig fram um góð tengsl við minni þjóðir Evrópu.

Í París vék Merkel sér fimlega undan því að taka opinberlega afstöðu í þeim málum sem mest brenna á mönnum í Evrópusamstarfinu um þessar mundir, svo sem varðandi ESB-aðild Tyrklands og fjárlagaramma ESB fyrir tímabilið 2007-2013, sem þrýst er á að verði gengið frá samkomulagi um á leiðtogafundi í desember.

Í framhaldi af heimsókninni til Parísar kom Merkel við í Brussel og hitti þar framkvæmdastjóra NATO og ESB. Hún hittir ráðamenn í Lundúnum í dag, fimmtudag, og hún hyggst leggja leið sína til Washington „mjög fljótlega“.

**audunn@frettabladid.is**

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn vilja draga úr umferð tankbíla í borginni:

# Hættulegu eldsneyti ekið um borgina í auknum mæli

**ELDSNEYTI** Flutningar á eldsneyti, þar með töldu afar eldfimu þotueldsneyti, hafa stóraukist um þéttbýla byggðina í vesturbæ Reykjavíkur og víðar eftir að olíubirgðastöðin í Hafnarfirði var lögð niður. Sjálfstæðismenn í borgarstjórn vilja láta kanna hvort hægt sé að minnka þessa flutninga og jafnvel að geymsla þotueldsneytis verði annars staðar en í Örfirisey.

Tvennt hefur valdið auknum ferðum olíuflutningabíla um vesturbæ Reykjavíkur. Annars vegar er meira magn þotueldsneytis geymt í tönkum í Örfirisey eftir lokun olíubirgðastöðvarinnar í Hafnarfirði fyrir allnokkru. Hin ástæðan er sú að eftir breytingar á lögum um olíugjald í sumar hafa ferðir aukist þar sem nú þarf bæði að flytja litaða og ólitaða olíu milli staða sem ekki var þörf á áður.

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, segir eðlilegt til að tryggja öryggi að kannað verði í góðu samráði við olíufélögin hvort meginbirgðastöð fyrir þotueldsneyti verði staðsett annars staðar en í Örfirisey í framtíðinni og með því móti minnka aftur aukna umferð tankbíla um þéttbýli Reykjavíkur.**-aöe**



**ÖRFIRISEY** Þar eru geymdar miklar birgðir af þotueldsneyti sem flytja þarf um þéttbýl íbúðasvæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# OFUR ÚTSALA

## – ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

**MMC Lancer 4x4 árg. 2000**
ek. 116.000, 5 gíra. Ásett verð: 790.000. Tilboð: 540.000.

**Suzuki Vitara árg. 2000**
ek. 73.000, 5 gíra. Ásett verð: 880.000. Tilboð: 640.000.

**Nissan Terrano II árg. 1998**
ek. 140.000, 5 gíra. Ásett verð: 1.040.000. Tilboð: 730.000.

**Renault Megane Scenic árg. 2000**
ek. 75.000, 5 gíra. Ásett verð: 990.000. Tilboð: 740.000.

**Suzuki Baleno árg. 1999**
ek. 122.000, 5 gíra. Ásett verð: 650.000. Tilboð: 360.000.

**Opel Astra árg. 2000**
ek. 108.000, 5 gíra. Ásett verð: 730.000. Tilboð: 360.000.

**Kia Shuma árg. 2000**
ek. 87.000, 5 gíra. Ásett verð: 490.000. Tilboð: 270.000.

**Hyundai Elantra árg. 1998**
ek. 146.000, 5 gíra. Ásett verð: 450.000. Tilboð: 190.000.

Tryggjum stöðugleika!
Vetrardekk fylgja
öllum fólksbílum



100%
Allt að 100% lán á völdum
bílum til allt að 60 mánaða

SP-FJÁRMÖGNUN

**Útsalan Klettháalsi opin frá kl. 10 til 18**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Klettháalsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Einnig er útsala hjá söluumboðum
okkar Selfossi, Reykjanesbæ og Akureyri

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HEKLA, Klettháalsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 4152



Aðeins í dag!

Öll kerti

30%

afsláttur

# Í dag er kertadagur

# Kerti fyrir

Aðventu-
krans
f/sprittkerti

1999



Allar
jólaseríur

20-50%

afsláttur





Aðventusleði **599**



Aðventustjaki
skreyttur **999**



Sýpris **299**
Blómapottur **199**

# aðventuna



3 stk

Jólastjörnur **999**
2 stórar ( rauð og hvít ) og 1 minni rauð

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind





Bandaríkjastjórn tvísaga:

# Taldi fosfór til efnavopna

**VÍGBÚNAÐUR** Í kjölfar Flóabardagans fyrri töldu Bandaríkjamenn sprengjur fylltar hvítum fosfór til efnavopna. Þetta segir Sigfrido Ranucci, ítalski fréttamaðurinn sem benti á fosfórsprengjunotkun Bandaríkjahers í Falluja í Írak haustið 2004.

Í skýrslum Pentagon frá árinu 1991 er talað um notkun fosfórefnavopna Íraksherss gegn Kúrdum í kjölfar uppreisna í landinu. „Þegar Saddam notaði hvítan fosfór voru það efnavopn en í meðförum Bandaríkjamanna er efnið hefðbundið vopn,“ segir Ranucci í samtali við breska blaðið Independent.



**FOSFÓRSPRENGING** Alþjóðasáttmálar banna notkun slíkra vopna gegn óbreyttum borgurum.



**ÚRSLITUNUM FAGNAÐ** Raila Odinga, vegamálaráðherra Kenía, barðist kröftuglega gegn nýju stjórnarskránni. Hann var því kampakátur þegar hann ávarpaði stuðningsmenn sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihluti Keníumanna hafnaði nýrri stjórnarskrá:

# Úrslitin eru áfellisdómur yfir forsetanum

**NAÍRÓBÍ, AP** Mwai Kibaki, forseti Kenía, hefur viðurkennt ósigur sinn eftir að landar hans höfnuðu nýrri stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu á mánudaginn.

57 prósent Keníumanna greiddu atkvæði gegn frumvarpinu en aðeins 43 prósent voru því fylgjandi. „Ríkisstjórn mín mun virða dóm þjóðarinnar,“ sagði Kibaki í þjóðarávarpi sínu í fyrrdag.

Landið hefur logað í illdeilum að undanförnu vegna atkvæðagreiðslunnar og hafa sjö látist í átökum þeim tengdum. Allir virðast þó sammála um að Kenía þurfi á nýrri stjórnarskrá að halda en hins vegar greinir þjóðina á um inntak hennar.

Þeir sem börðust gegn frumvarpinu sögðu það veita forsetanum allt of rúm völd en stuðningsmenn bentu á að samþykkt þess hefði leitt til breytinga á eignarhaldi á jarðnæði.

Fyrst og fremst var þó þjóðaratkvæðagreiðslan talin snúast um persónu Kibaki, sem var kjörinn árið 2002 út á loforð sín um að berjast gegn spillingu. Honum þykir hafa heppnast það heldur illa, eins og úrslitin sýna.

11,6 milljónir kjósenda gátu greitt atkvæði á 19.000 kjörstöðum í landinu. Þar sem þriðjungur þeirra er ólæs merktu andstæðingar frumvarpsins við banana á kjörseðlinum en fylgjendurnir við appelsínu. - shg

Umferðin í Reykjavík:

# Ljós voru óvirk á Miklubraut

**SAMGÖNGUR** Umferðarljós voru óvirk í nokkrar mínútur á nítján stöðum í Reykjavík á tíunda tímanum í gærmorgun, meðal annars á Miklubraut.

Að sögn lögreglu er ekki vitað til þess að árekstrar hafi orðið vegna þessa, en fyrir hádegi höfðu þó orðið fjórir smærri árekstrar. Ástæður þeirra taldi lögregla frekar að rekja til aðstæðna og athugunarleysis ökumanna.

Dagbjartur Sigurbrandsson, umsjónarmaður umferðarljósa hjá Gatnamálastofu, segir bilun hafa orðið í stjórnbúnaði á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, en þau gegni lykilhlutverki. „Stjórnbúnaðurinn þar sendir upplýsingar til átján annarra kassa og ef hann fer út er fjandinn laus,“ segir hann. - óká



**UMSJÓNARMAÐUR UMFERÐARLJÓSA** Dagbjartur Sigurbrandsson er umsjónarmaður umferðarljósa hjá Gatnamálastofu.


GÓÐA VEISLU
GJÖRA SKAL
Nú er veisla hjá Subaru! Gengið hefur aldrei verið hagstæðara, Subaru er betri en nokkru sinni fyrr og nú færðu jólagjöf líka! Tryggðu þér afburðabíl fyrir jól og þú færð hundraðþúsund króna gjafabréf í Ormsson í kaupbæti.
ORMSSON
100.000 kr.
í jólagjafir handa þér og þínum
LEGACY
Verð frá 2.310.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!
FORESTER
Verð frá 2.390.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!
IMPREZA
Verð frá 1.990.000 kr.
TAKMARKAÐ MAGN!
SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00
Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100
Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230
Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141
Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808
Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376
Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990
Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453
Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540
Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
Fíton/SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Skamm, skamm

**„Orðalagið sem notað var í Morgunblaðinu um Mónakó er ekki við hæfi, einkum þegar í hlut eiga ríki og furstafjölskylda sem ávallt hafa sýnt Íslendingum vináttu.“**

Ólafur Ragnar Grímsson forseti í grein í Morgunblaðinu þar sem hann útskýrir hvers vegna hann var viðstaddur innsetningu Alberts af Mónakó í embætti fursta.

### Sannir herramenn

**„Það hefur komið mér á óvart hversu vel hinir hafa tekið þessu. Ég hef ekki mætt neinum fordómum.“**

Magnús Jóhann Vilhjálmsson, samkynhneigður keppandi í Herra Ísland, um keppinauta sína. Fréttablaðið.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** AXEL KÁRASON, FORMAÐUR UNGRA FRAMSÓKNARMANNA Í SKAGAFIRÐI.

## Er að koma sér í kosningagírinn

„Það er allt gott að frétta þessa dagana. Ég stunda nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og það er mikið að gera þar. Ég var til dæmis í vettvangsferð á svínabúi í gær,“ segir Axel Kárason, formaður Ungra framsóknarmanna í Skagafirði.



Þegar Axel er spurður hvað sé á döfinni hjá ungum framsóknarmönnum í Skagafirði segir hann nokkur mál vera ofarlega á baugi. „Í stjórnmálunum er ýmislegt framundan. Við framsóknarmenn erum að koma okkur í kosningagírinn fyrir vorið.“ Í vor verður kosið til sveitarstjórna um allt land og ungir framsóknarmenn í Skagafirði ætla sér líklega stóra hluti fyrir hönd síns flokks.

„Annað kvöld er svo opinn umræðufundur á Kaffi Króki á Sauðárkróki um áfengislöggjöfina, Þar ætlum við að stefna saman mönnum með ólíkar skoðanir á því hvort eigi að hleypa áfengi í verslanir, lækka áfengiskaupaaldur, hvort það eigi að leyfa áfengisauglýsingar og hvort það eigi að leyfa heimabrugg,“ segir Axel.

Ungir framsóknarmenn halda uppi fjörlegu félagslífi fyrir sína liðsmenn, ekki er það síðra þegar tilefnið er gott. Axel segir að framundan sé mikil veisla í lok árs. „Þá er Jónshátíð svokölluð, en þá er meiningin að halda kveðjuhátíð fyrir Jón Einarsson, stjórnarmann í félaginu til margra ára, sem gengur upp úr félaginu um áramót sökum aldurs.“ Jón Einarsson hættir þá að vera ungur framsóknarmaður og færist í fullorðinna manna tölu. „Síðan eftir áramót má gera ráð fyrir því að slagurinn fari að harðna, en við verðum tilbúnir.“

## SJÓNARHÓLL

**ROY KEANE HÆTTIR Í MANCHESTER UNITED**



BJÖRK VILHELMSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

### Mun sakna hans

„Þetta er náttúrulega stórmál fyrir áhangendur United,“ segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans um skyndilegt brotthvarf Roys Keane frá Manchester United í lok síðustu viku. „Ég hef verið á Old Trafford og séð hann leika og ég mun sakna hans,“ bætir hún við. Björk er enginn sérstakur fylgismaður Manchester United en veit sem er að Keane er góður í knattspyrnu. Hún skilur því að ugg hafi sett að áhangendum United. „Missir alvöru aðdáenda verður náttúrulega mun meiri en minn,“ segir Björk sem heldur með Þrótti í íþróttum.

# Heimsmet í fjölda gervigrasvalla

**Aðstaða til knattspyrnuiðkunar í Fjarðabyggð mun gjörbreytast með tilkomu tveggja nýrra gervigrasvalla í fullri stærð. Fjarðabúar setja markið hátt og stefna á sæti í efstu deild.**

Næsta vor verða teknir í notkun tveir nýir knattspyrnuvellir í fullri stærð í Fjarðabyggð sem báðir verða lagðir gervigrasi. Eggert Magnússon, formaður Knattspyrnusambands Íslands, segir að þar með skapist frábærar aðstæður til knattspyrnuiðkunar og framkvæmdirnar eigi eftir að verða bæjarfélaginu til mikils sóma. „Þetta verður til þess að knattspyrnulið Fjarðabyggðar mun sækja mjög hratt upp knattspyrnustigann og ég trúi því að innan fárra ára muni liðið stefna á sæti í efstu deild,“ segir Eggert.

Á Reyðarfirði eru bæjaryfirvöld að láta byggja fjölnota íþróttahús; Fjarðabyggðarhöllina. Þar verða bæði knattspyrnuvöllur og frjálsíþróttaaðstaða en fullbúið mun mannvirkið kosta um 470 milljónir króna.

Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) ætlar að gefa bæjarfélaginu gervigras sem lagt verður á gamla malarvöllinn í Neskaupstað. Freysteinn Bjarnason, framkvæmdastjóri SÚN, segir að kostnaður við framkvæmdirnar liggi ekki fyrir en ljóst sé að hann hlaupi á tugmilljónum króna.



**EGGERT MAGNÚSSON FORMAÐUR KSÍ** Telur að knattspyrnulið Fjarðabyggðar eigi eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.

Við sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps næsta sumar verður íbúafjöldi sveitarfélagsins um 4.200. „Bæjarfélagið verður það fámennasta á Íslandi sem státað getur af gervigrasvelli og líklega er ekkert jafn fámennt bæjarfélag í veröldinni með tvo gervigrasvelli í fullri stærð og tvo litla sparkvelli með gervigrasi að auki,“ segir Björgúlfur Halldórsson, formaður Þróttar í Neskaupstað. Má því ætla að Fjarðabyggð setji heimsmet í fjölda gervigrasvalla miðað við höfðatölu þegar allt verður tilbúið.



**FJARÐABYGGÐARHÖLLIN** Nýja íþróttamannvirkið mun snarbreyta svip Reyðarfjarðar þegar það verður risið. Myndin er tölvuunnin.

Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar er samvinnuverkefni allra þriggja rótgrónu íþróttafélaganna í Fjarðabyggð: Þróttar í Neskaupstað, Austra á Eskifirði og Vals á Reyðarfirði. Liðið hafnaði í fjórða sæti 2. deildar síðastliðið sumar en Bjarni Ólafur Birkisson, formaður félagsins, segir að nú horfi Fjarðabúar hátt. „Félagið er skuldlaust og við höfum ráðið Þorvald Örlygsson sem þjálfara til þriggja ára. Við stefnum á að fara upp um deild næsta sumar og til lengri tíma litið er stefnan sett á efstu deild,“ segir Bjarni.

kk@frettabladid.is




Klukkurnar fjórar í Hallgrímskirkjuturni stjórnast ekki bara af gangi tímans:

# Vísarnir sveiflast í vindinum

Það getur verið varasamt að treysta um of á þann tíma sem klukkur Hallgrímskirkjuturns sýna hverju sinni. Þær eiga það nefnilega til að vera rangar - jafnvel kolrangar.

Starfsmaður nærliggjandi gistiheimilis hefur lengi fylgst með klukkunum og hans tilfinning er að sú sem vísar niður Skólavörðustíg sé oftar en ekki röng. Segir hann þetta bagalegt enda sé Hallgrímskirkja eitt af helstu táknum borgarinnar og ferðamenn leggi jafnan leið sína að kirkjunni.

Séra Sigurður Pálsson, prestur við Hallgrímskirkju, er sammála því að bagalegt sé að klukkurnar séu rangar en ástæða þess er ofar mannlegum mætti. „Við eigum í sífelldri glímu við stillingu á klukkunum því þær eiga það til í miklu roki að ruglast í ríminu,“ segir Sigurður. Vísarnir sveiflast í vindinum og skeyta þá engu um raunverulegan gang tímans.

Sigurður segir starfsmenn kirkjunnar jafnan á varðbergi gagnvart vandamálinu en stundum líði dagar án þess að vísunum sé gefinn gaumur. Og fyrst vísarnir stjórnast af vindi er ekki nema von að klukkurnar í hinum háa Hallgrímskirkjuturni séu annað slagið rangar. „Það er nú óvíða meiri stormur í borginni en hér á hæðinni hjá okkur,“ segir Sigurður Pálsson. - bþs



**ALLTOF SEIN** Klukkan sem snýr að miðborginni var 45 mínútum of sein í gærmorgun. Vindáttir og vindstyrkur stjórna vísunum fremur en gangur tímans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**RÉTTUR TÍMI** Þegar klukkan á framhliðinni var röng sýndu hinar þrjár réttan tíma.

EKKERT BRUÐL

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 24. nóv. til sunnudags 27. nóv. 2005

# Komdu í Bónus!

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
899 kg KR.
Merkt verð 998kr.
10% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

ALI BAJONSKINKA
1049 kg KR.
Merkt verð 1498kr.
30% afsláttur við kassann

Úrbeinaður SS hangiframpartur
1217 kg KR.
Merkt verð 1738kr.
30% afsláttur við kassann

Úrbeinað SS hangilæri
1657 kg KR.
Merkt verð 2368kr.
30% afsláttur við kassann

30% afsláttur við kassann

30% afsláttur við kassann

BJÚGU FRÁ ALI
377 kg KR.
Merkt verð 539kr.
30% afsláttur við kassann

## McCain TRÖLLA pitsur, hlaðnar áleggi!

830/900g HLUNKAR
599 KR.
PITSAN

## KRÆSINGAR Á LÆGRA VERÐI!

998 KR.
LOSTÆTI Á LÆGRA VERÐI

Uppskriftabók Gestgjafans og Bónuss
EKKERT BRUÐL

1899 KR.
Með lífið að láni

Góð hvíld eftir amstur dagsins. Uppbyggjandi bók með það að markmiði að njóta dagsins og líðandi stundar til hins ýtrasta. **"Með lífið að láni"**, er skrifuð af Jóhanni Inga Gunnarssyni og Sæmundi Hafsteinssyni sem eru meðal okkar þekktustu sálfræðinga.

**www.bonus.is**

## Stórglæsileg silkiblóm á hreint ótrúlegu verði!

2999 KR.
1.4 METRA HÁTT

3999 KR.
1.7 METRA HÁTT

SÉRVÖRU VERSLANIR

Þau fella aldrei blöð!

Alvöru stofustáss:
**Stór silkitré**
Margar tegundir

Fjöldi tilboða á SEXTÁN síðum!

Bónusblaðið nýja gildir til sunnudags!

bonus.is

# Spennandi heimsbók






**„Besta skáldsaga veraldar.“**
Ólafur Gunnarsson, rithöfundur

**Mobý Dick**, hefur verið kallað eitt áhrifamesta verk sem skrifað hefur verið um hin eilífu átök mannsins við forsjónina. í bókinni er brugðið upp stórfenglegum myndum af veröld hvalfangaranna, sérkennilegum manngerðum og æsandi eltingarleiknum við hvíta hvalinn Með ógleymanlegum hætti veitir sagan lesandanum innsýn í hugarheim hins vitfirrta ógæfumanns, Akabs skipstjóra.

**„Mesta skáldsaga sem skrifuð hefur verið.“**
Egill Helgason / SILFUR EGILS

Hundruð stórkostlegra myndskreytinga eftir Rockwell Kent prýða bókina.




**„Ef þú ætlar þér aðeins að lesa eina bók í náinni framtíð lestu þá þessa.“**
Hanna María Karlsdóttir, leikkona

**„Hreint út sagt dýrleg bók”**
Bók ársins, OBSERVER



„Hlý og húmorísk – björt og falleg.“
NEW YORK TIMES

„Snilldarleg og nístandi sönn.“
DAILY TELEGRAPH

„Myndræn og afar sannfærandi.“
IMAGE

**Þetta er stórkostlegt skáldverk.“**
Isabel Allende

JPV ÚTGÁFA

# menntir

„**Mögnuð frásögn** …
**skáldsaga í háum gæðaflokki** …
sem nær að snerta lesandann djúpt.“

Soffía Auður Birgisdóttir / MORGUNBLAÐIÐ

## „Þessi bók er frábær. Hún snerti mig djúpt.“

Umberto Eco

## „Stórkostlegasta bók sem ég hef nokkru sinni lesið“

Sinéad O'Connor / The Irish Sunday Independent

„Coelho skrifar um geðveiki af samúð og er alveg laus við klisjur. **Viðkvæmar játningar skilja lesandann eftir í þungum þönkum.**“

ARENA, Bretland







## „Þetta er án efa ein besta bókin sem kemur út á Íslandi á þessu ári.“

Sigrún Sigurðardóttir / KISTAN.IS

## „Tvímælalaust besta skáldsaga sem ég hef lesið í ár.“

NEW STATESMAN

„… tekist er á við margar grundvallarspurningar í mannlegri tilvist og samskiptum fólks og það er nákvæmlega það sem gerir **Lífið er annars staðar** að mjög góðri skáldsögu, **eða réttara sagt alveg frábærri skáldsögu.**“

Sigrún Sigurðardóttir / KISTAN.IS

## „Stórbrotin bók.“

DAILY TELEGRAPH


JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

# menntir




„**Mögnuð frásögn** …
**skáldsaga í háum gæðaflokki** …
sem nær að snerta lesandann djúpt.“
Soffía Auður Birgisdóttir / MORGUNBLAÐIÐ

**„Þessi bók er frábær.
Hún snerti mig djúpt.“**
Umberto Eco

**„Stórkostlegasta bók
sem ég hef nokkru sinni lesið“**
Sinéad O'Connor / The Irish Sunday Independent

„Coelho skrifar um geðveiki af samúð og er alveg laus við klisjur. **Viðkvæmar játningar skilja lesandann eftir í þungum þönkum**.“
ARENA, Bretland




**„Þetta er án efa ein besta bókin
sem kemur út á Íslandi á þessu ári.“**
Sigrún Sigurðardóttir / KISTAN.IS

**„Tvímælalaust besta skáldsaga
sem ég hef lesið í ár.“**
NEW STATESMAN

„… tekist er á við margar grundvallarspurningar í mannlegri tilvist og samskiptum fólks og það er nákvæmlega það sem gerir **Lífið er annars staðar** að mjög góðri skáldsögu, **eða réttara sagt alveg frábærri skáldsögu.“**
Sigrún Sigurðardóttir / KISTAN.IS

**„Stórbrotin bók.“**
DAILY TELEGRAPH

JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

## Svona erum við




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: SVALBARÐI

# *Norsk krúnulenda með umdeildri lögsögu*

Svalbarði hefur ítrekað komist í fréttirnar að undanförnu vegna deilna um meintar ólöglegar fiskveiðar á hafsvæðinu þar í kring. Norska strandgæslan hefur á síðustu árum fært togara frá Íslandi, Rússlandi, Spáni og fleiri löndum til hafnar í Noregi fyrir meintar ólöglegar veiðar á Svalbarðamiðum.




**Hvað og hvar er Svalbarði?**
Svalbarði er eyjaklasi í Norður-Íshafi, nánar tiltekið á 74° til 81° norðlægrar breiddar og 10° til 34° austlægrar lengdar. Hann er nyrsta landsvæðið sem heyrir undir norska konungsríkið, en klasinn telst alls vera 62.049 ferkílómetrar, eða um 60 prósent af flatarmáli Íslands. Stærst er Spitsbergen, um 39.000 ferkílómetrar. Um 60 prósent af flatarmáli eyjanna er þakið jöklum og fönnum. Norsk stjórnvöld hafa þó ekki fullt vald yfir eyjunum heldur er þeim falið fullveldi Svalbarða á grundvelli alþjóðasamnings frá árinu 1920. Norðmenn hafa annast stjórnsýslu á Svalbarða frá því árið 1925. Samkvæmt ákvæðum þessa sáttmála, sem er sá eini sinnar tegundar, hafa borgarar annarra ríkja jafnan rétt á við Norðmenn til nýtingar námuréttinda og annarra náttúruauðlinda á svæðinu. Því byggðist upp rússneskur námuvinnslubær, Barentsburg, auk aðalbæjar eyjanna, Longyearbyen. Talið er að norsk skip hafi rekið norður til Svalbarða á miðöldum, enda vitna fornar sögur um „svalt barð“ norður í Ballarhafi um það. En það var Hollendingurinn Willem Barents sem uppgötvaði eyjarnar svo óyggjandi sé árið 1596. Á tímabilinu 1612 til 1720 voru hvalveiðar stundaðar í stórum stíl frá Svalbarða. Dönsk, hollensk, norsk, frönsk og ensk skip tóku þátt í þeim.

**Hvað veldur deilunum?**
Frá því árið 1977 hafa Norðmenn áskilið sér að fullveldi þeirra yfir Svalbarða nái einnig til 200 mílna fiskveiðilögsögu eyjanna. Ísland, Rússland og Evrópusambandið viðurkenna ekki þessa lögsögu Norðmanna heldur álíta lögsöguna utan 12 mílna landhelgi alþjóðlegt hafsvæði.

## SPURT & SVARAÐ

KOSTNAÐUR VIÐ ÍBÚÐALÁN

### *Háir vextir og verðtrygging*

Fram hefur komið að lán til íbúðarkaupa hér á landi eru mun dýrari en víðast annars staðar í nágrannalöndum okkar. Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir fyrir þessu ýmsar ástæður.



**JÓHANNES GUNNARSSON**
Formaður neytendasamtakanna.

**Hvað þarf að gera til að breyta þessu?**
Fjármálafyrirtæki þurfa að breyta þjónustugjöldum sínum. Í öðru lagi þurfa vextir að lækka en ekki að hækka, því neytendur þurfa að greiða meira fyrir lán sín, auk þess sem fyrirræki geta velt auknum vaxtakostnaði út í verðlagið og þar með þurfa neytendur að greiða á nýjan leik fyrir vaxtahækkunina í formi verðhækkana. Loks hækkar verðtryggingin vegna verðhækkananna og þar með lánin og þá þurfa neytendur að greiða í þriðja sinn fyrir vaxtahækkunina.

**Hvað er hægt að gera til að lækka vexti?** Til að vextir lækki þurfa stjórnvöld að hafa fleiri stýritæki í efnahagsmálum en stýrivexti Seðlabankans. Þá er ekki spurning að hefðum við evruna sem gjaldmiðil væru vextir lægri, en þá þurfum við fyrst að ganga í Evrópusambandið og um það eru ekki allir sammála.




# Holræsagjald lækkar en tekjur aukast

**Borgarstjórn ákvað nýlega að lækka holræsagjald úr 0,115 prósentum af fasteignamati húss og lóðar, í 0,105 prósent. Uppsetningu holræsakerfisins er nú lokið en meirihluti í borgarstjórn ætlar sér að halda þessum skatti inni í fasteignagjöldunum.**

Holræsagjaldið hefur alla tíð verið umdeilt en það var fyrst sett á árið 1995 til þess að fjármagna nýtt holræsakerfi, byggja upp dælustöðvarnar í borginni og hreinsa strandlengjuna umhverfis hana.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem var borgarstjóri í Reykjavík þegar holræsagjaldið var komið á, sagði við Morgunblaðið þann 13. janúar árið 1998, að hreinsun strandlengjunnar yrði lokið árið 2000 og holræsagjaldið myndi vafalaust lækka verulega þegar því verki myndi ljúka.

Uppbygging holræsakerfisins er nú lokið, en síðasta dælustöðin var sett upp í júní á þessu ári.

**Holræsagjaldið standi undir viðhaldi holræsakerfisins**
Að sögn Eiríks Hjálmarssonar, aðstoðarmanns Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra, er stefnt að því að holræsagjaldið standi undir viðhaldi holræsakerfisins, en það gerir það ekki eins og mál standa nú. „Holræsakerfið er hluti af innviðum borgarinnar og þess vegna verður að halda vel utan um þau mál. Lækkun gjaldsins núna stendur í tengslum við þá hagræðingu sem verður við flutning Fráveitunnar til Orkuveitu Reykjavíkur, og þar með er allt veitukerfi borgarinnar rekið undir sama hatti.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, fagnar lækkun holræsagjaldsins. „Það er alltaf gott þegar gjöld eru lækkuð, en það hefði nú verið svolítið undarlegt ef þetta hefði ekki verið lækkað þar sem fasteignamat hefur hækkað gríðarlega undanfarin misseri. Þetta gjald var lagt á árið 1995 og hefur gefið af sér miklar tekjur fyrir borgina. Ég tel það mikið framfaramál fyrir íbúa borgarinnar að lækka fasteignaskatta í borginni, sem búið er að hækka mikið á undanförnum árum. Við sjálfstæðismenn stefnum á að lækka fasteignaskattana um 25 prósent á næsta kjörtímabili, ef við komust til valda.“

**Aðeins Seltjarnarnesbær hefur ekki holræsagjald í fasteignaskatti**
Aðeins eitt sveitarfélag á Íslandi er ekki með holræsagjald inni í fasteignaskattinum, en það er Seltjarnarnesbær.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar, segir sveitarfélagið geta notað hluta af afganginum í bæjarsjóði til þess að greiða fyrir uppbyggingu holræsakerfisins. „Þegar holræsagjald, sem var skilgreint sem hluti af tekjustofni sveitarfélaga, var sett á laggirnar, var ákveðið að Seltjarnarnesbær myndi reisa holræsakerfið allt án þess að setja á sérstakt holræsagjald, vegna sterkrar stöðu bæjarfélagsins.

Þetta hefur reynst mörgum sveitarfélögum erfitt en við teljum okkur geta hagað málum áfram með þessum hætti, það er að hafa ekkert holræsagjald.“

**Tekjur Reykjavíkurborgar aukist með hækkandi fasteignamati**
Tekjur sveitarfélaga af holræsagjaldinu, á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega, hafa aukist umtalsvert síðustu misseri vegna mikilla breytinga á fasteignamarkaði, en fasteignaverð hefur hækkað umtalsvert og þar með tekjur sveitarfélaga af holræsagjaldinu, þar sem það er ákveðinn hluti af fasteignamati.

Það er því ekki óeðlilegt að sveitarfélög séu að lækka hjá sér holræsagjaldið þar sem tekjur af því eru meiri heldur en áætlanir flestra sveitarfélaga í landinu, þar á meðal Reykjavíkurborgar, gerðu ráð fyrir.

**Undir sveitarfélögum komið hvort þau innheimta holræsagjald**
Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir það vera undir sveitarfélögum komið hvort þau eru með holræsagjald eða ekki. „Þetta er þjónustugjald sem innheimt er til þess að standa undir kostnaði við fráveitur, bæði við rekstur og fjárveitingu.“



**SKÓLPDÆLUSTÖÐ VIÐ ÆGISÍÐU** Framkvæmdir við holræsakerfið í Reykjavíkurborg hafa verið tímafrekar og kostnaðarsamar en þeim lauk í sumar þegar síðasta dælustöðin var sett upp.






FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is

**FLOKKAR FASTEIGNAGJALDA ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS**

**Fasteignaskattur**
0,32% af fasteignamati

**Lóðarleiga**
0,08% af fasteignamati lóðar.

**Holræsagjald**
0,115% af fasteignamati

**Vatnsgjald**
102 kr./m² auk 2.637 kr. fasteignagjalds.

**Sorphirðugjald**
7.478 kr. á tunnu .


netto
Þegar líða fer að jólum
Jólastemmning í Nettó
BORGARNES KJÖTVÖRUR
1. flokks
Hangiframpartur
995
kr/kg
37% afsl. v/kassa
Helgar LAMB
með sólþurrkuðum tómötum og basil
Helgarlamb
m/sólþ. tómötum
32%
afsláttur
1.189kr
BAUTABÚRIÐ
Bayonneskinka
50%
afsláttur
749kr/kg
Ódýrt
BORGARNES KJÖTVÖRUR
Saltkjöt
159
kr/kg
55% afsl. v/kassa
Náttúra
HVEITI
Náttúra hveiti 2kg
49
kr/pk
Sweetie
99
kr/kg
Sweet Family
Nordzucker
Zucker
Nordzucker sykur 1kg
59
kr/pk
HÖFÐINGI
HVÍTMYGLUOSTUR • WHITE MOLD CHEESE
Höfðingi
239
kr/stk
Vínber rauð
199
kr/kg
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 24.-27. nóv. eða á meðan birgðir endast.
Akureyri • Akranesi • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahvefi Kópavogi
netto

# Þarf að hlusta og ræða saman

**Lífið í stjúpfjölskyldu er ekki alltaf dans á rósum, ekkert frekar en í kjarnafjölskyldu. Árekstrar geta orðið, tilfinningar þarf að byggja upp og ágreining þarf að leysa. Stjúpforeldrið þarf að fá tækifæri til að finna sína stöðu gagnvart börnunum og öðrum fullorðnum. Góð tengsl við stjúpforeldra og aðra fullorðna er rík og dýrmæt gjöf fyrir barnið.**

Bryndís Eva Jónsdóttir giftist manninum sínum, Ólafi Jóhannessyni, í sumar. Ólafur á þrjú börn, Arnar, Hönnu Ósk og Ásgeir, en Bryndís engin. Bryndís kynntist börnum Ólafs fyrst fyrir fjórum árum og hafa þau Ólafur fengið Hönnu Ósk, 13 ára, reglulega til sín aðra hverja helgi. Bryndís segir að myndast hafi sterkt og gott samband við hana. Sonur Ólafs, Arnar, er 18 ára. Hann flutti til Akureyrar um það leyti sem þau Ólafur voru að kynnast og var sambandið við hann því stopulla til að byrja með. Það hefur hins vegar breyst nú þegar Arnar er fluttur suður og er sterkt og gott í dag.

„Við Hanna Ósk náðum að tengjast mjög fljótt og höfum haldið því vel. Hanna Ósk hefur þá eiginleika að vera opin og einlæg og getur talað mikið. Það er auðvelt að kynnast henni og ég held að það hafi hjálpað mikið. Ég ákvað í byrjun að setja hvorki á svið skemmtileikrit né þykjast vera hin frábæra nýja kona pabba heldur vera bara eðlileg og ég sjálf. Frá byrjun höfum við, sem vorum í upphafi tvær ókunnugar manneskjur, náð að tengjast rétt. Hún hefur komið reglulega til okkar og við erum í mjög góðu sambandi við mömmu hennar og manninn hennar. Það skemmir ekki fyrir að við náum öll fjögur að styðja stelpuna vel,“ segir Bryndís.

### Blandað hlutverk

Bryndís á ekkert barn sjálf. „Þegar ég var orðin ástfangin af Ólafi kom barnið inn í myndina og þá getur verið auðvelt fyrir foreldri þess að halda að allt verði svo auðvelt og æðislegt strax frá byrjun. Foreldrið gerir sér ekki grein fyrir að það tekur tíma fyrir stjúpforeldrið að kynnast börnunum og byggja upp þær tilfinningar sem foreldrinu finnst svo sjálfsagt að finna til gagnvart barninu,“ segir hún.

Staða stjúpmóður er ekki skýr í samfélaginu og kannski mismunandi frá fjölskyldu til fjölskyldu. Bryndís kveðst vera nokkurs konar sambland af vinkonu og uppalanda. „Ég er ekki mamma hennar en ég er leiðbeinandi í uppeldishlutverkinu og hún leitar stundum til mín, við ræðum saman og þá hlusta ég, gef ráð og leiðbeini áfram. Ég sinni af áhuga þessu hlutverki sem er sambland af vinkonu og móður því að auðvitað er maður uppalandi að vissu marki líka.“

Hvað strákinn varðar þá segir Bryndís að sambandið við hann hafi styrkst eftir að hann hafi flutt suður en tengslin séu öðruvísi þó að væntumþykjan sé til staðar og viljinn til að styðja hann. „Fyrst núna er maður að ná að tengjast enn frekar við hann sem persónu og sýna honum að við erum til staðar við hann. Við finnum að þau leita bæði til okkar og þannig viljum við hafa það.“

### Einhliða ákvarðanir

Stjúpfjölskyldur eru ekki árekstralausar frekar en aðrar fjölskyldur. Bryndís segir að árekstrarnir hafi aðallega verið milli sín og mannssins síns í upphafi og þá fyrst og fremst þegar hann tók ákvarðanir um börnin án þess að ræða við hana. „Þegar við vorum farin að búa saman hafði sú ákvörðun sem hann tók áhrif á minn tíma, mín plön og mig. Það var ekki hægt að hafa það þannig að hann gæti tekið einhliða ákvörðun bara vegna þess að hann ætti barnið en auðvitað skildi ég að hann hafði verið sá aðili sem tók ákvarðanir um sig og sinn tíma. Þetta hef ég heyrt að komi upp í mörgum stjúpfjölskyldum,“ segir hún.

Mikilvægt er að fullorðnu einstaklingarnir í stjúpfjölskyldum skilji stöðu hvors annars og nái að ræða saman. Stjúpforeldrum sé ekki ýtt í það að verða allt í einu besti vinur barnsins heldur fái þetta að hafa sinn eðlilega gang. Bryndís segir frá atviki stuttu eftir að þau Ólafur hófu sambúð, sem þau hlæja að núna. Hanna Ósk var hjá þeim skömmu fyrir jól og þær voru að föndra saman. Ólafur ákvað að setja upp jólaljós og skrapp til bróður síns til að fá lánuð ljós.

„Eftir tvo klukkutíma lét ég Hönnu Ósk hringja í pabba sinn og þá var hann á leið heim en ég var orðin foxill. Ég sat með Hönnu Ósk og það heyrðist ekkert frá honum. Þegar hann kom heim sagðist hann hafa séð að við værum að skemmta okkur saman og talið þetta frábært tækifæri fyrir okkur að tengjast. En það er ákvörðun sem maður tekur sjálfur, makinn tekur ekki þessa ákvörðun fyrir mann,“ útskýrir Bryndís.

Hún segir að það sé mikilvægt að fólk sé opið og ræði saman, það treysti og trúi því að tilfinningarnar séu réttar og hlusti hvort á annað. „Það hefur reynst okkur mjög vel. Svona atvik komu upp í byrjun og ég held þau séu eðlileg. En það hefði verið gott fyrir mig að tala við einhvern sem skildi hvað var að gerast,“ segir Bryndís Eva Jónsdóttir.



**FJÖLSKYLDAN SAMAN** Hanna Ósk, Bryndís, systurdóttir brúðarinnar, Ólafur, Bryndís Eva og Arnar í brúðkaupi Bryndísar Evu og Ólafs sumarið 2005.



**STJÚPMÆÐGUR SAMAN** Stjúpmæðgurnar Hanna Ósk og Bryndís Eva í sumarferðalagi 2003.



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is

## ÞAKKLÆTI ER BÓNUS

**Að mörgu er að huga þegar lífið í stjúpfjölskyldu er annars vegar. Hér koma nokkur góð ráð til að styðjast við.**

- Stjúpfjölskyldur eru ólíkar hefðbundnum fjölskyldum. Í stjúpfjölskyldum flytur fólk saman, oft án þess að nokkur tengsl hafi náð að myndast. Við verðum að vinna að því að verja tíma saman og um leið læra að virða og meta hvert annað og næra tilfinninguna að vera hluti af fjölskyldunni.
- Unum því þótt allir í stjúpfjölskyldum elski ekki hver annan. Óraunhæft er að búast við að ást spretti af engu. Samvera er forsenda þess að ást, væntumþykja, umhyggja og samstaða verði til. Ekkert er sjálfgefið í þessum efnum.
- Látum kynforeldra annast agamál í byrjun eða þar til tengsl hafa myndast við stjúpforeldri. Ólíklegt er að börn sjái ástæðu til að þýðast stjúpforeldri sem það hefur ekki tengst og öðlast virðingu fyrir.
- Sýnum börnunum sveigjanleika í umgengni. Börn eiga auðveldara með að aðlagast eftir skilnað ef þau hafa greiðan aðgang að báðum foreldrum.
- Mikilvægt er að taka gagnrýni á okkur sem stjúpforeldrar ekki of persónulega. Hlutverk stjúpforeldra er ekki auðvelt og vanþakklátt í sjálfu sér.
- Þegar við förum í sumarfrí eða gerum eitthvað sérstakt saman skulum við taka með okkur myndavélina. Að skoða myndir saman eða myndbönd úr fríum er góð leið til þess að stjúpfjölskyldan geti skapað sér sameiginlegar minningar.

HEIMILD: STJUPTENGSL.IS


FIMMTUDAGS-TILBOÐ



DÖMUSKÓR
13.995 kr. - verð áður
8.995 kr. - verð nú
litir: svart, camel
stærðir: 36 - 41
ZINDA
Mikið úrval af ZINDA
TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Toppskórinn
OPIÐ:
mán.-fös. 11 - 18
lau. 10 - 16




Suðurlandsbraut 54 - s: 533 3109
Í bláa húsinu


# Ósýnilegu fjölskyldurnar

**Í dag verður stofnað Félag stjúpfjölskyldna. Einn stofnandi félagsins segir stjúpfjölskylduna ósýnilega í opinberri stefnumótun umræðu.**

Félag stjúpfjölskyldna verður stofnað í Háskóla Íslands síðdegis í dag og eru þegar skráðir tæplega 80 stofnfélagar. Félagið er meðal annars stofnað til þess að standa fyrir umræðum um málefni stjúpfjölskyldna, styrkja börn í stjúpfjölskyldum og stuðla að rannsóknum í þágu þessara fjölskyldna.

Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi segir að stjúpfjölskyldan sé ósýnileg í opinberri stefnumótum og umræðu og við lagasetningu sé ekki gert ráð fyrir stjúpfjölskyldunni sérstaklega. Félagið muni meðal annars beita sér fyrir umræðu um málefni stjúpfjölskyldna og baráttumálum þeirra. „Með því að gera ráð fyrir okkur öllum þá styrkir það sjálfsmynd okkar,“ segir hún.

„Sumir eru á því að jafnvel megi taka upp umræðu um mögulegt fæðingarorlof, gera ráð fyrir stjúpfjölskyldum í framfærslugrunni, umræðu um það hvort stjúpforeldrar eigi umgengnisrétt ef til skilnaðar kemur. Það er fullt af hagsmunamálum sem eru ekki í umræðunni en þarf kannski að taka upp,“ segir Valgerður.

Reynslan sýnir að fræðsla og ráðgjöf koma stjúpfjölskyldum vel. Valgerður segir að stjúpfjölskyldur þurfi aðra fyrirmynd en kjarnafjölskylduna, það fjölskylduform segir hún að sé ekki hentugt sem fyrirmynd. „Það er ekki gagnlegt og oft frekar til ógagns því að samsetningin er önnur og það er stofnað til stjúpfjölskyldna á annan hátt en kjarnafjölskyldna.“

Erlendar rannsóknir sýna að það skipti miklu máli fyrir velgengni fjölskyldna hvernig stjúpforeldrar tengjast. Valgerður segir að stjúpforeldrar reyni oft að haga sér eins og foreldrar en það gangi ekki alltaf upp því að þó að stjúpforeldrar vilji það þá vilji börnin það oft ekki.

Valgerður hefur gert rannsókn á stjúptengslum og nú er hún að athuga hvernig megi efla og styrkja stjúpfjölskyldur. Einnig rekur hún upplýsingavefinn stjuptengsl.is. Hún segist hafa gengið með þá hugmynd í kollinum að stofna svona félag frá 1997.



**VALGERÐUR HALLDÓRSDÓTTIR** Félag stjúpfjölskyldna verður stofnað í dag og eru stofnfélagar þegar orðnir tæplega 80 talsins. Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi segir að félagið sé meðal annars stofnað til að styrkja börn í stjúpfjölskyldum þannig að þau geti verið stolt af fjölskyldum sínum og uppruna.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Guðni Bergs er mættur TIL LEIKS!








Komin í verslanir

**„Þegar ég lék gegn honum datt mér ekki í hug að hann yrði góður og aðlaðandi sjónvarpsmaður, jafn illskeytt-ur og hann var! Mér skilst að hann standi sig mjög vel í því starfi og óska honum alls hins besta.“**

*Ruud Van Nistelrooy, framherji Manchester United*

**„Það fylgdi Guðna líka alltaf smá dekur. Honum fannst voða gott að láta nudda sig fyrir leiki, það var alltaf eitthvert smotterí að honum. Hann vældi samt ekkert og var þokkalega harður af sér.“**

*Ólafur Þórðarson, þjálfari Skagamanna*

Guðni Bergsson á glæsilegan feril að baki; meistaratitla með Val, og mörg viðburðarík ár í atvinnumennsku með Tottenham Hotspur og Bolton Wanderers. Þar lék Guðni með heimsfrægum knattspyrnumönnum og glímdi við fremstu framherja heims.

Í þessari skemmtilegu bók er rakinn ferill Guðna í máli og myndum. Guðni er sagnamaður af guðs náð og í farsælu samstarfi við Þorstein J. hefur orðið til frábær bók, sem kætir alla þá sem unna góðum sögum – fótboltasögum.









HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Edda
edda.is

## ÚTGJÖLDIN

> Meðalútgjöld vegna neyslu á heimili árið 2003 eftir búsetu, í þúsundum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** TÓMAS R. EINARSSON TÓNLISTARMAÐUR

## *Keypti óætt Nunnunammi*

„Bestu kaupin gerði ég árið 1988 þegar ég keypti kontrabassa af Jóni „bassa“ Sigurðssyni,“ segir Tómas R. Einarsson, tónlistarmaður og tónskáld. „Þó ég sé ekki alveg með ættfræði hljóðfærisins á hraðbergi veit ég að það kom frá Þýskalandi skömmu eftir stríð svo þessi kontrabassi var ekki alveg nýr þegar ég keypti hann. En hitt veit ég fyrir víst að eftir þessar sautján ára samvistir okkar er hann ennþá jafn góður og var þegar ég keypti hann. Hann hefur líka fylgt mér víða því ég hef tekið hann með mér til Taílands, Malasíu, Argentínu, Chile, Grænlands og víðar en nú er ég farinn að hlífa honum við langferðum og því sat hann heima þegar ég tók upp Havana-plötuna á Kúbu. Annars hefur hann fengið að óma á nær öllum mínum plötum frá þessu tímabili.
Verstu kaupin gerði ég hins vegar á Sevilla á Spáni þó maður geri nú yfirleitt góð matarkaup þar í landi. En eitt sinn þegar ég var í sunnudagsgöngutúr með fjölskyldunni rak ég augun í nunnur sem voru að selja kökur og góðgæti við klaustur eitt þar í borg. Ég keypti þó nokkuð af þessu nunnunammi, sem leit afskaplega girnilega út. Hins vegar var þetta arfavondur matur og ég sem er frekar nýtinn maður reyndi að koma þessu ofan í gesti frekar en að henda þessu en alltaf fór það á þá leið að gesturinn skilaði þessu nunnunammi hálftuggnu á diskinn. Þá fór ég að reyna að koma þessu niður sjálfur svona eftir góðan málsverð en það fór á sömu lund. Ég held að þetta séu því langverstu kaupin sem ég hef gert.“



## GÓÐ HÚSRÁÐ

### AÐ BLANDA EKKI LITUM Í ÞVOTTI



■ *Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss lagði það eitt sinn til við nefnd um aukinn hlut kvenna í stjórnmálum að körlum yrði kennt á þvottavélar, það gæfi konum aukinn tíma til að sinna stjórnmálunum.*

„Ég lærði það þegar ég var átján ára að blanda ekki saman dökkum lit og ljósum í þvotti,“ segir Einar. Í þessum fyrstu skrefum sínum í þrifum á þvotti hringdi hann í Ráðgjafarstofu heimilanna til að fá góðar ábendingar. „Ráðið sem ég fékk var að kíkja alltaf á þvottamiðann á fötunum og læra þannig smám saman á efnin.“

■ **Hvað kostar... að senda jólapakka til útlanda**

## Dýrast til Eyjaálfu

5. desember er síðasti skiladagur til að koma jólapökkunum á pósthús utan Evrópu. Ef senda á pakka innan álfunnar er hægt að bíða til 13. desember.
Kostnaður við að senda jólapakkana fer eftir því til hvaða heimsálfu þeir eiga að fara. Póstkostnaður skiptist í tvennt, annars vegar grunnkostnað og hins vegar er borgað fyrir hvert kíló. Þá er einnig misjafnt hvort sendur er flugpóstur eða sjóböggull. Grunnkostnaður við að senda böggla í flugpósti til Eyjaálfu er mestur, eða 1.795 krónur, auk 1.020 króna gjalds fyrir hvert kíló. Grunnkostnaður fyrir flugpóst er minnstur þegar sent er til Norður-Ameríku, eða 1.050 krónur, auk þess sem borgaðar eru 705 krónur fyrir hvert kíló. Sjóbögglar eru nokkuð ódýrari, en ef sá kostur er valinn tekur það mun lengri tíma fyrir póstinn að komast til skila og miðast síðasti skiladagur til að koma jólapökkum í pósthús utan Evrópu við flugpóst.



■ **Verslun og þjónusta**

## Átak gegn eldsvoðum

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur hafið sérstakt eldvarnarátak fyrir jólin. Reynslan sýnir að eldhætta á heimilum landsins er hvað mest á þeim tíma ársins og slökkviliðum berast hvað flest útköll á þeim tíma. Af því tilefni hefur verið gefin út margmiðlunardiskur sem á að dreifast sem víðast. Á honum er að finna efni tengt eldvörnum sem sniðið er að þörfum barna og fullorðinna.



■ **Verslun og þjónusta**

## Hár og heilun



Systurnar Ásthildur og Ragnhildur Sumarliðadætur keyptu nýverið Hárstofuna, Ármúla 34, og gáfu henni nafnið Hár og Heilun. Ásthildur og Ragnhildur hafa starfað í faginu í rúm tíu ár, en önnur þeirra er lærður hárskeri en hin hársnyrtir. Stofan er opin alla virka daga frá 8-18 og á laugardögum frá 10-16 út desember.






# Kaupendur íbúða þurfa að borga meira

**Tilkynningar banka og fjármálastofnana um hækkun á vöxtum íbúðalána eru Neytendasamtökunum ekki gleðiefni. Það þýðir auknar álögur á íbúðakaupendur en íbúðalán á Íslandi eru þegar meðal þeirra dýrustu í Evrópu.**

Neytendasamtökin gagnrýna harðlega þær vaxtahækkanir á íbúðalánum sem tilkynntar hafa verið að undanförnu. Segja þau banka fela meiri álögur á neytendur bak við fögur orð um samfélagslega ábyrgð meðan hlutverk þeirra eigi fyrst og fremst að vera að þjóna viðskiptavinum sínum með allra hagkvæmustum hætti.
Samtökin birtu fyrir skömmu nýja úttekt og samanburð sem gerður var á lánskostnaði íslenskra neytenda og í níu öðrum evrópskum löndum. Reyndist mjög halla á íslenska íbúðakaupendur og allur kostnaður og vextir áberandi hæstir hér á landi. Þær vaxtahækkanir á íbúðalánum sem fjármálastofnanir hafa tilkynnt um að undanförnu bæta ekki þá stöðu, sérstaklega ekki gagnvart ungu fólki sem er í hvað erfiðustum málum þegar litið er til þeirra gríðarlegu hækkana á fasteignum sem orðið hafa undanfarin ár.
Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir skýrsluna staðfesta það sem haldið hafi verið fram lengi. „Við búum við lakari kjör en gerist og gengur í öðrum löndum og við hljótum að spyrja okkur hvers vegna svo er. Hvers vegna vextir og önnur lántökugjöld hér eru reiknuð út frá öðrum forsendum en í öðrum löndum. Ólíkt mörgum sem fagnað hafa þessu framtaki bankanna að hækka vexti sína og klappað þeim lof í lófa bendum við á að þetta þýðir frekari kostnaðarauka fyrir kaupandann og það er miður.“
Í skýrslunni kemur fram að á Íslandi er lántökukostnaður allt að tveimur prósentum hærri en á hinum Norðurlöndunum. Raunvextir eru mun hærri og hæstir allra landa sem könnunin tekur til. Greiðslu- og seðilgjöld eru hærri og flestar fjármálastofnanir hérlendis leggja tveggja prósenta uppgreiðslugjald á öll lán en slíkt tíðkast ekki hjá nágrannaþjóðum okkar. Það gerir neytendum líka erfiðara fyrir að skipta um viðskiptabanka með einföldum hætti.
Jóhannes segir að þar sem flest húsnæðislán séu verðtryggð skipti það höfuðmáli að halda verðbólgu í skefjum en einnig sé afar brýnt fyrir neytendur á Íslandi að vaxtamunur minnki til samræmis við það sem annars staðar gerist.

albert@frettabladid.is



**NÝBYGGINGAR VIÐ SUNDAVAÐ** Íbúðalánin verða nú dýrari, en greiningardeildir banka spá verðstöðnun eða verðlækkun íbúðahúsnæðis í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Neytendasamtökin kynna starfsemi sína og rétt neytenda vegna jólagjafakaupa:

# Fólk ætti að fá endurgreitt

Neytendasamtökin ætla að kynna starfsemi sína og almennan rétt fólks í viðskiptum við verslanir. Kynningin fer fram í Kringlunni í dag og á morgun.
Þuríður Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir sjónum sérstaklega beint að jólagjafakaupum. „Fólk þarf að hafa ýmislegt í huga þegar keyptar eru gjafir handa öðrum. Oftast koma upp vandamál þegar þarf að skila og skipta en útsölur hefjast jafnan strax eftir jól. Þá þarf að taka á hverning farið er með vöru sem keypt var fullu verði en er komin á útsölu.“
Þuríður segir engin lög gilda um meðferð slíkra mála og þar liggi hundurinn grafinn. „Reyndar setti viðskiptaráðuneytið ákveðnar verklagsreglur en kaupmenn hafa frjálst val um hvort þeir ganga að þeim eða ekki,“ segir Þuríður. Verslanir sem virða reglurnar eru sérstaklega merktar og verður sú merking kynnt neytendum í Kringlunni svo þeir geti verið meðvitaðir um stöðu mála þegar þeir kaupa jólagjafirnar.
„Við hvetjum fólk til að kynna sér allar reglur áður en það kaupir gjafir og reyndar hvetjum við fólk til að skipta við verslanir sem eru með viðunandi skilareglur,“ segir Þuríður og bætir við að auðvitað eigi fólk hreinlega að fá endurgreitt að fullu þegar það skilar vöru.
Hún á ekki von á öðru en að kaupmenn í Kringlunni taki fulltrúum Neytendasamtakanna vel en þeir fá líka sína lexíu í skilareglum viðskiptaráðuneytisins. ■



**ÞURÍÐUR HJARTARDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


TILBOÐ
AivX 3.5" spilari
BEINT Í SJÓNVARP
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu
3.5" HÝSING
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar
BEINT Í GRÆJUR
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr AivX spilaranum án tölvu eða sjónvarps
ÖRUGG VINNSLA
Sarotech AivX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5" IDE harðdiskum
AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG
FYLGIHLUTIR
Allir helstu kaplar, fyrirferðalítil taska og fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum
ÁN HD 14.900
250GB 24.900
320GB 29.900
2.1 HÁTALARAKERFI
THX
ALTEC LANSING
Altec Lansing MX5021, glæsilegt hvítt 2.1 THX Certified 90 RMS watta hátalarakerfi með þráðlausri fjarstýringu og audio-inn tengi
VERÐ 24.900
WD HARÐIR DISKAR
WD Western Digital®
SPECIAL EDITION
Special Edidtion harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer
FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum
WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður
250GB 9.990
320GB 14.900
TSUNAMI TURN
Thermaltake
Silfraður Thermaltake Tsunami V3000SWA turnkassi með gluggahlið og hurð að framan, án aflgjafa
VERÐ 14.900
LOGITECH G7
Logitech
Logitech G7 þráðlaus Laser mús með nettum USB sendi, tveimur rafhlöðum og hleðslutæki, frábær í leikina
VERÐ 10.900
ICYBOX HÝSING
ICY BOX
USB 2.0 utanáliggjandi RaidSonic ál harðdiskahýsing fyrir hámarks kælingu, hægt að stafla nokkrum saman
VERÐ 4.990
X-FI HLJÓÐKORT
Sound Blaster X-Fi XtremeMusic
Sound Blaster X-FI XtremeMusic er loksins komið, án efa það besta sem hægt er að fá í leiki og tónlist. DTS 7.1, 24 bita Crystalizer, EAX5.0, 8MB XRAM o.fl. ótrúlegt kort
VERÐ 12.900
Artemis
Artemis Turnkassi 300W 2xUSB2 við framhlið
VERÐ 4.990
CHIEFTEC
Chieftech Dragon Middle turnkassi án aflgjafa
VERÐ 4.990
CORSAIR
512MB DDR400 Corsair minni með lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990
MSI
MSI GeForce6 NX6600 256MB DDR, PCI Express
VERÐ 12.900
PLANET
Planet 10/100/1000 Gigabit Ethernet Adapter
VERÐ 1.990
Sennheiser HD 415 létt og þægileg heyrnatól
VERÐ 4.490
ÁPRENTANLEGIR 8X
Traxdata DVD+R 4,7GB áprentanl.8x hraða, 25stk
VERÐ 3.990
Traxdata DVD+R 4.7GB 16x hraða diskur í hulstri
VERÐ 290
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og innsláttarvillur
TÖLVULISTINN
1 REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
2 AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
3 KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Nauðsynlegt að ræða opinberlega um framtíðarskipan varnarmála:

## Þakkarvert frumkvæði

Ætla mætti að æðstu ráðamenn þjóðarinnar, ráðherrar og embættismenn, legðu sig í framkróka um að vera opinberlega samstíga í hinni vandasömu en brýnu umræðu um framtíðarskipan öryggismála og varna í landinu. Þess vegna kemur á óvart að Geir H. Haarde utanríkisráðherra skuli kalla óvænt - en að ýmsu leyti frjótt - útspil Georgs K. Lárussonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, um þessi nál „ótímabæra umræðu“. Þetta bendir til þess að hugmyndir forstjórans og sú vinna sem að baki þeim liggur séu ekki þáttur í sameiginlegri viðleitni ríkisstjórnarinnar til að finna nýja fleti á varnarmálunum heldur djarfur einleikur metnaðarfulls og hugmyndaríks embættismanns sem ætla verður þó að eigi sér stað með vitund og vilja yfirboðara hans, Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Björn hefur margsinnis viðrað skoðanir um eflingu Gæslunnar og aukin samskipti hennar við varnarliðið samhliða minnkandi umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Það má ráðherrann jafnframt eiga að hann var fyrstur manna til að reifa hugmyndir um aukna ábyrgð okkar Íslendinga sjálfra á vörnum landsins. Þá gerðu ýmsir gys að ráðherranum en mönnum er smám saman að lærast að hann var á réttri braut og við stæðum betur að vígi nú ef hugmyndir hans hefðu verið skoðaðar betur.

Hugmyndir Georgs K. Lárussonar um eflingu Gæslunnar miða við að varnarliðið hverfi með öllu af landi brott. Við þær aðstæður telur hann að stofnunin þurfi tvær flugvélar og þrjár þyrlur til að sinna eftirliti, leit og björgun hér á landi og á hafinu kringum landið. Mat hans er að um fimmtíu manns þyrfti til að manna áhafnir þessara véla og næmi einungis stofnkostnaðurinn sjö milljörðum króna, svo ekki sé minnst á árlegan rekstrarkostnað.

Eðlilegt er að spurt sé hvort raunhæft sé að búa sig undir algjöra brottför varnarliðsins með þeim hætti sem forstjóri Gæslunnar gerir, þótt illa gangi í viðræðunum við Bandaríkjastjórn og þær liggi raunar niðri. Svo virðist sem utanríkisráðherra telji óheppilegt að slíkt sé gert opinberlega af háttsettum embættismanni. Hann leggur áherslu á að bandaríska varnarliðið sé hér áfram og að annað sé ekki til umræðu. Í þessu sambandi er þó vert að rifja upp að Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, lét þau orð falla opinberlega oftar en einu sinni að næðist ekki samkomulag um viðunandi varnarbúnað Bandaríkjamanna á Íslandi yrði varnarsamningnum frá 1951 sagt upp af Íslands hálfu. Hugmyndir Georgs K. Lárussonar byggja á að slíkt ástand komi upp; að annað hvort verði hótun Davíðs að veruleika eða Bandaríkjamenn verði fyrri til og kveðji herlið sitt heim.

Vel má vera að Geir H. Haarde utanríkisráðherra telji sig ekki geta - þótt ekki sé nema út frá samningatækni - gefið þeirri umræðu sem forstjóri Gæslunnar hefur stofnað til þá vigt sem ýmsir hljóta að hafa vænst. En við hljótum að treysta því að ekki búi að baki neikvæð afstaða til þess að leita nú þegar af krafti og fumleysi nýrra leiða í varnar- og öryggismálum okkar. Í því efni er framtak forstjóra Gæslunnar og dómsmálaráðherra mikilvægt og þakkarvert. ■

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Loksins af viti**

Loksins! Loksins er byrjuð vitsmunaleg deila í þessu þjóðfélagi um eitthvað annað en peninga og pólitík. Og þar eru engir aukvisar á ferð; frægustu álitsgjafar þjóðarinnar, Egill Helgason og Illugi Jökulsson, sem nú taka sér stöðu hvor sínu megin víglínunnar. Deiluefnið er hvort þjóðlíf og menning á Íslandi hafi verið betra eða verra nú en fyrir þrjátíu árum þegar þeir fornvinirnir voru í æskublóma. Skoðanir Egils voru raktar hér í gær en þær má einnig lesa í pistli eftir hann á Vísi á netinu. Egill hneigist eins og ýmsir fleiri til íhaldssemi og efahyggju með árunum og finnst að grasið hafi verið grænna forðum.



**Ekki sammála**

Illugi er nútíminn holdi klæddur. Í pistli á NFS í fyrradag fór hann yfir þau atriði í menningu, listum, fjölmiðlun og stjórnmálum sem Egill nefnir til marks um hina góðu daga og hafnaði þeim. Sagði til dæmis: „Já, vissulega voru gefin út sex dagblöð og það var stundum gaman að fylgjast með rifrildunum sem stöðugt geisuðu milli þeirra, en voru þau rifrildi á einhvern hátt uppbyggileg, upplýsandi og upplífgandi? Æ, ég held ekki, svona eftir á að hyggja. Og öll þessi blöð gáfu okkur síður en svo sanna mynd af þjóðfélaginu sem við lifðum í, hvað þá umheiminum. Enn undarlegra má samt heita að Egill skuli í endurminningunni sjá á Íslandi „fullt af menningartímaritum“ - ég man þá eitthvað lítið eftir þeim.“

**Hroki**

Og það fýkur í Illuga þegar hann veltur skrifum Egils betur fyrir sér. Finnst þau bera vott um hroka sem sé „í því fólginn að líta svona með eftirsjá til sinna æskudaga“. Bendir á að unga fólkið nú til dags „sem er núna á sama aldri og við Egill vorum þá, það er nú að upplifa alveg sömu nýjungarnar og alveg sömu uppgötvanirnar og heltóku okkur þá, þegar við vorum að nema ný lönd. Ný lönd fyrir okkur, vel að merkja, þó öll væru gamalkunnug - ný lönd í huganum.“ Illuga finnst það ótæk afstaða að setja sig á háan hest yfir unga fólkinu og hreykja sér og segja, isspiss, þið eruð í tómu rugli, alltaf bara að horfa á sjónvarpið, en við hér áður fyrr, við þekktum hið sanna líf, hina sönnu hamingju, hið sanna innihald, og jafnvel hina sönnu nautn.“

gm@frettabladid.is

# Að kyssast á fundum

Í DAG
STJÓRNMÁL OG BÆKUR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Spillingin í röðum kristilegra demókrata vakti smám saman áhuga rithöfunda og annarra, sem báru skyn á listrænt ívaf hennar og skrifuðu bækur um hana og bjuggu til bíómyndir og náðu þannig til fólks, sem hafði lítinn áhuga á stjórnmálum.*

Hollusta þeirra var innmúruð og ófrávíkjanleg. Þeir gengu á milli fyrirtækja og kröfðu þau um framlög í flokkssjóð og létu á sér skiljast, að ella skyldu menn hafa verra af eins og kom á daginn. Þeir skipuðu frændur og vini og sjálfa sig í embætti, sem aðrir voru hæfari til að gegna. Þeir gerðu sérstaka eftirlaunasamninga við sjálfa sig með skraddarasaumuðum undanþágum frá almennum ákvæðum. Þeim fannst sjálfsagt, að skattarannsókn á meintum stjórnarandstæðingum gæti dregizt, meðan beðið væri heimkomu fjármálaráðherrans frá útlöndum. Þeir rökuðu saman fé, þótt þeir hefðu sumir aldrei unnið annars staðar en hjá Flokknum og ríkinu. Þeir kysstust á fundum og gættu þess að skilja ekki eftir sig fingraför. Blöðin þeirra sögðu ekki orð.

Þannig gengu hlutirnir fyrir sig í Kristilega demókrataflokknum, sem réð lögum og lofum á Ítalíu frá 1948 til 1992. Þessi sterka staða flokksins stafaði m.a. af því, að stjórnarandstaðan í landinu var handónýt, því að stærsti flokkurinn á þeim væng var kommúnistaflokkur og hafði svo vitlausa stefnuskrá, að þar stóð varla steinn yfir steini. Þess vegna gátu kristilegir demókratar makað krókinn í 44 ár, enda létu þeir mola og mola hrjóta af borðum sínum til stjórnarandstöðuflokkanna. Það styrkti einnig stöðu stjórnarinnar, að Ítalíu vegnaði að ýmsu leyti vel þessi ár í efnahagslegu tilliti þrátt fyrir alla spillinguna. Landið var fagurt og frítt.

En allt tekur enda. Spillingin í röðum kristilegra demókrata vakti smám saman áhuga rithöfunda og annarra, sem báru skyn á listrænt ívaf hennar og skrifuðu bækur um hana og bjuggu til bíómyndir og náðu þannig til fólks, sem hafði lítinn áhuga á stjórnmálum. Fjöldi fólks var frábitinn stjórnmálum vegna þess, að stjórnkerfi Ítalíu - þingið, stjórnin, dómstólarnir o.s.frv. - naut svo lítillar virðingar meðal almennings. Nema seðlabankinn var hafinn yfir spillinguna öll þessi ár og naut virðingar, en nú er seðlabankastjórinn ítalski flæktur í spillingarmál og þarf að hlýða á háværar kröfur úr öllum áttum um afsögn og sæta opinberri rannsókn. Hann situr þó sem fastast, rúinn trausti. Hvað um það, bækurnar og bíómyndirnar um spillinguna gerðu gagn. Þær stuðluðu að því að opna augu margra Ítala fyrir því, hvers konar flokkur Kristilegi demókrataflokkurinn var í raun og veru. Leikhúsið lét sitt ekki eftir liggja: Dario Fo, leikskáldið, fékk Nóbelsverðlaun 1997 fyrir að draga þá sundur og saman í háði.

Hvaðan skyldi Kolkrabbinn vera kominn inn í íslenzkt mál? - nafngiftin, sem festist á svipstundu við fyrirtæki Sjálfstæðisflokksins hér heima. Beint úr ítalskri bíómynd.

Dagblöðin á Ítalíu og aðrir fjölmiðlar létu sér fátt um finnast, þar til spillingarmálin fóru fyrir dóm. Þá gátu blöðin ekki þagað lengur. Réttarhöldin, sem gengu undir nafninu Hreinar hendur, hófust 1992 og stóðu í tvö ár. Þar var flett ofan af ýmislegu misferli. Sex þúsund manns, þar á meðal hundruð stjórnmálamanna, dómara og athafnamanna, máttu sæta rannsóknum og handtökum fyrir mútuþægni og greiðvikni í skiptum fyrir mútur. Dómskerfið virkaði. Fjöldi sektardóma var kveðinn upp. Réttarhöldin gengu svo nærri Kristilega demókrataflokknum, að hann var leystur upp 1994. Gullkistuvörður flokksins sætti rannsókn eða ákæru í 72 málum. Bettino Craxi forsætisráðherra, sem var að vísu úr flokki sósíalista, hrökklaðist í útlegð til Túnis og dó þar. Fjöldi sakborninga slapp þó við refsingu í skjóli fyrningarákvæða, enda var ýmsum brögðum beitt til að tefja framgang réttvísinnar - og tókst.

Tók betra við? Skiptir það máli? Margir Ítalar eru nú þeirrar skoðunar, að Silvio Berlusconi forsætisráðherra, einkavinur Craxis og kristilegra demókrata, sé af sama sauðahúsi og þeir og muni að endingu hljóta dóm fyrir ýmsar sakir, sem á hann hafa verið bornar, endist honum aldur til. Við skulum óska honum langra lífdaga. Réttarhöldin yfir kristilegum demókrötum og vinum þeirra 1992-94 voru nauðsynleg. Án dóms og laga væri saga landsins eftir síðari heimsstyrjöldina ekki rétt skráð. ■


ALLT Í VETRARÚTIVISTINA
Glæsileg alhliða útilífssýning
VETRARSPORT 2006
ÍÞRÓTTAHÖLLINNI AKUREYRI
26. og 27. nóvember 2005
SÝNINGIN ER OPIN FRÁ KL. 12 TIL 17 BÁÐA DAGANA!

• VÉLSLEÐAR • JEPPAR
• ÚTIVISTARFATNAÐUR
• TÆKI & TÓL
...og margt fleira!
Félag vélsleðamanna í Eyjafirði • ey.liv.is



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

mazda



Mazda6 MPS

# Við erum Mazda



Mazda2



Mazda3

Í 80 ár hefur Mazda framleitt bíla. Japönsk nákvæmni, auðmýkt og virðing fyrir mannfólkinu og umhverfi þess hefur leitt hönnun og framleiðslu Mazda frá upphafi. Þarfir viðskiptavina Mazda liggja til grundvallar hönnun Mazda. Engin málamiðlun er leyfð í þeim efnum. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og betra öryggi. Ný sköpun verður til. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Við erum Mazda.



Mazda5



Mazda6

**Við erum Mazda á Íslandi.**
Mazda er á öruggum stað. Brimborg er nú eini viðurkenndi söluaðili Mazda á Íslandi. Við byggjum upp orðspor þjónustu Mazda á Íslandi. Þessa stundina erum við að byggja nýjan og glæsilegan sýningarsal Mazda sem verður tilbúinn innan tíðar auk varahlutaverslunar, hraðþjónustu og viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Spáðu í Mazda.

**Við seljum Mazda nú þegar.**
Þér er velkomið að heimsækja okkur í Brimborg, Bíldshöfða 6, þrátt fyrir að sýningarsalurinn er ekki tilbúinn. Vegna fjölda fyrirspurna seljum við Mazda fyrr en áætlað var. Til að sinna eftirspurninni hafa starfsmenn Mazda komið sér fyrir í húsakynnum Brimborgar við Bíldshöfða 6, annarri hæð. Komdu. Vertu Mazda.



Mazda MX-5

**Veldu annan stíl. Vertu Mazda.**
Brimborg mun bjóða upp á fjölbreyttara úrval af Mazda. Samkeppnin er hafin. Annar stíll í boði. Bílar eins og Mazda2, Mazda3, Mazda5, Mazda6, Mazda MX-5 og Mazda RX-8 eru í boði fyrir nútímafólk sem vill annan japanskan stíl. Og örugga þjónustu. Við leggjum sérstaka áherslu á aukinn staðalbúnað á mjög hagstæðu verði. Nýttu þér kynningartilboðin. Spurðu um greiðslukjörin. Fáðu þér Mazda.



Mazda RX-8

***Vertu Mazda.***
***Mazda er á öruggum stað.***
***Komdu í Brimborg.***

**Eitthvað annað en Toyota?**
Þú vilt japönsk gæði og gott umboð. Ætlar kannski að fá þér Toyota? Nú er annar kostur í boði. Veldu öruggan stað. Komdu í Brimborg. Skoðaðu Mazda.

Smelltu þér á netið: www.mazdabrimborg.is
– skoðaðu verð, búnað og tækni Mazda.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.mazdabrimborg.is

# Sjálfstæðismenn og almenningssamgöngur

UMRÆÐAN
STRÆTÓ BS.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON
BORGARFULLTRÚI

*Kjósi nágrannasveitarfélögin með sjálfstæðismenn í fararbroddi að fara slíka leið, mun Reykjavík endurmeta stöðu sína innan byggðasamlagsins. Svo kann að fara að óhjákvæmilegt verði að leysa upp byggðasamlagið Strætó, svo Reykvíkingar geti fengið þá þjónustu sem þeir eiga og vilja fá.*

Reykjavíkurborg vill auka framlög til Strætó bs. á næsta ári til þess að bæta enn frekar þjónustuna við borgarbúa. Þetta er meðal þess sem fram kom hjá borgarstjóra þegar hún kynnti frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 2006. Við í meirihlutanum í Reykjavík teljum mikilvægt að styrkja til muna leiðakerfi Strætó, þétta þjónustunetið og tryggja að strætó sé raunverulegur valkostur sem ferðamáti. Þessu er því miður öfugt farið með sjálfstæðismenn.

Þegar ákveðið var að sameina Strætisvagna Reykjavíkur (SVR) og Almenningsvagna bs. (sem önnuðust strætósamgöngur í nágrannasveitarfélögunum) var eitt af meginmarkmiðunum að auka hlutdeild almenningssamgangna um 50 prósent á næstu 5 árum eða þar um bil. Það er líka yfirlýst stefna sveitarfélaganna í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Óhugsandi er að ná þessu marki nema að auka framlög til fyrirtækisins, alla vega fyrst um sinn, þar til þessu marki er náð. Þá mun aukinn farþegafjöldi skila sér í auknum tekjum. Þetta hljóta allir að sjá, sem eru með sæmilega opin augu. Því miður virðist það ekki eiga við um sjálfstæðismenn.

Hér í Reykjavík hafa sjálfstæðismenn jafnan hátt þegar málefni Strætó ber á góma. Láta þeir eins og þeir séu helstu vinir almenningssamgangna. En þegar rætt er um forgang fyrir strætó í umferðinni amast þeir við því og rétt er að rifja það upp að það var ein af fyrstu tillögum sjálfstæðismanna í borgarstjórn á því kjörtímabili sem senn er á enda, að skerða framlög til Strætó um 100 milljónir króna! Segir allt sem segja þarf.

Það var sýn okkar í Reykjavík að með því að sameina strætófyrirtækin á höfuðborgarsvæðinu gæfist í fyrsta skipti möguleiki á að skipuleggja almenningssamgöngur fyrir svæðið í heild, enda er það löngu orðið eitt atvinnu- og búsetusvæði. Við töldum því að það fælust margvíslegir möguleikar í því að efla fyrirtækið og þjónustuna sem það veitir. Nú kemur í ljós að í nágrannasveitarfélögunum, þar sem sjálfstæðismenn ráða ríkjum, höfðu þeir fyrst og fremst í huga að skera niður framlög til málaflokksins. Vildu að vísu fá betri þjónustu, en helst að Reykvíkingar greiddu fyrir hana. Og það er komið á daginn. Endurskoðun leiðakerfisins hefur vissulega haft í för með sér mjög bætta þjónustu í nágrannasveitarfélögunum. En stjórnendur þeirra virðast ekki vilja borga fyrir hana.

Í broddi fylkingar sjálfstæðismanna á höfuðborgarsvæðinu er Ármann Kr. Ólafsson bæjarfulltrúi í Kópavogi. Hann er líka aðstoðarmaður Árna Mathiesen fjármálaráðherra og fyrsta þingmanns Suðvesturkjördæmis. Eitt af því sem gerir rekstur Strætó bs. erfiðan er að ríkissjóður heimtar sitt af rekstrinum. Þannig greiða strætónotendur og skattgreiðendur á höfuðborgarsvæðinu hundruð milljóna ár hvert í ríkissjóð. Hverra hagsmuna eru sjálfstæðismenn að gæta þegar fjallað er um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu? Er þeim e.t.v. ekki ljóst í hvaða hlutverki þeir eru hverju sinni?



STRÆTÓ Óhugsandi er að auka hlutdeild almenningssamgangna um fimmtíu prósent á næstu fimm árum nema með auknum fjármunum að mati greinarhöfundar.

Reykvíkingar tóku ekki höndum saman við nágrannasveitarfélögin og sameinuðu strætófyrirtækin til að skerða þjónustuna eða hækka fargjöldin. Slíkar ráðstafanir munu enn draga úr farþegafjöldanum og leiða til frekari skerðingar á þjónustu. Það er bara ekki sú leið sem meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur vill fara. Kjósi nágrannasveitarfélögin með sjálfstæðismenn í fararbroddi að fara slíka leið, mun Reykjavík endurmeta stöðu sína innan byggðasamlagsins. Svo kann að fara að óhjákvæmilegt verði að leysa upp byggðasamlagið Strætó, svo Reykvíkingar geti fengið þá þjónustu sem þeir eiga og vilja fá.

Sjálfstæðismenn í Kópavogi eða annars staðar ráða ekki pólitískri stefnumótun í Reykjavík. Afstaða þeirra er hins vegar harkaleg áminning um það sem kæmi, ef svo illa færi að Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. Er ekki rétt að huga að því?

*Höfundur er borgarfulltrúi Vinstri grænna og formaður umhverfisráðs Reykjavíkur.*

# Meira af skipulagsmálum

HJÖRTUR EINARSSON ÍSLENSKUFRÆÐINGUR
SKRIFAR UM MIKLUBRAUT

*Annars er þetta Hringbrautarmál orðið að svo stórkostlegu klúðri að ég tel að hreinlega sé um eitt mesta umhverfisslys í sögu borgarinnar að ræða. Hvernig datt borgarstjórnendum í hug að þetta væri skásti kosturinn?*

Haukur Már Helgason skrifar í Fréttablaðið í gær frábæran pistil um mislæg gatnamót. Þar segir meða annars: „Mislæg gatnamót eru yfirlýsing um endalok stjórnmála og sögu, ytri mörk línulegs tíma, og fögnuður þeirrar nýju rökvísi að til að komast til hægri skuli maður beygja til vinstri.“ Nú hafa komið upp hugmyndir um að Íslenskir aðalverktakar komi Miklubraut í stokk frá Grensásvegi að Miklatorgi, sem nú er einmitt í formi mislægra gatnamóta. Í staðinn eignist Aðalverktakar það landsvæði sem myndast á yfirborðinu. Þetta er áhugaverð hugmynd enda er gríðarlegt landflæmi sem fer undir Miklubrautina og auðnina sem þarf óhjákvæmilega að umkringja hana. Ég held að það sé ágætt að borgin fari þessa leið, enda verði svæðið sem myndast í staðinn skipulagt af kostgæfni og Aðalverktakar skuldbundnir að fara eftir því.

Dagur B. Eggertsson hefur lýst áhuga á hugmyndinni og talað um að einnig séu hugmyndir uppi um að leggja nýja Hringbraut í stokk á komandi árum. En hvers vegna í ósköpunum var þá slíkt ekki bara



gert í upphafi? Kostnaður getur varla hafa skipt máli í því samhengi því væntanlega kostar það miklu meira að leggja braut og koma henni síðan í stokk en að leggja bara beint í stokk!

Annars er þetta Hringbrautarmál orðið að svo stórkostlegu klúðri að ég tel að hreinlega sé um eitt mesta umhverfisslys í sögu borgarinnar að ræða. Hvernig datt borgarstjórnendum í hug að þetta væri skásti kosturinn? Meirihluti borgarbúa var á móti lausninni og bent var á ótal aðrar. Enda kemur í ljós að ný Hringbraut er meingölluð, ljót og ill nýting á verðmætu landsvæði. Og kemur nú líklega til með að verða dýrasti kosturinn ef litið er til þeirra breytinga sem þarf að gera á henni nánustu framtíð og þess landsvæðis sem hún tekur.

Úthlutun á þorskaflaheimildum til áframeldis

**AVS rannsóknasjóður** í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins

Auglýst er eftir umsóknum í aflaheimildir til áframeldis á þorski. Aflaheimildirnar eru ætlaðar þeim sem vilja stunda rannsóknir og kanna möguleika á þorskeldi.

**Umsóknir skulu hafa borist AVS rannsóknasjóðnum í síðasta lagi 23. janúar 2006**

Samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 85/2002 sem er breyting á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, hefur sjávarútvegsráðherra til ráðstöfunar sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski. Þessum heimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu, www.avs.is þar sem nálgast má leiðbeiningar um gerð umsókna.

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
Skúlagötu 4,
101 Reykjavík
Netfang: avs@avs.is

BRÉF TIL BLAÐSINS

## Til Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra

**Heiðraði ráðherra.**

Eins og kunnugt er hafa staðið yfir viðræður á milli ráðuneytis þíns og Öryrkjabandalags Íslands vegna reglugerðar nr. 916/2005 þar sem Tryggingastofnun ríkisins er gert skylt að stöðva greiðslur til þeirra lífeyrisþega sem fullnýtt hafa bótarétt sinn. Bitnar þessi aðgerð óvenju hart á hópi fólks sem á sér fárra kosta völ, einkum þegar tekið er mið af tímasetningu aðgerðarinnar.

Eins og hæstvirtum ráðherra er kunnugt hefur Öryrkjabandalagið krafist þess að reglugerð þessi verði þegar felld úr gildi enda standist hún ekki 50. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Ráðuneytið hefur hins vegar vísað til 12. gr. sömu laga. Eins og kunnugt er var ákvæði um endurgreiðslur skulda lífeyrisþega sett inn í lögin um almannatryggingar m.a. til þess að forðast slíkan gerning sem nú hefur verið framinn.

Þar sem ráðherra hefur ekki fallist á að afturkalla áðurgreinda reglugerð mun Öryrkjabandalag Íslands leita allra leiða til þess að fá þessari aðgerð hnekkt.

**Virðingarfyllst,**

**Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri Öryrkjabandalags Íslands.**

## LEIÐRÉTTING

Í frétt af Stóru orðabókinni um íslenska málnotkun nýlega var sagt að þar væri á ferð fyrsta verk sinnar tegundar sem gefið er út jöfnum höndum prentað á og rafrænu formi. Hið rétta er að árið 2000 gaf íslensk málnefnd út Hagfræðiorðasafn og fylgdi því geisladiskur með gervöllu efni hennar.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



MIKIÐ ÚRVAL JÓLAGJAFA
BÍLSKÚRSHURÐA-
OPNARI
MOTORLIFT 700
Verð 18.490 kr.
SÚPERBYGG
Úrval jólagjafa fyrir framkvæmdafólk og iðnaðarmenn. Handverkfæri og rafmagnsverkfæri. Sjón er sögu ríkari
Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.
allt að 50% ódýrari
2.490 kr.
LOFT-
VERKFÆRASETT
1.240 kr.
VINNUBORÐ
SAMFELLAN-
LEGT
Verð frá 390 kr.
SKRÚFU OG
VERKFÆRABOX
Verð frá 2.690 kr.
STINGSÖG
PROFI 710W
2.390 kr.
RAFMAGNS-
HEFILL
600W
21.900 kr.
RAFSUÐUVÉL
CO-2 FYRIR
FYLLTAN VÍR
11.990 kr.
BÚTSÖG
Á SLEÐA
26.450 kr.
METABO BSZ
14,4 3ah Imp.
hleðsl.
950 kr.
VERKFÆRA-
KASSI
TITAN
6.990 kr.
BÚTSÖG 1100W
18.990 kr.
DEWALT SDS
PLUS BORHAMAR
600W
13.490 kr
BÚTSÖG
F. JÁRN
2.790 kr.
SDS BORA OG
FLEIGASETT
5.890 kr.
MANNESMANN
HLEÐSLUVÉL
18W 2 RAFHL.
1490 kr.
JUÐARI
MULTI
3.590 kr.
SMERGEL
150MM 250W
16.990 kr.
AFRÉTTARI Á
BORÐ
29.850 kr
BYSSUSKÁPUR
7 BYSSUR
1.690 kr.
TERMOUNDIRFÖT
BUXUR OG
BOLUR
Verð frá 1.890 kr.
TOPPLYKLASETT
GOTT ÚRVAL
FRÁBÆRT VERÐ
2.450 kr.
MANNESMANN
HÖGGBORVÉL
600W
4.990 kr.
HJÓLSÖG 185
M/LEISER
14.890 kr.
SILVER STORM
HJÓLSÖG 1600W
4900 kr.
KULDAGALLAR
STÆRÐIR
s, m, l, xl, xxl, xxxl
4.590 kr.
LUGT FYRIR
KERTI
HÆÐ 87 CM
13.900 kr.
DEWALT 12W
10.890 kr.
SLÍPIROKKUR
DEWALT 125MM
Verð frá 1.190 kr.
ÚTILJÓS
5.490 kr.
SVERÐSÖG
POWER SUPER
850W
1.990 kr.
VERKFÆRASETT
BARNA
Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15
Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080
SÚPERBYGG
– meira fyrir minna

LEITIN HEFST HÉR!




Þú finnur allar nýjustu fasteignirnar í **allt – fasteignum** sem fylgir frítt með Fréttablaðinu alla mánudaga. Ekki missa af **mest lesna** fasteignablaðinu í vikubyrjun!

Allar eignir eru skráðar á **visir.is** svo þú getur fylgst með fasteignamarkaðnum jafnóðum!

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Fiton/SÍA F1014627

# Framsókn deyfir Byggðastofnun

Bág fjárhagsstaða Byggðastofnunar hefur verið talsvert í umræðunni í kjölfar þess að stjórn stofnunarinnar ákvað að hætta öllum lánveitingum.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar vissu af skýrslu um stofnunina, skýrslu sem ekki var farið að ræða, og um hana var beðið. Eftir nokkra eftirgangsmuni tókst að draga skýrslu um framtíðarþróun Byggðastofnunar út úr iðnaðarráðuneytinu. Efni skýrslunnar hefur ekki enn sem komið er fengið mikla athygli í fjölmiðlum og ég er á því að fjölmiðlar hafi í umfjöllun sinni hlaupið yfir þá miklu gagnrýni sem er að finna í skýrslunni á frammistöðu Framsóknarflokksins í byggðamálum.

Í skýrslunni kemur fram að starfsmenn og stjórnendur Byggðastofnunar hafi skilað góðu starfi en að skipulagi og hlutverki í stjórnkerfinu sem er á ábyrgð Valgerðar Sverrisdóttur sé verulega ábótavant. Sérstaklega er rakið að stjórnvöld hafi ekki nýtt krafta stofnunarinnar sem skyldi við almenna stefnumótun stjórnvalda.

Í skýrslunni eru rakin raunaleg átök Kristins H. Gunnarssonar, sem gegndi starfi stjórnarformanns Byggðastofnunar, og fyrrum forstjóra sem settu innra starf stofnunarinnar í uppnám.

Í umfjöllun um stjórn Byggðastofnunar kemur fram gagnrýni á að hún sé of fjölmenn og einnig þá staðreynd að vafasamt sé að setja starfandi stjórnmálamenn í stjórn stofnunarinnar. Það er sagt ýta undir grunsemdir og ásakanir um að pólitísk sjónarmið ráði ákvörðun í einstaka málum í stað faglegra sjónarmiða þar sem jafnræðis væri gætt.

Það er hægt að taka undir margt í skýrslunni. Ég er á því að ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafi einmitt ekki viljað að stofnunin væri með frumkvæði, hvað þá að hún fjallaði gagnrýnið um vonda stefnu í byggðamálum.

Ég efast til dæmis um að fulltrúar þessara flokka hafi fagnað skýrslum og álitum um hið vonda kvótakerfi sem hefur lamað sjávarbyggðirnar en þó eru til dæmi um að einstaka skýrsluhöfundar hafi slysast til að fjalla um þau mál. Ábyggilega hafa þeir fengið bágt fyrir.

**UMRÆÐAN**
BYGGÐASTOFNUN



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**
ÞINGMAÐUR

*Ég efast til dæmis um að fulltrúar þessara flokka hafi fagnað skýrslum og álitum um hið vonda kvótakerfi sem hefur lamað sjávarbyggðirnar en þó eru til dæmi um að einstaka skýrsluhöfundar hafi slysast til að fjalla um þau mál. Ábyggilega hafa þeir fengið bágt fyrir.*

Ég hef einhvern tímann sagt að landsbyggðin þarfnist málsvara í kerfinu. Í umfjöllun í þinginu koma fram kröftug álit frá Náttúrufræðistofnun sem ég er ekki alltaf sammála en er engu að síður sáttur við.

Í álitum Náttúrufræðistofnunar er oft gefið sterklega í skyn að ákveðin lagasetning geti verið afdrifarík fyrir ákveðna dýrategund, t.d. rjúpuna. En þessu er ekki að heilsa með álit Byggðastofnunar þar sem flokkspólitísk stjórn virðist veikja þá rödd sem berst frá Byggðastofnun um ýmsar vafasamar ákvarðanir stjórnvalda, s.s. vonda fiskveiðistjórn, hækkun flutningskostnaðar og hækkun rafmagnsverðs.

Ég vona svo sannarlega að iðnaðarráðherra svari ekki gagnrýninni sem fram kemur í skýrslunni með því að segjast einfaldlega vera ósammála henni, heldur taki mark á gagnrýninni og leiti leiða til þess að auka sjálfstæði stofnunarinnar, efli hana eins og þarf. Athyglisvert er að skýrslan kom út í byrjun maí og af því má ráða að ráðherra byggðamála hafi alls ekki viljað að þessi gagnrýni kæmi fyrir sjónir almennings. Þetta vekur upp þær spurningar hvort ráðherrann sitji á fleiri skýrslum, s.s. um jöfnun flutningskostnaðar.

*Höfundur er þingmaður Frjálslynda flokksins. Greinin birtist áður á sigurjon.is.*




# Aldraðir á Íslandi

**UMRÆÐAN**
KJÖR ALDRAÐRA

**FJÓLA MARÍA ÁGÚSTDÓTTIR**
FORSTÖÐUMAÐUR

Kjör eldri borgara á Íslandi eru skammarlega lág. Um þriðjungur aldraðra, þ.e. um 11 þúsund manns er með um 110 þúsund kr. á mánuði eða minna og af þessum peningum þarf gamla fólkið að greiða 13 prósent skatt. Kaupmáttur ráðstöfunartekna gamla fólksins hefur heldur ekki fylgt kaupmætti launafólks samkvæmt nýjum útreikningum Landssambands eldri borgara, sem samráðsnefnd um öldrunarmál sem í sitja fulltrúar frá fjármálaráðuneytinu og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hafa staðfest.

Fasteignagjöld og skattlagning eftirlaunafólks er allt of þungur baggi á eldri kynslóðinni. Lyfjakostnaður og margvíslegur kostnaður vegna sjúkdóma sem leggst á fólk þegar það eldist er gríðarlega hár. Hjúkrunarrými eru af skornum skammti og ég gæti haldið áfram lengi og við vitum þetta, en viljum við virkilega hafa þetta svona?

Öll eigum við foreldra, ömmur og afa sem unnið hafa baki brotnu að því að gera Ísland að því samfélagi sem það nú er. Viljum við koma svona illa fram við þetta fólk? Ég efast stórlega um að nokkur vilji að nákominn ættingi hafi það skítt en eldri kynslóðin vill gleymast þegar veitt er úr pottinum. Ég byrjaði mjög ung að leggja til hliðar í viðbótarlífeyrissparnað til að tryggja það að ég persónulega muni ekki hafa það svo slæmt í ellinni, en eldri borgarar núna höfðu ekki þennan valmöguleika. Einnig var kerfið annað á þeirra yngri árum og konur á margfalt lægri launum en karlar, en eigum við að refsa þeim fyrir það? Nei, við eigum að sjá sóma okkar í að hugsa vel um þetta fólk.

Þetta fólk byggði upp landið og þá velsæld sem nú er og á skilið að líða vel í ellinni en ekki vera með hnút í maganum vegna fjármála. Það er einnig nauðsynlegt að upphefja þennan hóp í stað þess að niðurlægja hann eins og gert er t.d. með því að kalla eldri kynslóðina ellilífeyrisþega en ekki eftirlaunafólk. Mér finnst einnig agalegt að heyra af eldra fólki sem þarf á aðhlynningu að halda og kemst inn á hjúkrunarheimili og er þá kallað „vistmaður“ og af því eru teknir allir þeirra peningar og þeim borgaðir „vasapeningar“ og skiptir þá engu hve miklar ráðstöfunartekjur fólkið hefur. Einnig borgar það sömu prósentu af ráðstöfunartekjum sínum til hjúkrunarheimilisins sama hvort það deilir herbergi með öðrum eða er í sér herbergi.

Mér finnst þetta skammarlegt fyrir eina af ríkustu þjóðum heims. Mín tillaga er sú að haft sé meira samráð við Landssamband eldri borgara um málefni þeirra þegar um þau er fjallað.

*Höfundur er forstöðumaður. Greinin birtist áður á tikin.is*

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.25 | 13.14 | 16.03 |
| Akureyri | 10.29 | 12.59 | 15.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt



tíska o.fl. **RÖNDÓTT** Kemur aftur og aftur bls. 2

heimili o.fl. **AÐVENTUKRANSAR** Ferskir og óhefðbundnir bls. 8

heilsa o.fl. **BABYCOOK** Aukaefnalaus matur fyrir ungbörn bls. 14

**DAGATÖL** Talið niður til jólanna bls. 15




*Góðan dag!*

**Í dag er fimmtudagur 24. nóvember, 328. dagur ársins 2005.**





**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




Þorbjörg með loðskinnskraga frá eBay. Í bakgrunninum glittir í hluta af kjólasafni hennar. FRETTABLAÐIÐ/VALLI

# Gæti opnað kjólaleigu

***Þorbjörg Albertsdóttir á yfir tuttugu kjóla. Hún hefur mest gaman af sparilegum og dálítið sérstökum kjólum þó hún klæðist þeim sjaldan.***

„Ég er forfallinn kjólafíkill," segir Þorbjörg Albertsdóttir iðnaðarverkfræðinemi. Hún á um það bil 23 kjóla, marga mjög skrýtna og óvenjulega á litinn. „Ég er svakalega hrifin af kjólum en þeir þurfa helst að vera bæði fínir og svolítið öðruvísi."

Þorbjörg á meðal annars kjól frá Taílandi sem hún keypti af vinkonu sinni, handofinn með ísaumuðum perlum. Annar er frá Afríku og er úr grófu hvítu efni. Hann er þröngur yfir brjóstin en ermarnar ná niður á gólf. „Ég mun aldrei getað notað kjólinn, hann var bara svo spes að ég varð að kaupa hann," segir hún.

Þrátt fyrir mikinn kjólaáhuga klæðist Þorbjörg sjaldan kjólum þar sem hún segir fá tækifæri gefast til að klæða sig fínt upp. „Þegar ég hef verið að fara á samkomur eins og árshátíðir hef ég lent í því að finnast ég of sparileg. Fólk er miklu hversdagslegra en það var hér áður fyrr. Þegar ég fer út að skemmta mér verð ég helst að vera í bol og buxum til að líða vel."

Sem betur fer er ekki hægt að segja að kjólakaupin séu alveg gangslaus. Þorbjörg býr í tveggja herbergja íbúð á Hjónagörðunum og í öðru herbergjanna hanga kjólarnir eins og myndir og prýða annars hvíta veggina. „Það má eiginlega segja að ég safni kjólum, ég gæti næstum opnað kjólaleigu," segir hún.

Þorbjörg hefur raunar gaman af fleiru en kjólum. Hún uppgötvaði vefinn eBay fyrir nokkru og hefur nú þegar keypt sér þar nokkra loðfeldi. „Einn sem er á leiðinni í pósti núna kostaði bara einn dal. Ef hann er ekki fínn ætla ég bara að gera legghlífar úr honum í skóna mína," segir Þorbjörg, sem deyr greinilega ekki ráðalaus.


mariathora@frettabladid.is


## LIGGUR Í LOFTINU

**[ HEIMILI - TÍSKA - HEILSA - JÓL ]**

**Útijólaskreytingar** er best að fara að taka út úr geymslunni til þess að dusta af. Nú fer nefnilega að detta inn fyrsti í aðventu og ekki seinna vænna en að fara að gera húsið jólalegra að utan. Bæði má hengja seríur á tré í garðinum og fyrir utan dyrnar og svo má ekki gleyma hurðakrönsum, sem eru til hinnar mestu prýði.



**Breytingar** standa nú yfir í Þrekhúsinu í Frostaskjóli. Verið er að mála alla stöðina en nú er nýbúið að skipta um gólfefni í leikfimissalnum. Einhver óþægindi geta skapast af þessum sökum. Sporthúsið verður lokað 16.-18. desember vegna viðgerða þannig að ljóst er að verið er að gefa þessum systurstöðvum andlitslyftingu fyrir jólin, fastagestum sjálfsagt til mikillar gleði.

**Kalt** gæti orðið í veðri í dag og á morgun. Það er því um að gera að draga fram með vettlinga og trefil enda slíkur fatnaður hvers manns prýði.

**Jólavaka** Karlakórsins Stefnis í Mosfellsbæ verður að vanda haldin á fyrsta sunnudag í aðventu. Jólavakan hefst kl. 20.00 og verður nú í fyrsta sinn í hinum nýja Lágafellsskóla. Karlakórinn syngur nokkur lög undir stjórn Atla Guðlaugssonar, en nýtur auk þess fulltingis Barnakórs Varmárskóla undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar. Kórarnir syngja bæði saman og í sitt hvoru lagi, sr. Ragnheiður Jónsdóttir flytur hugvekju og Höskuldur Þráinsson prófessor les upp.




**Glæsilegir leðursófar**

*Terranova leðursófi* 3ja sæta kr. 114.400 • 2ja sæta kr. 98.600



*Brúnn Bycast leðursófi* 3ja sæta kr. 110.800 • 2ja sæta kr. 106.900 • Stóll kr. 72.900

LÍNAN HÚSGÖGN

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

**Lopaflíkur**
eru svo sannarlega í tísku núna. Lopapeysur, lopasjöl, lopavettlingar, lopahúfur og bara allt sem er úr lopa. Lopi er einfaldlega málið.




# FLOTT NÁTTFÖT.

**Buxur, hlýrabolur og flíspeysa.**
**Verð aðeins 3990.-**

**Mikið úrval af náttfatnði, sloppum og undirfötum.**



Sjáumst!
Cos s. 588-5575, Glæsibær






VERÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is



## LEÐURTÖSKUR

Ný sending af leðurtöskum
verð frá 5.900,-

SNYRTIVÖRUVERSLUNIN
GLÆSIBÆ
Sími: 568 5170



belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



**Ný sending af buxum**

**Vertu þú sjálf – vertu Bella donna**

Opið mán-fös 11-18
laugardaga 11-15





PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA Í 25 ÁR
- GELNEGLUR
- HANDSNYRTING
- FÓTSNYRTING
- VAXMEÐFERÐIR
- ANDLITSBÖÐ
- LITUN OG PLOKKUN
- BRÚNKUMEÐFERÐIR
- HÚÐSLÍPUN
- SÝRUMEÐFERÐIR

SNYRTISTOFAN
salon ritz
LAUGAVEGI 66 • SÍMAPANTANIR: 552 2460




Hettupeysa kr. 4.990.

Peysa kr. 3.990.

Bolur kr. 1.990.

# Svartar, bláar & bleikar rendur

***Röndótt er í uppsveiflu, kom ferskt inn í sumar, heldur áfram í vetur og einnig næsta sumar.***

Síðastliðið sumar vorur röndóttir bolir mikið í tísku og í vetur teygja rendurnar sig lengra því þær eru mjög áberandi á alls konar flíkum eins og peysum, treflum, sokkum, húfum og þar fram eftir götunum. Rendurnar halda meira að segja áfram fram á vorið og sumarið því sumarlínur hátískuhúsanna fyrir sumarið 2006 innihalda margar mikið af flottum röndóttum flíkum.

Rendur eru svo sem ekkert nýjar af nálinni og það er alltaf eitthvað röndótt á boðstólum í tískuheiminum allt árið um kring. Þær eru því orðnar eins konar klassík en fá nýtt yfirbragð á hverju ári.

Víða í bænum má sjá röndóttar flíkur, í GK eru flottar röndóttar herrapeysur, Red&Green er alltaf með eitthvað röndótt á boðstólum og í Topshop er heill hellingur af splunkunýjum funheitum röndóttum flíkum og fylgihlutum.



Svartur og hvítur langur trefill 2.490.



Hanskar kr. 1.990.



Sokkar kr. 549.



Herrahúfa og trefill kr. 1.390 og 1.990.



Mjóir treflar (tveir saman) kr. 1.990 stk.



Svört og hvít síð peysa kr. 5.990.

## Haust í Skarthúsinu

Alpahúfur kr 990
Sjöl og treflar frá kr 1290
Belti frá kr 1990
Buxur kr 3990
Sokkabuxur frá kr 1290
Kínaskór kr 1290
Flísfóðraðir hjartavettlingar kr 1490



SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póstkröfu

TÍSKUVERSLUNIN Smart

Gott úrval af fallegum peysum.
Nýkomið: Buxur, peysur, toppar.

-20% afsláttur
á öllum fatnaði til 1. desember

Hafnarstræti 106, Akureyri, sími 462 4010
Ármúli 15, Reykjavík, 588 8050 • Grímsbæ v/Bústaðarveg S: 588 8488






ÍSLENSKAR LEÐURVÖRUR Í JÓLAGJAFIR TIL STARFSMANNA OG VIÐSKIPTAVINA.

Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
s. 561 0060 atson@atson.is
Opið mán.-fös. 10-18




allt matur
Alla föstudaga

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






kr. 12.500 Ilse Jacobsen.



kr. 14.900 Ilse Jacobsen.

kr. 5.990.

kr. 2.990 Topshop.

# Bráðnauðsynleg belti

***Flott belti getur sett punktinn yfir i-ið á annars flottu dressi. Af nógu er að taka.***

Skrautleg, litrík eða glansandi belti eru alveg bráðnauðsynleg við tískuna nú í vetur. Stór og lítil, keðjur og leður, allt er í gangi og um að gera að hafa fleiri en eitt.

Stórt leðurbelti ásamt messingkeðjubelti er til dæmis flott við tætt gallapils, grófar sokkabuxur og kúl krókódílakúrekastígvél. Glamúrbeltin passa vel með gallabuxum og kjólum, breiðu beltin ganga bæði í mitti og á mjaðmir og svona má lengi telja.

Það getur líka verið smart að láta beltið tala við skóna, bleikt bróderað belti við til dæmis bleika leðurhæla, klikkar ekki.

Nóg er til af beltum í öllum litum stærðum og gerðum svo nú er mál að verða sér úti um minnst eitt slíkt til að tolla í tískunni í vetur.



kr. 3.950 Oasis.



kr. 5.490 Oasis.



kr. 3.790 Vila.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Hátíð allra gluggagægja

Hvert tískuhús leggur mikla vinnu í markaðsmál og ímynd. Margar leiðir eru til að ná til viðskiptavina, til dæmis með auglýsingaherferðum í tískublöðum og víðar. Önnur hlið á þessari ímyndarvinnu er útstillingar í gluggum tískuhúsanna þar sem ekkert er til sparað en auðvelt er að ná til fjölda fólks. Flest stærri tískuhús og verslanakeðjur hafa sérþjálfað starfsfólk við útstillingar sem velur hvað á að vera í glugganum, hannar og stillir út. Hjá stóru nöfnunum eins og Dior, Louis Vuitton, Prada og Yves Saint Laurent er oft á tíðum fjöldi manns í gluggavinnunni sem svo sér um allar verslanir í París og jafnvel í öllu Frakklandi, allt eftir fjölda sölustaða. Línurnar eru lagðar af yfirstjórninni í höfuðstöðvunum. Hjá Prada er öllu stjórnað beint frá Mílanó, þaðan koma myndir og listar með því sem á að vera í gluggunum. Sami kjóllinn eða sama taskan er því í öllum útstillingum hjá Prada á sama tíma, hvort sem er í Mílanó eða Mónakó, Seúl eða Singapúr. Fylgihlutir eru sendir svo það sama sé til skreytinga í öllum gluggum.

Svo mikilvægir eru sýningargluggar að menningarmálaráðuneyti Frakklands hefur lánað sex glugga á jarðhæð ráðuneytisins fyrir útstillingarsýningu. Hér í landi er tíska nefnilega list. Það er belgíski hönnuðurinn Martin Margiela sem fengið hefur að leika lausum hala í gluggum menningarmálaráðuneytisins nýja, sem reyndar er sömuleiðis þess virði að sjá í Palais Royal hverfinu. Hver og einn sýnir handunninn fatnað úr síðustu tískulínu Margiela, í blöndu af efnis- og litaprufum, hárkollum, brúðarkjólum og fleiru. Í hverjum glugga er texti sem skýrir út vinnuna við hverja flík og hvernig hún er uppbyggð, skref fyrir skref.

Jólin nálgast hér eins og annars staðar. Stórverslanir eins og Galerie Lafayette, Printemps og Bon Marche eiga sér meira en aldarlanga hefð í París. Um miðjan nóvember ár hvert er kveikt á jólaljósunum utan á byggingunum og þá eru um leið settar upp jólaútstillingar í gluggum á Haussmann-búlvarðinum. Þar skapast heill ævintýraheimur með allskyns dýrum úr frumskógum Afríku, furðuverum sem hreyfast, söguhetjum úr ævintýrum eða barbídúkkum og ofurhetjum. Hjá mörgum fjölskyldum og jafnvel einstaklingum sem þegar hafa slitið barnsskónum er það ómissandi í jólaundirbúningnum að fara einn sunnudagseftirmiðdag eða að kvöldlagi og skoða jólagluggana og ljósaskreytingarnar. Hópurinn sést langar leiðir fyrir framan gluggana. Minnir á miðbæjarferð, súkkulaði og smákökur í Reykjavík. ■



Fatnaður frá Necessary Objects í anda The OC.

# OC fatalína

***Íslendingar eru eins og aðrir orðnir dyggir aðdáendur unglingaþáttanna The OC og margir mega alls ekki missa af einum einast þætti.***

Ástæðan fyrir vinsældum þáttanna er sennilega spennandi söguþráðurinn en óaðfinnanlegt útlit leikaranna gæti líka haft eitthvað að segja. Fyrir utan það að leikararnir eru allir ósköp fríðir er klæðnaður þeirra alltaf samkvæmt nýjustu tísku.

Kvenkyns aðdáendum The OC gefst nú kostur á að kæða sig í sama stíl og persónurnar í þáttunum. Á www.amazon.com/theoc má finna nýja fatalínu frá Necessary Objects sem er hönnuð út frá klæðnaði leikaranna í The OC. Fatalínan inniheldur tólf flíkur og er hönnuð í samráði við búningahönnuði þáttanna. ■















## Augnháralitur og augnabrúnalitur

TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitur sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið.
Útsölustaðir: apótek og snyrtivöruverslanir



allt markvissar auglýsingar

...um hús og heimili

á mánudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28023 04/2005

## Full búð af nýjum vörum

skart, slæður, treflar og fleira

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217



Íslensk hönnun

HÚFUR SEM HLÆJA

Laugavegi 70
www.hsh.efh.is



allt markvissar auglýsingar

...um mat

á föstudögum í Fréttablaðinu.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“

Síminn er 550-5000

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - PRE 28023 04/2005




Guðbjörg Ingólfsdóttir og Margrét Sigurjónsdóttir eru með punt.is. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Indverskt málmarmband með kalksteini. Ekki ofnæmisprófað.



Indverskt armband með ekta steinum. Ekki ofnæmisprófað.

# Ofnæmisprófað punt

***Guðbjörg Ingólfsdóttir og Margrét Sigurjónsdóttir opnuðu heimasíðuna www.punt.is síðastliðið vor. Á heimasíðunni má finna úrval ofnæmisprófaðra skartgripa sem þær eru með til sölu.***

Ofnæmisprófuðu skartgripirnir sem Guðbjörg og Margrét selja eru innfluttir frá Bandaríkjunum en þær eru einnig með indverska skartgripi sem eru ekki ofnæmisprófaðir. „Mest af skartgripunum sem við erum með er frá Bandaríkjunum því stærsta fyrirtækið með ofnæmisfría vöru er þar,“ segir Guðbjörg.

Á heimasíðunni má auk skartgripa finna mikinn fróðleik um skartgripi og efnin sem notuð eru í þá. „Stundum kaupir fólk sér til dæmis skartgripi sem eru stimplaðir 925 silfur og veit ekki hvað 925 stendur fyrir. 925 silfur stendur fyrir 92,5 prósent silfur en þá getur afgangurinn verið nikkel, sem getur valdið ofnæmi. Það er ýmislegt sem þarf að varast við kaup á skartgripum ef fólk er með ofnæmi,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörg og Margrét selja skartgripina að mestu í gegnum heimasíðuna en þær eru líka með heimakynningar. „Við erum búnar að vera með nokkrar heimakynningar og það hefur verið voða gaman.“

Guðbjörg segir að það hafi gengið mjög vel hjá þeim síðan þær byrjuðu og þær eru að hugsa um að fara að auka vöruúrvalið fljótlega. „Við erum til dæmis að fara að taka inn veski núna í desember svo það er voða fjör hjá okkur,“ segir hún.



Indverskur málmkross með ekta steini. Ekki ofnæmisprófaður.



Ofnæmisprófaðir eyrnalokkar úr skurðstofustáli með glærum steini.



Indverskir eyrnalokkar úr skeljum. Ekki ofnæmisprófaðir.



Ofnæmisprófaðir barnaeyrnalokkar úr skurðstofustáli húðuðu með 24 karata gulli.



Ofnæmisprófaðir eyrnalokkar úr palladíumhúðuðu skurðstofustáli með glærum CZ-kristöllum.



Sienna Miller var glæsileg með stutt hár í flottum samfestingi.

# Stutthærð og sæt

***Sienna Miller heillaði alla upp úr skónum þegar hún mætti á frumsýningu í vikunni.***

Hin ljóshærða Sienna Miller er nú orðin stuttklippt, sem hefur vakið upp blendnar tilfinningar hjá fólki. Sumir sakna síðu lokkanna, en þegar hún kom á frumsýningu myndarinnar Casanova í vikunni skiptu líklega margir um skoðun. Þar birtist hún í svörtum hlýralausum samfestingi frá Stellu McCartney og minnti óneitanlega dálítið á Sandy úr Grease. Hún var glæsileg að vanda og hefur greinilega gefið bóhemstílinn upp á bátinn í bili.

Sienna vill láta muna eftir sér fyrir fleira en að vera með leikaranum Jude Law og þó hún hafi mætt með honum á sýninguna lét hún einungis taka myndir af sér einni svo það færi ekki á milli mála hver væri stjarnan á staðnum. ■

# Kúrekaskyrtur til prýði

***Alvöru kúrekaskyrtur eru mjög vinsælar um þessar mundir.***

Það hefur varla farið framhjá neinum að notuð föt eru það heitasta í dag. Mikil retróstemning ríkir og er hún orðin einn helsti tískustraumur þessa áratugar. Þegar tölt er innan um þá fjölbreyttu flóru „second hand“-búða sem nú er í miðborginni má á flestum stöðum sjá gamaldags kúrekaskyrtur, bæði fyrir stelpur og stráka.

Kúrekaskyrturnar eru þó aðeins vinsælli hjá strákunum enda alveg eitursvalar. Sniðið á kúrekaskyrtunum er kannski það helsta sem heillar og oftast eru þær með bæði flottum litum og skemmtilegum munstrum sem gleðir þær miklu lífi. Almennt séð hafa skyrtur verið mjög vinsælar á undanförnum misserum og þess vegna eru kúrekaskyrturnar úrvals viðbót við skyrtumenninguna.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ








**Ísskápar**
fyllast flestir af alls kyns góðgæti fyrir jólin. Það er því ágætt að henda gömlum mat og þrífa þá vel áður en jólainnkaupin hefjast. Þá er meira pláss fyrir jólamatinn.


**50% AFSLÁTTUR**
AF ÖLLUM TAUMYNDUM Í HIN GEYSIVINSÆLU TAUKORT
ÞRÍVÍDDARARKIR KR. 99 SKRAUTLÍMMIÐAR KR. 99
FJAÐURSKÆRIN VINSÆLU AÐEINS KR. 490

www.fondurstofan.is



Síðumúli 15, 2 hæð
s. 553 -1800
Opið virka daga 13 -18, laug. 10 -14

TILBOÐIÐ GILDIR FIMMT. 24 – LAUG. 26
GEGN FRAMVÍSUN Á ÞESSUM MIÐA

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIÐI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN



Rc Hus Grensasvegi 22. Simi. 511 5550. Veffang. www.rchus.is



Fullt af frábærum nýjum vörum!
Fallegar jóla- og gjafavörur.
Sjón er sögu ríkari!
VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is

MARMOLEUM® click
Nýtt á gólfið
Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar



Forbo FLOORING
Mótið gólfið sjálf eftir ykkar smekk
Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket
GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510 • kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.




Jólasería úr postulíni eftir Þóru Breiðfjörð.

# Allir fá þá eitthvað fallegt

***Handverk og hönnun í Aðalstræti 12 í Reykjavík opnar sína árlegu jólasýningu nú á laugardaginn, 26. nóvember kl. 16.***



Púði úr leðri eftir Evu Vilhelmsdóttur

Sýning Handverks og hönnunar ber að þessi sinni yfirskriftina Allir fá þá eitthvað fallegt. Þetta er sölusýning og sértilkvödd dómnefnd valdi munina. Þarna eru 39 aðilar sem sýna íslenskt handverk og listiðnað úr fjölbreyttu hráefni. Sértilkvödd dómnefnd valdi muni á sýninguna. Þeir sem sýna eru: Anna Gunnarsdóttir, Arnfríður Lára Guðnadóttir, Áslaug Höskuldsdóttir, Bjargey Ingólfsdóttir, Björk Ottósdóttir, Bragi Baldursson, Bryndís Bolladóttir, Dóra Árna, Edda Lilja Guðmundsdóttir, Eva Vilhelmsdóttir, Guðný Magnúsdóttir, Guðrún Gerður Guðrúnardóttir, Guðrún Indriðadóttir, Guðrún Þórsdóttir, Halla Ásgeirsdóttir, Helena Sólbrá Kristinsdóttir, Helga Björg Jónasardóttir, Helga Kristín Unnarsdóttir, Helga Ósk Einarsdóttir, Helga Þórðardóttir, Hélène Magnússon, Hugrún Ívarsdóttir, Inga Rúnarsdóttir Bachmann, Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Jóna Björg Jónsdóttir, Katrín Jóhannesdóttir, Lára Gunnarsdóttir, Margrét Guðnadóttir, Margrét O. Leópoldsdóttir, Marian E. Gierman, Páll S. Garðarsson, Ragga Olafs, Ragna Fróða, Ragnheiður Ingunn Ágústsdóttir, Sigríður Ásta Árnadóttir, Slavko Velemir, Steinunn Bergsteinsdóttir, Steinunn Steinþórsdóttir, Úlfar Sveinbjörnsson og Þóra Breiðfjörð.



Jólakúlur úr þæfðri ull eftir Sigríði Ástu Árnadóttur.



Engill úr tré eftir Pál Garðarsson

Þetta er í sjöunda sinn sem Handverk og hönnun heldur jólasýningu. Aðsókn hefur verið mjög góð undanfarin ár og óhætt að segja að þessi viðburður hafi skipað sér fastan sess í jólaundirbúningi landsmanna. Sýningin er opin frá kl.13 til 17 alla daga og mun hún standa til 20. desember. Aðgangur er ókeypis.






# Ljósaskálin skreytt

ELÍSABET HALLDÓRSDÓTTIR BLÓMASKREYTIR VERÐUR Í EPAL OG SKREYTIR NÝJA FJÖGURRA LJÓSA SKÁL FRÁ STELTON MILLI KL. 12 TIL 16 Á LAUGARDAGINN.

Fjögurra ljósa skálin frá Stelton hefur vakið mikla athygli, sér í lagi vegna þess að hana má skreyta með aðventuna í huga og ekki síður í takt við önnur tilefni. Þess vegna hefur Epal ákveðið að fá blómaskreytinn Elísabetu Halldórsdóttur til að skreyta skálina á ýmsa vegu. Elísabet ólst upp með blómum því að hún er Hvergerðingur og byrjaði að að vinna í gróðurhúsum þegar hún var ellefu ára en lauk sveinsprófi í blómaskreytingum í Noregi. Verknámið fór fram í Blomsterhaven í miðborg Oslóar og Elísabet tók tvisvar þátt í Oslómeistarakeppninni í flokki lærlinga. Hún varð í sjöunda sæti fyrra árið en í því þriðja seinna árið.



Ljósaskálin frá Stelton bíður þess að verða skreytt eftir árstíðum og tilefnum.

Nú ætlar Elísabet að spreyta sig á að skreyta Stelton-skálina og gefa viðskiptavinum Epal í Skeifunni 6 kost á að sjá hvernig nota megi hana ekki aðeins sem aðventuskreytingu heldur sem fallega skreytingu fyrir heimilið allt árið um kring.



Feðgarnir Hlynur Halldórsson og Fjölnir Hlynsson skera út og hanna ýmiss konar listaverk og vandað handverk, meðal annars þessa skemmtilegu jólaketti.

# Listin í skóginum

***Rétt fyrir utan Egilsstaði er afar skemmtileg lítil handverksverslun sem er mörgum kunn.***

„Við höfum verið hér í rúmlega þrjátíu ár, og þær eru þrjár kynslóðirnar sem hafa unnið hér," segir Edda Kr. Björnsdóttir, skógarbóndi og eiginkona Hlyns Halldórssonar útskurðarmeistara. Faðir Hlyns, Halldór Sigurðsson, og sonur þeirra hjóna, Fjölnir, hafa báðir komið að rekstrinum.

Hlynur og Edda voru áður sauðfjárbændur en neyddust til að skera niður vegna riðu og gerðust þá skógarbændur, en skógurinn útvegar Hlyni og Fjölni efniviðinn. Verslunin er í gamalli hlöðu, sem annars hefði verið rifin, en hefur verið gerð upp á ákaflega heillandi hátt. Í kjallara verslunarinnar er verkstæðið, þar sem Hlynur vinnur mest af efninu sjálfur, bæði sker út viðinn og vinnur málminn sem notaður er til dæmis í lamir á gestabókum.

„Við erum með alvöru handverk, sem maður sér kannski ekki oft á Íslandi," segir Edda. „Margir sem koma til okkar eru að leita að hlut sem getur orðið ættargripur, einhverju sem verðmæti eru í." ■

# Gljáfægt silfur og kopar með tannkremi

***Á þessum tíma fara margir að huga að almennilegri tiltekt og þá kemur í ljós að það er ýmislegt sem þarf að gera.***

Á heimilum finnast oft ýmsir hlutir úr mismunandi málmum sem þarf að fægja reglulega og í sumum tilfellum geta einföld húsráð virkað jafn vel og dýr hreinsiefni.

Silfur má hreinsa með því að bera á það tannkrem með mjúkri tusku og nudda það vel. Það er síðan skolað upp úr köldu eða soðnu vatni.

Kopar og látún má fægja með því að byrja á því að skola það upp úr sápuvatni og bera svo blöndu af tannkremi og Worcestershire-sósu á það með mjúkum klút. Blandan er síðan þurrkuð af og hluturinn pússaður með hreinum klút. ■



Silfur má hreinsa með tannkremi.

allt heimili
Alla fimmtudaga

Jólastemning
Vönduð lína af hvítum húsgögnum frá Danmörku. Frábær verð.
UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-16 og sun. 13-16
www.unika.is

Jólagjafir heimilanna
Gott úrval sófa á jólatilboði
Formosa 3+2+1 til í Hvítu, Svörtu, Brúnu
Verð 247.000 JÓLAVERÐ 199.000.
New Farniente 3+1+1 dökk brúnt og grátt
Verð áður 239.000 JÓLAVERÐ 195.000.
Í gallerí okkar stendur yfir sýning Torfa Harðarsonar
Þægindi og gæði á góðu jólaverði.
Vaxtalausir samningar til áramóta.
Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn
Sími 554 5333
Opið alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16

Heilsuhitapokinn
Ný kynslóð heilsubótar
100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverki og önnur eymsl.
JÓLAGJÖFIN Í ÁR
Sölustaðir: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar, Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin, Eygló snyrtistofa, Heilsutek sunnumörk ,Snyrtistofan Dana Kef.

Heimilislán SPK
- þú færð betri kjör hjá okkur
Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.
Sparisjóður Kópavogs
Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is
spk
- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK


Mikið úrval af burstasettum og neistahlífa, ásamt ýmis konar aukahlutum.

Opið laugardaga kl. 10-16 og sunnudaga kl. 12-16 til jóla.

Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 · Sími 553 1380


AMERÍSKIR GLUGGAHLERAR
glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA
www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

ato
BÓKHALDSÞJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldsþjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldsþjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

Tökum að okkur verkefni varðandi:

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/ sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl

Hamraborg 1-3
200 Kópavogi
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404



BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN

allt tilboð
Alla föstudaga


# Ferskir og óhefðbundnir

***Fyrsti sunnudagur í aðventu er í nánd og tímabært að dusta rykið af aðventukransinum frá því í fyrra. Hvaða stemning liggur í aðventuloftinu í ár? Okkur lék forvitni á að vita hvaða litir og hráefni væru í tísku í hönnun aðventukransa fyrir jólin 2005 og litum í því skyni inn á vinnustofu Blómahönnunar við Engjateig, Ráðhúsblóm í Bankastræti og Blómastofuna við Eiðistorg og tókum púlsinn á nýjustu aðventukrönsunum.***

María Másdóttir og Ragnhildur Fjeldsted í Blómahönnun segja töluverða breytingu vera á útliti aðventukransa frá því í fyrra. „Í ár er mun meiri litadýrð. Gyllt- ur og svartur eru vinsælastir,“ segir Ragnhildur. Hún segir enn fremur hug vera í fólki þessi jól og mun meiri ásókn í ferska og óhefðbundna aðventukransa; bleika, svarta, fjólu- og túrkis- bláa svo eitthvað sé nefnt.

Ragnhildur segir einnig barokkáhrifa gæta í aðventu- krönsunum í ár: svartar og gyllt- ar kúlur, perlur og fjaðrir sem hlaðist hver yfir aðra. Nýstárleg og fersk nálgun sem virðist falla vel að óskum þeirra sem eru í leit að hugmyndum fyrir aðventu- skreytingar. „Þó að aðventu- andinn hjá okkur í ár sé litríkur og óhefðbundinn má ekki gleyma því að rauður og hvítur fara aldrei úr tísku,“ segir hún að lokum.

Agnes hjá Ráðhúsblómum í Bankastræti vinnur eingöngu með rautt þema í ár. „Það er búið að vera svo kalt úti og mér finnst því nauðsynlegt að nota rauða litinn í aðventukransinn í ár og fá þann- ig hlýju inn í húsin,“ segir Agnes. Aðventukransar hennar eru sér- stæðir að því leyti að í þá notar hún íslenska ullina sem hún tvinn- ar saman við grenið og leitast þan- nig við að skapa andstæður.

Blómastofan Eiðistorgi ilmar af nýlöguðu aðventutei er okkur ber að garði. Hjá Kolbrúnu sem þar ræður ríkjum sameinast í aðventukrönsunum hlýleiki rauða litarins og tærleiki hins hvíta. Hún segir auk þess svartan lit vera ríkjandi í aðventuskreyt- ingum í ár.

Svartur er augljóslega tísku- liturinn í aðventuskreytingum í ár, það dylst okkur ekki eftir að hafa tekið hús á þrem ólíkum blómavinnustofum. Þrátt fyrir þær vinsældir og löngun manna í ferska og óhefðbundna aðventu- kransa eru rauður og hvítur litur síður en svo á undanhaldi.


Ragnhildur Fjeldsted, Blómahönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Svört aðventa. Aðventukrans frá Blóma- hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Aðventukrans í hinum eiginlega lit aðvent- unnar, fjólubláum. Blómahönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Aðventukrans frá Blómastofunni Eiðistorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Aðventukrans frá Ráðhúsblómum. MYND/ANTON BRINK


Blómastofan Eiðistorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


Friðsæll aðventukrans frá Blómastofunni Eiðistorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## STELLIÐ: POMELO



*Pomelo-stellin í Habitat eru eldföst og henta vel í eldhúsið.*

Eitt af nýrri stellunum í versluninni Habitat í Askalind 1 heitir Pomelo. Það er úr steinleir og fæst í þremur litum, bleiku, gráu og beis, og að sjálfsögðu er hægt að blanda þeim litum saman á alla vegu eftir smekk. Pomelo er stílhreint og nútímalegt og því fylgja ýmsir smáhlutir, til dæmis eggjabikarar.





Søstrene Grene opnar nýja verslun í Smáralindinni föstudaginn 2. desember.

## Søstrene Grene í Smáralind

UNIRBÚNINGUR ER NÚ Í FULLUM GANGI FYRIR OPNUN VERSLUNARINNAR GÓÐKUNNU SØSTRENE GRENE Í SMÁRALIND.

Eftir rúma viku verður verslunin Søstrene Grene opnuð á fyrstu hæð Smáralindarinnar, þar sem BT var áður. Kristín Reynisdóttir, ein þeirra sem sjá um opnun verslunarinnar hér á landi, segir að undirbúningurinn gangi ágætlega en þó sé auðskiljanlega svolítið stress svona rétt fyrir opnun. „Þetta er bara íslenska aðferðin, verið að henda öllu upp á síðustu stundu," segir Kristín. Kristín segir að nokkrir Danir séu komnir til landsins til að hjálpa við uppsetningu verslunarinnar en hún er átjánda verslunin sem Søstrene Grene opnar. Búðin er sett upp eftir kúnstarinnar reglum til þess helst að halda uppi ákveðinni stemningu. Kristín segir að eins og staðan sé í dag geti fátt komið í veg fyrir að verslunin verði opnuð 2. desember. „Það má eitthvað mikið gerast, ef loftið hrynur yfir okkur kannski opnum við 3. des.," segir Kristín.

Kökudögum fer að ljúka!



Allt að helmings afsláttur af öllum kökutengdum vörum!
Antik fer aldrei úr tísku!
AMMA RUTH
Skipasund 82, 104 Reykjavík, S. 552 6255
Opið virka daga 14-18 • www.ammaruth.is

Aðventubörnin komin



höf.Lisa Larson
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322



Hundar og kettir eru aufúsugestir í svefnherberginu ef réttum aðferðum er beitt við að halda svæðinu þeirra hreinu.

# Góður svefn er heilsubót

*Nokkur ráð til að gera svefnherbergið að hollari íverustað.*

Í svefnherberginu er mjög mikilvægt að allt sé hreint og fínt. Við eyðum stórum hluta ævinnar í svefnherberginu og þar sem við sofum þar er það kjörinn staður til að koma í veg fyrir ofnæmi. Auk þess getur góður svefn aukið brennsluna, komið í veg fyrir hrukkur og svo auðvitað stuðlað að auknum afköstum og almennu heilbrigði.

Ef gæludýrin fá að sofa í svefnherberginu getur vel farið svo að þau skilji eftir sig miður góða lykt í mottunni eða rúmteppinu. Besta leiðin til að ná henni úr er að bera sódaduft á teppið eða mottuna og láta vera yfir nótt.

Ef rómantíska stundin skilur eftir sig kertavax á náttborðsdúknum eða á gólfinu við rúmið er hægt að ná því úr með því að setja smjörpappír yfir og strauja síðan blettinn.

Ekki búa um rúmið á morgnana heldur leyfðu rúminu að anda eftir nóttina. Búðu frekar um í eftirmiðdaginn svo rúmfötin verði ferskari.

Þvoðu rúmfötin, lökin, koddaver og sængurver einu sinni í viku við að minnsta kosti 60° C hita til að losna við rykmaura.

Skiptu um kodda á hálfs árs fresti.

Fáðu nýtt líf í koddana þína með því að setja þá í þurrkarann og stinga með nokkrum tennisboltum.

Leyfðu dýnunni þinni að anda einu sinni í mánuði með því að opna alla glugga, taka af henni öll lök og strá svo lyftidufti á yfirborðið til að draga í sig mögulegan raka úr dýnunni. Einnig er gott að breiða rafmagnsteppi yfir hana til að hita hana og þurrka.

Ryksugaðu dýnuna vel til að losna við rykmauraúrgang sem getur valdið ofnæmi.

Barnamyndatökur



STUDIO 101
LJÓSMYNDASTOFA
Hverfisgötu 105 · 101 Rvk · s 517 9440



DAVID
Design busk+hertzog – Verð kr. 45.000
local
Skeifan 3A, við hlið Atlantsolíu • 108 Reykjavík • Sími: 517 3600 Fax: 517 3604
mylogo@mmedia.is • www.local1.is

Skipulag á kryddin þín !



Hvert krydd á sína dós, og auðvelt að geyma kryddin á eldhúsborðinu.
Einnig má hengja hilluna upp á vegg.
Villeroy & Boch
Kringlunni


















Meðal þess sem Fríða Vala hefur dálæti á er veggteppi eftir Barböru Árnason sem hér sést á bak við hana.

# Listaverkin veita friðsæld

***Fríða Vala Ásbjörnsdóttir heimilisfræðikennari er formaður samtakanna Landsbyggðarvinir í Reykjavík og nágrenni. Svo er hún líka listvinur. Þess ber heimili hennar vott.***

„Ég nýt þess að hafa listaverk í kringum mig og virða þau fyrir mér, til dæmis í mismunandi birtu. Þau veita mér frið og innblástur,“ segir Fríða Vala og tekur fram að það eigi ekki bara við hennar eigin málverk heldur líka mörg listaverk sem hún hafi séð. Hún kveðst sækja listsýningar og söfn bæði hér heima og á ferðum sínum erlendis. „Rétt áður en ég fæddi börnin mín hafði ég óútskýranlega þörf fyrir að fara á málverkasýningar og vildi vera þá ein með málverkunum,“ segir hún og brosir fallega.

Fríða Vala er heimilisfræðikennari og segir margt bera á góma í tímum hjá unglingunum, meðal annars hvernig best sé að stilla upp húsmunum þannig að þeir hlutir sem höfði mest til fólks séu sem oftast í augsýn.

Eitt af því sem Fríða Vala vill hafa í augsýn á sínu heimili er ofið veggteppi eftir Barböru Árnason. „Þetta teppi ætlaði Barbara með á sýningu í Frakklandi en varð of sein að ljúka við það vegna barnsfæðingar,“ segir hún og bætir við. „Barbara var sönn listakona og gat gert eitthvað fallegt úr öllu sem hún snerti á. Henni var það eðlislægt. Hún tók kannski serviettu og áður en við var litið hafði hún gert serviettuna að listaverki.“

Fríða Vala er í lokin spurð útí áhuga sinn á byggðamálum. „Hjarta mitt hefur lengi slegið með landsbyggðinni enda ólst ég upp vestur í Dölum.“ segir Fríða Vala og síðan kemur dálítil saga. „Mamma mín var berklaveik og átti ekki að eignast börn en við urðum tvö systkinin. Hún átti bróður minn fyrst og var svo orðin ólétt að mér skömmu seinna. Auðvitað átti að farga þessu litla kríli en móðir mín vildi eignast mig og svo hafði ég lítið meira af henni að segja. Ég lenti vestur í Dali til vandalausra. Þar hafði húsfreyjan dáið úr berklum og allir voru berklasmitaðir á heimilinu svo það munaði ekkert um að bæta einum slíkum við. En í Dölunum tengdist ég sveitalífinu og öllu sem því fylgir.“

gun@frettabladid.is

# Skrifstofan heima

***Margir geta leyft sér að vinna heima en þá þarf að gera ráð fyrir vinnusvæði.***

Það er margt sem þarf að hyggja að áður en einu herbergi í húsinu er breytt í skrifstofu svo hún komi að sem bestum notum sem vinnusvæði. Stundum er herbergið líka notað til annars eins og til dæmis sem gestaherbergi eða leikherbergi fyrir börnin og þá þarf að vera hægt að ganga vel frá því sem verið er að vinna með.

Gott geymslupláss er nauðsynlegt eða að minnsta kosti einn stór skápur sem hægt er að læsa. Einnig er gott að athuga hvort hægt er að leiða sér símatengingu þar inn eða hvort nægilega margar rafmagnsinnstungur eru fyrir hendi og hversu aðgengilegar þær eru. Vertu hagsýn/við húsgagnakaup, fyrst og fremst þó hvað varðar geymslupláss og stað fyrir hluti eins og gatara, heftara, umslög, laus blöð, tölvubúnað og allt hitt sem þarf til að ein skrifstofa virki skikkanlega vel.



Það er nauðsynlegt að geta lokað sig af inni á almennilegu vinnusvæði ef til stendur að vinna heima.

Farðu gegnum skjölin þín árlega og hentu öllu sem þú mögulega getur til að rýma fyrir nýju. Hillur sem ná upp í loft eru afar góð hugmynd.






Þessar fallegu, nýju hundaskálar kosta tæpar þúsund krónur íslenskar og eru þeim kostum búnar að renna ekki til á gólfinu. Þær fást einnig hækkanlegar fyrir stóra hunda sem eiga erfitt með að beygja sig.

## IKEA man eftir besta vini mannsins

HUNDAR OG KETTIR ERU EKKI ÚTUNDAN Í IKEA Í SVÍÞJÓÐ.

IKEA hefur löngum státað sig af því að sinna þörfum allra heimilisbúa jafnt. Börnin eiga sérdeild í Ikea og hverri athöfn sem þarf að framkvæma á heimilinu er sómi sýndur með því að hanna eitthvað fallegt í kringum eða í tengslum við hana. Þó finnst mörgum eins og einn hluti heimilisfólks hafi orðið útundan hjá þeim IKEA-verjum en það eru blessuð gæludýrin. Bragarbót hefur nú verið gerð í þessum efnum þar sem húsdýralína er nú fáanleg í verslununum í Svíþjóð og eflaust víðar. Þar er boðið upp á borð- eða öllu heldur gólfbúnað, leikföng og frumlega svefnstaði fyrir ketti og hunda sem eru skemmtilega hönnuð og á viðráðanlegu verði. Gæludýrin hafa því haldið innreið sína í IKEA og eiga eflaust eftir að græða heilmikið á því.



## Í GARÐINUM

HAFSTEINN HAFLIÐASON SPÁIR Í POTTABLÓMIN

# JÓLASTJARNA

**Vísindaheiti:** Euphorbia pulcherrima
**Notkunarsvið:** Blómplanta á aðventunni og fram yfir áramót.
**Birtuskilyrði:** Látið plöntuna standa á eins björtum stað og hægt er.
**Hitaskilyrði:** Stofuhiti, 18-24°C. Lágmark 15°C. Varist köld gólf og dragsúg.
**Vökvun:** Haldið moldinni rakri. Notið volgt vatn - en varist ofvökvun.
**Umpottun:** Oftast fleygt eftir blómgun. Endurblómgun krefst sérstakra skilyrða.
**Áburðargjöf:** Óþörf - en sjá annars hér að neðan.

Jólastjarnan er vinsælasta pottablóm á Íslandi. Þeirri stöðu hefur hún haldið undanfarin þrjátíu ár. Samt eru ekki nema um 40-45 ár síðan fyrst var farið að rækta hana að einhverju ráði sem „jólablóm" hér á landi. Jólastjörnur er hægt að fá í mörgum litum. Enda þótt rauði liturinn sé vinsælastur standa bleikar, hvítar og þrílitar jólastjörnur vel fyrir sínu.

Jólastjarnan, Euphorbia pulcherrima, (pulcherrima þýðir „sú allra fegursta") er af ætt mjólkurjurta, Euphorbiaceae, sem útbreidd er um allt gróðurríki jarðar, að heimskautasvæðunum undanskildum.

Jólastjarnan er ekki eitruð eins og víða hefur verið haldið fram. Hins vegar er full ástæða til að umgangast hana með virðingu og forðast að fá mjólkursafa hennar á hörund og alveg sérstaklega á slímhúðir munns og augna. Það getur valdið miklum sviða og óþægindum í dálitla stund en er sjaldan alvarlegt. Komi þetta fyrir þarf að skola svæðið með hreinu vatni, gjarnan með nokkrum dropum af ediki saman við. Gosdrykkir á borð við kók eða appelsín eru líka nógu súrir til að draga úr sviðanum.

Jólastjarnan er dæmigerð fyrir þær plöntur sem blómgast ekki fyrr en nætur eru orðnar lengri en dagarnir. Eftir haustjafndægur byrja hábl öðin að taka lit og blómknúppar fara að myndast. Blómgunin nær svo, að öllu eðlilegu, hámarki þá daga sem stystir eru á árinu - einmitt á sjálfum jólunum! Eftir áramót þroska plönturnar fræ og fella lauf eftir því sem vorið nálgast.



Jólastjarnan þarf sína fjórtán tíma nótt ótruflað til að halda sínu striki. Þess vegna gerist mjög sjaldan að jólastjarnan blómgist aftur í heimahúsum. Þó getur það komið fyrir ef hún er í herbergi þar sem enginn gengur um og eru almyrk frá síðdegi og fram til morguns næsta dags.

Jólastjarnan er viðkvæm fyrir hitasveiflum og þolir ekki að standa við lægri hita en 15°C, þótt ekki sé nema í stutta stund. Það er því nauðsynlegt að afgreiðslufólk pakki hverri plöntu inn í þykkan pappír eða mörg lög af dagblaðapappír áður en plantan fer úr búðinni. Stuttur spölur, t.d. út í bílinn fyrir utan búðina, getur verið þeim skeinuhættur, einkum ef frost er úti. Tíu til tuttugu mínútna bið í köldum bíl getur líka alveg gert út af við hana.

Forðist að láta jólastjörnuna standa í kulda og trekki. Vökvið hana með volgu vatni en varist að láta vatn standa lengi á undirskálinni, áburðargjöf er óþörf. Það er hægt að láta jólastjörnuna vaxa áfram eftir jól, en af því að hún tengist jólunum eins og jólatréð finnst flestum skrítið að sjá hana á öðrum tímum árs. Sé meiningin að halda henni áfram þarf að halda moldinni rakri fram í mars. Þá er dregið úr vökvun og plönturnar látnar fella blöð og standa hérumbil þurrar í mánuð eða svo. Í lok apríl eða í byrjun maí eru svo allar greinar styttar til hálfs, plönturnar settar í stærri potta með góðri pottmold og vökvaðar vel. Gefið áburð vikulega yfir sumarið. Í september þarf að loka plönturnar af í algjöru myrkri frá klukkan fimm síðdegis til klukkan níu næsta morgun. Þetta þarf að gera daglega þar til liturinn á háblöðunum hefur náð hámarki. Heimaræktaðar jólastjörnur verða yfirleitt hærri og gisnari en plöntur sem ræktaðar eru í gróðurhúsum. Það stafar af því að garðyrkjumenn meðhöndla þær með efnum sem draga úr hæðarvexti og gera plönturnar þéttvaxnari. Það er ekki hægt að gera í heimahúsum.

GLUGG-INN
gleðst með þér!



Fákafeni 11, Rvk. s. 8611004
Opið alla daga !
Bæjarhrauni 12, Hf. s. 8614177

Desert í kvöld !



Villeroy & Boch
Kringlunni



Kolbrá Bragadóttir
síðasta sýningarhelgi
Gallerí Fold · Rauðarárstíg
Opið laugardaga kl. 11-16
Opið sunnudaga kl. 14-16
Sjáumst í Gallerii Fold
LISTMUNASALA fold
Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.
kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is



**Sund**
er góð alhliða hreyfing. Það getur verið mjög gott í kuldanum að synda nokkrar ferðir í mátulega hlýrri sundlaug og slappa svo vel af í heitum potti á eftir.

# Aukaefnalaus matur fyrir ungbörn

***Að mati margra sérfræðinga henta unnin matvæli ekki ungbörnun nema að litlu leyti. Mikilvægt er að börn fái ferskan mat sem er laus við aukaefni.***

Sífellt fjölgar í hópi fólks sem vill huga vel að heilsunni. Meðal annars er fólk stöðugt meðvitaðra um mataræði, ekki bara mataræði hinna fullorðnu heldur einnig barna og þá ekki síst ungbarna. Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands, stýrir rannsóknum á mataræði ungbarna hér á landi. ,,Mælt er með því að börn séu höfð á brjósti frá 0-6 mánaða aldri auk þess að fá D-vítamín eftir að þau hafa náð eins mánaðar aldri. Síðan ætti fjölbreytnin að aukist smátt og smátt, til dæmis mælum við með einföldum grautum. Svo má fara að auka ávexti og grænmeti og þá er einmitt hentugt að sjóða það og mauka, aðallega þó grænmetið. Oft með pínulitlu smjöri eða olíu til þess að mýkja og auka orkuinnihaldið. Seint á fyrsta ári má svo fara að koma með svolítinn fisk eða kjöt,“ segir Inga. Hún bætir við að barnamatur sem fáist í búðum sé í raun ekki óhollur en hins vegar sé óþarfi að nota mikið af tilbúnum barnavörum. Inga segir að alltaf hafi verið mælt með gufusoðnum mat handa ungbörnum. Hins vegar eru þeir ekki margir sem einfaldlega nenna að gufusjóða slíkan mat og því kjósa ýmsir tilbúnir vörur fram yfir aðrar.


Inga Þórsdóttir, prófessor í næringarfræði við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nú er komin á markaðinn ný matvinnsluvél, Babycook, sem auðveldar að gufusjóða og mauka slíkan mat. Gufusoðning hefur það umfram venjulega suðu að vítamín haldast í matnum. Tækið virkar þannig að hráefninu er komið fyrir í skál þar sem gufusuðan fer fram. Það tekur um fimmtán mínútur. Eftir það er hráefninu hellt úr skálinni í vélina og það maukað. Hægt er að setja ávexti, grænmeti, fisk og jafnvel kjöt í tækið. Það nær að mauka hráefnið mjög vel þar sem það hefur verið mýkt og gufusoðið áður.

Tækið er mjög einfalt í notkun og því má stinga í uppþvottavélina. Einnig má nota tækið til þess að afþíða mat og hita upp. Babycook fæst í Hagkaupum, Samkaupum og helstu barnavöru- og raftækjaverslunum landsins. ■


Babycook-tækið auðveldar fólki að gufusjóða og mauka barnamat. Með tækinu fylgir sérstök skeið til þess að færa hráefnið úr gufuskálinni í sjálfa maukskálina.



# Rússíbanar hættulegir hjartveikum

***Þeir sem eru veilir fyrir hjarta ættu að forðast rússíbanaferðir þar sem þær auka álagið á hjartað.***

Hjartveikir eða –veilir ættu að forðast þá skemmtun sem felst í því að bruna um í rússíbana, samkvæmt rannsókn sem kynnt var á þingi bandarískra hjartalækna á dögunum. Spennan sem fylgir rússíbanaferð getur orsakað hjartsláttartruflanir í þeim sem hafa veikt hjarta og stóraukið hættuna á hjartaáföllum.

Í þýskri rannsókn sem gerð var á 55 manns kom fram að tilfinningalegt álag virðist hafa mest að segja í þessu sambandi. Rannsóknin, sem gerð var á fólki sem ekki hafði kennt sér neins hjartameins, fór þannig fram að þátttakendur fóru í tveggja mínútna rússíbanareið og á meðan var blóðþrýstingur þeirra og hjartsláttur mældur. Hjartsláttur allra þátttakenda jókst töluvert, margir fengu hjartsláttartruflanir og einn svokallað hjartaflökt sem gekk til baka eftir að ferðinni lauk. Slíkar breytingar eru ekki hættulegar þeim sem eru með heilbrigt hjarta en geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem eru veikir fyrir. Hjartveikir ættu því að láta sér nægja þá spennu sem fylgir tombólunni í skemmtigarðinum en láta öðrum eftir að hræða úr sér líftóruna í rússíbana. ■

bailine
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

TILBOÐ – YNDISLEG HÚÐ
EF KEYPTAR ERU TVÆR VÖRUR ÚR HÚÐLÍNU LUSH FYLGIR FRÍTT FÓTAKREM MEÐ.
HUGSAÐU VEL UM HÚÐINA.



LUSH
LUSH KRINGLUNNI 8-12 S 5532002
LUSH LAUGAVEGI 11 S 5522030

LYFJA
Við mælum beinþéttni
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

allt
markvissar auglýsingar
...um bíla
á laugardögum í Fréttablaðinu.

allt hús
Alla mánudaga

**Jólasmákökur**
er ágætt að baka tímanlega svo fjölskyldan geti notið þeirra í desember. Fæstir borða mikið af smákökum yfir jólin sjálf þegar nóg er af alls kyns mat og sælgæti.





Myndadagatal. Penninn Kringlunni.



Gamaldags jólasveinn. Eymundsson Kringlunni.

# Jólin nálgast

***Nú þegar jólin eru að nálgast þarf að fara að huga að því að kaupa jóladagatöl fyrir börnin.***

Flest börn hafa gaman af því að telja dagana í desember með aðstoð jóladagatals. Það er spennandi að komast að því hvað leynist í litlu gluggunum, hvort sem það er gómsætt súkkulaði eða falleg mynd. Jóladagatöl eru nefnilega margvísleg og þó að súkkulaðidagatölin séu sennilega alltaf vinsælust kemur Jóladagatal Sjónvarpsins yfirleitt líka sterkt inn.

Í mörgum bókabúðum má einnig finna falleg myndadagatöl sem prýtt geta veggina auk þess að telja dagana. Svo getur það verið ákveðin stemning að telja dagana til jóla með því að kveikja á dagatalskerti og fylgjast með því að eldurinn logi mátulega lengi til þess að einn dagur hverfi í einu.



Dagatalskerti. Hagkaup Kringlunni.



Myndadagatal. Eymundsson Kringlunni.




Jóladagatal Sjónvarpsins. Penninn Kringlunni.



Tvöfaldur jólasveinn á rugguhesti. Penninn Kringlunni.



Betlehem myndadagatal í þrívídd. Penninn Kringlunni.



Súkkulaðidagatal. Hagkaup Kringlunni.

















"Be Wilde" Postman Bag. 17.900.- kulusukart.com S. 893 6262



Flott stígvél í stærð 38-43 Ásta skósali Súðarvogi 7 Opið þriðjud.miðvikud. og fimmtud 13-18



Arcopédico skór úr geitaskinni. Í stærðum 36-42. Ásta skósali Súðarvogi 7 Opið þriðjud.miðvikud. og fimmtud 13-18

**Innréttingar til sölu.**
Til sölu beyki eldhúsinnrétting með tækjum og vaski, 6 stk af innihurðum úr ljósum við og hvít baðinnrétting. Selst á sanngjörnuverði.
**Upplýsingar í síma 897 1279.**

**TIL SÖLU - ÝMISLEGT**
Tvö mjög vönduð túnhlið eða sumarbústaðahlið - stór frystikista - góður ísskápur - ýmsar gerðir af plötum í mismunandi þykktum og gerðum - tveir 50 lítra þvottapottar - gamlar innihurðir með smárúðum - mjög vandaður ávlinnupallur á kerru - handlangari á kerru, nær 21 metra hæð - færiband, 3 metrar á hjólum - góð kamína í sumarhús hjólsög (plötusög) mjög vönduð í góðu ástandi, öflug keðjuborvél fyrir útihurðasmíði - tvö góð eikarskrifborð með glerplötu - eitt stykki möppuskápur - afturstuðari og spilgrinda á Toyota Hi-lux - pallvikt á gólfi og hjólum - steinolíu hitablásari.
**Upplýsingar í síma 895 75 88, miðvikudag, fimmtudag og föstudag. Kristinn Sveinsson..**

Wushu/Kung Fu svartur æfingagalli til sölu. Lítið notaður. Verð 4 þús. Nýlegur bleikur Ikea barnafataskápur. Verð 8 þús. Hvítur einfaldur fataskápur. Verð 2500 kr. Uppl. í s. 868 4217.

Íssk. 140 cm m. sér frysti á 10 þ. 133 cm og 85 cm á 8 þ. Gasísskápur á 15 þ. Olíukamína á 15 þ. Barnakerra á 4 þ. Barnabílstóll á 2 þ. 4 stk. 15" BMW felgur á 6 þ. 20" sjónvarp á 3 þ. S. 896 8568.

## Gefins

Óska eftir ísskáp gefins, má vera bilaður. Uppl. í s. 896 8568.

## Óskast keypt

Leita að Machintosh Style-Writer prentara. Sími 554 0939.

## Heimilistæki



**LauraStar.**
Gufustraujárn með gufuþrýstingi. Tækni atvinnumannsins fyrir heimili. Alver ehf. S: 511 4100.

## Hljóðfæri

SWR bassamagnari til sölu, mjög öflugur, þarf að seljast strax og er því á mjög góðu verði aðeins 50 þús. kr. og bassi fylgir með. Uppl. í s. 692 5374.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir.**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

**Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.**
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

## Vélar og verkfæri



**Járnaklippur.**
Vandaðar Japanskar járnaklippur, einfasa eða rafhlöðuvél. Taka upp í 16 mm. Léttar og öflugar. Rafbjörg ehf. Vatnagörðum 14. Sími 581 4470.



Handfræsitennur og sagarblöð. Mikið úrval - gott verð. Ásborg slf Smiðjuvegi 11 Kópavogur Sími 564 1212.

Til sölu er Þriggja mótora sambyggð trésmíðavél. Nánari upplýsingar í síma 899 4846.

## Til bygginga

**Steinull.**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

**vidur.is**
Harðviður til húsagerðar. Vatnsklæðning frá kr. 350 lm. Pallaefni frá kr. 270 lm. Panill frá kr. 187 lm. Ofl.ofl. sjá vidur.is/hardvidur.is Magnús sími 561 1122 / 660 0230 Fluggörðum 26 Rvík.

**Trésmíðavél.**
Sambyggð lítil einfasa trésmíðavél til sölu. Er nýleg. Uppl. í s. 868 1313.

## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Vönduð ljósatré (úti) í úrvali. Jólamarkaðurinn Lynghálsi 4 (sama hús og Europrice). Opið laugardag og sunnudag 11:00-16:00.

## Heildsala

**Bókabúð Grímsbæ**
25% afsláttur af öllum leikföngum í nóvember.




## Barnagæsla

Við erum tveir 3 og 5 ára bræður í Eskihlíðinni. Okkur vantar duglega og góða stelpu til að passa okkur 2-3 kvöld í viku frá kl. 18-23. Uppl. í síma 699 7353.

## Jólaskemmtanir

Tökum að okkur lifandi tónlistarflutning á jólaböllum. Upplýsingar í síma 694 8734.

## Hreingerningar

**Þrifvirkni Hreingerningar þjónusta. Hraunbæ 80. Sími 869 3868 & 861 6512.**
Leitið tilboða ykkur að kostnaðarlausu : Ræstingar í fyrirtækjum - Daglegar ræstingar - Ræsting sameigna - Teppahreinsun - Veggja og loftþrif - Gluggaþvottur - sorpgeymsluþjónusta - Húsvarðaþjónusta - Iðnarþrif - flutningsþrif - Brunaþrif - þrif eftir vatnstjón - Bónun og viðhald gólfefna - Heimilisþrif.
**Allar nánari Uppl. í s. 869 3868 & 861 6512 eða senda fyrirspurnir á trifvirkni@hive.is**

## Ræstingar




**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur,teppahreinsun,bónvinna, o,fl Húsfélagaþjónustan ehf s: 863-8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Dýrahald



**Fiskabúr.is**
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**

**Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.**
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Eins árs gömul tík fæst gefins blönduð Boarder Collie. Vel hlýðin og góð, mjög barngóð. Uppl. í s. 848 4360 & 820 2448.

Til sölu 7 vikna svartur Labrador hvolpur (tík). Uppl. í s. 866 3210.

Siberian husky 5 mánaða tík, Main coon 8 mánaða læða til sölu, tveir geldir 3 ára fress gefins. Öll dýrin á gott heimili. Uppl. í síma 697 5594.

Vegna sérstakra ástæðna er svartur labrador blendingur, 9 vikna til sölu á 50 þús. Uppl. í s. 663 2581.

Tveir 10 vikna íslenskir blendings hvolpar til sölu fyrir 5 þús. hvor. Uppl. í s. 695 7147.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

**Gisting á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg íbúð eða allt húsið til sölu eða leigu. Tvær 170m2 íbúðir til leigu, önnur með húsgögnum. Einnig er hægt að kaupa fasteignina samtals 440m2 og þá fylgir til viðbótar 80m2 íbúð eða vinnustofa. Mjög skemmtilega staðsett umkringt útivistarsvæðum neðst í Breiðholti, nálægt Mjódd, skólar, kirkjur, íþróttamiðstöð og verslanir í göngufjarlægð. Nánari upplýsingar á netinu: www.pulsinn.com/hus

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúð í Hafnarfirði, laus strax!**
Til leigu 4ra herb. 111 fm. íbúð í Hafnarfirði (norðurbæ). Eingöngu reglusamt fjölskyldufólk kemur til greina. Áhugasamir sendi nafn, símanúmer, atvinnu, greiðslugetu og fjölskyldustærð á netfangið jonajona@mi.is og við höfum samband.

Björt og rúmgóð 3 herb. kjallaraíbúð til leigu á besta stað í Vesturbænum. 75 þús. á mánuði. Uppl. arnil@simnet.is

4ra herb. íbúð í Hvassaleiti til leigu. Leiga 115 þús. á mán. Langtímaleiga. S. 896 6077 e. kl. 12.

15 fm herbergi á svæði 109. Í herberginu er ný eldhúsinnrétting með helluborði, vask, ísskáp og örbylgjuofni. Rúm, sjónvarp og DVD spilari geta fylgt. Aðgangur að salerni með sturtu. Leiga 30.000 tveir mánuðir f.f. Uppl. í síma 561 9892 eftir 17:00.

Rúmg. björt 55 fm 2ja h.jh./kj.íb.á Teigunum. Sér inng. Allt sér. Langt.leiga. Aðeins 100% fólk. Meðmæli, bankatrygg. Vörslufé v/úttektar íbúðar. Laus 75 þús. á mán. Sími 690 4923 kl. 10-18.

108 - laus strax, 22 fm, 2ja herb., sérinng., internet, aðeins reyklaus einstakl. Uppl. í s. 824 5266.

Herbergi við Lokastíg 101 Reykjavík, 15 fm með húsgögnum, sameiginlegt baðherbergi. Laust, 35 þús. á mán., rafmagn og hiti innifalið. Uppl. í s. 847 2154 milli kl. 10-17.

## Húsnæði óskast

Reglusöm fjölsk. bráðvantar 4ra-6 herb. Einb., rað-parh. eða sérh. á sv. 104, 105, 108 Rvk. fyrir 1 feb. '06. Skilyrði að eignin sé snyrtileg! Tryggar greiðslur, fyrirframgr, meðmæli ef óskað er. Uppl. í s. 896 6606 & 659 2969.

Óska eftir 3 herb. íbúð miðsvæðis. Reglusemi, skilvísar greiðslur og fyrirframgreiðsla ef óskað er. S. 843 0644.

Ungan mann vantar einstakl./2-3 herb. íbúð á höfuðborgarsv. fyrir 1. des. Reyki. Meðmæli og fyrirframgr. S. 659 4128.

Stórglæsileg 2ja herb. íbúð til leigu. Íbúðin er öll nýuppgerð með húsgögnum, LCD sjónvarpi m. myndlykli og borðbúnaði. Nánari uppl. í s. 861 5152.

Einstæður faðir óskar eftir lítilli íbúð. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 840 4057.

Reglusamur, skilvís, meðmæli. Óska eftir einstaklings eða 2ja herb. íbúð í Reykjavík. Uppl. í s. 616 6200.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu góðar skrifstofur á Tangarhöfða 6, 2. hæð. Skrifstofur er parketlagðar með snyrtilegri aðkomu. Eldhús og 2.WC á hæð. Uppl. veitir Stefán 824 1450.

Skrifstofuherbergi til leigu. Uppl. í s. 899 5309 & 587 8790.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

**Orlofs íbúð**
Til leigu minnst 2 sólarhringar í Orlofsíbúð á besta stað í Kópavogi. Uppl. s. 869 3375 & 869 9964.

# TIL SÖLU




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahúsavinna**
Vegna anna viljum við bæta við okku í eftirtalin störf. Pizzabakari fulltstarf. Afgreiðsla í sal fullt starf. Afgreiðsla í sal hlutastarf um helgar. Dyravarsla helgarvinna.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

kynning ...sjáumst!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 869 1641. Einnig má senda umsóknir á thoranna@kynning.is eða á kynning@kynning.is

REGNBOGINN
– leikskóli –

**Leikskólakennari eða leiðbeinandi**
Glaður og gefandi með trausta reynslu af ungum börnum óskast til starfa frá og með næstu áramótum. Regnboginn er 3 deilda skóli staðsettur á Ártúnsholti. Áhersla er á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggiostefnunnar. Einkunnarorð skólans eru Börn eru merkileg fólk. **Skilastaða.** Jafnframt óskast traustur einstaklingur í skilastöðu seinnipart dags c. 25-30 % staða. **Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð í síma 557 7071 og 899 2056. Netfang: regnbogi@regnbogi.is Lovísa Hallgrímsdóttir leikskólastjóri**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í afgreiðslu sem fyrst. S. 555 0480. 896 9808.

**NASA - NASA**
Okkur vantar barþjóna, skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Uppl. á Nasa við Austurvöll og í síma 511 1313. **Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**



**SMIÐIR**

**Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir trésmiðum í uppsteypu og frágang á skrifstofu og þjónustuhúsnæði að Bíldshöfða 9. Góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag.**

Nánari upplýsingar veitir Guðjón í síma 562-2991

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

pósthúsið

Pósthúsið ehf
Suðurhrauni 12a
210 Garðabæ
sími 585 8300
fax 585 8309
posthusid@posthusid.is

**Póst- og blaðberar óskast**
Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

**Reykjavík:**

101-22 Hávallagata, Túngata
101-24 Ránargata
101-37 Hólavallagata, Suðurgata, Túngata
101-38 Sólvallagata
101-39 Bjarkargata, Hringbraut, Suðurgata, Tjarnargata
101-44 Bræðraborgarstígur, Drafnarstígur
101-45 Blómvallagata, Brávallagata, Hofsvallagata, Hringbraut, Ásvallagata
101-46 Baldursgata
101-49 Aðalstræti, Lækjargata, Pósthússtræti, Tryggvagata
101-56 Brekkustígur, Holtsgata, Sólvallagata, Vesturvallagata
101-58 Garðastræti
104-03 Laugarásvegur, Sunnuvegur
104-07 Langholtsvegur
104-12 Skipasund
104-14 Hlunnavogur, Njörvasund, Sigluvogur
104-24 Skipasund, Sæviðarsund
104-34 Dragavegur, Kleppsvegur, Norðurbrún
105-01 Auðarstræti, Bollagata, Gunnarsbraut, Guðrúnargata, Miklabraut, Snorrabraut
105-02 Flókagata, Hrefnugata, Kjartansgata
105-03 Grettisgata, Karlagata, Njálsgata, Skarphéðinsgata, Þverholt
105-06 Hjálmholt, Skipholt, Vatnsholt
105-07 Flókagata
105-12 Langahlíð, Skaftahlíð
105-13 Reynihlíð, Suðurhlíð, Víðihlíð
105-19 Drápuhlíð, Mávahlíð
105-21 Engihlíð, Miklabraut, Mjóahlíð
105-22 Drápuhlíð
105-37 Bólstaðarhlíð, Langahlíð, Úthlíð
105-40 Hamrahlíð, Stigahlíð
105-41 Grænahlíð, Stigahlíð
105-42 Barmahlíð, Mávahlíð, Reykjahlíð
105-43 Engjateigur, Sigtún
105-47 Flókagata, Skeggjagata
105-48 Bólstaðarhlíð
107-01 Hringbraut
107-02 Reynimelur
107-03 Hagamelur
107-04 Einimelur, Hofsvallagata, Melhagi
107-06 Grenimelur
107-07 Birkimelur, Reynimelur, Víðimelur
107-11 Fornhagi, Hjarðarhagi
107-13 Ægisíða
107-14 Faxaskjól, Sörlaskjól
107-17 Kaplaskjólsvegur, Nesvegur
107-20 Boðagrandi, Fjörugrandi, Keilugrandi
107-23 Kaplaskjólsvegur, Reynimelur
107-24 Framnesvegur, Lágholtsvegur
107-25 Flyðrugrandi, Meistaravellir
107-28 Nesvegur, Sörlaskjól
108-18 Borgargerði, Rauðagerði
108-19 Sogavegur
108-21 Básendi, Garðsendi, Tunguvegur, Ásendi
108-22 Austurgerði, Byggðarendi, Litlagerði, Skógargerði, Tunguvegur
108-26 Bústaðavegur, Hólmgarður

**Kópavogur:**

200-02 Kópavogsbraut
200-07 Kópavogsbraut, Þinghólsbraut
200-08 Kársnesbraut
200-09 Skólagerði
200-10 Holtagerði
200-16 Langabrekka, Lyngbrekka
200-17 Hjallabrekka, Nýbýlavegur
200-19 Fagrabrekka, Álfabrekka
200-48 Kársnesbraut, Litlavör
200-49 Kjarrhólmi
200-57 Bakkabraut, Hafnarbraut, Vesturvör
200-59 Melaheiði, Tunguheiði, Álfhólsvegur
201-08 Laugalind, Laxalind, Mánalind, Múlalind
203-02 Breiðahvarf, Fannahvarf, Fellahvarf

**NASA - Ræstingar**
Okkur vantar fólk í ræstingar. Mikil vinna.
**Upplýsingar á staðnum Nasa við Austurvöll og í síma 511 1313.**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtalin störf: Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Eiðistorg**
EF þig langar til að breyta til og vinna með okkur í Hagkaupum þá er spurning um að hringja í Hermann, verslunarstjóra í síma 561 2000 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Ýmis störf í boði, vinnutími kl 8-17, auk annar hver laugardagur. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Yfirmaður grænmetistorgs**
Okkur vantar öflugan einstakling til að sjá um grænmetistorgið hjá okkur í Hagkaup Skeifunni. Um er að ræða mjög fljölbreytt starf með lifandi vöru. Starfið fellst í framsetningu, sölu og þjónustu, auk stjórnunar. Hentar vel metnaðargjörnum aðilum sem sækjast eftir stjórnunarstörfum í framtíðinni. Vinnutíminn er kl 8-17, auk annar hver laugardagur. Ef þig langar í fjölbreytt og skemmtilegt starf þá er spurning um að hringja í Jón, verslunarstjóra í síma 563 5000 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

SNÆLAND VIDEO

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir vaktstjórum, í fullt starf og aukafólki í kvöld og helgarstarf, áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is

**Bakaríið Austurver**
Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríið í Austurveri, Háaleitisbraut 68.
**Uppl. gefur María í s. 845 0572, og á staðnum.**

MAX1 BÍLAVAKTIN

Laghenta einstaklinga vantar til starfa á hraðþjónustu Max1, Bíldshöfða Reykjavík. Áhugasamir leiti upplýsinga fyrir 29. nóvember í síma 515 7093 milli kl. 16-17 virka daga.

rex

Óskum eftir vönum dyravörðum. 20 ára og eldri. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Umsóknir sendist á rex@rex.is með öllum helstu upplýsingum.

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun ofl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Sölubörn óskast til að selja jólakort f. Félagsst. Þroskaheftra. Góð sölulaun. S. 661 7768.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Vinnutími er frá kl. 7.30-13 og 13-18.30. Áhugasamir hafi samban við Sigríði í síma 699 5423.

Skólafólk. Heildsala óskar eftir fólki í vinnu í jólafríinu og einnig í aukavinnu eftir jólin. Umsóknir sendist til Fréttablaðsins á smaar@smaar.is á e-mail merkt "vinna 12"eða í síma 530 3500.

Rizzo Pizzeria óskar eftir starfsfólki , fullt af vinnu skemmtilegur starfsandi. Nánari uppl. Hraunbæ 121

Örlagalínan óskar eftir miðlum og tarotlesurum á línuna. Einungis fólk með reynslu kemur til greina. Sendið póst á bjork@avk eða hringið í síma 863 8055.

Bráðvantar duglega manneskju í heimilisstörf. Þrif og þvottur - góð laun í boði. S. 899 7739.

**Café Oliver**
Óskum eftir áhugasömu og vönu starfsfólki við matreiðslu í eldhúsið okkar. Uppl. gefur Eggert í síma 898 1960 eða á eggert@cafeoliver.is

Hellulagnir. Óskum eftir mönnum vönum hellulögnum, vantar einnig verkamenn. Eðalverk s. 661 2288.

Óska eftir meiraprófsbílstjóra. Uppl. í s. 695 2399 & 695 0556.

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn og kvöldin 50-100% vinna. Uppl. s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is

Stýrimann vanta á línubát sem rær með beitningavél. Upplýsingar í síma 852 2389 og 892 1757.

**Verslunarstörf.**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf í tískuvöruverslun í kringlunni. 18 ára og eldri. Umsækjendur sendið tölvupóst á sjsk@simnet.is

Bakaríið Hraunbergi 4 óskar eftir að ráða starfskraft í ræstingar. Vinnutími ca 3 tímar á bilinu 13-18. Nánari uppl. í s. 897 8101 & 863 8009.

**Bónusvideó**
Óskar eftir starfsfólki. Aldur 18 ára + í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 868 4477 & 862 5460.

Just-Eat.is vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Uppl. í síma 820 6992.

Háseta vantar á 270 tonna netabát sem fer til grálúðveiða. Uppl. hjá skipstjóra í s. 898 4499.

**Smiðir eða vanir menn**
óskast í byggingarvinnu. Góð laun í boði fyrir góða menn, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 696 4772.

**Dishwascher**
Apótek, bar grill wants to hire a dishwasher. If you are interested call 824 2151.

**Matreiðslunemi**
Apótek bar grill óskar eftir að taka nema á samning. Uppl. á staðnum eða í s. 824 2151.

**Foldaskálinn**
Foldaskálinn, sem er söluturn í Grafarvogi, vantar áhugasamt starfsfólk í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.

## Atvinna óskast

Meiraprófsbílstjóri með rútu og vörubílstjórapróf óskar eftir vinnu. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 861 7845.

39 ára karlmaður í Rvk. óskar eftir vinnu, allt kemur til greina get byrjað strax. Uppl. í s. 696 0048.

Smiðir frá Lettlandi óska eftir verkefnum á Íslandi. S. 845 7158.

## TILKYNNINGAR

## Fundir

SÍBS-Deildin Vífilsstöðum. Haustfundurinn er í dag, fimmtudag kl. 20. Í samkomusal Múlalundar, Hátúni 10c (söludeild) Takið með ykkur gesti. Stjórnin.

## Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐID
2 Diska DVD kr 3.990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Ég er frá Riga og er 57 ára, ég er kristin kona. Skrifaðu til mín á ensku. brigita.mikelsone@inbox.lv.

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is

## Asparhvarf - Vatnsenda



Frum

Mjög skemmtilegt 236,7 fm einbýli (þar af 27,6 fm bílskúr) á tveimur hæðum á barnvænum og rólegum stað innst í botnlanga við Asparhvarf. Glæsilegt ÚTSÝNI yfir Elliðavatn og í átt að Bláfjöllum. Húsið er teiknað af Vektorhönnun og ráðgjöf. Húsið er Steniklætt að utan. Teikningar og lyklar á skrifstofu DP FASTEIGNA, sími 561 7765.

**Verð m.v. ýmis byggingarstig - mjög gott verð.**
***Fullbúið að utan en rúmlega fokhelt að innan: kr. 34.900.000.-***
***Fullbúið að utan en tilbúið til innréttinga að innan: kr. 42.000.000.-***
***Fullbúið að utan sem innan en án gólfefna: kr. 45.500.000.-***

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## Álfhólsvegur - Kóp. sérh.



Frum

Nýkomin í einkasölu sérlega falleg 100 fm 4ra herb. íbúð á jarðhæð í góðu þríbýli. Hús í góðu standi. fallegar innréttingar, parket á gólfum, þvottaherbergi í íbúð, allt sér. Falleg eign, mjög vel staðsett. **Verð 20.7 millj.**

## Sléttahraun - Hf.



Sérlega falleg íbúð á þessu góða stað í Hafnarfirði. Íbúðin er 99,1 fm með geymslu, Íbúðin er á efstu hæð. Skipting eignarinnar: 2 svefnherbergi, stofa, hol, baðherbergi, eldhús með borðkrók, búr, þvottahús, geymsla. Þetta er góð eign sem er vert er að skoða. **Verð 17,8 millj. Íbúðin er laus strax.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**


# Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

**Virka daga kl. 8–18.**

**Helgar kl. 11–16.**

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

Fiton/SÍA FI014416



allt bílar
Alla laugardaga

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Vinnutími frá kl. 9-17 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515 6175 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: olafia.b.rafnsdottir@365.is

# Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## POPPTV, EINA TÓNLISTARSJÓNVARPSSTÖÐ LANDSINS, LEITAR AÐ ÖFLUGUM AUGLÝSINGASÖLUMANNI.

Á PoppTV er boðið upp á skemmtilega tónlistarþætti, þema-klukkutíma, beinar útsendingar og tónlistartengt efni fyrir ungt fólk. Fjölbreytnin vex með degi hverjum. PoppTV starfar náið með öðrum miðlum Sirkus-heimsins, þ.m.t. útvarpsstöðvunum FM 957 og X-inu 977. Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í þeirri kröftugu uppbyggingu sem framundan er.

Ef þú ert á aldrinum 22-30 ára, langar til að vinna á skemmtilegri söludeild í frábærum félagsskap, sendu okkur þá umsókn með upplýsingum um aldur, reynslu og fyrri störf á netfangið popptvsolumadur@365.is eða á Lyngháls 5, 110 Reykjavík merkt "Sirkus - sölumaður á PoppTV" fyrir 28. nóvember.

PoppTV er hluti af Sirkus fjölskyldunni.

POPP TV

SIRKUS

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

# Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## VISSIR ÞÚ

... að yfirborð Venusar verður heitara en yfirborð nokkurar annarrar plánetu sólkerfisins en meðalhiti þess er 480° á Celsíus?

... að ef þú stigir fæti á Venus myndir þú kremjast í einu vetfangi vegna loftþrýstings, brenna upp til agna af völdum hita, étast upp af brennisteinsmóðunni og kafna sökum koltvísýrings? Ekki mjög freistandi sumarleyfisstaður.

... að einn dagur á Venus samsvarar 243,16 jarðardögum?

... að Sovétmaðurinn Alexei Arkhipovitsj var fyrstur manna til að fara út úr geimfari á flugi og sveima stutta stund í kringum það hinn 18. mars árið 1965?

... að fyrsta konan í geimnum var Valentina Vladimirovna Teresjkova frá Sovétríkjunum? Hún flaug 48 hringi í kringum jörðina.

... að Saljut 3 geimstöðin er eina geimstöðin sem búin hefur verið vopnum? Geimstöðin var sovésk og útbúin vélafallbyssu.

... að flestir geimfarar sem hafa verið í geimnum á sama tíma voru þrettán talsins hinn 14. mars árið 1995? Sjö bandarískir geimfarar voru um borð í geimferjunni STS-67, þrír geimfarar um borð í geimstöðinni Mír og einn bandarískur og tveir rússneskir geimfarar um borð í Sojuz TM21 geimfarinu.

... að Silvio Berlusconi er talinn eiga auðæfi sem tímaritið Forbes mat árið 2004 á 625 milljarða?

... að á hverri sekúndu ljósta um 100 eldingar jörðina?

... að lengd þessara eldinga er að jafnaði um níu kílómetrar?

... að árið 1956 mældi jarðfræðingurinn Myron Ligda lárétta eldingablossa sem spannaði 149 kílómetra innan skýja?

... að Roy C. Sullivan er eini maðurinn í heiminum sem hefur lifað af að vera lostinn eldingu sjö sinnum?

... að 92 manns týndu lífi í hagléli í Bangladess árið 1986? Þyngstu haglélin voru sögð vera um eitt kíló á þyngd.

... að mesta manntjón sem hefur orðið í hagléli varð á Indlandi árið 1888 þar sem 246 létu lífið?

allt
hús
Alla mánudaga

## KAUPVENJUR

### *Ekkert nema skyndiákvarðanir*

Theódór Elmar Bjarnason, leikmaður unglinga- og varaliðs Celtic, staldrar ekki lengi við í búðum. Hann kaupir mest af fötum, skóm og DVD-myndum og kveðst vera bíómyndanörd.

**Hver er uppáhaldsbúðin þín?**
Uppáhaldsbúðin mín heitir Urban Outfitters sem er fatabúð.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?**
Mér finnst skemmtilegast að kaupa mér föt og skó, ég kaupi mér reyndar frekar mikið af DVD-myndum líka þar sem ég er algjör bíómyndanörd.

**Verslar þú í útlöndum?**
Ég bý náttúrlega í Glasgow og versla mest hérna úti.

**Einhverjar venjur við innkaup?**
Ég held að ég sé ekki með neinar venjur þegar ég fer í búðir. Bara finn það sem mér finnst flott og kaupi það.

**Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?**
Já, þetta eru ekkert nema skyndiákvarðanir. Ég fer aldrei í búðir til að máta föt eða skó, ég fer bara í búðir þegar ég ætla að kaupa mér eitthvað.






## AF NETINU

### Samskiptin við Bandaríkin

Ég er ekki andvígur góðum samskiptum við Þjóðverja nema síður sé en að láta eins og þau geti á einhvern hátt komið í stað samstarfs við Bandaríkin í varnarmálum er fráleitt. Hvernig er unnt að rökstyðja það, að fjarlægð okkar og Bandaríkjamanna sé að aukast? Fjarlægðin hefur aldrei verið minni, hvað sem líður varnarsamstarfinu. Bandarísk fjárfesting hefur aldrei verið meiri hér eða umsvif í efnahagslífinu auk þess sem bandarískum ferðamönnum hefur fjölgað, svo að ekki sé minnst á bandarísk menningaráhrif - Morgunblaðsmenn þurfa ekki annað en lesa kvikmyndaauglýsingar, sjónvarpsdagskrá, kvikmyndaumsagnir og slúðurdálka eigin blaðs til að sjá, að þetta með aukna fjarlægð er fásinna. Bandaríkjamenn vilja halda áfram varnarsamstarfinu við okkur. Sú vitleysa var gerð fyrir um það bil tíu árum að setja tímamörk í fyrirkomulagsbókanir um umsvifin á Keflavíkurflugvelli í stað þess að halda samstarfinu áfram á sama hátt og áður, að taka sameiginlega mið af breyttum aðstæðum í öryggismálum og laga sig að þeim - við höfum oft staðið frammi fyrir því áður að þurfa að rökræða við Bandaríkjamenn um varnarmál og skipan mála á Keflavíkurflugvelli.

**Björn Bjarnason á bjorn.is**

### Skyndibrullaup

Það er merkileg gifting þegar sonur Ólafs Jóhanns Sigurðssonar rithöfundar og sonur Björgólfs Guðmundssonar ganga í eina sæng innan Morgunblaðsins. Blaðið var áratugum saman sverð, skjöldur og brynja gamla ættarveldisins. Um leið var það holdgervingur alls þess sem öll barátta gömlu þjóðlegu sósíalistanna beindist gegn á tímum kalda stríðsins. Þetta skyndibrullaup er fróðlegt að brjóta til mergjar í ljósi liðinnar sögu og frá öðru horni en þeir beita vinir mínir á Viðskiptablaðinu. Ég var aðdáandi Ólafs Jóhanns Sigurðssonar og las bækur hans. Ég meira að segja skrifaði um hann skáldlegan texta í einu bókinni sem ég hef skrifað - ennþá. Ég skynjaði ungur maður gagnkvæman kulda hans og a.m.k. eins ritstjóra Morgunblaðsins. Ólafur Jóhann var langt til vinstri. Hann var þjóðlegur sósíalisti, sem á tímum kalda stríðsins fyrirleit ameríkaníseringuna sem honum fannst flæða í gegnum samfélagið. Hafi hann ekki fyrirlitið skrif Morgunblaðsins var honum í nöp við það sem mörgum köldum stríðsmanni fannst hægri sinnað ofstæki.

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**

### Verum góð við róna

Undanfarið hefur Kastljósið gert vel með því að varpa sínu skæra ljósi á vanda heimilislausra drykkjumanna sem ráfa í kuldanum um borgina í ömurlegri vosbúð. Við eigum að taka höndum saman og gera líf þessara ógæfusömu meðborgara okkar eilítið bærilegra. Við eigum að koma upp aðstöðu þar sem rónar geta drukkið í friði og hallað sér í þurru fleti í stað þess að liggja fyrir hvers manns fótum á Austurvelli. Svo eigum við að gefa þeim góðan og næringarríkan heimilismat að borða. Þetta er ekki svo stór hópur að það taki því einu sinni að nefna kostnaðinn. Líklega halda einhverjir því enn fram að það eigi frekar að fæla fólk frá rónalífi með harðneskjulegu umhverfi. Ég sé ekki að slík rök haldi vatni, það ákveður enginn að verða drykkjuþræll og róni þótt hann fái fría kjötsúpu af og til.

**Eiríkur Bergmann Einarsson á eirikurbergmann.hexia.net**

### Ólíkt hafast þeir að

Ólíkt hafast þeir að, borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík og bæjarstjórnarmeirihlutinn á Seltjarnarnesi. Í Reykjavík hefur meirihluti Samfylkingar, Vinstri grænna og Framsóknarflokks hækkað útsvar úr lágmarki upp í hámark, 13,03%, á nokkrum árum. Á Seltjarnarnesi sýnir meirihlutinn, undir forystu Jónmundar Guðmarssonar bæjarstjóra, að hægt er að lækka skatta og að óþarfi er að vera með allt í hámarki. Þar hefur útsvarið hingað til verið með því lægsta sem gerist á höfuðborgarsvæðinu, og eftir ákvörðun meirihlutans um lækkun útsvars, sem tilkynnt var um í gær, verður Seltjarnarnes með lægsta útsvarið á svæðinu. Hlutfallið lækkar úr 12,46% í 12,35% á næsta ári. Næstur kemur Garðabær með 12,46%, þá Mosfellsbær með 12,94%, en Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður leggja hæsta leyfilegt útsvar á íbúa sína, 13,03%.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-gráblàu

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is





## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.064 +1,09%** **Fjöldi viðskipta:** 484 **Velta:**9.652milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Dagsbrún** | **+4,98%** |
| **Tryggingamiðstöðin** | **+3,47** |
| **Flaga Group** | **+3,33%** |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Iclandic Group** | **-1,64%** |
| **SÍF** | **-0,73%** |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ACTAVIS 46,90 +1,30%** ... Bakkavör 47,20 +0,60% ... FL Group 15,80 +1,30% ... Flaga 5,58 +3,30% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 16,60 +0,60% ... Jarðboranir 23,50 +2,20% ... KB banki 647,00 +1,30% ... Kögun 55,00 +0,00% ... Landsbankinn 24,00 +0,80% ... Marel 64,70 +1,70% ... SÍF 4,11 -0,70% ... Straumur-Burðarás 15,80 +2,60% ... Össur 109,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*

### Setningafræðilegt flækjustig

Gagnsæ stjórnsýsla og skýr framsetning skiptir máli fyrir almenning í landinu. Nú hefur Íbúðalánasjóður hækkað vexti og býður upp á að lántakendur afsali sér kostnaðarlausum uppgreiðslum gegn lægri lánum. Þessa gullvægu setningu um uppgreiðsluálag er að finna í reglugerð um sjóðinn: „Þóknun vegna uppgreiðslu lána og aukaafborgana reiknast af mismun á vaxtastigi láns sem greitt er og markaðsvaxta sambærilegra nýrra lána hjá Íbúðalánasjóði ef þeir eru lægri, miðað við uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins, núvirt frá uppgreiðsludegi til lokagjalddaga eða miðað við innborgaða fjárhæð ef um aukaafborgun er að ræða.“ Þannig hljóðar hið heilaga orð. Einhver sem skildi?



### Gaman hjá Gates

Það ætti að ríkja sæmileg gleði í herbúðum Microsoft, en hin nýja Xbox-leikjatölva fyrirtækisins hefur slegið í gegn. Alla sem setja nýja vöru á markað dreymir um að varan slái í gegn og Microsoft-menn fengu þann draum uppfylltan. Það eina sem kann að skyggja á árangurinn er að allt stefnir í að tölvan verði uppseld og að ekki verði haft undan við framleiðslu. Það þýðir að hugsanlega hefði verið hægt að selja miklu meira ef menn hefðu náð að framleiða meira. Þessi staðreynd veldur væntanlega engum andvökum hjá Bill Gates sem enn sýnir markaðskraftinn sem býr í fyrirtækinu.

## MARKAÐSPUNKTAR

Íslandsbanki spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,1% milli nóvember og desember og að verðbólgan fari úr 4,2% niður í 3,8%.

Alls bárust tilboð að nafnvirði 14,1 milljarða króna í útboði Íbúðalánasjóðs. Ákveðið var að taka tilboðum í íbúðabréf HFF150644 að nafnvirði 3,5 milljarða króna. Vegin heildarávöxtunarkrafa tekinna tilboða án þóknunar er 4,11% og 4,11%, með þóknun.

Í gær voru birtar á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins niðurstöður úr úttekt á hagskýrslugerð og birtingu tölfræðilegra gagna sem sérfræðingar sjóðsins gerðu á Íslandi í febrúar 2005.



**VERSLANAKEÐJAN GOLDSMITHS** Verslanakeðjurnar MW Group Limited og Goldsmiths verða sameinaðar.

# Baugur bætir við sig gullkeðju

Fjárfestar undir forystu Baugs Group hafa keypt skartgripaverslanakeðjuna MW Group Limited fyrir 2,2 milljarða króna. Baugur keypti í fyrra verslanakeðjuna Goldsmiths og er tilgangurinn með kaupunum að sameina fyrirtækin. Við það verður til ein stærsta skartgripaverslanakeðja Bretlands.

Samtals reka Goldsmiths og MW Group á þriðja hundrað verslana og heildarársvelta fyrirtækjanna verður um 29 milljarðar króna. Í fréttatilkynningu er haft eftir Gunnari Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Baugs Group í Bretlandi, að kaupin séu mikilvægt tækifæri til þess að styrkja stöðu Goldsmiths á markaði með vönduðum skartgripum og úrum.

Með kaupunum á Mappin & Webb sé fyrirtækið styrkt til aukins vaxtar.






# Vextir íbúðalána KB banka óbreyttir

### Forstjóri Íbúðalánasjóðs spáir vaxtalækkun í desember.

„Við höfum ekki tekið neina ákvörðun um að hækka vexti íbúðalána,“ segir Jónas Sigurgeirsson fjárfestatengill KB banka. Munu því íbúðalánsvextir bankans verða áfram 4,15 prósent.

Sparisjóðirnir og Íslandsbanki fylgdu í gær í kjölfar Íbúðalánasjóðs og hækkuðu vexti íbúðalána í 4,35 prósent úr 4,15. Hjá Landsbankanum eru vextirnir 4,45 prósent. Kjósi lántakandi að greiða lánið upp á lánstímanum þarf hann að greiða sérstakt uppgreiðslugjald.

Miðað við tíu milljóna króna íbúðalán þarf að borga tæplega 21 þúsund krónum meira í afborgunir á ári ef tekið er lán á 4,35 prósenta vöxtum í stað 4,15 prósenta. Sérfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við í gær segja þetta tiltölulega litla hækkun á greiðslubyrði. Þó muni hægjast á verðhækkunum íbúða í kjölfarið. Skýr merki um það hafi komið fram síðustu þrjá mánuði. Á þeim tíma hafi fasteignaverð hækkað um 1,1 prósent sem jafngildir 4,5 prósentum á tólf mánuðum.

Líklegt þykir að væntingar um verðbólgu minnki við þessa breytingu íbúðalánavaxta. Það léttir á þrýstingi af Seðlabankanum að hækka stýrivexti mikið á næsta vaxtaákvörðunardegi, sem er 2. desember næstkomandi. Einnig spá erlendir aðilar að Seðlabanki Evrópu hækki sína vexti um 0,25 prósent 1. desember. Það muni hafa áhrif á íslensk fyrirtæki. Reikna viðmælendur Fréttablaðsins með að stýrivextir hér á landi verði samt sem áður hækkaðir um 0,25 til 0,5 prósent.

Guðmundur Bjarnason, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir að farið verði í annað útboð í desember til að ná í meira fjármagn, eða um sjö milljarða, samkvæmt áætlunum sjóðsins. Hann spáir því að ávöxtunarkrafa íbúðabréfa muni lækka og þá verði hægt að lækka vexti af íbúðalánum aftur.

Guðmundur segir að í framtíðinni verði tekið tillit til fjármögnunarkostnaðar uppgreiðslufjár, sem hægt er að lána aftur, við vaxtaákvarðanir. Það var gert nú. Hins vegar muni vaxtaákvörðun í desember að mestu ráðast af markaðsvöxtum þar sem lítið uppgreiðslufé sé eftir til að endurlána. Þetta ráðist af stöðunni hverju sinni. **- bg**



**GUÐMUNDUR BJARNASON. NÆSTA ÚTBOÐ ÍBÚÐALÁNASJÓÐS VERÐUR Í DESEMBER.**

**MÁNAÐARLEG GREIÐSLUBYRÐI ÍBÚÐALÁNA***

4,15% - 72.100 kr.
4,35% - 73.830 kr. - 20.760 kr. meira á ári
4,60% - 76.030 kr. - 47.160 kr. meira á ári
*Miðað er við 10 milljóna króna lán til 30 ára og 2,5% verðbólgu.

# Sund kaupir í TM

Sund ehf., sem er kennt við fjölskyldu Óla heitins í Olís, hefur fest kaup á stórum hlutum í Tryggingamiðstöðinni og Nýherja. Fjárfestingarfélag sparisjóðanna er seljandi í báðum tilvikum. Sund átti um fimmtungshlut í TM og eykur hlut sinn í 32 prósent. Viðskiptin fóru fram á genginu 24,5 og nema þau um þremur milljörðum króna.

Fyrir átti Sund ekkert í Nýherja en keypti allan hlut sparisjóðanna sem var um sautján prósent. Sund greiddi um 566 milljónir króna fyrir hlutinn og er þar með orðinn næststærst í félaginu á eftir Vogun.

Tveir hluthafar ráða þar með yfir 65 prósent hlutafjár í TM. Sund er næststærst á eftir Fram ehf., sem fer með þriðjungshlut í TM, en félagið er í eigu Eyjafjölskyldunnar svokölluðu.

Sund er einnig áberandi í nokkrum öðrum félögum á innlendum hlutabréfamarkaði eins og Icelandic Group.



**SUND KAUPIR MEIRA Í TM** Félagið er orðið næststærst bæði í TM og Nýherja.

# Allt stofnféð í SPRON seldist

Eigið fé SPRON er orðið rúmlega ellefu milljarðar króna eftir að 745 af 776 stofnfjáreigendum nýttu sér kauprétt sinn í stofnfjárútboði SPRON sem fór fram fyrr í mánuðinum.

Það sem eftir stendur rennur til stærstu stofnfjáreigenda. Stofnfé sparisjóðsins var tvöfaldað í útboðinu og hækkaði úr rúmum 43 þúsundum hlutum í 86 þúsund, Nemur það nú um fjórum milljörðum króna.

Frá áramótum hefur eigið fé SPRON meira en tvöfaldast og stofnfjárbréf sexfaldast. Á vordögum var stofnféð þrefaldað.

Gengi bréfa á stofnfjármarkaði fór hæst í 7,3 á lokadögum útboðsins en þá fylgdi jafnframt réttur til að kaupa ný bréf í útboðinu. Hefur gengi stofnfjárbréfa í SPRON hækkað um 140 prósent frá því í vor. **- eþa**

Síminn

# The Shneedles

*Austurbæjarbíói, föstudaginn 27. janúar*



"Snilld...langbesta grínsýning sem ég hef séð í mörg ár."

- The Sydney Morning Herald, Ástralía



"Það er söngur og það er dans; diskar fljúga og kústum er sveiflað á nefi. Mýs gerðar úr pappír lifna við. Tveir kokkar rífast um bestu salat-dressinguna. Tveir aular verða ástfangnir af sömu konunni í áhorfendahópnum. Já, og svo kemur ruslatunna og étur annan þeirra, tyggur hann og spýtir honum svo aftur út úr sér. Ef ég ætti að geta lýst þessari sýningu þá þyrfti ég á orðum að halda sem hoppa og skoppa og stökkva af síðunni syngjandi beint í fangið á þér."

- Sueddeutsche Zeitung, Þýskaland

"Hæfileikar, kraftur, styrkur og grínsnilli The Shneedles gerir þeim kleift að skapa nýja tegund af fersku og brjálæðislega fyndnu lífi á leiksviðinu. Með óendanlegri sköpunargáfu, hugrekki og lífsgleði verða til ævintýraleg undur sem heilla þig upp úr skónum."

- Melbourne Herald Sun, Australia

**Miðasala hefst 1. desember kl. 10:00.**

20% afsláttur til allra með GSM númer hjá Símanum.

event

**HVAÐ:** The Shneedles **HVAR:** Austurbæjarbíói **HVENÆR:** Föstudaginn 27. janúar kl. 20:00 **MIÐASALA:** Í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Selfossi og á www.event.is **MIÐAVERÐ:** Aðeins 2.800 + miðagjald fyrir fullorðna og aðeins 1.900 + miðagjald fyrir yngri en 16 ára. **SÍMAAFSLÁTTUR:** Til að fá 20% afsláttinn þarftu að fara í eina af verslunum Skífunnar eða BT á Akureyri eða á Selfossi og sýna skjá GSM símans þíns. Út á hvern síma er að hámarki hægt að versla tvo miða með afslætti.

***ATH:*** *Aðgöngumiðar fást ekki endurgreiddir. Ölvun ógildir miðann. Hljóð- og myndupptökur óleyfilegar með öllu.*

MIÐASALA:
**midi.is**

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
**www.event.is**

LEE HARVEY OSWALD (1939-1962) LÉST ÞENNAN DAG.



*„Skilgreining mín á lýðræði er rétturinn til að tilheyra minnihlutahópi og vera ekki bældur niður.“*

*Lee Harvey Oswald réð John F. Kennedy, forseta Bandaríkjanna, af dögum og var sjálfur myrtur tveimur dögum síðar.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 24. NÓVEMBER 1991

# *Rokkgoðið úr Drottningunni andast*

Á þessum degi árið 1991 lést Freddie Mercury, söngvari rokkhljómsveitarinnar Queen. Mercury var aðeins 45 ára gamall og lést á heimili sínu en aðeins daginn áður hafði hann tilkynnt að hann þjáðist af alnæmi.

Talið er að hann hafi vitað af sjúkdómnum í tvö ár en hann hélt áfram að semja tónlist og fáir urðu varir við að söngvarinn frægi væri veikur.

Mercury, sem áður hét Farookh Bulsara, fæddist í Zanzibar árið 1946 og ólst upp á Indlandi þar til fjölskylda hans flutti til Englands árið 1964 og Mercury hóf listnám. Sex árum síðar stofnaði Mercury hljómsveitina Queen ásamt Roger Taylor, Brian May og John Deacon. Hljómsveitin átti miklum vinsældum að fagna og eru lög sveitarinnar enn í dag í hávegum höfð.

Mercury þótti mikill skemmtikraftur og var framkoma hans á sviði lífleg með meira móti. Hann hneigðist til beggja kynja og fór ekki leynt með það.

Minningartónleikar voru haldnir fimm mánuðum eftir dauða rokkstjörnunnar og komu þar 72 þúsund manns að hlýða á heimsþekkta söngvara syngja lög Queen. Um tuttugu milljónir punda söfnuðust í baráttunni gegn alnæmi á þeim degi.



FREDDIE MERCURY

## MERKISATBURÐIR

**1859** Charles Darwin gefur út tímamótaritið Uppruna tegundanna.

**1922** Robert Erskine Childers, írskur rithöfundur og félagi í írska lýðveldishernum, er tekinn af lífi.

**1951** Þátturinn Óskalög sjúklinga hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu. Þátturinn var á dagskrá þar til í október 1987.

**1963** Lee Harvey Oswald er skotinn til bana af Jack Ruby, eiganda næturklúbbs í Dallas.

**1972** Suðurlandsvegur milli Reykjavíkur og Selfoss er formlega tekinn í notkun.

**2000** Skógarhöggsmenn í Hallormsstaðarskógi fella sitkagreni sem er rúmir fimmtán metrar að hæð.



†

*Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,*

**Þorbjörg Sveinsdóttir**

frá Vík í Mýrdal,

verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 15.00.
Jarðsett verður í Víkurkirkjugarði, Vík í Mýrdal.

**Sveinn Rúnar Arason** — **Ragnhildur Hreiðarsdóttir**
**Sæbjörg Snorradóttir**
**Halla Aradóttir** — **Martin Loveday**
**Lára Aradóttir** — **Sveinn Halldórsson**
**Guðni Arason**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Jóhann Hendriksson**

lést af slysförum 20. nóvember síðastliðinn.
Útför verður gerð frá Grafarvogskirkju 28. nóvember kl. 13.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Hjördís Björg Kristinsdóttir**
**Rebekka María Sigurðardóttir** — **Valdimar Karl Guðmundsson**
**Jóhann Ágúst Sigurðarson** — **Þórunn Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu.*

**Katrínar Pétursdóttur**

Akurgerði 37, Reykjavík,

verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

**Einar Hannesson**
**Hannes Einarsson** — **Linda Buanak**
**Pétur Einarsson** — **Kristín Sigurþórsdóttir**
**Margrét Rósa Einarsdóttir** — **Sigurður H. Ólason**
**barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn Vignir Sæmundsson**

verður jarðsunginn frá Víkurkirkju laugardaginn 26. nóvember kl. 11.00.

**Kolbrún Matthíasdóttir**
**Matthías Jón Björnsson** — **Hafdís Þorvaldsdóttir**
**Ingi Már Björnsson** — **Hjördís Rut Jónsdóttir**
**Kristín G. Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



**GÓÐIR FÉLAGAR** Þeir Gunni og Ási deila ekki aðeins útlitinu heldur einnig áhugamálum. Báðir eru þeir með mikla veiðidellu og stunda skíði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GUNNAR OG ÁSMUNDUR HELGASYNIR: ERU FERTUGIR Í DAG

# Veisla á hverjum tug

„Við höldum ekki alltaf upp á afmælið saman, bara á tíu ára fresti,“ segja þeir tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir, sem eru fertugir í dag og ætla að halda veglega upp á það um helgina. „Það verður mikið húllumhæ,“ segir Ási glettinn og blikkar bróður sinn Gunna sem brosir í samþykki.

Þeir bræður eru þekktir í þjóðlífinu, Gunni sem leikari og leikstjóri og Ási fyrir störf við markaðsstjórn auk þess sem hann gefur nú út hinarvinsæluSudoku-þrautabækur. Þeir bræður eru sammála um að skemmtilegt sé að eiga sama afmælisdag, sérstaklega sem krakkar. „Það var æðislegt. Mamma og Nína systir gerðu alltaf eitthvað rosa skemmtilegt fyrir okkur á afmælisdaginn,“ segir Gunni og man sérstaklega eftir því þegar mamma hans bjó til ugluspil á tólf ára afmælinu.

Þeir muna báðir vel eftir tvítugsafmælinu. „Við héldum helvíti gott partí þá,“ segir Ási og Gunni samsinnir. „Mamma og pabbi voru ekki heima og vissu ekki af því,“ segir Ási. „Ja, þau komust nú að því þegar þau fundu rauðvínsblettina í teppinu,“ bætir Gunni kíminn við.

Þegar þeir eru inntir eftir því hvort þeir hafi ekki oft fengið sömu gjafirnar segir Ási glettinn: „Það hefur viljað brenna við, nema kannski öðruvísi á litinn.“ Þeir bræður eru þó ekki svekktir yfir því. „Ef fólk er að gefa okkur báðum passar það sig á því að gefa það sama. Við verðum svo svekktir ef annar fær meira en hinn,“ upplýsir Ási kíminn og man sérstaklega eftir einni jólagjöf. „Þá voru Bonanza-karlarnir aðalmálið og þá var bara einn flottur, það var Ben sem var ungur og flottur, síðan var þessi feiti með háa hattinn sem ég fékk. Kortер fyrir jól var hann ónýtur,“ segir Ási og hlær. Þeir bræður eru líkir að mörgu öðru leiti en útlitinu. Þeir deila til að mynda mörgum áhugamálum, eru báðir haldnir mikilli veiðidellu og stunda einnig skíði.

Þó þeir bræður séu mjög sáttir við að deila afmælisdegi segjast þeir þó hafa gengið í gegnum ákveðið tímabil þar sem þeir hafi orðið pirraðir á að vera tvíburar. Þá vildu þeir ekki sitja saman í strætó nema ef þriðji aðili væri með, annars sat einn fremstur og hinn aftast.

Síðan eru liðin mörg ár og þrátt fyrir meting um hvor eigi stærri jeppa og betri veiðistöng virðast þeir æði góðir félagar. Þeir aftaka því ekki að þeir muni halda upp á afmæli sitt saman á næstu tugum eins og áður. ■

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



†

**Pálína Kristín Þorbjörnsdóttir Waage**

Austurvegi 15, Seyðisfirði,

andaðist á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar fimmtudaginn 17. nóvember.
Útförin verður auglýst síðar.

**Vinir og aðstandendur.**




## ANDLÁT

**Jóna Bjarnadóttir** andaðist á öldrunardeild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði laugardaginn 19. nóvember.

**Jón Hjálmtýsson** frá Saursstöðum, Kirkjubraut 7, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness sunnudaginn 20. nóvember.

**Sigurður Jóhann Hendriksson** lést af slysförum sunnudaginn 20. nóvember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Björn Kjartansson** verktaki, Fitjakoti, Kjalarnesi, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Katrín Pétursdóttir**, Akurgerði 37, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

14.00 **Anna Guðjónsdóttir,** frá Vogatungu, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.

14.00 **Rannveig Sigurðardóttir**, Smárabraut 15, áður Svanahlíð, Höfn, Hornafirði, verður jarðsungin frá Hafnarkirkju.

15.00 **Jón Agnar Friðriksson**, elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður til heimilis á Hólatorgi 6. Sungin verður sálumessa fyrir hann í Kristskirkju, Landakoti.

15.00 **Loftur Ólafsson** tannlæknir, Bergstaðastræti 72, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju.

## AFMÆLI



Einar Kárason rithöfundur er fimmtugur.



Eggert Pétursson myndlistarmaður er 49 ára.



Eyþór Arnalds athafnamaður er 41 árs.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1784** Zachary Taylor, forseti Bandaríkjanna.



**1946** Ted Bundy fjöldamorðingi.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



**STUÐNINGUR VIÐ KRABBAMEINSGREINDA** Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðin Ljósið er til húsa í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju.

## Ljósið stofnað

Ljósið, styrktarfélag fyrir krabbameinsgreinda, var nýverið stofnað í þeim tilgangi að veita víðtæka stuðning við krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Félagið mun styrkja endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðina Ljósið sem er til húsa í gamla safnaðarheimilinu í Neskirkju. Slík miðstöð hefur ekki verið starfrækt á Íslandi fyrr en nú en þar er boðið upp á einstaklings- og hópastarf þar sem miðað er að því að efla athafnir daglegs lífs, auka frumkvæði, styrkja sjálfstraust, draga úr kvíða og streitu, efla félagsleg tengsl, heilsu og lífsgæði almennt. Iðjuþjálfi hefur yfirumsjón með starfinu í dag og stefnt er að því að fá fleiri fagaðila að verkefninu. ■



**ÞAKKLÁTUR FYRIR STUÐNINGINN** Jóhannes tekur við styrknum úr hendi Baldurs Jónssonar, markaðsstjóra MS.

## Styrkur fyrir íslenskt mál

Jóhannes B. Sigtryggsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands, hlaut um helgina 500 þúsund króna styrk frá MS (áður Mjólkursamsalan) á Málræktarþingi Íslenskrar málnefndar og MS, sem haldið er undir merkjum dags íslenskrar tungu. Styrkurinn er veittur árlega nemanda á háskólastigi sem vinnur að lokaverkefni um íslenskt mál.

Jóhannes vinnur að doktorsritgerð sem ber heitið Ævisaga Jóns Steingrímssonar og málið á 18. öld. Meginhluti verkefnisins er ítarleg lýsing á málinu á Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar og lýsing og úttekt á hljóð- og beygingarbreytingum í Ævisögunni og samanburður við önnur 18. aldar rit.

Að mati dómnefndar hefur rannsókn Jóhannesar í senn fræðilegt og hagnýtt gildi. ■

# Leitað að húsgögnum

Erla Sólveig Óskarsdóttir, húsgagna- og iðnhönnuður, ætlar ásamt föður sínum Óskari L. Ágústssyni, sem einnig er húsgagnasmiður, að halda hönnunarsýningu á verkum þeirra beggja í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ hinn 20. desember. Sýningin verður byggð á verkum sem þau hafa smíðað hvort í sínu lagi og í sameiningu.

Einn galli er þó á gjöf Njarðar. Óskar, sem lengi framleiddi húsgögn og seldi í gegnum smáauglýsingar Vísis, sérstaklega á sjötta áratugnum, veit lítið hvað hefur orðið af þeim. Þau feðgin leita því eftir aðstoð lesenda sem gætu átt eða vitað um verk Óskars. Sérstaklega er þeim umhugað að finna einn af fjölmörgum símastólum sem Óskar hannaði og seldust vel.

Óskar verður 85 ára hinn 20. desember og því verður sýningin nokkurs konar afmælisgjöf hans á þessum tímamótum. Hann er enn að smíða og hefur nýlega fengið dellu fyrir bútasaumi. Hann hefur oft aðstoðað Erlu í gegnum tíðina og segist Erla rétt að vera að átta sig á því núna að nokkur svipur sé með verkum þeirra feðgina en þau hanna bæði með notkunargildið í huga.

Ef einhver telur sig eiga húsgögn smíðuð af Óskari eða myndir af þeim geta haft samband við Erlu á netfangið mail@erla-solveig-oskarsdottir.com ■



**FETAR Í SPOR FÖÐURINS** Erla Sólveig er húsgagnahönnuður líkt og faðir hennar Óskar. Á sýningu þeirra sem haldin verður í desember verða verk þeirra beggja sem þau hafa hannað hvort í sínu lagi og smíðað í sameiningu. HEIÐA HELGADÓTTIR













## STUÐ MILLI STRÍÐA Appelsínugula fólkið og fegurðin

**KRISTIN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** KANN ÞVÍ VEL AÐ VERA HVÍT.



Það þykir ekki sérlega fallegt að vera of hvítur. Sólkysstar kinnar hafa þótt fallegri, en þar sem maður þarf að varast mikið kossaflens frá sólinni hefur það gerst að fólk smyr sig sólbrúnkukremi til að berjast gegn hvítum lit húðarinnar.

Aftur á móti eru kremin bara ekki eins góð og sólin til að framkalla fallegan brúnan lit og hættir við að húðin verði örlítið appelsínugul. Sem er í lagi, svo lengi sem því er stillt í hóf. Þó eru alltaf til þeir sem kunna sér ekki hóf og af þeim sökum hefur orðið til nýr hópur af fólki, appelsínugula fólkið.

Þetta er sama manngerðin og lá flatmagandi á hvítum ströndum í útlöndum þar til húðliturinn var í andstöðu við hvíta sandinn. Þetta appelsínugula fólk er oft með skjannahvítt hár og það er líkast því að það hafi verið kreist eins og tannkremstúpa til að ná hvíta litnum út og hann hafi flúið í hárið. Eflaust er appelsínugula fólkið alsælt með útlit sitt, enda fólk sem leggur mikinn metnað í að líta sem best út. En almáttugur hvað þetta er ljótt!

Ég viðurkenni fordóma mína gagnvart þessum dularfulla hörundslit, enda þykir mér náttúrulegur hörundslitur fallegri. Mér þykir meira að segja flott að vera hvít(ur), jafnvel skjannahvít(ur). Hver veit nema að það komi á daginn að öll þessi krem séu stórhættuleg, eyði ósonlaginu og valdi krabbameini og litareitrun sem gerir húðina ennþá hvítari. Þá neyðumst við sko fyrst til að horfast í augu við það, við sem erum hvít, að við erum hvít.

En ég veit svo sem að appelsínugula fólkið mun ekki hlýða á mig, enda er ég ekki falleg í augum þess. Ég er hvít, hvítari en fuglaskítur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Þú og þa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 3 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 | 5 | 3 |
| 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 2 | 9 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 7 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 | 5 |
| 4 | 2 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 8 | 7 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 4 | | | | 8 | | |
| 5 | 1 | | | | | | | 3 |
| | | | 5 | 8 | | | | |
| | 4 | | 8 | | 7 | | | |
| | | 7 | | 1 | | 2 | | |
| | | | 2 | | 4 | | 6 | |
| | | | | 9 | 2 | | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 5 |
| | | 3 | | | | 9 | 7 | |

# Loksins á DVD

## vinsælasta barnaleikrit allra tíma



**Dýrin í Hálsaskógi**
- Þetta frábæra barnaleikrit sem öll þjóðin þekkir er nú komið á DVD
- Kvikmyndað á stóra sviði Þjóðleikhússins
- Hlaut Grímuna sem barnasýning ársins 2004
- Hér í flutningi frábærra leikara og tónlistarmanna
- Myndin er sett upp fyrir breiðtjald og hljóðsett fyrir heimabíó









500 fyrstu sem kaupa Dýrin í Hálsaskógi á DVD fá geisladiskinn með í KAUPAUKA



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! **Kl. 20.00**

*Sex höfundar Eddu útgáfu lesa úr nýjum bókum sínum, skáldverkum, ljóðum og æviminningum á Súfistanum, Laugarvegi 18.* ***Steinunn Sigurðardóttir*** *les úr Sólskinshestinum,* *Sölvi Björn Sigurðsson úr Gleðileiknum djöfullega,* ***Marta María Jónasdóttir*** *og* ***Þóra Sigurðardóttir*** *lesa úr Djöflatertunni,* ***Sólveig Einarsdóttir*** *úr Hugsjónaeldi og* ***Guðni Th. Jóhannesson*** *úr Völundarhúsi valdsins.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Megas í rússnesku ljósi

Grein um dónalegar barnavísur og rússnesk ritgerð um Megas er meðal efnis í fjórða hefti Tímarits Máls og menninngar, sem nú er komið út. Tímaritið er að venju stútfullt af skemmtilegu efni, meðal annars skrifar Ingibjörg Haraldsdóttir einstæða grein þar sem hún rekur skáldskaparferil sinn.




Forvitnileg grein er birt í heftinu eftir færeyska skáldið William Heinesen um íslenska myndlist. Hann skoðaði Listasafn Íslands árið 1954 og hikar ekki við að segja meiningu sína á nokkrum helstu myndlistarmönnum Íslands á þessum tíma.

Viðtalið við Sjón, „Norðurlandameistarann“ í bókmenntum, tekur Jón Yngvi Jóhannesson og er þar varpað óvæntu ljósi á verk hans og hugsunina á bak við þau.

Smásagan í blaðinu er eftir Braga Ólafsson en skáld tímaritsins er að þessu sinni Sigurður Pálsson.

Rússneska greinina um Megas skrigar Olga Markelova, ungur bókmenntafræðingur og skáld sem meðal annars hefur lokið B.A. prófi í íslensku frá Háskóla Íslands. Greinin birtist upphaflega í rússnesku tímariti, en hún fjallar um samspil gamalla og nýrra hefða í skáldskap Megasar. Í heftinu er einnig önnur grein um Megas, eftir Þórunni Hrefnu Sigurjónsdóttur.

Þá skrifar Una Margrét Jónsdóttir ítarlega grein um klúrar barnavísur, sem börnin fara gjarnan með þegar fullorðnir heyra ekki til.

### > Ekki missa af ...

... farandsýningunni **Hraunblóm**, sem lýkur um helgina í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Á sýningunni eru Íslandsmyndir dönsku hjónanna **Else Alfelt** og **Carls-Hennings Pedersen** auk verka eftir **Svavar Guðnason** og **Sigurjón Ólafsson**.



... sýningunni **Tími Romanov-ættarinnar** í Gerðarsafni í Kópavogi. Metaðsókn hefur verið að sýningunni, en fram undan er næstsíðasta sýningarhelgin.

... ***Jólaævintýri Hugleiks***, sem er byggt á Jólasögu eftir Charles Dickens. Áhugaleikfélagið Hugleikur sýnir í Tjarnarbíói.



**GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR** Hún kemur fram á tónleikum á Spáni í kvöld þar sem hún syngur fyrir afkomendur Einsteins, Chaplins, Stravinskís, Gandhis, Kennedys og fleiri mikilmenna síðustu aldar.

## Syngur fyrir börn mikilmenna

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir messósópran stendur í ströngu þessa dagana úti á Spáni, þar sem hún er búsett. Í kvöld syngur hún fyrir 1.500 manns við athöfn til heiðurs mikilmennum 20. aldar í Oviedo í Asturias á Spáni, og á laugardaginn kemur hún fram í aðaltónleikasal Madrídar, Auditorio Nacional, með sinfóníuhljómsveit undir stjórn José María Manero.

Tónleikarnir í kvöld fara fram í tónleikasalnum Principe Felipe og meðal viðstaddra verða afkomendur margra stórmenna síðustu aldar, svo sem þeirra M.K. Gandhi, Alberts Einstein, J.F. Kennedy, Winstons Churchill, Charles Chaplin, Igors Stravinskí, James Joyce, Pablo Neruda, Alberts Camus, Jesse Owens, Andrei Sakarov, Jose Ortega y Gasset og Federico Garcia Lorca.

Haft var samband við Guðrúnu til að syngja við þennan stórviðburð eftir að hún kom fram á tónleikum á vegum Stofnun Príncipe Felipe í Gijón og Oviedo, þar sem hún flutti sömu dagskrá, en síðari tónleikarnir voru teknir upp fyrir sjónvarp Asturias.

Fyrr í þessum mánuði frumflutti Guðrún útsetningar argentíska tónskáldsins Federico Jusid á lagaflokki eftir Federico Garcia Lorca, en Jusid útsetti flokkinn sérstaklega fyrir Guðrúnu og kammerhljómsveitina Sonor Ensemble.

Hér á landi kemur Guðrún Jóhanna næst fram í janúar í hlutverki Sesto í La Clemenza di Tito, Miskunn Titos, eftir W. A. Mozart með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumons Gamba.

## Nýliðar frá Vesturheimi

**Tim Buzbee og Katie Buckley eru nýliðar í Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði frá Bandaríkjunum og ekkert á leiðinni til baka.**



**KATIE BUCKLEY HÖRPULEIKARI OG TIM BUZBEE TÚBULEIKARI** Hörpuleikarinn fær að leika í einu af uppáhaldsverkum sínum í kvöld. Öðru máli gegnir um túbuleikarann, sem hefði heldur kosið að fá að sitja úti í sal og hlusta. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Þetta er stórkostlegt, mig hefur langað til að spila með hljómsveit síðan ég var tólf ára og nú er ég komin hingað,“ segir Katie Buckley, 26 ára bandarískur hörpuleikari sem sá auglýsingu frá Sinfóníuhljómsveit Íslands í september. Hún sótti um og segist vera alsæl með að hafa hreppt starfið. Í kvöld leikur hún á þriðju tónleikum sínum með hljómsveitinni.

Túbuleikarinn Tim Buzbee sótti líka um starf hjá Sinfóníunni og hefur verið hér í fjórar vikur. Hann er 29 ára og hefur spilað víða um heim, í Bandaríkjunum, Mexíkó, Singapúr og Svíþjóð þar sem hann býr reyndar enn með kærustunni sinni. En þau ætla að flytja hingað næsta vetur.

„Ég var búinn að lofa mér í svo mörg verkefni, bæði í Svíþjóð og Bandaríkjunum, að ég verð mikið á ferð og flugi í vetur. En næsta vetur flyt ég svo hingað.“

Á tónleikunum í kvöld eru þrjú verk á dagskrá, tvö frönsk og eitt enskt. Fyrst flytur hljómsveitin Forleik að síðdegi skógarpúkans eftir Debussy, síðan Helgidansa eftir Michael Tippett og loks svíturnar Dafnis og Klói eftir Maurice Ravel.

Tim segist reyndar ekki hafa mikið að gera á túbunni í kvöld.

„Eini parturinn fyrir mig er í Dafnis og Klói en frönsk tónlist er ekki í uppáhaldi hjá túbuleikurum. Þetta er óskaplega falleg tónlist en það er ekki mikið fyrir mig að spila. Ég hefði miklu frekar viljað sitja úti í sal og hlusta á þessa fögru tónlist.“

Öðru máli gegnir um hörpuleikarann Katie Buckley, sem leikur í öllum verkunum á efnisskrá kvöldsins og hefur óskaplega gaman af því.

„Sérstaklega er gaman að spila með í Dafnis og Klói, sem er eitt af uppáhaldsverkunum mínum.“

STYRKTARTÓNLEIKAR
BUGL
ÁRSTÍÐIRNAR EFTIR VIVALDI & BATTALÍA EFTIR BIBER
í flutningi Hjörleifs Valssonar og Íslensku kammersveitarinnar
Þriðjudaginn 29.nóvember & miðvikudaginn 30.nóvember, 2005
kl.20:30 í Grafarvogskirkju
Miðasala í verslunum Skífunnar og á Miði.is.
Miðaverð aðeins 2.000.- krónur.
Lýsing hf. greiðir allan kostnað vegna tónleikanna og því rennur allur aðgangseyrir óskertur til styrktar Barna - og unglingageðdeildar LSH



LÝSING



**RÍÓ TRÍÓ** Kemur fram á Tónlistarveislu í skammdeginu, sem nú er haldin í Garðabæ fjórða árið í röð.

## Ríó í Garðabænum

Tónlistarveislan á Garðatorgi í Garðabæ, sem nú er haldin fjórða árið í röð, heldur áfram í kvöld með tónleikum Ríó Tríós.

Tónleikarnir eru hluti af Tónlistarveislu í skammdeginu sem menningar- og safnanefnd Garðabæjar stendur fyrir og er aðgangur ókeypis.

Þuríður Sigurðardóttir söngkona hóf tónlistarveisluna fyrir viku síðan þegar hún hélt upp á 40 ára söngafmæli sitt með tónleikum á torginu.

Ríó Tríó hefur starfað með hléum frá árinu 1965 en piltarnir urðu landsfrægir fyrir sjónvarpsþætti sem þeir gerðu í árdaga Ríkissjónvarpsins. Ríó tríó er enn þann dag í dag skipað upprunalega hópnum, það er Helga Péturssyni, Ólafi Þórðarsyni og Ágústi Atlasyni. En með þeim spila einnig þeir Gunnar Þórðarson og Björn Thoroddsen.

Ríó tríó kemur sérstaklega saman fyrir þetta eina kvöld en í hljómsveitinni eru tveir Garðbæingar, þeir Helgi Pétursson og Björn Thoroddsen, sem lögðu hart að félögum sínum að troða upp með þeim á Garðatorgi.

Tónleikarnir á Garðatorgi hafa verið vel sóttir undanfarin ár og greinilegt að bæjarbúar kunna vel að meta þá stemningu sem myndast á torginu.



## Leiðin liggur í Bílanaust

# Opnunarveisla

### Laugardaginn 26. nóvember kl. 10:00-16:00

Formleg opnun á stórverslun **Bílanausts** að Bíldshöfða 9 og mótorhjólaverslunin **Nítró** boðin velkomin. Þekktir listamenn koma fram og mikið um að vera.













Blöðrukarl • Andlitsmálning • Leikur með góðum vinningum • Veitingar í boði hússins

## NITRO opnar í Bílanausti!

Sími: 557 4848
www.nitro.is

**Laugardaginn 26. nóv. bjóða Bílanaust og Nítró upp á glæsileg tilboð meðan birgðir endast**

**DEWALT** hleðsluborvél
890DC984KA

35% AFSLÁTTUR

**BOSCH** slípirokkur
3600601804503

25% AFSLÁTTUR

**BLAUPUNKT** útvarp
3567645050510

30% AFSLÁTTUR

**VENTO** vespa

20% AFSLÁTTUR

**ALLUR FATNAÐUR**

20% AFSLÁTTUR

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bílanaust

**Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík**
**Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is**

# Morð á Árnastofnun

## BÓKMENNTIR

[UMFJÖLLUN]

Á síðustu árum hafa þær spennusögur notið mikilla vinsælda þar sem gömul rit og forn tákn koma við sögu. Má þar nefna bækur Dans Brown, Belladonna skjalið og fleiri. Kannski kom bókmenntakrimminn frægi, Nafn rósarinnar, þessu af stað: Hún gerðist að vísu á miðöldum, en baráttan snerist um rit frá tímum Forngrikkja, sem gat breytt túlkun kirkjunnar á heiminum. Áhuginn á þessum bókum er í hæsta máta skiljanlegur: Auk þess að bjóða lesandanum upp á afþreyingu gæla þær við þá hugmynd að hin fornu tákn eigi enn erindi við nútímann, í þeim geti falist lykill að leyndardómum tilverunnar. Þær höfða því til okkar líkt og barnabækur með dularfullum fjársjóðskortum gerðu í æsku – hver gat ekki hugsað sér að rekast á slíkt kort bak við gamalt þil?

Margar þessar spennusögur byggja á skýrum formúlum: Glæpurinn er framinn í upphafi, sagan er um leitina að glæpamanninum; leynilögreglumaðurinn – hvort sem hann er nú í lögreglunni eða ekki – nær ekki árangri nema hann geti ráðið hin gömlu tákn. Bók Yrsu Sigurðardóttur, Þriðja táknið, tilheyrir þessum flokki spennusagna. Íslenskar galdrabækur, evrópsk nornaveiðirit, galdrastafir og margvíslegir atburðir úr Íslandssögunni eru látnir mynda hinn gamla hljómbotn, en sagan sjálf gerist í nútímanum. Aðalpersónan og „leynilöggan“ er lögfræðingurinn Þóra, fórnarlambið er þýskur stúdent en hópur samstúdenta hans kemur við sögu, og þeir sem hafa komið í Árnagarð geta haft gaman af átökum formanns sagnfræðiskorar og forstöðumanns Árnastofnunar, svo dæmi sé tekið.

P.D. James sagði eitt sinn að það væri um að gera að byrja krimma á nógu ógeðslegu morði, og þeirri góðu meginreglu hefur Yrsa fylgt. Í heild er þetta nokkuð pottþétt formúla. Þóra er fráskilin og þarf að takast á við heimiliserfiðleika, hún nýtur aðstoðar fulltrúa þýskrar fjölskyldu fórnarlambsins, Matthew að nafni, og milli þeirra myndast hæfileg spenna. Skipt er um sjónarhorn milli þeirra sem leita sannleikans og hinna sem reyna að fela hann og lesandanum haldið í óvissu fram á síðustu stund. Þrátt fyrir allt galdratalið er þetta engin nýaldarbók, framvindan er rökleg og Þóra er jarðbundin persóna.

Allt er þetta vel gert og bókin hefur fagmannlegan svip – en hún er svolítið daufleg miðað við efnið. Persónurnar mætti draga sterkari dráttum, til dæmis er Matthew nokkuð þokukenndur og myndar ekki nógu sterkt mótvægi við Þóru og sumar aukapersónanna eru full miklar skuggamyndir. Eins finnst mér stíllinn of gerilsneyddur. Yrsa hefur áður vakið athygli fyrir vinsælar barnabækur, sumar mjög fyndnar og flippaðar þar sem lesandinn gat hlegið með öllum kjaftinum, eins og segir á góðum stað. Sú aðferð á ekki endilega við í þessari bók en þó stillir Yrsa sig um of og frásagnarhátturinn verður of tilþrifalítill. Að einum kafla undanskildum: Hann er að vísu úr hliðarsögu, og segir af erfiðleikum Gylfa sonar Þóru, en er bráðfjörlega skrifaður og sýnir hvers höfundur er megnugur. Takist Yrsu að sameina þetta tvennt, gott vald á formúlunni og sín bestu höfundareinkenni, á hún eftir að setja saman góðar spennusögur í framtíðinni.

- Halldór Guðmundsson




**Þriðja** TÁKNIÐ

**Höf:** Yrsa Sigurðardóttir
**Útg:** Veröld, 2005
**Niðurstaða:** Allt er þetta vel gert og bókin hefur fagmannlegan svip – en hún er svolítið daufleg miðað við efnið.

ÁSTIR OG ÖRVÆNTING
HÁDEGISTÓNLEIKAR 29. NÓV. KL. 12.15

Hlín Pétursdóttir, sópran, og Kurt Kopecky, píanó, flytja lög og aríur eftir Britten, Stravinsky og Menotti.
Miðaverð kr. 1.000.- (MasterCardhafar kr. 800.-)

Gjafakort í Óperuna - tilvalin jólagjöf
Frá kr. 1.000 (hádegistónleikar) og upp í 6.500 (stúkusæti á óperusýningar) og allt þar á milli.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN










ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Í kvöld fim. 24/11 örfá sæti laus, fös. 25/11 nokkur sæti laus, lau. 26/11 nokkur sæti laus, lau. 3/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 27/11 kl. 14:00 örfá sæti laus. Síðasta sýning fyrir jól.
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00 og kl. 17:00.
EDITH PIAF
Sun. 20/11 **uppselt**, sun. 27/11 **uppselt**, sun 4/12 **uppselt** - 90. sýning.
Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
BRIM
Mið. 30/11 **uppselt**. Aukasýningar lau. 3/12 nokkur sæti laus, sun. 4/12 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Í kvöld fim 24/11 **uppselt**, lau. 26/11, mið. 30/11 **uppselt**, fim. 1/12 **uppselt**, fös. 2/12, lau. 3/12. Allra síðustu sýningar.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Frumsýning lau. 26/11 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 4/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 11/12 kl. 14:00 **uppselt** og kl. 16:00 **uppselt**, sun. 18/12 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 25/11 og lau. 26/11 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Örfá sæti laus.
Sun. 27/11 kl. 22:30 Sunnudagsjass Múlans - Q56 Tónlist eftir Joe Henderson.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.
















Stóra svið

Salka Valka
Í kvöld kl. 20 | Fö 25/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20 | Su 11/12 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

Woyzeck
Lau 26/11 kl. 21 | Su 27/11 kl. 21
Þr 29/11 kl. 20 UPPS | Fi 1/12 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 | Mi 7/12 kl. 20 UPPS
Fi 8/12 kl. 20 | Fö 9/12 kl. 20
Fi 29/12 kl. 21 | Fö 30/12 kl. 21

Kalli á þakinu
L au 26/11 kl. 14 | Su 27/11 kl. 14
Su 4/12 kl. 14 | Su 11/12 kl. 14
Má 26/12 kl. 14

Manntafl
Fi 24/11 kl. 20 | Mi 30/11 kl. 20
Mi 28/12 kl. 20

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Fö 25/11 kl. 20 | Lau 26/11 kl. 20
Fö 2/12 kl. 20 | Lau 3/12 kl. 20
Þr 27/12 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Su 27/11 kl. 20 UPPSELT
Má 28/11 kl. 20 UPPSELT
Su 4/12 kl. 20 UPPSELT
Fi 29/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. UPPSELT
Síðustu sýningar!

GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN
GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



ÉG ER MÍN EIGIN KONA
**Næstu sýningar:**
fim. 24.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
fös. 25.11 kl. 20 **uppselt**
lau. 26.11 kl. 20 ósóttir miðar í sölu
sun. 27.11 kl. 20 laus sæti
**Ath. ósóttar pantanir seldar viku f. sýn.**
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**ÚR SÝNINGU LEIKFÉLAGS KÓPAVOGS** Kirsuberjagarður Tsjekhovs hefur verið færður yfir á lítið bæjarfélag úti á landi þar sem erfingjarnir liggja í hamborgaraáti og tölvuleikjum.

# Það grær áður en þú giftir þig

Leikfélag Kópavogs hefur að undanförnu sýnt leikritið Það grær áður en þú giftir þig, sem er spunaverk byggt á Kirsuberjagarði Tsjekhovs. Nú eru síðustu sýningar á verkinu framundan.

Leikhópurinn vann textann sinn sjálfur, gegnum leik með senur, þar sem alltaf er leitað að vendingum. Ekkert handrit er til, heldur er unnið útfrá samkomulagi leikaranna um það hver er aðalvending hverrar senu. Leikstjóri er Sigrún Sól Ólafsdóttir.

Leikurinn gerist í litlum bæ, Sandhellisgerði á Suðurfjörðum, þar sem Grönveltsfjölskyldan má muna fífil sinn fegri. Hún var eitt sinn voldugasta ættin á fjörðunum og býr í fallegu húsi sem þarfnast sárlega lagfæringar.

Erfingjar Grönvoldts gamla seldu burt kvótann, húsið er að hruni komið, og þar að auki á snjóflóðahættusvæði, þannig að nú má ekki búa í því nema á sumrin. Hinn fagri Grönveltslundur umhverfis húsið er að kafna í illgresi, og enginn nýtir lengur matjurtagarðana stóru, sem voru grunnurinn að veldi Grönvelts gamla.

Erfingjarnir liggja í hamborgaraáti og tölvuleikjum en athafnamaðurinn Lúðvík vill snúa vörn í sókn. Hann vill framkvæmdir, nýta það að flugvöllurinn stendur við bæjardyrnar og nú er verið að grafa göng gegnum fjallið.

Leikritið er sýnt í Félagsheimili Kópavogs og hefjast sýningarnar klukkan 20. Næstu sýningar eru annað kvöld og á sunnudagskvöldið.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

21 22 23 **24** 25 26 27

### Fimmtudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Á tónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói verða flutt verk eftir Maurice Ravel, Claude Debussy og Michael Tippett. Stjórnandi er **Rumon Gamba**.

☐ 21.00 **Ríó Tríó** heldur tónleika á Garðatorgi í Garðabæ. Tónleikarnir eru hluti af Tónlistarveislu í skammdeginu sem nú er haldin á Garðatorgi fjórða árið í röð.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Júlían Meldon D'Arcy** heldur útgáfufyrirlestur á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í stofu 103 í Lögbergi. Þar kynnir hann bók sína um leynda skosk þjóðernisvitund í skáldsögum Walters Scotts.

### BÆKUR

☐ 20.00 Sex höfundar Eddu útgáfu lesa úr nýjum bókum sínum, skáldverkum, ljóðum og æviminningum á Súfistanum, Laugarvegi 18. **Steinunn Sigurðardóttir** les úr Sólskinshestinum, **Sölvi Björn Sigurðsson** úr Gleðileiknum djöfullega, **Marta María Jónasdóttir** og **Þóra Sigurðardóttir** lesa úr Djöflatertunni, **Sólveig Einarsdóttir** úr Hugsjónaeldi og **Guðni Th. Jóhannesson** úr Völundarhúsi valdsins.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




# Debussy og Ravel

*Helgidansar* Tippets, ásamt verkum eftir Ravel og Debussy, eru á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar að þessu sinni. Leyndir kraftar náttúrunnar, orka skógarins og fornir helgisiðir á tónleikum sem Rumon Gamba mælir sérstaklega með.

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI

**Í KVÖLD**, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri ::: Rumon Gamba

Claude Debussy ::: Forleikur að Síðdegi skógarpúkans
Michael Tippett ::: Helgidansar (Ritual Dances)
Maurice Ravel ::: Daphnis et Chloé, svítur 1 og 2



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
SÍMI 545 2500 ::: WWW.SINFONIA.IS

Fíton/SÍA FI015028



# ÍSLENSKAR MJÓLKURAFURÐIR GERA ÞAÐ GOTT

Íslenskar mjólkurvörur fengu frábæra dóma á norrænni mjólkurvörusýningu í Herning í Danmörku nýverið. Okkar fólk stóð sig með miklum sóma og tók á móti **5 heiðursverðlaunum, 10 gullverðlaunum, 20 silfurverðlaunum og 20 bronsverðlaunum**.



Það er okkar frábæra starfsfólk sem á heiðurinn af því hversu gott úrval af gæðavörum úr mjólk er á boðstólum hér á landi. Við óskum því til hamingju með þennan glæsilega árangur og þökkum fyrir framúrskarandi starf.

MARKAÐSNEFND MJÓLKURIÐNAÐARINS

**Ekki missa af...**

**Kiss Kiss Bang Bang. Val Kilmer og Robert Downey jr. eru í toppformi í þessari spennumynd sem hefur vakið verðskuldaða athygli. Það er enginn annar en Shane Black sem skrifar handrit myndarinnar en hann á heiðurinn af handritum Lethal Weapon, The Last Boyscout og The Long Kiss Goodnight.**

# bíó

bio@frettabladid.is

> LEIKARI VIKUNNAR BEN KINGSLEY

## *Góður leikari með alltof margar B - myndir á ferilsskránni*

Vantar þig náunga til að leika ofbeldisfullan glæpaforingja eða eina mestu friðarhetju sögunnar? Hafðu þá samband við Ben Kingsley. Hann er án nokkurs vafa einhver allra virtasti leikari Breta þrátt fyrir að hafa oftar en ekki gert sig sekan um taka að sér hlutverk í arfaslökum myndum á milli þess að taka þátt í mörgum af bestu kvikmyndum sögunnar. Hæfileikar hans hafa allt of oft verið misnotaðir í þágu B-mynda þar sem hann stendur meira eða minna allan tímann og öskrar í allar áttir líkt og óður væri. Það verður enda að teljast hálf ótrúlegt að jafn virtur leikari og Kingsley skuli hafa verið tilnefndur til Rifsberjaverðlaunanna sem veitt eru þeim sem þykja standa sig hvað verst en þá tilnefningu hlaut hann fyrir Thunderbirds. Árið áður hafði hann farið á kostum í kvikmyndinni House of Sand and Fog. Sound of Thunder sem er frumsýnd nú um helgina er gott dæmi um hálf brenglað val Kingsley því hann tók einnig þátt í Oliver Twist eftir Roman Polanski þar sem hann fer með hlutverk Fagins.

Ferill Kingsley er reyndar ekkert ýkja langur á kvikmyndatjaldinu. Hann hóf störf hjá sjónvarpinu og lék í mörgum af sjónvarpsmyndum og þáttum. Það var ekki fyrr en Richard Attenborough fékk hann með sér til Indlands að stjarna hans fór að rísa. Hann fór á kostum sem leiðtoginn Gandhi en Kingsley var svo góður að hann hirti bæði óskarinn og hin bresku baftaverðlaun og var valinn nýgræðingur ársins á síðarnefndu hátíðinni. Því miður hefur Kingsley haft einstakt lag á að velja sér myndir sem hafa fallið í gleymskunnar dá.

Þegar Kingsley fær safaríkt handrit í hendurnar dylst engum að hann er frábær leikari. Leikur hans í Bugsy og túlkun hans á verkstjóranum Itzhak Stern í Schindler's List sanna það. Þeir sem vilja sjá Kingsley í hörkuformi ættu að rifja upp Sexy Beast en fáir hafa verið jafn ógnvekjandi glæpaforingjar og Kingsley sem Don Logan.



**KINGSLEY OG SHEEN** Það má eiginlega segja að Ben Kingsley hafi hirt öll hugsanleg verðlaun fyrir frammistöðu sína sem friðarleiðtoginn Gandhi.






**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**



**Harry Potter and the Goblet of Fire**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 8,1 / 10 |
| Metacritic.com | 8,2 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 88% / Fersk |



**A Sound of Thunder**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 4,0 / 10 |
| Metacritic.com | 2,8 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 6% / Rotin |



**DUSTIN HOFFMAN** Fékk óskarinn fyrir leik sinn í myndinni Kramer vs. Kramer. Nýjast hlutverk hans er hvergi nærri jafn dramatískt og fjallar um pöndu sem óvænt verður hetja dagsins.

## Hoffman í teiknimynd

Bandaríski leikarinn Dustin Hoffman hefur samþykkt að leika í tölvuteiknimyndinni Kung Fu Panda sem verður frumsýnd árið 2008. Auk Hoffmans hafa þeir Jakcie Chan og Ian McShane gefið vilyrði sitt, en það er Jack Black sem ljáir aðalpersónunni rödd sína. Hoffman hefur tvívegis hlotið óskarsverðlaun og Jackie Chan þarf ekki að kynna en hann er löngu þekktur fyrir hasamyndir sínar á borð við Rush Hour. Ian McShane ættu áhorfendur Stöðvar 2 að kannast við úr vestraþáttunum Deadwood en samningaviðræður við Lucy Liu standa nú yfir um að hún taki að sér hlutverk í myndinni.

Kung Fu Panda er framleidd af Dreamworks-fyrirtækinu og fjallar um pöndu sem er latasta dýr skógarins. Þegar óvinir ógna skóginum vakna vonir um að hetja sem getið er um í spádómi muni mæta á svæðið og bjarga deginum. Sá sem reynist hinn útvaldi á eftir að koma öllum á óvart.


Opnum aftur í dag breytta og
stórglæsilega verslun í Smáralind
Opnunartilboð
Bolir 1.990,- nú 990,-
Peysur 3.990,- nú 1.990,-
Jakkar 5.990,- nú 3.990,-
Gallabuxur 5.990,- nú 3.990,-
Tilboð gilda frá fimmtudegi til sunnudags eða á meðan birgðir endast
BLENDshe
BLEND®
BLEND – Smáralind – sími 544 4646
www.blendshe.com * www.blendofamerica.com



> ekki gleyma að...

Forréttir geta sett skemmtilegan og hátíðlegan svip á hefðbundinn kvöldverð í miðri viku.

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN FLOSI ÓLAFSSON LEIKARI OG RITHÖFUNDUR

## Forboðnir ávextir í skápunum

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
„Það er margt sem ég get ekki verið án, en ætli ég myndi ekki síst geta verið án kjets, skrifað upp á gamla mátann k.j.e.t.“

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
„Við skulum segja að það hafi verið Irish stew sem ég fékk hjá ömmu minni hérna í gamla daga. í því var kjöt og eitthvert ótilgreint jukk sem mér fannst ógurlega gott. Einnig má telja máltíð eina í London, þar sem ég átti heima um tíma. Maður hafði verið helvíti blankur lengi og fengið lítið gott að éta. Þegar ég loks náði mér í peninga fór ég inn á kínverskan veitingastað þar í borg og fékk vel útilátna máltíð. Það er eiginlega minnisverðasti málsverður sem ég hef fengið vegna þess að ég var svo langhungraður.“

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
„Já, mér finnst allt pasta alveg óætt . Það er að mínu mati vondur matur og ég kæri mig ekkert um eitthvað makkaróní eða eitthvað slíkt.“

**Hvað leynist í eldhússkápunum?**
„Þar leynist bakkelsi af ýmsu tagi svo sem kleinur eða kökur sem mér er bannað að éta. Það má því segja að í skápunum hjá mér sé nóg af forboðnum ávöxtum.“

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
„Það eru þá helst lakkrískaramellur sem mér finnst afbragð enda eiga þær áreiðanlega eftir að verða minn banabiti á endanum.“

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
„Það er nú alltaf til léttmjólk og álegg og sitthvað af því tagi. Þá kemur fyrir að ég luma á harðfiski. Ég verð þó að segja að ísskápurinn er eiginlega deild konunnar.“

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða mat tækir þú með þér?**
„Ætli það væri ekki lambasmásteik sem hægt væri að hita upp reglulega með brúnni sósu í stíl.“



**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
„ Ég hef aldrei látið neitt inn fyrir varirnar sem að ég hafði ekki fyrirfram ákveðið að mér gæti þótt ætt. Ég hef aldrei étið snigla eða neitt slíkt ómeti.“

OFURVÍNIÐ

## Montes Alpha „M“



Fyrir nokkrum árum settu Aurelio Montes og aðrir forystumenn Montes-fyrirtækisins sér það markmið að framleiða vín sem gæti keppt við bestu vín heims. „Ég átti mér lítinn draum,“ segir Aurelio Mones. „Ég vissi um lítinn dal, sem heitir Apalta, og ég hugsaði með mér að einhvern daginn myndi ég kaupa land þar sem við og gerðum. Þar ræktum við vín í Bordeaux-anda, 80% cabernet sauvignon, 10% merlot og 10% er blanda ýmissa þrúgna. Við framleiðum aðeins 2.000 kassa af þessu víni sem við seljum í 45 löndum, svona smávegis í hverju.“
Eftir margra ára þróunarstarf og undirbúning var árangurinn, vínið „M“, kynnt árið 1998. Það þykir eitt besta ef ekki besta vín Chile. Einkennist af hinu besta í víngerð Chile og liggur í stíl á milli Kaliforníu og Bordeaux.








MURIEL LÉGLISE Sumir kalla hana konfektkonuna og er það ekki langt frá því að vera réttnefni. Hún flytur inn dýrindis konfekt frá Belgíu og notar mikið súkkulaði við eldamennskuna.

# Andalifrarpaté konfektkonunnar

### Muriel Léglise eldar mat með súkkulaðiívafi

Muriel Léglise er frá Belgíu og bráðskotin í öllu sem viðkemur súkkulaði, sem passar einstaklega vel við þjóðerni hennar þar sem Belgar eru þekktir fyrir konfektframleiðslu sína. „Súkkulaði er stór þáttur í daglegu lífi mínu og ég hóf að flytja inn belgískt og franskt súkkulaði árið 2002. Ég hef einnig einstaklega gaman af því að elda mat með súkkulaðiívafi og finnst mér þá best að elda hreindýrakjöt eða andalifrarpaté, foie gras, með dökkri súkkulaðisósu,“ segir hún og er augljóst að viðfangsefnið er henni kært.

Hún rekur fyrirtækið Veislumeistarann og sérhæfir sig í innflutningi á sælkeravörum. „Ég er þessa dagana að setja saman jólakörfur fullar af fersku handgerðu hágæðakonfekti, foie gras og fleiru góðgæti. Það sem mér finnst samt tvímælalaust skemmtilegast við starfið mitt er að hitta fólk og kynna vörurnar til dæmis í matarklúbbum og saumaklúbbum. Íslendingar eru tilbúnir og mjög opnir fyrir svona góðum sælkeravörum,“ segir hún. Muriel segist alltaf hafa haft gaman af því að elda og baka. „Mér finnst yndislegt að bjóða fólki heim í mat og hafa á boðstólum sælkeramat frá landinu mínu,“ segir hún og bætir því við hversu hrifin hún sé af íslenskum mat. „Mér finnst maturinn frá Íslandi virkilega góður. Ég er til dæmis mjög hrifin af slátri og ætla að borða það í kvöld,“ segir hún og hlær.

Spurð um hvað sé nauðsynlegt fyrir hana að eiga í matargerð nefnir hún að sjálfsögðu sína miklu ástríðu, súkkulaði. „Ég set eiginlega alltaf pínulítið súkkulaði í allt. Enda kalla sumir mig konfektkonuna,“ segir hún og hlær aftur innilega. „Dökkt súkkulaði finnst mér best, 85 eða 70 prósent, ég nota að sjálfsögðu ekki svona nammisúkkulaði,“ segir Muriel og velur uppskrift að dásamlegum forrétti, andalifrarpaté með dökkri súkkulaðisósu, sem sína uppáhaldsuppskrift. Fyrir áhugasama um starfsemi Muriel er bent á heimasíðuna www.veislumeistarinn.is eða netfangið muriel@veislumeistarinn.is

**Andalifrarpaté með dökkri súkkulaðisósu:**

**Fyrir tvo:**
1 dós 100 g Block andalifrarpaté „Comtesse du Barry“
4 litlar sneiðar ristað brauð
2 ferskar fíkjur
fíkjusulta „Comtesse du Barry“
Madeira-hlaup „Comtesse du Barry“
100 g 85% cacao súkkulaði frá Galler

Takið til 2 forréttardiska.
Skerið andalifrina í 4 sneiðar og setjið á ristað brauð.
Skerið hlaupið í litla ferninga og fersku fíkjurnar í báta.
Setjið vatn í pott og hitið.
Setjið súkkulaðið í litla skál sem fer ofan í pottinn og látið bráðna.
Skreytið diskinn með niðurskornum fíkjum, hlaupi, sultu og SÚKKULAÐI!






# Eðalklúbburinn sigraði á Vín 2005

Sýningin Vín 2005 var haldin um síðustu helgi í Smáralind. Vínþjónasamtök Íslands og vínbúðirnar stóðu saman að sýningunni. Vínáhugi eykst sífellt og voru gestir nær þrefalt fleiri en í fyrra. Allir helstu vínbirgjar landsins komu saman og kynntu vín og gáfu smakk með áherslu á vínið með hátíðarmatnum. Að auki voru nokkrir aðilar sem kynntu ýmislegt matarkyns, s.s. osta, súkkulaði, kaffi og kjöt. Einnig voru nokkrir aðilar sem kynntu aukahluti, glös, tappatogara, karöflur og fleira skemmtilegt. Þar að auki voru þrautir víða á svæðinu sem gestir gátu spreytt sig á, en þessi liður í sýningunni kom vel á óvart og var hinn vinsælasti. Vínbúðirnar voru með mjög skemmtilegan bás á sýningunni, en honum stjórnuðu vínsérfræðingar þeirra og markmiðið var að kenna gestum að þjálfa lyktarskynið með því að læra að finna hina ýmsu lykt úr fjórum völdum þrúgutegundum.

Á sunnudeginum var háð keppni milli vínklúbba, en spyrill var enginn annar en Logi Bergmann Eiðsson, konungur spurningakeppnanna. Eðalklúbburinn sigraði að lokum eftir harða keppni.



EÐALKLÚBBURINN. Björgvin Áskelsson, Jón Loftur Björnsson og Indriði Björnsson sigruðu í keppni vínklúbba og sjást hér með dómaranum Dominique Plédel Jónsson og spyrlinum Loga Bergmann.

# Aurelio Montes á leið til Íslands



Víngerðarmaðurinn heimskunni, Aurelio Montes, er væntanlegur til Íslands um helgina. Hann er einhver þekktasti víngerðarmaður heims. Í tilefni af heimsókn hans verður smökkun fyrir almenning á vínum frá Montes auk þess sem Grillið verður með sérstakan Montes-matseðil.

Montes er eitt þekktasta vínfyrirtæki Chile og hefur lagt áherslu á gæði frekar en magn. Vín frá Montes eru í hópi vinsælustu Chile-vína hér á Íslandi. Fyrirtækið er kennt við aðalvíngerðarmann þess, Aurelio Montes en hann er almennt talinn vera einn allra besti víngerðarmaður Chile, leiðandi í þeirri byltingu sem hefur orðið í víngerð þar síðustu 20 árin. Montes var kjörinn víngerðarmaður ársins af öðrum víngerðarmönnum árið 1995 auk þess sem hann hefur verið valinn maður ársins í viðskiptalífinu í Chile.

Vínin frá Montes hafa hlotið einróma lof allra helstu víntímarita og vínsérfræðinga heims. Má nefna að hvítvínið Montes Alpha Chardonnay 1998 var valið besta hvítvín í heimi á vínmessunni Vinitaly.

Mánudagskvöldið 28. nóvember kl. 18 verður smökkun fyrir almenning í Grillinu kl 18.00. Þar verða öll helstu vín Montes kynnt. Smökkunin er öllum opin meðan húsrúm leyfir. Frá og með deginum í dag og fram til 29. nóvember býður Grillið upp á fjögurra rétta veislumatseðil sniðinn að sérvöldum vínum frá Montes og kosta herlegheitin 10.800 kr. með vínum.

## VEITINGASTAÐURINN

**INDIAN MANGO**
**FRAKKASTÍG, 101 REYKJAVÍK**



VEITINGASTAÐURINN INDIAN MANGO.

## *Róandi andrúmsloft*

**Hvernig er stemningin?** Indian Mango býður upp á hæglátt og róandi andrúmsloft sem gott er að koma inn í. Veggirnir eru allir málaðir í ljósum litum og notast er mikið við dauft ljós. Á hverju borði er kerti sem myndar ákveðinn rómantískan blæ. Þegar hin rólega og rómantíska tónlist staðarins er tekin inn í reikninginn má segja að Indian Mango einkennist af algjöru stressleysi. Innversku áhrifin skína í gegn á öllum húsgögnum og einkum gólfflísunum sem eru sérstaklega skemmtilegar.

**Matseðillinn:** Hægt er að fá nánast allt sem hugurinn girnist í inverskri matargerð, allt frá Tandoori-kjúklingi og salatréttum til svínarifja og svartfugls. Áherslan á mangó er mikil eins og ætla mætti. Mangósalatið er sérstaklega ljúffengt. Eigandinn flytur inn sérstakt mangó frá Indlandi sem hann segir að sé besta mangó í heiminum í dag. Einnig er notast við hefðbundið íslenskt hráefni þar sem meðal annars er boðið upp á silung og íslenskt folaldakjöt.

**Vinsælast:** Indian Mango er auðvitað nýr veitingastaður sem hefur ekki starfað lengi en fyrstu dagana og vikurnar hefur svartfuglinn verið vinsælasti réttur staðarins og er óhætt að mæla með honum.

**Réttur dagsins:** Fyrir þann sem veit ekki hvað hann vill er upplagt að panta þriggja rétta málsverð dagsins sem er breytilegur. Nauðsynlegt er að minnast á verð matarins á Indian Mango. Þriggja rétta máltíðin er á um 2500 krónur sem verður að teljast mjög gott þegar litið er á meðalverð á öðrum veitingastöðum bæjarins.

**Niðurstaða:** Frábær matur á góðu verði í sérstöku og róandi andrúmslofti gerir Indian Mango að góðum kost fyrir þá sem vilja örlítinn lit í tilveruna.




# Túrkaka brostinna hjarta

**Hefnd, ástarsorg, uppgjör og súrsætir sigrar urðu skáldkonunum Mörtu Maríu Jónasdóttur og Þóru Sigurðardóttur að yrkisefni í Djöflatertunni. Þær sögðu Þórdísi Lilju Gunnarsdóttur frá bóhemlífi á Búðum, vinkonusamfélagi, köldum kvennaráðum og fyrirgefningu syndanna.**



**ÁNÆGÐAR MEÐ ÚTKOMUNA** Marta María Jónasdóttir og Þóra Sigurðardóttir lögðust í mikla rannsóknarvinnu meðan þær skrifuðu djöflatertuna.




*Þórdís: Hvað kom til að þið ákváðuð að leggja í púkk með skáldsögu?*

**Marta María:** Hugmyndin kviknaði síðastliðinn vetur og strax fór af stað ferli sem ekki varð stöðvað. Við vorum vissar um að vilja þetta og lögðum kapp á að bókin kæmi út fyrir jól.

**Þóra:** Ég skil ekki enn hvernig við fundum tíma til að skrifa því báðar höfðum við svo mikið að gera, en þetta var mikið stuð og mikil keppni okkar á milli. Það þýddi lítið fyrir mig að gerast lati kisi þegar ég vissi að Marta María hafði setið iðin við skriftirnar heima.

*Þórdís: Hver skrifaði hvað?*

**Marta María:** Upphaflega skrifaði ég einn kafla, Þóra þann næsta og svo koll af kolli, en á endanum hafði hver kafli verið fínpússaður svo oft að þetta voru orðin heildræn, sameiginleg skrif.

**Þóra:** Við skrifuðum sjaldnast saman utan einnar rithöfundahelgar á Hótel Búðum á Snæfellsnesi.

*Þórdís: Svona bóhemískt ferðalag á vit náttúrunnar til innblásturs?*

**Þóra:** Marta fer ekki út úr bænum nema staðurinn heiti Búðir.

**Marta María:** Það var náttúrlega ekkert bóhemískt við þessa helgarferð miðað við langtíma einveru í afdalaþorpum, en helgarferðin segir meira um æsinginn í þessum bókaskrifum.

*Þórdís: Hvernig var samkomulagið hjá svo ákveðnum og sjálfstæðum konum?*

**Þóra:** Þegar við byrjuðum skrifin vorum við ágætis kunningjakonur sem áttum sameiginlegan draum um að skrifa skáldsögu. Síðan hefur ekki fallið styggðaryrði okkar á milli, utan hvað einu sinni að Marta María var heldur gróf í styttingum á þriðja kafla og ég mótmælti.

**Marta María:** Sá ágreiningur var slappt efni í stórmál svo ég lúffaði auðvitað, Ég vil meina að það sé ákveðið þroskamerki að geta það.

*Þórdís: Djöflatertan er samtímasaga, en gefur hún raunsanna mynd af lífi ungra Reykvíkinga í dag?*

**Marta María:** Já, að mínu viti gæti allt sem gerist í bókinni gerst í næstu húsum á þessu sama augnabliki.

**Þóra:** Skoðum bara skilnaðartíðni landsmanna. Fólk vex ekki alltaf í sundur með friðsömum hætti og ef maður skoðar popplög samtímans fjalla þau meira og minna um brostin hjörtu.

*Þórdís: Og brostin hjörtu kalla á hefndaraðgerðir, eða hvað?*

**Þóra:** Þar lögðumst við í mikla rannsóknarvinnu og héldum kvennafundi til að sækja hugmyndir. Sumt var reyndar mun svívirðilegra en við vildum nota í bókina.

**Marta María:** Ég heyrði sögu af konu sem kom rækjum fyrir í gardínustöngum síns fyrrverandi sem úldnuðu með þeim afleiðingum að hann flúði húsið með nýju frúnni og tók gardínustangirnar með.

**Þóra:** Þá er vinsælt að eyðileggja bíla. Ef maðurinn elskar bílinn meira en þig er sjálfsagt að eyðileggja elskuna hans líka. Í raunveruleikanum snúast hefndir líka oft upp í hnífsstungur og lögreglumál.

*Þórdís: Þarf maður sjálfur að vera hefnigjarn til að skrifa svo kaldrifjaða bók?*

**Þóra:** Örugglega og ég held að það blundi hefndarþorsti í flestum þegar á reynir. Ég held að ég sé þó ekkert verri en hver annar.

**Marta María:** Ég er aðallega langrækin, sem er baggi að bera, en auðvitað þarf hver manneskja að berjast fyrir sínu.

**Þóra:** Þetta snýst um réttlæti. Þegar búið er að traðka á hjarta manns er skuldastaðan ekki góð og löngunin til að láta viðkomandi gjalda í sömu mynt blossar upp.

*Þórdís: Vinkonusamfélagi er gert hátt undir höfði í Djöflatertunni. Eru vinkonur mikilvægar?*

**Marta María:** Já, ekki spurning. Ég hef horft upp á stelpur eignast kærasta, hverfa og gleyma vinkonum sínum, en þegar upp úr ástinni slitnar koma þær til baka. Það finnst mér tækifærismennska og ekki sönn vinátta. Hana þarf að rækta til að eiga þetta bakland.

**Þóra:** En hvað með það þótt maður rugli forgangsröðinni tímabundið? Sönn vináttan á að þola það. Kvennaheimurinn er hollur því konur sjá allt frá sama sjónarhorni og eru alltaf til í að bakka mann upp. Lendi kona í ástarsorg fær hún þá huggun sem hún þarfnast og allir hafa samúð með henni. Ekkert annað afl í samfélaginu bregst nákvæmlega eins við ástarsorg, sem er afar vanmetið fyrirbæri.

*Þórdís: Rut vinkona Söru svíkur hana illilega í sögunni. Eru jafnan skemmd epli í vinakörfunni?*

**Marta María:** Ég vil alltaf trúa á hið góða í fólki en það getur allt brugðist einhvern tíma.

**Þóra:** Það má segja Rut til málsbóta að hún varð ekki sek um annað en að verða ástfangin. Svona nokkuð gerist á hverjum degi þótt sumir hefðu hamið sig, en aðrir ekki. Þetta sannar að allt er leyfilegt í ástum og stríði. Maður á að fylgja hjartanu, rétt eins og þegar eitthvað fer úrskeiðis og hjartað liggur að veði. Þá verður fjandinn laus, enda ekki verið að tefla um neina smápeninga.

*Þórdís: Konurnar í Djöflatertunni eru haldnar kaupæði og efnishyggju. Er enn æðsti draumur kvenna að giftast til fjár til að geta verið sætar heima og í búðum og snyrtistofum þess á milli?*

**Þóra:** Nei, alls ekki. Konur í dag eru mjög sjálfstæðar og metnaðarfullar. Hins vegar er ekkert verra að verðandi eiginmaður sé loðinn um lófana og gjafmildur, ætli konur að gifta sig á annað borð.

**Marta María:** Það má frekar segja að þetta sé draumur kynslóðanna á undan, eins og mömmu Söru. Enda þorir Sara ekki að segja henni sannleikann um svikin því þar með er draumur móður hennar úti.

*Þórdís: Hvers vegna er sagt að kvennaráð séu köld?*

**Þóra:** Það kemur beint úr Njálu.

**Marta María:** Það er vegna þess að karlmenn slást þegar þeir eru ósáttir, en þegar konur verða ósáttar gerast þær snillingar í djöfullegu ráðabruggi. Einkenni vinkvennahópa er gjarnan baktal um aðrar konur, á meðan strákar tala um fótbolta.

**Þóra:** Konur eru lúmskari og laumulegri. Ef maður setur þetta í sögulegt samhengi hafa karlmenn alla jafna farið með völdin á meðan konurnar hafa plottað meira á bak við tjöldin.

*Þórdís: Jesús kenndi okkur að fyrirgefa en ekki að hefna. Hvar er fyrirgefningin í sögunni?*

**Þóra:** Sagan fjallar ekki bara um hefnd heldur vinnu úr ástarsorg. Það er ákveðið ferli því traðki einhver á hjarta manns er um opið sár að ræða. Undir slíkum kringumstæðum gera menn misgáfulega hluti, en það er liður í bataferlinu.

**Marta María:** Mér finnst mikilvægt að fólk geti fyrirgefið af öllu hjarta því það er ekkert betra en að vera sáttur við lífið, tilveruna og samferðafólkið. Það er hræðilegt hlutskipti að vera í sífelldu stríði við aðra.

**Þóra:** Fyrirgefning er undirstaða þess að geta lagt hlutina til hliðar og kemur á eftir sátt við orðinn hlut. Stundum er talað um að tíminn lækni öll sár en í svona tilvikum þarf langur tími að líða.

*Þórdís: Í Djöflatertunni upphugsar Sara bestu hefndina og dettur meðal annars í hug brjóstastækkun. Er besta hefndin falin í breyttu útliti?*

**Þóra:** Besta hefndin er falin í því að lifa vel. Engin kona vill mæta sínum fyrrverandi úti á götu og vera eins og ruslapokakerling til fara. Því er bannað að liggja í ís og gráti heima hjá sér og fitna um þrjátíu kíló í ferli ástarsorgar. Maður þarf að rækta sjálfan sig og láta sér líða eins vel og hægt er; hvaða leið sem maður velur til þess. Kirsuberið ofan á ísinn er svo alltaf ef viðkomandi hugsar: „Æ, hvað hún er sæt. Ég vildi að hún væri ennþá mín.“ Það er bónus sem fær manns litla hjarta til að hlæja.

*Þórdís: En eftir hverju er nútímamaðurinn að slægjast? Hvernig er best að halda í hann?*

**Marta María:** Ég veit það ekki, ætli lykillinn sé ekki að vera nógu skemmtileg, hæfilega kærulaus og gera grín að öllu saman. Ekki vera tuðandi og leiðinleg og rífast yfir uppvaskinu.

**Þóra:** Lykilatriðið er að finna sér sæmilegan kall. Menn sem hafa knýjandi þörf til að sofa hjá vinkonum manns mega sigla sinn sjó.

*Þórdís: Er bókin skólabókardæmi um hvernig konur láta karla draga sig á asnaeyrunum?*

**Þóra:** Maður hefur heyrt stórkostlegar réttlætingar úr munni vinkvenna sinna um karlmenn og kostulegt hvað þeim dettur stundum í hug. Ég hef svo staðið sjálfa mig að því að taka þátt í þessum leik: „Hann er ekki tilbúinn.“ „Hann er hræddur um að missa mig.“ Yfirleitt er skýringin svo einföld að maðurinn er einfaldlega ekki nógu hrifinn.

**Marta María:** Mitt ráð er að missa ekki kúlið og vera afslöppuð gagnvart ástinni.

*Þórdís: Af öllum hefndarráðum þótti mér túrkakan verst. Hvor ykkar fékk þá hugmynd?*

**Þóra:** Túrkakan er sönn hugmynd sem kom upp á einum samráðsfundinum, okkur til mikillar furðu. Þá hafði ein konan bakað djöflatertu handa sínum fyrrverandi, en eftir álfabikarsvæðinguna er svona blóðsöfnun leikur einn. Blessaður maðurinn hefur enn ekki hugmynd um að lostætið var túrkaka.

*Þórdís: Þar er þá sjálf Djöflatertan komin?*

**Þóra:** Já, kannski!

**Marta María:** Merking Djöflatertunnar er tvíþætt og sýnir að ýmislegt gerist í huga kvenna þegar þær fara á flug, en fyrst og fremst tilvísun í djöfullega slægt ráðabrugg kvenna. ■

## 10 Hefniráð

1. Settu háreyðingarkrem í sjampóbrúsa og hristu vel.
2. Bakaðu túrköku.
3. Komdu rækjum fyrir í húsakynnum fórnarlambsins. Innan skamms verður lyktin svo hroðaleg að viðkomandi gæti neyðst til að skipta um húsnæði.
4. Lokaðu símanúmeri fórnarlambsins og/eða debet- og kreditkortum.
5. Skráðu viðkomandi á erlendar vefsíður fyrir kynferðislega brenglað fólk með nánari kynni í huga. Gættu þess vel að koma síðunni inn á tilveran.is eða eitthvað álíka.
6. Skiptu um girni í veiðistönginni. Þegar hann fær þann stóra slitnar girnið, sem mun skapa virkilegan bömmer. Hann mun svekkja sig á því að eilífu að hafa misst þann stóra.
7. Lyklaðu bílinn hans og hleyptu loftinu úr öllum dekkjunum.
8. Skrifaðu grein um algera þvælu í hans nafni og sendu til virtasta dagblaðs landsins ásamt mynd af honum og netfangi.
9. Settu viagra í kaffið hans eða bara laxerolíu.
10. Mikilvægast er að skemmta sér vel yfir ráðabrugginu og líta aldrei um öxl.

# RÝMINGARSALA

**Lagerhreinsun á stórlækkuðu verði.
Rýmum til fyrir nýjum vörum.**

## Toshiba Satellite M40-183



Intel® Centrino™ mobile tækni
Intel® Pentium® M 730 1.6 GHz (Dothan)
Front Side Bus 533 MHz, 2MB
512MB DDR minni (mest 2048MB)
60GB S.M.A.R.T. drif
15.4" (1280 x 800 upplausn)
ATI-X300 64MB DDR
Super DVD Multi brennari
10/100 Ethernet og V.90 mótald
VGA, TV-OUT, Parallel, SD kortalesari
i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út
PC Card Type II rauf, 2 minnisraufar (1 laus).
Harman Kardon víðóma hátalarar
Snertimús og margmiðlunarhnappar
360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
Lithium-ion, allt að 2.5 klst. (Mobile MarkTM)
Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
Windows XP Pro
Norton Internet Security (90 daga útgáfa)
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**Takmarkað upplag**

**TILBOÐSVERÐ:**
# 94.900 kr.
**Verð áður: 139.900 kr.**

Stílhrein og flott vél sem er ríkulega hlaðin búnaði. Öflugt skjákort gerir þér auðveldlega kleift að spila leiki. Í gegnum FireWire tengið flytur þú myndir beint úr stafrænu videótökuvélinni inn á tölvuna. Að sjálfsögðu getur þú svo skrifað myndirnar á DVD diska. Toshiba Easy Guard tryggir að gögnin þín eru öruggari. **Öflug tölva sem hentar öllum, hvort sem er í leik eða starfi.**

# Ekki missa af þessum tilboðum!

## Epson Stylus Photo R800



17 bls. á mín. í svörtu
8 bls. á mín. í lit
5760 punkta upplausn
8 hylkja prentari - sá besti fyrir ljósmyndir
Ný hylki gefa betri áferð í ljósmyndum:
- Matte Black, Photo Black, Gloss Optimizer
EPSON UltraChrome Hi-GlossTM blek
Epson Gloss Optimizer tækni
Allt að 80 ára líftími á prentuðum myndum
Jaðarlaus prentun
Prentar beint á CD og DVD diska
Háhraða USB 2.0 og Firewire tengi

**TILBOÐSVERÐ:**
**24.900 kr.**
**Verð áður: 49.900 kr.**

## Princo® CD-R 100 diska pakki

**TILBOÐSVERÐ:**
**1.500 kr.** Verð áður: 6.400 kr.

## Princo® DVD-R 50 diska pakki

**TILBOÐSVERÐ:**
**2.500 kr.** Verð áður: 9.900 kr.

## US Blaster 5.1 hátalarasett

**TILBOÐSVERÐ:**
**5.500 kr.**
**Verð áður: 11.900 kr.**






## Logitech LX501 þráðlaust lyklaborð og mús

**TILBOÐSVERÐ:**
**5.900 kr.** Verð áður: 11.900 kr.

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

**Vörurnar í þessari auglýsingu eru aðeins nokkur dæmi um mikið úrval á rýmingarsölu Tæknivals.**

# Tæknival
– sterk heild

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 www.taeknival.is



# ERT ÞÚ STÓRSTJARNA Í REYKJAVÍK?

*Sjaldan eða aldrei hafa komið jafn margar stórstjörnur til Íslands og nú í ár. Þær hafa verið í öllum regnbogans litum, frá hasarhetjum til aldraðra byssubranda. Það er sveitapiltsins draumur ef stjanað er við hann eins og stórstjörnu. Hér á eftir fylgja nokkrir punktar sem benda til þess að þú sért STÓRSTJARNA Á ÍSLANDI*



**1.** Þú ferð í Bláa lónið og áður en þú veist af er búið að smyrja þig með einhverjum þörungum þannig að þú lítur út fyrir að vera frumbyggi frá Ástralíu. Síðan er kokteil hellt í glas og starfsmaður tekur mynd af þér. Hún fer síðan til allra fjölmiðla sem glaðir birta mynd af þér og segja frá stórkostlegri upplifun þinni í dýrasta heita potti landsins.



**2.** Þú ferð í göngutúr á Laugaveginum í nýja 66 gráður norður alklæðnaðinum þínum en kemst ekki langt því litlir grunnskólakrakkar gera aðsúg að þér og vilja fá mynd af sér og þér saman. Þig rekur síðan í rogastans þegar sama mynd birtist í Hér & nú og krakkinn hefur unnið rándýra digital-myndavél.

**3.** Þegar þú kemur er þér tilkynnt um að það verði haldið partí þér til heiðurs á Rex. Þangað er síðan öllu „þotuliði“ Íslands boðið og þú undrar þig á því hvernig svona lítið land getur borið svona margt frægt fólk.



**4.** Þú getur gengið um í hauskúpubol frá Nonnabúð án þess að það þyki hallærislegt.

**5.** Þú færð heimboð á Bessastaði og forseti Íslands sýnir þér híbýli sín sem eru líka sögulegar minjar. Það vekur fyrst athygli þína þegar þér er tjáð að þarna hafi fangar fyrrum nýlenduherra þessarar þjóðar verið geymdir og að eiginkona forsetans er sérfræðingur um demanta.



**6.** Fólk segist hafa verið í partíi með þér. Skiptir þá engu hvort þú hafir staðið við hliðina á því eða í fimm hundruð metra fjarlægð og hafir ekki haft neitt með það að gera.

**7.** Þrátt fyrir að kílómeters röð sé fyrir utan Óliver gengur þú beina leið inn. Það sem er enn merkilegra er að engum í röðinni finnst eitthvað athugavert við þetta.

**8.** Þú þarft ekki að kynna þig, þú mátt púðra þig, lita hárið á þér reglulega, setja á þig brúnkukrem og ganga í hlébarða g-streng án þess að einhverjum þyki það asnalegt.

**9.** Það eru teknar myndir af þér í slagviðri þar sem þú stendur spekingsleg og skoðar ljósmyndir á Austurvelli. Blaðamaður eltir þig á röndum en hefur ekki erindi sem erfiði. Hann dreymir um að bjóða þér í glas.



**10.** Þú drekkur alltaf frítt á barnum þó að þú fáir sennilega meira á mánuði en almúgamanninndreymir um að þéna á ævi sinni.






# Harry einokar helgina

**Það eru tvær kvikmyndir frumsýndar um helgina. Önnur er vísindatryllirinn A Sound of Thunder sem byggð er á smásögu Ray Bradbury. Harry Potter er svo mættur aftur í sinni fjórðu mynd sem að þessu sinni fjallar um eldbikarinn.**



**HARRY POTTER** Kemst heldur betur í hann krappan í fjórðu myndinni sem fjallar um eldbikarinn. Það er sem fyrr Daniel Radcliffe sem leikur töfrastrákinn sem er dyggilega studdur af Rupert Grint og Emmu Watson.

Í A Sound of Thunder er tímaferðalögum, og áhættunni sem þeim fylgir, gerð góð skil. Travis Ryer er veiðimaður en hann sinnir ýmsum verkefnum fyrir hæstbjóðanda. Þegar safnarinn Charles Hutton fær hann til að ferðast aftur í tímann til að ná í risaeðlu slær hann að sjálfsögðu til. Ryer verður fyrir því óhappi að drepa fiðrildi en það atvik veldur því að öll þróun fer úr skorðum og mannkynið allt kemst í mikla hættu.

Ein vinsælasta mynd þessa árs verður án nokkurs vafa fjórða myndin um töfrastrákinn Harry Potter og ævintýri hans. Að þessu sinni hefur leikstjórinn Mike Newell ákveðið að gera myndina dekkri og ofbeldisfyllri en áður hefur þekkst. Breska kvikmyndaeftirlitið úrskurðaði að börn yngri en tólf ára þyrftu að vera í fylgd með fullorðnum ef þau vildu sjá hana. Myndin fékk mjög misjafna dóma í heimalandi sínu en bandarískir gagnrýnendur hafa keppst við að hlaða hana lofi.

Í myndinni um eldbikarinn þráir Potter ró og spekt. Fylgismenn Voldemorts, Dráparar, birtast eins og skrattinn úr sauðarleggnum en þeir hafa ekki látið sjá sig síðan töframaðurinn drap foreldra Harrys. Þar að auki gengur drengnum bölvanlega að finna sér dömu fyrir skóladansleikinn og Harry þráir öryggið hjá Dumbledore í Hogwarts-skólanum. Þetta ár á þó eftir að reynast töfradrengnum erfitt. Fyrir dyrum er erfiðasta töfrakeppni heims þar sem fremstu töfranemar töfraskólanna þriggja eiga að kljást og leysa margvíslegar þrautir. Þótt Harry sé of ungur til að taka þátt kemur nafn hans engu að síður upp úr eldbikarnum.

Ástir, örlög, töfrakeppnir og vondir töframenn prýða þessa nýjustu mynd um hugarfóstur J.K. Rowling. Breskir fjölmiðlar hafa verið uppfullir af efasemdarröddum um hana og jafnvel framtíð kvikmyndanna um Potter. Fréttavefur BBC greinir frá vangaveltum þess efnis að hugsanlega verði aðalleikurunum þremur skipt út fyrir kvikmyndina sem gerð verður eftir sjöttu bókinni. Það verður ekki horft framhjá þeirri staðreynd að Daniel Radcliffe, sem farið hefur listilega með hlutverk Potter, verður ekkert yngri með árunum. Hann, Emma Watson og Rupert Grint hafa engu að síður öll verið ráðin til að leika í fimmtu myndinni, Harry Potter and the Order of Phoenix, en henni verður leikstýrt af David Yates.

freyrgigja@frettabladid.is



**SIF ÁGÚSTDÓTTIR** Sigraði í fyrra og býr nú í London þar sem hún er á mála hjá einni af þremur stærstu umboðsskrifstofum borgarinnar.

# Ford í kvöld

Í kvöld klukkan hálf níu fer fram Ford-fyrirsætukeppnin í Loftkastalanum. Hún er haldin á vegum Eskimo en umboðsskrifstofan hefur haft veg og vanda af þessari keppni undanfarin átta ár. Meira hefur verið gert úr henni að þessu sinni en fylgst var með keppendum í undirbúningi sínum og þættir um hann sýndir á sjónvarpsstöðinni Sirkus. „Það er ekki verið að keppa um neina kórónu eða skó því flestöllum stelpunum býðst starf á þessu sviði,“ segir Ásta Kristjánsdóttir hjá Eskimo.
Margar af okkar fremstu fyrirsætum hafa einmitt stigið sín fyrst skref í þessari keppni og nægir þar að nefna Elísabetu Davíðsdóttur og Eddu Pétursdóttur. Það var hins vegar Sif Ágústsdóttir sem bar sigur úr býtum á síðasta ári. **- fgg**



Leikkonan Felicity Huffman ásamt eiginmanni sínum, William H. Macy, sem stóð þétt við bakið á henni.

# Barðist við átröskun

Leikkonan Felicity Huffman, sem leikur eitt aðalhutverkanna í dramaþættinum Desperate Housewives, hefur viðurkennt að hafa verið illa haldin af lystarstoli á unglingsárum sínum. Huffman, segir að þegar hún hitti verðandi eiginmann sinn, leikarann William H. Macy, hafi hann reynt að hjálpa henni að komast yfir þetta stóra vandamál. „Það er rétt, ég var haldin átröskun og lystarstoli seint á mínum unglingsárum. Ég þoldi ekki hvernig líkami minn leit út. Ég var aldrei nógu grönn eða nógu falleg. Brjóstin á mér voru aldrei nógu stór. Ég var komin á það stig að ég var ávallt að kasta upp og búin að komast að því hverju væri hægt að kasta upp og hverju ekki. Þetta var orðið virkilega slæmt ástand undir það síðasta og ég var ekki nema um 44 kíló að þyngd. Það sem loksins breytti hugsanagangi mínum varðandi þetta var þegar ég var orðin of veikburða til þess að fara út að skokka. Þá ákvað ég að leita mér sérfræðihjálpar“ segir þessi frábæra leikkona að lokum.

MIÐVIKUDAGUR 23. NÓVEMBER

# *Svikull bassi snýr við blaðinu*

**Egill Rafnsson, trommari Sign, bloggar frá tónleikaferð hljómsveitarinnar um Ísland frá 21. nóv. til 10. des.**



Dagur tvö á miskunnarlausum túr (eða útferð eins og við gjarnan köllum það) hófst á hádegi. Bassinn hans Silla ákvað að byrja aftur í hljómsveitinni eftir að hafa verið pyntaður með lóðbolta. Í kjölfarið fylgdi bæjarferð þar sem peningum var eytt í alls konar dót og drasl sem hljómsveit verður að taka með sér ef þeir ætla að „útferða“ allt landið. Gítarstrengir, snúrur, kjuðar, gítarneglur, verkjalyf og smokkar eru allt ómissandi hlutir í slíka reisu. Einfaldir hlutir geta hins vegar tekið langan tíma hjá letingjum eins og okkur en áður en við vissum af var kominn tími til að halda af stað út úr bænum á Akranes að spila. Ég hef persónulega aldrei komið á Akranes áður og fannst mjög gaman að sjá 5600 manna bæ alveg tóman! Draugabær væri réttnefni. Íbúarnir létu sig þó ekki vanta á tónleikana sem haldnir voru í kvikmyndahúsi bæjarins. Alveg ótrúlega flottur tónleikastaður. Við vorum allir skítþreyttir eftir rótið en þegar við stigum á svið og hófum að spila reitt og gratt rokk gerðist eitthvað. Yfir okkur kom orkusprengja frá rokkguðunum. Krafturinn var svo mikill að þetta var eitt besta giggið okkar.
Við og fötin okkar eru eins og vanalega ógeðsleg eftir svona spilamennsku. Ég ætla þó að standa við það loforð um að fara hvorki í sturtu né skipta um föt fyrr en 3. desember. (Svo skemmtilega vill til að það er lítil líkamslykt af mér). Ég vona bara að ég vakni ekki við það einn daginn að þeir hendi mér út í á en hver dagurinn verður óneitanlega erfiðari fyrir þá. Ég er vitaskuld ónæmur fyrir þessu.












# Segist hamingjusöm og vill leika

Hjónakornin Jessica Simpson og Nick Lachey hafa neitað sögusögnum um að samband þeirra sé á hraðri niðurleið. Nýverið hélt Simpson glæsilega veislu handa Lachey vegna afmælis hans í heimabæ hans, Cincinnati. Með því vildi hún sýna fram á að þær sögusagnir sem hafa gengið fjöllunum hærra um yfirvofandi skilnað þeirra séu uppspuni frá rótum. Annars er það að frétta af Jessicu Simpson að hún er þessa dagana að reyna fyrir sér í kvikmyndum. Eftir að hafa sýnt ágætisleik í Dukes of Hazzard fyrr á þessu ári er hún að reyna að landa hlutverki í kvikmyndinni Employee of the Month á móti grínleikaranum Dane Cook. Að sögn fer hún með hlutverk kynþokkafullrar afgreiðsludömu í stórverslun. Ef Simpson landar þessu hlutverki væri það stórt skref upp á við frá raunveruleikaþáttunum The Newlyweds, sem framleiddir voru af MTV-sjónvarpsstöðinni. Þar leyfði hún og eiginmaður hennar kvikmyndatökumönnum að taka upp daglegt líf þeirra, marga mánuði í senn. Nick Lachey er hins vegar að taka upp aðra breiðskífu sína í Svíþjóð um þessar mundir. Hún á að koma út á næsta ári.



JESSICA SIMPSON

# Tónmilda Ísland slær í gegn

Nýverið kom út platan Tónmilda Ísland, sem er íslensk útgáfa af plötunni Acoustic Iceland sem kom út í sumar.

Báðar útgáfurnar af plötunni hafa selst í tólf þúsund eintökum sem gerir þær að mest seldu plötum ársins hingað til. „Ég átti alltaf von á að þessar plötur myndu seljast," segir Steinar Berg. „Mér fannst þetta alltaf góð hugmynd og held að þessar plötur eigi eftir að seljast í mörg ár."

Á plötunni eru tuttugu kunn íslensk lög með þekktum flytjendum. Á meðal laga eru Spáðu í mig með Björgvin Halldórssyni, Óbyggðirnar kalla með Magnúsi Eiríkssyni og KK, Ást með Ragnheiði Gröndal, Húfan með Guðjóni Rúdólf, Rómeó og Júlía með Bubba og Barn með Páli Rósinkrans. Í umslagi plötunnar fylgir pistill eftir Guðmund Andra Thorsson rithöfund auk ítarlegra upplýsinga um lögin. Einnig eru þar landslagsljósmyndir eftir Mats Vibe Lund.




**TÓNMILDA ÍSLAND** Steinar Berg Ísleifsson gefur út plötuna Tónmilda Ísland.

Platan Acoustic Iceland var hugsuð fyrir erlenda ferðamenn sem sækja landið heim en eftir að fjöldi Íslendinga keypti plötuna líka var ákveðið að gera útgáfu þar sem titill og allar upplýsingar væru á íslensku. Til að finna íslenskt heiti á plötuna hafði útgefandinn, Steinar Berg Ísleifsson, samband við starfsfólk Orðabókar Háskólans og fundu þau í sameiningu nýyrðið tónmild í staðinn fyrir „acoustic". ■




**POTTÞÉTT 39** Safnplatan Pottþétt 39 hefur meðal annars að geyma lagið Undir þínum áhrifum með Sálinni.

# Pottþétt 39 á leiðinni

Safnplatan Pottþétt 39 kemur út á föstudag. Á plötunni, sem er tvöföld, er að finna flest af vinsælustu innlendu og erlendu lögunum í dag.

Á meðal þeirra eru Tripping með Robbie Williams, Fix You með Coldplay, Undir þínum áhrifum með Sálinni og My Delusions með Ampop. Pottþétt 39 er 76. pottþétt-platan sem kemur út. Sú 75. var Pottþétt í tíu ár sem hefur selst í 3 þúsund eintökum. ■

# Geta eftirhermur verið jafngóðar?

**[TÓNLIST]**

UMFJÖLLUN

Ég veit ekki af hverju þetta gerist alltaf með breska tónlist. Það kemur ein sveit á sjónarsviðið sem er undir sterkum áhrifum frá einhverri klassískri sveit, nær vinsældum, og svo fylgja fimm eða sex slík bönd í kjölfarið!

The Dead 60´s er enn ein sveitin sem minnir á The Clash og The Specials. Áhrif þessara sveita eru meira að segja mun sterkari hjá The Dead 60´s en hjá samtíðarsveitum á borð við Keiser Chiefs, Hard-Fi eða vinum okkar í The Zutons. Söngvarinn spangólar meira að segja blygðunarlaust eins og Joe Strummer í gegnum alla plötuna. Þetta frumleikaleysi þýðir ekki að þetta sé slæm hljómsveit, en æi... ég veit ekki. Ég er einhvern veginn þannig gerður að ef mig langar til að hlusta á tónlist eins og The Clash og The Specials þá bara hlusta ég á þessi bönd í stað þess að þurfa að sætta mig við eftirhermur.Ég er kannski bara eitthvað afbrigðilegur.

Það er ekki hægt að neita því að það er þó nokkur neisti í The Dead 60´s. Það er ekki eitt einasta lag sem getur talist slæmt. Ég efast ekki um að það sé gaman á tónleikum hjá þeim enda gengur þeim bara frekar vel. Betur í Bandaríkjunum en í Bretlandi, þrátt fyrir að þeir séu úr Bítlabænum Liverpool.

Flest lög eru hröð og fjörug og á uppsveiflunni. Annað slagið hægja þeir taktinn og bassaleikarinn fer að spila eins og hann sé kominn í hljómsveit dub-meistarans King Tubby. Flottar reggípælingar og enn önnur sönnun þess hversu vel er hægt að blanda reggí við rokktónlist.

Ef menn verða ekki jafn pirraðir yfir nostalgíu-flassbökkum og ég, þá get ég vel ímyndað mér að þetta virki sem frábær plata. Skal alveg viðurkenna að hér og þar stóð ég sjálfan mig að því að stappa fætinum með í takt, sérstaklega í reggí-köflunum. Lagið We Get Low er t.d. svo stapphvetjandi að það er ómögulegt að streitast á móti. Samt ráðlegg ég ykkur að hlusta á The Specials og The Clash ef þið hafið gaman að þessu... og öfugt líka.

Birgir Örn Steinarsson




**THE DEAD 60´S:** THE DEAD 60´S

Niðurstaða: The Dead 60´s er ný bresk sveit sem hljómar nákvæmlega eins og helmingsblanda The Specials og The Clash. Fín plata en sveitin á eflaust eftir að eiga erfitt með að fóta sig vegna þess hversu mikið þeir minna á áhrifavalda sína.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

HÁDEGISBÍÓ

400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is








| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 8-10.30 | B.I. 16 |
| LORD OF WAR VIP | KL. 10.30 | |
| ELIZABETH TOWN | KL. 5.30-8 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN VIP ísl. tal | KL. 4 | |
| CHICKEN LITTLE enskt tal | KL. 4-6-8-10.10 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 4-6-8-10.10 | |
| FLIGHTPLAN | KL. 10.30 | B.I. 12 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 4 | |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ZORRO 2 | KL. 8 | B.I. 16 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 8 | |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 6 |
| SERENITY | KL. 8-10.10 |
| LORD OF WAR | 8-10.10 |
| WALLACE & GROMIT ísl. tal | KL. 6 |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| SERENITY | KL. 10 | B.I. 16 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 5.30 | |
| TWO FOR THE MONEY | KL. 10 | B.I. 12 |
| KISS KISS BANG BANG | KL. 10 | B.I. 16 |

| | | |
|---|---|---|
| LORD OF WAR | KL. 5.30-8-10.30 | B.I. 16 |
| ELIZABETH TOWN | KL. 8-10.30 | |
| LITLI KJÚLLINN | KL. 6 | |
| TIM BURTON´S CORPSE BRIDE | KL. 10 | |

| | |
|---|---|
| THE MARCH OF THE PENGUINS | KL. 6-8-10 |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 6 |
| DRABET | KL. 8 |


FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn góðkunni Tom Cruise og tilvonandi eiginkona hans, Katie Holmes, hafa fjárfest í sónartæki. Kom þetta fram í þætti Barböru Walters þar sem Cruise var gestur. „Ég keypti sónartækið svo við gætum horft á barnið heima. Við munum notast við það þangað til hún fæðir barnið og þá munum við gefa tækið til einhvers spítala. Þegar talið barst að því hvort þau vissu um kyn barnsins sagðist Cruise ekki vita það. „Ef ég vissi það mundi ég samt ekki segja neinum frá því.“



Söngvarinn góðkunni, Lionel Richie, hefur tjáð sig um þyngdarmissi dóttur sinnar, Nicole Richie. Að sögn söngvarans er aðalástæðan sú að mikið álag sé á Nicole sem hafi það í för með sér að hún léttist mikið. „Hún er bara einfaldlega að finna fyrir því álagi sem fylgir því að vera í sviðsljósinu.“ Nicole segir sjálf að henni sé alveg sama þó að fólk gruni að hún sé haldin átröskun. „Ég hef alltaf verið grönn þannig að ég hef engar áhyggjur sjálf.“



Samkvæmt slúðurblaðinu The Sun er leikkonan Calista Flockhart orðin dyggur aðdáandi sjónvarpsþáttanna um Bubbi byggir eins og þættirnir heita á íslensku. „Nú er ég orðin móðir þá breytist forgangsröðin í lífinu. Allt í einu er ég farin að horfa á Bubba byggja og heila veröld af barnaefni sem ég vissi ekki einu sinni að væri til.



Hin kynþokkafulla leikkona Sarah Michelle Gellar lauk nýverið tökum á myndinni Southland Tales. Í myndinni leikur hún klámmyndastjörnu á móti leikaranum og fyrrum glímukappanum The Rock. Að sögn Gellar fóru þau bæði mjög hjá sér þegar kom að kynlífssenum myndarinnar. „Eg hef sjaldan verið jafn stressuð fyrir nokkurt atriði,“ sagði þessi geðþekka leikkona að lokum.








## Íslendingarnir úr leik

Fimleikamennirnir Rúnar Alexanderson og Viktor Kristmannsson féllu báðir úr leik á fyrsta degi heimsmeistaramótsins sem hófst í Melbourne í Ástralíu í fyrrinótt. Rúnar olli vonbrigðum á bogahesti og hlaut aðeins 8600 stig en Viktor hafnaði í 42. sæti í undankeppninni í fjölþraut.

**sport**

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSFYRIRLIÐINN EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: ER FORFALLINN AÐDÁANDI ROLLING STONES

# *Keypti Rolling Stones-gítar á 11 milljónir*



Knattspyrnumaðurinn Eiður Smári Guðjohnsen gerði sér lítið fyrir á góðgerðaruppboði sem Frank Lampard, samherji hans hjá Chelsea, stóð nýlega fyrir og fjárfesti í forláta gítar sem áður var í eigu Rolling Stones. Eiður Smári borgaði 11 milljónir króna fyrir gítarinn sem er áritaður af öllum meðlimum sveitarinnar, og rennur upphæðin í sjóð til styrktar krabbameinssjúkum börnum á Bretlandseyjum.

Eiður Smári er gallharður „Stones-ari“ og hefur verið frá unga aldri, rétt eins og hans æskuvinur Sverrir Þór Sverrisson, betur þekktur sem Sveppi. „Við náttúrlega ólumst upp með þessu og höfum alltaf tekið Stones fram yfir Bítlana,“ sagði Sveppi við Fréttablaðið í gær. „Hann hringdi í mig þegar hann hafði keypt gítarinn og að sjálfsögðu var ég mjög ánægður með þessa fjárfestingu hans. En verst er að hann á aldrei eftir að geta spilað á hljóðfærið,“ sagði Sveppi og hló.



Eiður Smári fer ekki leynt með vankunnáttu sína á gítarleik, eins og fram kom í svari hans á nýlegum blaðamannafundi þegar hann var spurður af hverju hann hefði keypt gítarinn. „Ég keypti hann því að ég er mikill aðdáandi. Get ég spilað á hann? Nei,“ sagði Eiður og brosti. Sveppi kveðst að sjálfsögðu ætla að prófa gítarinn næst þegar hann fer í heimsókn til Eiðs, þótt hann spili heldur ekki á hljóðfæri. „Ég á fullt af diskum, plötum og annan varning sem tengist Stones og er alltaf að bæta við. Þess vegna er ég svona að vona að gítarinn sé bara dulbúin jólagjöf fyrir mig,“ sagði Sveppi og glotti.

## > Málið á frumstigi



Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, segir samkomulag milli skoska félagsins Dunfermline og Vals ekki vera í höfn ennþá en býst þó við því að það náist innan tíðar. „Þetta mál er á algjöru frumstigi. Við munum alls ekki standa í vegi fyrir Garðari Gunnlaugssyni ef hann hefur tækifæri á því að komast út. Hann hefur fengið tilboð frá Dunfermline sem honum líst ágætlega á.“ Börkur segir áhuga erlendra liða á Garðari ekki koma á óvart. „Garðar hefur leikið vel og ég hef fulla trú á því að hann standi sig vel í framtíðinni.“

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

21 22 23 **24** 25 26 27

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- ☐ 19.15 **Fjölnir** og **Höttur** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grafarvogi.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Keflavík** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grindavík.
- ☐ 19.15 **Haukar** og **Þór Ak.** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta á Ásvöllum.
- ☐ 19.15 **KR** og **Hamar/Selfoss** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Frostaskjóli.
- ☐ 19.15 **Njarðvík** og **Snæfell** mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Njarðvík.

### SJÓNVARP

- ☐ 15.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Endursýndur leikur frá því í gærkvöldi.
- ☐ 17.10 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn. Öll mörkin frá leikjum gærdagsins.
- ☐ 17.50 **Evrópukeppni félagsliða** á Sýn. Bein útsending frá leik **Halmstad** og **Sampdoria**.
- ☐ 20.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- ☐ 20.30 **A1 Grand Prix** á Sýn. Fréttaþáttur um kappaksturinn.
- ☐ 21.30 **Fifth Gear** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Bardaginn mikli** á Sýn. Sýndur verður sögulegur bardagi Joe Louis og Max Schmeling.

# Hvorki reiður né þakklátur Guðjóni Þórðarsyni

**Bók um knattspyrnuferil Guðna Bergssonar kemur út fyrir þessi jól. Í bókinni greinir Guðni ítarlega frá frægum viðskilnaði sínum við landsliðið en ekki er öll kurl komin til grafar í málinu.**

**FÓTBOLTI** Það er fáir íslenskir knattspyrnumenn sem státa af eins glæsilegum knattspyrnuferli og Guðni Bergsson. Fjölmiðlamaðurinn Þorsteinn J. Vilhjálmsson hefur skráð sögu Guðna sem er ekki ævisaga heldur fótboltasaga, Í bókinni er ferill Guðna rakinn ítarlega frá uppeldinu hjá Val til tímans hjá Tottenham og Bolton. Saga Guðna með landsliðinu er ekki undanskilin en sú saga var ekki eins glæst og hún hefði getað verið. Ástæðan var ágreiningur við Guðjón Þórðarson, þáverandi landsliðsþjálfara, sem leiddi til þess að Guðni heyrði ekki frá knattspyrnuforystunni á Íslandi í fimm ár.

Margar sögur hafa verið á kreiki um ástæður þess að kastaðist í kekki á milli Guðna og Guðjóns. Guðni segir frá sinni hlið mála í bókinni.

Sagan um samskipti Guðna og Guðjóns er athyglisverð en Guðni lenti tvisvar í umdeildum málum með landsliðinu. Þeir félagar hittust þrátt fyrir það á kaffihúsi síðar og grófu stríðsöxina. Fór afar vel á með þeim að því er fram kemur í bókinni. „Hann var mjög opinskár og einlægur. Við vorum eiginlega komnir á trúnaðarstigið, eins og sagt er, yfir kaffinu. Það lá við að við féllumst í faðma þegar við skildum. En við létum nægja að takast í hendur og hann sagði: „Við sjáumst eftir nokkrar vikur, Guðni.“ Gerum það,“ svaraði ég,“ segir í bók Guðna. Eftir þennan fund heyrðist hvorki hósti né stuna frá Guðjóni eða KSÍ í heil fimm ár. Það fannst Guðna vera sárt.



**GUÐNI BERGSSON** Búinn að gefa út bók um knattspyrnuferilinn sem var einkar glæsilegur. Guðni greinir frá frægum samskiptum sínum við Guðjón Þórðarson í bókinni en hann er ekki ánægður með framkomu Guðjóns í sinn garð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hafði tekið frumkvæði að því að ganga frá málinu og taldi okkur vera á sömu línu. Svo þegar annað kemur í ljós þá var eðlilega hundur í manni,“ sagði Guðni á blaðamannafundi í gær en hann hefur aldrei leitað svara hjá Guðjóni við því af hverju hann hefði kosið að ganga á bak orða sinna og ekki valið hann aftur í landsliðið? „Ég hef hitt hann einu sinni og við áttum stutt spjall en það var ekki alveg eins vinalegt og á kaffihúsinu áður. Hann hefur eflaust sína skýringu. Ég hefði samt viljað heyra hana frá honum sjálfum.“

Guðni reyndi þrátt fyrir þetta að gera gott úr málunum en það að leika ekki með landsliðinu gaf honum meiri hvíld og hann spilaði fyrir vikið lengur og betur með Bolton. Er Guðni þá reiður eða þakklátur Guðjóni?

„Ég er ekki reiður honum. Ég fer ekkert ofan af því að þetta var ekki góð framkoma. Ég var ekki sáttur við hana þá og er ekki enn þann dag í dag. Ég er ekki reiður honum en ég er ekkert sérstaklega þakklátur honum heldur. Hann hefði átt að tala við mig og ég fer ekkert ofan af því,“ sagði Guðni Bergsson. **henry@frettabladid.is**



**ROY KEANE** Gríðarlega eftirsóttur.

Portsmouth:

## Vill gera Keane að þjálfara

**FÓTBOLTI** Enska úrvalsdeildarfélagið Portsmouth er að spá í að bjóða Roy Keane samning sem leikmaður og þjálfari hjá félaginu.

„Það væri frábært að fá Keane til félagsins og við erum tilbúnir að prófa ýmsar leiðir til þess að fá hann hingað,“ sagði Peter Storrie, yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu.

Annars telst breskum fjölmiðlum það til að 40 félög hafi sýnt áhuga á að fá Keane til liðs við sig. Ekkert hefur heyrst frá Keane síðan hann gekk af æfingasvæði Man. Utd í síðasta skipti. **- hbg**

Ísland og FIFA-listinn:

## Einu sæti neðar

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu er í 93. sæti á heimslista FIFA sem gefinn var út í gær og hefur fallið um eitt sæti frá því í síðasta mánuði. Íslenska liðið lék ekki leik á tímabilinu.

Brasilía er sem fyrr í efsta sætinu en Tékkar eru komnir upp í annað sætið, fram yfir Hollendinga sem eru í því þriðja. **- vig**



**ÍRAR Í NBA?** Svo gæti farið að Steve Nash þyrfti að kljást við írska leikmenn innan tíðar í NBA-deildinni.

Rafael Benitez er í hlutverki Skröggs þessi jólin:

## Engar konur í jólagleðinni

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, vann sér inn fá stig hjá eiginkonum og kærustum leikmanna Liverpool þegar hann ákvað að meina þeim aðgang að jólagleði Liverpool-liðsins en jólagleði enskra knattspyrnuliða síðustu ár hafa endað með ósköpum.

Benitez vill hafa „strákakvöld“ svo að strákarnir geti kynnst betur í rólegu og afslöppuðu umhverfi. Það verður mikið fjör hjá drengjunum því eftir matinn verður haldið á hommaklúbbinn Garlands en sá staður er að verða fastur viðkomustaður hjá leikmönnum Liverpool eftir jólagleði. Það er fyrirliðinn, Steven Gerrard, sem hefur skipulagt herlegheitin en Jerzy Dudek fór víst á kostum á Garlands síðustu jól þegar hann steig trylltan dans.



**RAFAEL BENITEZ** Vill hafa strákakvöld hjá Liverpool og lokar því á konurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Fótboltinn er á niðurleið:

## Körfubolti vinsæll á Írlandi

**KÖRFUBOLTI** Körfubolti er á góðri leið með að verða vinsælasta íþróttagrein Írlands, ef miðað er við nýlega rannsókn sem gerð var þar í landi. Þar kemur fram að körfubolti er orðinn vinsælli íþróttagrein en fótbolti í flestum grunnskólum landsins, en fram til þessa hefur fótboltinn haft mikla yfirburði hvað vinsældir meðal ungmenna varðar.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að 68% prósent grunnskóla á Írlandi bjóða nemendum sínum upp á að stunda körfubolta en aðeins 54% bjóða upp á knattspyrnu. Rugby er einnig framar fótbolta, og er í öðru sæti, en 62% grunnskóla bjóða upp á þá íþrótt. Í fjórða sæti komu frjálsar íþróttir með framboð upp á 41%. **- vig**



# GLEÐILEG TÓNLISTARJÓL!

## Mest seldu plöturnar á Íslandi í dag!

NR. 1




Nr.1 • Björgvin Halldórsson




Nr.2 • Sálin hans Jóns míns

NR. 2

NR. 3




Nr.3 • Garðar Thor Cortes

NR. 4




Nr.4 • Helgi Björns

NR. 7



Nr.7 • Óskar Pétursson

NR. 8




Nr.8 • Nylon

NR. 9




Nr.9 • Írafár



TÓNLISTINN 2005

46. VIKA

| Nr. | Diskur | Flytjandi | Útgefandi | Nr. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ár og öld | Björgvin Halldórsson | Sena | 1. |
| 2. | Undir þínum áhrifum | Sálin hans Jóns míns | Sena | 2. |
| 3. | Cortes | Garðar Thor Cortes | Plan B | 3. |
| 4. | Yfir Esjuna | Helgi Björns | Sena | 4. |
| 5. | Hjálmar | Hjálmar | Geimsteinn | 5. |
| 6. | After the rain | Ragnheiður Gröndal | 12 Tónar | 6. |
| 7. | Þú átt mig ein | Óskar Pétursson | Sena | 7. |
| 8. | Góðir Hlutir | Nylon | Plan B | 8. |
| 9. | [illegible] | Írafár | Sena | 9. |
| | | | | 10. |

góða skemmtun um jólin ▶

Plan B
sena

Sir Alex Ferguson bjartsýnn þrátt fyrir jafnteflið:

# Erum vanir pressu

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er fullur bjartsýni þótt lið hans hafi aðeins náð jafntefli gegn Villarreal á heimavelli í meistaradeildinni. Fyrir vikið verður United að leggja Benfica í Portúgal í lokaleik sínum í riðlinum eða ná jafntefli og vonast til þess að Villarreal sigri Lille.

„Við erum í fínu formi og sjálfstraustið er til staðar. Það er stórt verkefni fram undan en við erum ekki óvanir því að vera undir pressu,“ sagði Ferguson eftir leikinn á þriðjudaginn.

Hinn skoski Ferguson var ósáttur við hversu mikið leikmenn Villarreal reyndu að tefja tímann á Old Trafford. „Þeir hugsuðu aðeins um að verjast frá upphafi og töfðu hvað eftir annað. Ég átti ekki til orð þegar ég sá að dómarinn bætti aðeins þremur mínútum við venjulegan leiktíma. Annars fannst mér frammistaða okkar ekkert slæm. Mér fannst við eiga skilið meira en við fengum úr þessum leik en því miður féllu hlutirnir ekki fyrir okkur.“

United hefur nú leikið þrjá leiki í röð í m0eistaradeildinni án þess að skora og liðið hefur í raun aðeins skorað tvö mörk í riðlinum en bæði mörkin komu í heimasigri á Benfica. **- hbg**




# LeBron James fer á kostum

**Cleveland Cavaliers er heitasta liðið í NBA-deildinni þessa dagana og árangurinn er ekki síst að þakka ungstirninu LeBron James sem er hreinlega óstöðvandi.**

**KÖRFUBOLTI** Cleveland vann sinn áttunda leik í röð aðfaranótt miðvikudags þegar það skellti Boston, 115-93. LeBron fór á kostum í leiknum og skoraði 36 stig annan leikinn í röð. Cleveland er búið að vinna alla heimaleiki sína í vetur og gott betur því liðið hefur slátrað öllum andstæðingum sínum með 21 stigi að meðaltali á heimavelli.

Cavs vann síðast átta leiki í röð árið 1997 en þá var James óharðnaður unglingur. Þessi efnilegi strákur hefur tekið gríðarlegum framförum og með álíka áframhaldi verður hann besti leikmaður deildarinnar.

„Það er mikil sigling á okkur og í fyrsta skipti líður mér vel því allt liðið er að leika virkilega vel,“ sagði James sem nýtur sín sem aldrei fyrr en þessi strákur hefur verið undir miklu álagi síðan hann ákvað að gerast atvinnumaður enda vilja spekingar meina að ekki hafi annað eins efni komið fram síðan Michael Jordan var og hét.

„Munurinn á LeBron núna og á síðasta ári er að hann leyfir félögum sínum að taka meiri þátt í leiknum núna,“ sagði Doc Rivers, þjálfari Boston, sem hreifst mjög af James. „Hann skoraði 36 stig þrátt fyrir að vera ekki eigingjarn. Ef hann hefði verið eigingjarn hefði hann hæglega getað skorað 50 stig í leiknum en þá hefði liðið kannski tapað leiknum. Þar liggur stóri munurinn.“

henry@frettabladid.is



**LEBRON JAMES** Þetta ungstirni hefur sprungið út með látum í vetur og undir hans forystu er Cleveland heitasta liðið í NBA-deildinni með átta sigra í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sundkappinn Örn Arnarson fór í hjartaþræðingu í gær:

# Má byrja að synda eftir viku

**SUND** Örn Arnarson fór í hjartaþræðingu í gærmorgun og þá kom í ljós að hann var með aukaleiðslubraut hægra megin í hjartanu en hún olli þeim óreglulega hjartslætti sem Örn var með. Brennt var fyrir hana og þar með ætti vandræðum Arnar að ljúka.

„Þetta gekk bara vel og það er gott að þessu er lokið,“ sagði Örn við Fréttablaðið í gær. „Ég hef örugglega alltaf verið með þetta en þetta varð ekki að vandamáli fyrr en ég varð 18 eða 19 ára. Það er gott að vita hvað var að plaga mann og að það sé búið að laga það.“

Örn má byrja að synda eftir viku en hann getur ekki byrjað að æfa af fullum krafti fyrr en eftir áramót.

„Ég tek á því af alvöru strax eftir áramót. Það er síðan heimsmeistaramót í 25 metra laug í Kína um páskana. Sundsambandið ætlar ekki að senda lið en ég og þjálfarinn minn stefnum engu að síður á að fara á mótið. Svo er Evrópumeistaramót í Búdapest í ágúst og þangað stefni ég einnig,“ sagði Örn bjartsýnn á framtíðina. **- hbg**



**ÖRN ARNARSON** Fór í hjartaþræðingu í gær sem gekk vel og hann má byrja að synda á ný eftir viku.

FIFA gerir risasamning við Coca Cola:

## Coca Cola lætur FIFA fá 32 milljarða til ársins 2022

**FÓTBOLTI** Alþjóðaknattspyrnusambandið hefur gert risasamning við Coca Cola um að drykkjarframleiðandinn verði aðalstyrktaraðili sambandsins til ársins 2022.



**ÁFRAMHALDANDI SAMSTARF** Sepp Blatter og Neville Isdell sjást hér með HM styttuna frægu eftir undirskrift risasamningsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hljóðar samningurinn upp á 500 milljónir dollara, eða rétt um 32 milljarða íslenskra króna, en með honum tryggir Coca Cola sig sem aðalstyrktaraðili í öllum keppnum FIFA, meðal annars fjórum heimsmeistaramótum.

Coca Cola er stærsta og útbreiddasta vörumerki heims og sagði Neville Isdell, forstjóri félagsins, að samningurinn við FIFA væri liður í áætlun fyrirtækisins um að halda þeirri stöðu. Coca Cola hefur verið aðalstyrktaraðili FIFA frá árinu 1978 og segir Isdell að samstarfið hafi verið afar farsælt.

„Við vonumst til að samstarfið verði áfram í sama farvegi og það hefur verið. Fótbolti er stórkostleg íþrótt og Coca Cola er stolt af því að styrkja stærstu keppni sem haldin er í þeirri íþrótt,“ sagði Isdell, en heimsmeistaramótið í fótbolta er stærsti íþróttaviðburður heims að undanskildum Ólympíuleikunum. **- vig**



**KEVIN NOLAN** Hefur verið í landsliðsklassa að undanförnu.

Jay-Jay Okocha:

## Nolan á að vera fyrirliði

**FÓTBOLTI** Nígeríski miðjumaðurinn hjá Bolton, Jay-Jay Okocha, segist ekkert bitur vegna þeirrar ákvörðunar stjórans Sam Allarcye um að gera Kevin Nolan að fyrirliða liðsins. Nolan fékk armbandið þegar Okocha lenti í meiðslum í upphafi tímabilsins en þrátt fyrir að Okocha sé búinn að ná sér er fyrirliðabandið ennþá á hendi Nolans.

„Kevin hefur spilað stórkostlega á þessari leiktíð og eftir að ég lenti í meiðslunum setti hann einfaldlega í annan gír,“ segir Okocha, sem hrifist hefur mjög af hinum 23 ára gamla samherja sínum.

„Hann er náttúrulegur leiðtogi og þótt hann sé ungur að árum er hann virtur af öllum þeim sem að Bolton koma. Ég efast ekki um að hann getur orðið goðsögn hjá þessu félagi enda þegar orðinn frábær leikmaður þótt hann geti ennþá bætt sig á mörgum sviðum,“ segir Okocha. **- vig**



**VODAFONE** Græddi mest á Man. Utd þegar liðinu vegnaði sem best.

Machester United:

## Vodafone segir upp samningi

**FÓTBOLTI** Farsímarisinn Vodafone hefur sagt upp samningi sínum við Manchester United, en hin rauða treyja liðsins hefur borið merki Vodafone frá árinu 2000. Kemur þessi ákvörðun Vodafone mikið á óvart þar sem aðilar skrifuðu undir nýjan fjögurra ára samning í lok ársins 2003 sem var 40 milljarða króna virði. Nú hafa félögin hins vegar komist að samkomulagi um að samningurinn muni enda í lok þessa tímabils.

Í tilkynningu frá Vodafone kom fram að fyrirtækið hygðist einbeita sér að markaðssetningu tengdri meistaradeild Evrópu, en Vodafone mun vera aðalstyrktaraðili keppninnar frá og með næstu leiktíð. Þó er ekki ólíklegt að slakur árangur Man. Utd, bæði í fyrra og það sem af er leiktíð í ár, hafi haft eitthvað með ákvörðun Vodafone að gera.

Ekki er víst hvaða fyrirtæki mun verða í forgrunni á treyjum Man. Utd á næsta tímabili en auglýsingastjóri félagsins, Andy Anson, sagði það vera í viðræðum við nokkur „fyrirtæki á heimsmælikvarða“. - vig



**GOLF** Er ekki alltaf dans á rósum eins og rannsóknir hafa sýnt fram á.

Golf er ekki dans á rósum:

## Meiðsli eru mjög algeng

**GOLF** Rannsóknir hafa sýnt að golf er langt frá því að vera jafn einföld og auðveld íþrótt og margir vilja láta því rannsóknir hafa sýnt að þeir sem stunda íþróttina eiga við margvísleg og erfið meiðsli að glíma. Bakmeiðsli eru mjög algeng hjá þeim sem stunda íþróttina af krafti og eru til dæmis 40% meiri líkur því að kylfingur lendi í bakmeiðslum ef hann stundar aðra íþrótt samhliða golfinu.

Alls eiga 53% karla og 47% kvenna sem spila golf að ráði við einhvers konar bakmeiðsli að stríða og þá hafa rannsóknir sýnt fram á að 24% karla og 27% kvenna meiðast á olnboga. - vig

Líðan George Best:

## Fer stöðugt versnandi

**FÓTBOLTI** Ástand fyrrum knattspyrnuhetjunnar George Best fer enn versnandi og að sögn lækna á sjúkrahúsinu sem hann hefur dvalið á síðustu daga var aðfaranótt gærdagsins sérstaklega slæm fyrir Best. „Hann var lagður inn með sýkingu í lungum en nú er hann kominn með innvortis blæðingar. Ástand hans er mjög alvarlegt en nokkuð stöðugt,“ sagði Roger Williams prófessor í gær.

Williams segir að enn sé möguleiki á að Best nái heilsu, en afar ólíklegt sé að hann verðu samur aftur. Best hefur átt við nýrnavandamál að stríða undanfarin ár vegna óhóflegrar áfengisdrykkju í gegnum tíðina. - vig

Leikmaður Middlesbrough fundinn sekur um lyfjanotkun:

# Xavier fékk 18 mánaða bann

**FÓTBOLTI** Portúgalinn Abel Xavier, sem meðal annars gerði garðinn frægan með Liverpool og Everton, var í gær dæmdur í eins og hálfs árs keppnisbann, en hann féll á lyfjaprófi sem tekið var eftir leik Middlesbrough og Xanthi í Evrópukeppni félagsliða, þann 29. september.

Xavier hefur komið víða við á sínum ferli en hann var á mála hjá Middlesbrough þegar hann féll á lyfjaprófinu. Talsmaður Evrópska knattspyrnusambandsins sagði töluvert mikið magn ólöglegra lyfja hafa fundist í blóði Xaviers og hefði bannið því verið í lengra lagi. „Xavier braut reglur um lyfjanotkun og fyrir það er honum refsað. Átján mánaða bann þykir viðunandi miðað við brot hans.“

Xavier ætlar að reyna að hreinsa nafn sitt, en hann hefur haldið fram sakleysi sínu síðan þetta kom upp. Þetta er í annað sinn sem Xavier er dæmdur í langt leikbann af Knattspyrnusambandi Evrópu en hann fékk níu mánaða bann eftir undanúrslitaleik Frakklands og Portúgal í Evrópumeistarakeppninni árið 2000. - mh



**ABEL XAVIER** Var með mikið af ólöglegum lyfjum í líkamanum eftir leik með Middlesbrough í Evrópukeppninni í lok september.

Slepp Blatter:

## Vill ekki sjá marklínutækni

**FÓTBOLTI** Slepp Blatter, formaður FIFA, er ekki hlynntur því að tekin verði upp tækni sem sker úr um hvort bolti hafi farið inn fyrir marklínuna eður ei í umdeildum atvikum. Blatter segist mjög íhaldssamur þegar kemur að reglum í fótbolta og að mistök séu einfaldlega hluti af þeim leik sem fótbolti er.

„Fótbolti á ekki að vera of tæknilega sinnaður. Fótbolti er mjög einföld íþrótt og það er eitt af því sem gerir hann svo vinsælan,“ sagði Blatter en bætti við að enn væri verið að gera tilraunir með hina nýju tækni, sem gerir út á að örlögu er komið fyrir í keppnisboltanum. - vig

GSM HEIMASÍMI INTERNET SJÓNVARP

Ég fæ **Sýn** á 1.990 kr. mánuði og sé öll mörkin sem liðið mitt skorar í gemsanum!

**1.990 kr.**
**Sýn á mánuði**
Allir sem skráðir eru í **Og1** fá áskrift að **Sýn** fyrir 1.990 kr. á mánuði.

**0 kr.**
**Enski boltinn í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin sem liðið skorar í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**0 kr.**
**Meistaradeildin í símann**
Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr þeim riðli og úrslitakeppninni í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá **Og Vodafone.**

**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM, Internet og Heimasíma.**

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

FENERBACHE-AC MILAN 0-4
0-1 Andrei Shevchenko (16.), 0-2 Andrei Shevchenko (52.), 0-3 Andrei Shevchenko (70.), 0-4 Andrei Shevchenko (76.).

SCHALKE-PSV 3-0
**1-0 Levan** Kobiashvili (18.), 2-0 Levan Kobiashvili (73.), 3-0 Levan Kobiashvili, víti (79.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **5** | **2** | **2** | **1** | **9-4** | **8** |
| SCHALKE | 5 | 2 | 2 | 1 | 10-6 | 8 |
| **PSV** | **5** | **2** | **1** | **2** | **2-6** | **7** |
| FENERBACHE | 5 | 1 | 1 | 3 | 7-12 | 4 |

**F-RIÐILL:**

REAL MADRID-LYON 1-1
1-0 Guti (41.), 1-1 John Carew (72.).

ROSENBORG-OLYMPIAKOS 1-1
0-1 Rivaldo (25.), 1-1 Thorstein Helstad (88.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-3** | **13** |
| REAL MADRID | 5 | 3 | 1 | 1 | 9-6 | 10 |
| **ROSENBORG** | **5** | **1** | **1** | **3** | **5-9** | **4** |
| OLYMPIAKOS | 5 | 0 | 1 | 4 | 5-12 | 1 |

**G-RIÐILL:**

ANDERLECHT-CHELSEA 0-2
0-1 Hernan Crespo (8.), 0-2 Richardo Carvalho (15.)

LIVERPOOL-REAL BETIS 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LIVERPOOL** | **5** | **3** | **2** | **0** | **6-1** | **11** |
| CHELSEA | 5 | 3 | 1 | 1 | 7-1 | 10 |
| **REAL BETIS** | **5** | **2** | **1** | **2** | **3-6** | **7** |
| ANDERLECHT | 5 | 0 | 0 | 0 | 0-6 | 0 |

**STAÐAN:**

PORTO-RANGERS 1-1
1-0 Lisandro Lopez (60.), 1-1 Ross McCormack (83.).

INTER-ARMEDIA 4-0
**1-0 Luis** Figo (28.), 2-0 Adriano (41.), 3-0 Adriano (59.), 4-0 Adriano (74.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **INTER** | **5** | **4** | **0** | **1** | **8-3** | **12** |
| RANGERS | 5 | 1 | 3 | 1 | 6-6 | 6 |
| **ARTMEDIA** | **5** | **1** | **2** | **2** | **5-9** | **5** |
| PORTO | 5 | 1 | 1 | 3 | 8-9 | 4 |

### *Evrópukeppni félagsliða*

**B-RIÐILL:**

LOKOMOTIV MOSKVA-BRÖNDBY 4-2
0-1 Martin Retov (11.), 0-2 Morten Skoubo (28.), 1-2 Dmitri Loskov (60.), 2-2 Igor Lebedenko (63.), 3-2 Dmitri Loskov (65.), 4-2 Dmitri Loskov (84.).

### *EM kvenna í handbolta:*

ÍSLAND-BELGÍA 34-22 (17-11)
**Mörk Íslands:** Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6, Hanna G. Stefánsdóttir 5, Gunnur Sveinsdóttir 5, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Guðbjörg Guðmannsdóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 2, Kristín Clausen 2, Ágústa Edda Björnsdóttir 2, Ásdís Sigurðardóttir 2, Dröfn Sæmundsdóttir 1.
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 6, Helga Torfadóttir 7.

# Liverpool komið áfram

**Liverpool náði stiginu sem það þurfti gegn Real Betis í gær til að tryggja sig áfram í Meistaradeild Evrópu. Betis þarf nánast á kraftaverki að halda til að komast áfram því Chelsea vann auðveldan sigur á Anderlecht í Belgíu.**

**FÓTBOLTI** Viðureign Chelsea og Anderlecht í G-riðli meistaradeildarinnar í gærkvöldi var í raun leikur kattarins að músunni því að gestirnir höfðu mikla yfirburði og náðu heimamenn aldrei að velgja ensku meisturunum undir uggum. Eins og við var að búast var Eiður Smári Guðjohnsen í byrjunarliði Chelsea sem hreinlega kaffærði Anderlecht á upphafsmínútum leiksins í gær.

Fyrst skoraði Hernan Crespo með fínu marki eftir að hörð pressa Chelsea hafði borið árangur. Crespo afgreiddi magnaða fyrirgjöf Franks Lampard á glæsilegan hátt og svo virðist sem argentínski framherjinn sé loksins að finna fjölina sína. Varnarmaðurinn Richard Carvalho bætti við öðru marki aðeins sjö mínútum síðar eftir að varnarmenn Anderlecht höfðu steinsofnað á verðinum. Staðan því orðin 2-0 eftir stundarfjórðung og má segja að úrslitin hafi verið ráðin, enda Chelsea ekki vant að fá á sig mikið af mörkum.

Í síðari hálfleik héldu yfirburðir Chelsea áfram og færði Eiður Smári sig þá á hægri kantinn eftir að hafa spilað sem fremsti miðjumaður framan af leik. Eiður Smári átti ágæta spretti í leiknum og var duglegur að opna svæði fyrir samherja sína. Hann var tekinn af velli á 77. mínútu og uppskar lófaklapp frá aðdáendum Anderlecht, enda er Arnór faðir hans í miklum metum hjá þeim eftir að hafa spilað lengi með liðinu á sínum ferli.



**EIÐUR SMÁRI Í BARÁTTUNNI** Eiður Smári Guðjohnsen sést hér hafa betur gegn Yves Vanderhaeghe hjá Anderlecht í leik liðanna í gær. Eiður Smári átti fínan leik með Chelsea í gær.

Í hinum leik riðilsins gerðu Liverpool og Real Betis markalaust jafntefli þar sem lánleysi Peter Crouch hélt áfram upp við mark andstæðinganna. Crouch fékk urmul tækifæra í leiknum í gær og átti alls 10 skot á markið, en inn vill boltinn ekki hjá honum. Crouch átti hins vegar fínan leik og gerði allt nema að skora. Úrslitin þýða að möguleikar Betis í keppninni eru litlir sem engir og Liverpool er öruggt áfram.

Framherjar Mílanó-liðana tveggja, Andrei Shevchenko hjá AC Milan og Adriano hjá Inter, voru í miklu stuði í gærkvöldi. Shevchenko skoraði öll fjögur mörk AC Milan í útisigri liðsins á Fenerbache og Adriano skoraði þrennu í 4-0 sigri á Artmedia. Með sigrinum komst AC Milan á topp E-riðilsins með jafn mörg stig og Schalke en í 3. sæti er PSV með sjö stig. Það ríkir því mikil spenna fyrir lokaumferðina í þeim riðli.

Íslenska kvennalandsliðið var í eldlínunni í undankeppni EM í gær:

# Stór sigur á slöku liði Belga

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann öruggan sigur á Belgíu í undankeppni EM sem fram fer á Ítalíu. Ekki var að sjá að tapið fyrir heimastúlkunum á Ítalíu í fyrradag sæti í leikmönnum íslenska liðsins því liðið vann stóran sigur, 34-22, og innbyrti þar með sinn fyrsta sigur á mótinu.

Sigur Íslands var aldrei í hættu og hafði liðið örugga forystu nánast frá upphafi til enda. Staðan í hálfleik var 17-11, Íslandi í vil, en athygli vekur að bæði lið skoruðu nákvæmlega jafn mikið í báðum hálfleikjunum.

Það var Jóna Margrét Ragnarsdóttir sem var markahæst í íslenska liðinu með sex mörk en Hanna G. Stefánsdóttir kom næst með fimm. Annars leyfði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari sem flestum leikmönnum að spreyta sig í leiknum og dreifðist markaskorun nokkuð jafnt á leikmenn liðsins. Þá skiptu markmenn liðsins hálfleikjunum tveimur á milli sín; Berglind Hansdóttir varði sex skot í þeim fyrri en Helga Torfadóttir sjö í þeim síðari.



**HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR** Átti ágætan leik fyrir Ísland í gær og skoraði þrjú mörk.

Íslenska liðið mættir Sviss á morgun í þriðja leik sínum í keppninni en í riðlinum eru sex lið og gefa fjögur efstu sætin sæti í umspili fyrir EM sem fara mun fram í byrjun næsta sumars. - vig



**FREDDIE LJUNGBERG** Segir Arsenal ætla að einbeita sér mest að meistaradeildinni í ár.

Freddie Ljungberg:

## Ætlum langt í Evrópu

**FÓTBOLTI** Freddie Ljungberg, hinn sænski miðjumaður Arsenal, segir að liðið ætli sér að ná langt í meistaradeild Evrópu í ár og bæta þar með upp fyrir slakan árangur liðsins í þeirri keppni undanfarin tímabil. Ljungberg gekk svo langt í viðtali við breska fjölmiðla í gær að segja að Arsenal ætli sér að fara alla leið í meistaradeildinni.

„Við erum öruggir áfram í 16-liða úrslitin og nú veltur framhaldið á því hverjum við mætum næst. En af hverju ættum við ekki að geta farið alla leið?" spyr sá sænski. „Leikmenn Arsenal líta mjög vonglaðir á þessa keppni og eru allir staðráðnir í að gera betur í ár en áður. Ég veit ekki hvað hefur gerst í þessari keppni hjá liðinu á liðnum árum, stundum vinnur allt á móti okkur en á öðrum stundum er heppnin með okkur. Við erum ekki sáttir með árangurinn hingað til og ætlum okkur mun lengra í ár," segir Ljungberg. - vig

Sam Allardyce:

## Mætir ekki á æfingar Bolton

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton í ensku úrvalsdeildinni, hefur ekki mætt á æfingar liðsins fyrir leikinn gegn Vitoria Guimares í Evrópukeppni félagsliða á morgun. Það er hins vegar ekki svo að Allardyce hafi lent í útistöðum við leikmenn eða stjórnarmenn félagsins - hann er einfaldlega aðeins með flensu og ætlar með öllu móti að komast hjá því að smita lærisveina sína.

„Flensan sem ég er með gæti breitt úr sér svo að ég tek enga áhættu með því að vera nálægt leikmönnunum. Ég hef fullt af færum þjálfurum á mínum snærum sem geta séð um liðið á meðan ég næ mér," sagði Allardyce í gær. - vig

Ronaldinho segir ekkert lát á frábærri spilamennsku Barcelona:

# Við getum haldið svona áfram

**FÓTBOLTI** Brasilíski knattspyrnusnillingurinn Ronaldinho segir ekkert mæla gegn því að Barcelona muni halda áfram að spila þann bolta sem liðið hefur sýnt í undanförnum leikjum. Margir telja að Barcelona spili flottasta fótbolta sem sést hefur í Evrópu í nokkur ár og er þar skemmst að minnast stórkostlegrar frammistöðu liðsins gegn Real Madrid um síðustu helgi.

„Þegar ég lít yfir leikmannahóp okkar og þau gæði sem eru í honum tel ég að við getum haldið áfram að spila svona í langan tíma," sagði Ronaldinho eftir leikinn gegn Werder Bremen í meistaradeildinni í fyrradag, en í þeim leik voru Þjóðverjarnir algjörlega yfirspilaðir þrátt fyrir að fjöldi fastamanna hjá Barcelona hefðu verið hvíldir.

„Með hverjum leiknum sem við vinnum eykst sjálfstraustið. Okkar markmið er einfaldlega að halda áfram á sömu braut," segir Ronaldinho jafnframt en Barcelona hefur unnið síðustu sjö leiki sína með markatölunni 24-2 og er nánast enga veika bletti að finna í því leikskipulagi sem Frank Rijkaard hefur komið á hjá liðinu. Sjálfur segist hollenski þjálfarinn eiga lítinn þátt í árangri liðsins að undanförnu.

„Það eru forréttindi að fá að starfa með jafn hæfileikaríkum leikmönnum og eru hjá liðinu. Allir leggja sitt af mörkum sem þýðir að þó að einn leikmaður sé fjarverandi veit ég að annar mun leysa hann af með jafngóðum árangri," segir Rijkaard. Og Ronaldinho segir þá stefnu einmitt vera lykilinn að velgengni liðsins.

„Það er mjög mikilvægt að allir fái að spila. Þeir leikmenn sem spila ekki í hverri viku eru aldrei fúlir. Þeir bíða frekar eftir sínu tækifæri og njóta þess að spila þegar það færi gefst. Það er vegna slíks hugarfars sem liðið er svona gott," segir Ronaldinho.



**RONALDINHO** Skoraði eitt mark og lagði upp tvö í leiknum gegn Werder Bremen í Meistaradeildinni fyrradag.

Talsmaður hjá Celtic:

## Við höfum ekki rætt við Keane

**FÓTBOLTI** Talsmaður skoska knattspyrnufélagsins Celtic segir ekki rétt að félagið hafi rætt við Roy Keane, en fréttir þess efnis birtust á Bretlandseyjum í gær. Alls hafa 40 félög lýst yfir áhuga á því að fá Keane í sínar raðir en Celtic er ekki eitt af þeim, enn sem komið er að minnsta kosti.

„Á þessu stigi hefur Celtic ekki átt í neinum viðræðum við Keane né neinn af aðstandendum hans," sagði talsmaðurinn í gær. Talið er líklegt að Keane gangi til liðs við skoska stórliðið fari svo að það hafi áhuga á honum, og verður að teljast mjög líklegt að svo sé. Ef ekki er ljóst að Keane mun geta valið úr tilboðum enda hefur leikmaður sjaldan eða jafnvel aldrei verið eins eftirsóttur og Keane er um þessar mundir. - vig




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„No, it is not dangerous to confuse children with angels.“**

**Svar:**
Spurningastrákurinn Donnie Smith úr kvikmyndinni Magnolia frá árinu 1999

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON BÍÐUR EFTIR ÞVÍ AÐ LÆRA AF MISTÖKUM ANNARRA.**

## *Sterkt útspil hjá Sirkus*

Það er nokkur uggur í mér yfir því að hver sakamálaþátturinn á fætur öðrum er að renna sitt skeið. CSI:New York kláruðust nýlega á Skjá einum og nú er Law&Order farinn sömu leið. Law&Order: SVU fylllir að vísu það skarð en þar er krumpufésið og eðallögg-an Lennie Brisco ekki með en hann hefur lyft Law&Order upp yfir systurþættina. Það er þó útlit fyrir að það fari að rætast úr ástandinu á glápvígvellinum eftir þessi sviplegu fráföll þeirra þátta sem best hefur verið að setjast fyrir framan og slökkva á heilanum. Sjónvarpsstöðin Sirkus, sem hefur verið hálf hölt undan-farið, hefur blásið til sóknar og boðar hressilega viðbót nýrra þátta á dagskrá sína. Þar ber hæst snilldina My Name is Earl með hinum dásamlega Jason Lee í aðalhlutverki. Það er mikill fengur í að þessi geðþekki kvikmyndaleikari skuli kíkja í sjónvarpið.

Þættirnir segja frá hvítaruslinu Earl sem á sér ekki viðreisnar von en þegar hann finnur skafmiða og vinnur milljón doll-ara áttar hann sig á því að hann þarf að taka til á karmareikningnum sínum og byrjar að nota tíma sinn og fé til þess að hjálpa öðrum.

Earl tekur saman langan lista yfir alla þá sem hann hefur farið illa með í gegnum tíðina og rekur sig svo niður listann og reynir eftir fremsta megni að bæta fyrir brot sín. Það gengur auðvitað misvel en það verður ekki af Earl tekið að hann vill vel.



**LENNIE BRISCO** Þessi harða lögga skilur eftir sig skarð sem erfitt verður að fylla.

Það er svolítill 12 spora fílíngur í þessu hjá Earl sem leggur sig allan fram til þess að hann geti um frjálst höfuð strok-ið og notið þess að vera til. Þættirnir eru þó fyrst og fremst drepfyndnir og skemmtilega útfærðir þannig að það má skemmta sér konunglega yfir tilraunum hans til þess að gera yfirbót. Svo lærir maður kannski eitthvað af mistökum hans í leiðinni.



▶ **20.25** *Gaman*
SCRUBS



▶ **21.00** *Drama*
FOOTBALLER'S WIVES



▶ **21.40** *Drama*
WEEDS



▶ **22.00** *Keppni*
HERRA ÍSLAND 2005



▶ **20.30** *Kappakstur*
A1 GRAND PRIX

### SJÓNVARPIÐ

**16.35** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Latibær** e.
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
▶ **20.25** **Nýgræðingar (86:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.
**20.50** **Svona var það** (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð.
**21.15** **Launráð** (Alias IV)Bandarísk spennuþáttaröð. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.25** **Blackpool (1:6)** Breskur myndaflokkur. Ripley Holden rekur leiktækjasal í Blackpool og ætlar sér að efnast vel.

**23.25** Aðþrengdar eiginkonur (14:23) **0.10** Kastljós **1.00** Dagskrárlok

### 2 (STÖÐ 2)

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (8:145) **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Fresh Prince of Bel Air (21:25) **13.30** Blue Collar TV (14:32) **13.55** Two and a Half Men (6:24) **14.20** The Block 2 (7:26) (e) **15.05** What Not to Wear (1:6) **15.35** Tónlist **16.00** Jimmy Neutron **16.20** Með afa **17.15** Barney **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **The Simpsons (15:23)**
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Eldsnöggt með Jóa Fel (5:8)**
▶ **21.00** **Footballer's Wives (5:9)** (Ástir í boltanum 4) Hér áður fyrr voru það poppstjörnur og kvikmyndastjörnur. Nú eru það fótboltahetjurnar sem eru fínasta og frægasta fólkið. Bönnuð börnum.
**21.50** **Afterlife (3:6)** (Framhaldslíf) Magnaður og ógnvekjandi spennumyndaflokkur. Bönnuð börnum.
**22.40** **Invincible** (Ósigrandi) Ævintýraleg bardagamynd sem framleidd var af Mel Gibson og Jet Li m.a. Bönnuð börnum.

**0.10** The 4400 (6:13) (Bönnuð börnum) **0.55** Six Feet Under (4:12) (Bönnuð börnum) **1.40** 8 Mile (Bönnuð börnum) **3.30** Fréttir og Ísland í dag **4.35** Ísland í bítið **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Fashion Television (4:34)**
**19.20** **Ástarfleyið (5:11)**
**20.00** **Friends 5 (1:23)**
**20.30** **Sirkus RVK** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
**21.00** **Ástarfleyið (6:11)**
▶ **21.40** **Weeds (8:10)** Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin, Nancy Botwiní miklum fjárhagsvandræðum.
**22.15** **Girls Next Door (4:15)** Í þessari einstöku þáttaröðfá áhorfendur að kíkja inn fyrir hlið hallarinnar og inn í heim Hug Hefner.
**22.45** **So You Think You Can Dance (8:12)**

**23.55** Rescue Me (8:13) **0.40** David Letterman **1.25** Friends 5 (1:23) (e)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Sirrý (e)

**19.20** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Complete Savages (e)**
**20.00** **Íslenski bachelorinn**
**21.00** **Will & Grace**
**21.30** **The King of Queens**
▶ **22.00** **Herra Ísland 2005** Hver hreppir titilinn Herra Ísland 2005? Föngulegustu karlmenn landsins munu stíga á stokk og heyja baráttu um titilinn eftirsótta í kvöld. Það verður margt um dýrðir á þessari glæsilegu hátíð sem fram fer á Broadway, Hótel Íslandi, en hátíðin er sýnd í beinni útsendingu á SKJÁEINUM. Keppendur munu koma fram á tískusýningum, Í nærfatnaði og í kvöldklæðnaði og munu vafalaust gleðja augu íslensku kvenþjóðarinnar.

**23.30** Jay Leno **0.15** America's Next Top Model IV (e) **1.10** Cheers (e) **1.35** Þak yfir höfuðið (e) **1.44** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**15.00** Stump the Schwab **15.30** UEFA Champions League **17.10** Meistaradeildin með Guðna Berg **17.50** UEFA Champions League

**20.00** **NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
▶ **20.30** **A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)(A1 Grand Prix – samantekt)Ítarleg umfjöllun um heimsbikarinn í kappakstri. Þetta er ný keppni en öllkappakstursmótin eru í beinni á Sýn.
**21.30** **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
**22.00** **Bardaginn mikli** (Joe Louis – Max Schmeling) Joe Louis er einn frægasti þungavigtarmeistari boxsögunnar.
**22.55** **UEFA Champions League** (Halmstad – Sampdoria)Útsending frá Evrópukeppni félagsliða.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Yamakasi (B. börnum) **8.00** Mona Lisa Smile **10.00** A View From the Top **12.00** Moonlight Mile **14.00** Mona Lisa Smile **16.00** A View From the Top **18.00** Moonlight Mile **20.00** **Yamakasi** Bönnuð börnum. **22.00** **Road to Perdition** (Leiðin til glötunar) Úrvalsmynd sem var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna. **0.00** Sniper 2 (Str. b. börnum) **2.00** The Ring (Str. b. börnum) **4.00** Road to Perdition (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** The Soup UK **14.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **15.00** High Price of Fame **16.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **17.00** 40 Celebrity Weddings & A Funeral **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Fashion Police **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Good Girls Gone Bad **22.30** The Anna Nicole Show **23.00** Wild On **0.00** E! News **0.30** Fashion Police **1.00** Good Girls Gone Bad **1.30** The Anna Nicole Show

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Sunderland – Aston Villa frá 19.11 **16.00** WBA – Everton frá 19.11 **18.00** Tottenham – West Ham frá 20.10

**20.00** **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“** Hörðustu áhangendur enska boltans á Íslandi í sjónvarpið.
**21.00** **Wigan – Arsenal frá 19.11** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**23.00** Liverpool – Portsmouth frá 19.11 **1.00** Chelsea – Newcastle frá 19.11 **3.00** Dagskrárlok

www.expressferdir.is

SPENNAN EYKST!

Chelsea – Middlesbrough 2. – 4. desember

Félagarnir Eiður Smári og Jimmy Floyd Hasselbaink etja kappi í þessum stórleik og spennandi að sjá hvort ný sigurganga Chelsea sé hafin. Ekki láta þig vanta á þessa mögnuðu viðureign! Þú finnur nánari upplýsingar um pakkann á **expressferdir.is**.

» Takmörkuð sæti í boði.

» Fyrstir bóka – fyrstir fá!

MÖGNUÐ FÓTBOLTAFERÐ

59.900 kr.

INNIFALIÐ:

Flug og skattar, 2 nætur á Chelsea Village hótelinu (4 stjörnur) með morgunverði, miði á leikinn og þriggja rétta máltíð. Dagskrárblað leiksins er einnig innifalið. Miðað er við að tveir séu saman í herbergi.

Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á www.expressferdir.is

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Fíton/SÍA

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Blackpool** Sjónvarpið **kl. 22.25**

### *Las Vegas í Englandi*

***Ripley Holden ætlar að gera Blackpool að spilaborg***



Blackpool er breskur myndaflokkur sem gerist í samnefndri borg. Þar segir frá risi og falli Ripley Holden, eiganda leiktækjasalar í Blackpool, sem ætlar sér að efnast vel. Það byggist þó á því að Blackpool verði Las Vegas Englands en Ripley er sannfærður um að svo geti orðið. Holden-fjölskyldan lendir þó í hremmingum eftir að ungur maður finnst látinn í spilasalnum. Grunur fellur á Ripley og lögreglufulltrúinn Carlisle sem stjórnar rannsókn máslins er staðráðinn í að komast að hinu sanna hvað sem það kostar.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Glópagull og gisnir skógar **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag **19.30** Allt og sumt e. **21.30** Á kassanum e. **22.00** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e.

**0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.05** Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **8.30** Árla dags **9.05** Laufskálinn **9.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **9.50** Leikfimi **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.00** Fréttayfirlit **12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir og augl. **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Fréttir **18.24** Augl. **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfr. og augl. **19.00** Vitinn **19.27** Sinfóníutónleikar **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Undarleg ósköp að vera kona: Nóra eftir að hún skildi

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Ungmennafélagið **21.00** Konsert með La Vela Purca **22.10** Popp og ról

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsdóttir **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan Gunnar Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30** *Fræðsla*

KVÖLDFRÉTTIR NFS

## NFS

**07.00** Ísland í bítið **09.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Íþróttafréttir. **12.20** Veðurfréttir. **12.28** Leiðarar dagblaða. **12.40** Hádegisviðtal. **13.00** Íþróttir/ lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður

**18.30** **Kvöldfréttir NFS.**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.30** **Yfirlit frétta og veðurs.**
**19.35** **Kvölddagskrá**
**19.40** **Samantekt úr Fréttavaktinni** frá því fyrr um daginn.
**20.10** **Sögur af fólki** e.
**21.10** **60 Minutes** Framúrskarandi fréttaþáttur sem vitnað er í.
**21.55** **Kvölddagskrá**
**19.40** **Samantekt úr Fréttavaktinni** frá því fyrr um daginn.
**20.10** **Sögur af fólki** e.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **13.15** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **14.45** Football: UEFA Cup **16.15** Artistic Gymnastics: World Championship Australia **17.00** Ski Jumping: World Cup Kuusamo Finland **18.00** Biathlon: World Cup Oestersund Sweden **19.15** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA Wtcc Mag **19.45** Boxing **21.45** Football: UEFA Cup **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Football: UEFA Champions League

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Mosquito Hell **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Bug Attack **16.00** Dangerous Encounters **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Evolution **19.00** Bug Attack **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Bug Attack **22.00** Dangerous Encounters **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Bug Attack **1.00** Evolution

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Meerkat Manor **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** Predator's Prey **14.00** Weird Nature **14.30** Supernatural **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** Big Cat Diary **18.00** Meerkat Manor **18.30** Monkey Business **19.00** Chimpanzee Diary **19.30** Predator's Prey **20.00** Killing for a Living **21.00** Miami Animal Police **22.00** Meerkat Manor **22.30** Monkey Business **23.00** Venom ER **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Killing for a Living

**DISCOVERY**

**12.05** Brainiac **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Fishing on the Edge **14.00** Extreme Engineering **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Wheeler Dealers **17.30** Wheeler Dealers **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** The Road to Le Mans **22.30** The Road to Le Mans **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files

**MTV**

**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Pimp MY Ride **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Base Chart **19.00** Pimp MY Ride **19.30** Punk'd **20.00** Wonder Showzen **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 AT Ten – Green Day **22.00** Switched ON **23.00** Superock

**VH1**

**12.00** So 80s **12.30** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewers Jukebox **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** All Access **21.00** Pop Up Videos **21.30** Beavis & Butthead **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside **23.00** Top 5 **23.30** Bands Reunited **0.30** VH1 Hits




30% afsláttur
af lítilsháttar útlitsgölluðum borðum og borðstofuborðum

mira art
HÚSGÖGN

BÆJARLIND 6 201 KÓPAVOGI SÍMI 554 6300 WWW.MIRAART.IS
opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16



## HRÓSIÐ

*...fær Elva Ósk Ólafsdóttir fyrir að hreppa Emmy-verðlaunin fyrir Örninn.*

**AÐ MÍNU SKAPI** BORGAR ÞÓR EINARSSON FORMAÐUR SUS

# Skaginn, Melabúðin og Hemmi Gunn



**BORGIN:** Að undanförnu hefur minn gamli heimabær, Akranes, verið mér efst í huga, af ýmsum ástæðum. Eins og samgöngumálum og fleiru er orðið háttað í höfuðborg R-listans er ekki óeðlilegt að menn horfi yfir flóann og upp á Skaga, þar sem saman fer náttúrufegurð og gott mannlíf. Gæti best trúað að við förum að nálgast það tímamark að byggðaþróun fari að snúast við.

**BÚÐIN:** Melabúðin er búð búðanna í mínum huga. Þótt þar sé hvorki hátt til lofts né vítt til veggja, finnst mér hvergi eins gott að versla inn eftir erilsaman vinnudag og þjónustulund starfsfólksins er einstök. Melabúðin er eiginlega hálfgerð félagsmiðstöð fullorðna fólksins í Vesturbænum; það bregst ekki að maður hitti einhvern sem maður þekkir og fólk tekur iðulega tal saman.

**TÓNLISTIN:** Undanfarið hefur fátt annað komist að hjá mér á tónlistarsviðinu en klassískir smellir með Hermanni Gunnarssyni af plötunni Frískur og fjörugur frá árinu 1984. Lögin góð og textarnir klassískir. Annars glymur Blindsker með Bubba í bílnum, þar sem Marselía dóttir mín, sex ára, heimtar það í spilun á hverjum morgni á leið í skóla.

**BÓKIN:** Las nýlega bók sem skildi töluvert mikið eftir sig í mínum huga, en það er bókin The Tipping Point eftir Malcolm Gladwell, sem ég fékk í afmælisgjöf frá Hannesi vini mínum. Í henni eru settar fram afar áhugaverðar kenningar um hvernig skýra má útbreiðslu hugmynda og tískufyrirbrigða. Skyldulesning fyrir þá sem eru sífellt að reyna að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélag með ýmsum hætti.

**BÍÓMYNDIN:** Sá um daginn aftur hina frábæru mynd Stanleys Kubrick, Full Metal Jacket, og hún hefur sífellt sterkari áhrif á mann. Held að engum hafi tekist að lýsa því betur hvað hermennska gengur út á en Kubrick í þessari mynd, þar sem hann dregur upp hermennskuna sem andstæðu mennskunnar, til að búa til hermann sem tekur við skipunum um að drepa þarf að afmá flest einkenni mennskunnar úr persónunni.

**VERKEFNIÐ:** Vinnan er það verkefni sem mér er efst í huga. Það eru forréttindi að fá að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni á hverjum degi. Af einstökum verkefnum öðrum að vinnunni frátalinni, þá er starf mitt innan Sjálfstæðisflokksins og í forystu ungliðahreyfingar flokksins



LÁRÉTT
2 andlegt áfall 6 frá 8 kúgun 9 væl 11 belti 12 stólpi 14 skrælnuð trjágrein 16 bardagi 17 gljúfur 18 málmur 20 eldsneyti 21 arða.

LÓÐRÉTT
1 hluta sólarhrings 3 tveir eins 4 skóþvengur 5 að 7 pedali 10 þunnur vökvi 13 sarg 15 krafs 16 óhreinka 19 ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 lost, 6 af, 8 oki, 9 göl, 11 öl, 12 staur, 14 sprek, 16 at, 17 gil, 18 tin, 20 mó, 21 agna.
LÓÐRÉTT: 1 dags, 3 oo, 4 skóreim, 5 til, 7 fótstig, 10 lap, 13 urg, 15 klór, 16 ata, 19 nn.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1 Al-Jazeera
2 Sigurður Tómas Magnússon
3 Hjartsláttartruflanir

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi
kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR, félag laganema við Háskóla Íslands.



**HUNG OG SIMMI Í IDOL** Idolstjarnan William Hung er stödd hér á landi. Honum til halds og trausts hér á landi er Simmi í Idol.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**IDOL-STJARNAN WILLIAM HUNG:** Í HEIMSÓKN Á ÍSLANDI

# Betri með degi hverjum

Hinn 23 ára verkfræðinemi og Idolstjarna, William Hung, kom hingað til lands í gærmorgun. Í dag klukkan 16.00 opnar hann nýja og glæsilega Idol-verslun í Hagkaupi í Smáralind og að því loknu ætlar hann að syngja fyrir gesti og gangandi fyrir framan verslun OgVodafone í Smáralind. Á morgun er ferðinni síðan heitið til Vestmannaeyja. Þar mun hann, fyrir leik Íslands og Noregs, syngja tvö lög, þar á meðal Ricky Martin-lagið She Bangs sem hann gerði ódauðlegt í bandarísku Idol-keppninni.

Hung, sem er síður en svo þekktur fyrir mikla sönghæfileika, hefur ferðast víða um heim síðan hann tók þátt í Idol. Hann hefur aðallega komið fram í Asíu, en einnig hefur hann verið í þekktum þáttum á borð við kvöldþætti Jay Leno. Nú er sem sagt röðin komin að Íslandi.

Hung segist hafa heyrt góða hluti um land og þjóð áður en hann kom hingað til lands. „Ég vissi að hérna borða menn mikinn fisk og að hérna væri samfélagið svipað og á hinum Norðurlöndunum," segir Hung, sem er staddur hér ásamt móður sinni sem jafnframt er umboðsmaður hans.

Segja má að Hung hafi malað gull síðan hann sló í gegn í Idol því hann hefur á undurskömmum tíma gefið út þrjár sólóplötur og leikið í einni bíómynd sem var tekin upp í Hong Kong. Hafa bandarískir aðilar þegar boðið Hung að leika í bandarískri útgáfu af myndinni. Auk þess á Hung í viðræðum um að leika í annarri bandarískri kvikmynd. Þær viðræður eru þó á viðkvæmu stigi eins og er.

Hung segist síður en svo hafa átt von á þessum vinsældum þegar hann tók þátt í Idol en tekur þó nýfenginni frægð með jafnaðargeði. Þó svo að tilboðin berist í stríðum straumum heldur móðir hans honum á jörðinni og hvetur hann til að leggja peninginn sem hann græðir inn á bankabók.

Spurður að því hvort hann telji sig góðan söngvara segist Hung gera sér grein fyrir að hann sé ekki sá besti að minnsta kosti ekki enn sem komið er. „Flestir sem taka þátt í Idol komast ekki áfram og þess vegna bjóst ég alveg við því. En ég er að verða betri söngvari og tel að ég geti bætt mig mikið í framtíðinni," segir hann alvarlegur í bragði.

Hung segist ekki eiga sér neitt mottó í lífinu. „Ég reyni bara að vera jákvæður og njóta lífsins til fullnustu. Svona tækifæri eins og ég hef fengið koma aðeins einu sinni á ævinni og ég ætla mér að nýta þau. Það eru ekki margir sem fá tækifæri sem þessi og ég ætla mér að sjá hvert þau leiða mig," segir hann og brosir breitt.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fegurðardrottning Íslands, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, er stödd í Kína ásamt rúmlega 100 öðrum fegurðardrottningum sem munu etja kappi í Miss World. Veðbankar eru farnir að birta spár og það vekur athygli að Unnur Birna er þar ofarlega á blaði. Hún er á lista yfir þær fimmtán sem þykja sigurstranglegastar hjá flestum bönkunum og sumir þeirra ganga svo langt að spá henni 3. til 5. sæti í keppninni. Veðbankar hafa að vísu átt það til að vekja falsvonir hjá Íslendingum, ekki síst í tengslum við Eurovision-keppnina en það getur þó varla verið verra að stíga á svið í alheimsfegurðarkeppni með svona jákvæða spádóma í farteskinu.



Alþingismaðurinn Össur Skarphéðinsson brá sér í líki bókagagnrýnanda á heimasíðu sinni nýlega þar sem hann egrði grein fyrir því hversu skemmtileg lesning Valkyrjur eftir Þráinn Bertelsson væri. Össur skemmti sér ekki síst yfir því hvernig þekkt fólk í valdakerfinu er tekið í gegn. „Ég hló - af því þrjóturinn Þráinn beitir því refsbragði að leiða inn í söguna bæði stjórnmálamenn og embættismenn sem maður þekkir á augabragði. Þeir fá ekki alltaf glæsilega útreið!, sagði Össur sem telur fáa standa Þráni jafnfætis þegar það kemur að háðsádeilum. „Einu verulega háðsku ádeilurnar sem maður les þessi árin hafa verið alltof sjaldgæfir pistlar sem Þráinn hefur skrifað á baksíðu Fréttablaðsins - og eru í stjarnfræðilegri hæð yfir flest annað sem þar birtist. Þráinn er eini Íslendingurinn sem getur skrifað ádeiluhúmor sem minnir á bresku háðfuglana..."



Trésmíðavélar



OPIÐ HÚS
Laugardag-Sunnudag-Mánudag 9:00-18:00
• Yfir 30 nýjar vélar á staðnum.
• Gott úrval af notuðum vélum.
• Frá sambyggðum vélum fyrir áhugamanninn til stórra CNC véla fyrir Iðnaðinn.
• Vélar/fittings /sagarblöð/Lím/ Sandpappír/Loftpressur.
• SALICE húsgagnafittings, lausnir og lamir.



IÐNVÉLAR
Hvaleyrarbraut 18 • Hafnarfirði • S: 5655055 • Idnvelar.is

# Ég er enginn dónakarl

Klukkan níu í kvöld mun Auðunn Blöndal frumsýna einleikinn Typpatal á NASA. Það er Sigurður Sigurjónsson sem leikstýrir verkinu en þetta er í fyrsta skipti í áratug sem Auðunn stendur á sviði. Síðast gerðist það í heimabæ hans Sauðárkróki. „Það var reyndar mjög lítið hlutverk en verkið var dæmigerð skagfirsk revía," útskýrir leikarinn og hlær. Auðunn var mjög spenntur og sagði æfingar hafi gengið vel. „Það er góður andi í hópnum og verður mjög gaman að fara með hinum leikurunum út að skemmta sér eftir frumsýningu," segir hann og skellir upp úr.

Typpatal fjallar eins og nafnið gefur kannski til kynna um karlkyns kynfæri en Auðunn tekur hins vegar skýrt fram að þetta sé engin dónasýning. „Þetta er karlkyns útgáfa af Píkusögum og fjallar um typpið frá ýmsum sjónarhornum, meðal annars hvernig konur bregðast við því," segir hann en bætir við að sýningin sé heldur ekki mikið við hæfi barna undir 17 ára aldri. „Það fá ýmis orð að flakka sem krakkar á þeim aldri eiga ekkert að heyra." Auðunn og félagar hans í sjónvarpsþættinum Strákarnir hafa verið duglegir við að klæða sig úr fötunum á skjánum og því vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort Auðunn sé ekki bara dónakall en leikarinn segir það af og frá. „Við erum líka að hætta þessu og það eru breytingar í vændum á þættinum," segir hann, því þeir ætla að einbeita sér frekar að leiknu efni og gera grín að öðrum sjónvarpsþáttum.

-fgg



**AUÐUNN BLÖNDAL** Frumsýnir í kvöld einleikinn Typpatal á Nasa. Hann mun þar ræða um karlkynskynfæri frá ýmsum sjónarhornum.
FRÉTTABLAÐIÐ / TEITUR

www.expressferdir.is



INNIFALIÐ:
FLUG BÁÐAR LEIÐIR
SKATTAR OG SKYLDUR
ÞRJÁR NÆTUR Á GÓÐU HÓTELI MEÐ MORGUNMAT

VIÐ BÆTUM VIÐ AUKA FERÐUM!

29.900

## Flug og hótel í 3 nætur í London eða Kaupmannahöfn

# HVERSDAGSLEGAR FERÐIR!

Borgarferðir Express Ferða seldust upp á mettíma enda um ótrúlegt verð að ræða. Nú höfum við bætt við aukaferðum og því um að gera að bóka áður en þær seljast upp! Farðu til London eða Kaupmannahafnar á mánudegi og heim aftur síðdegis á fimmtudegi fyrir litlar **29.900 krónur** með öllu! Þannig hefur þú nánast fjóra daga til að slappa af og kaupa jólagjafirnar án þess að lenda í helgarösinni.

**Fyrir 29.900 kr. færðu:** Flug báðar leiðir, skatta og gistingu í þrjár nætur á góðu hóteli með morgunmat. Er hægt að biðja um meira?

**Þú finnur ferð og verð við þitt hæfi á expressferdir.is**

Express Ferðir
www.expressferdir.is

Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## Over there

Ég hef verið að fylgjast með þáttunum Over There á Stöð 2. Þættirnir gerast í Írak og fjalla um bandaríska hermenn og aðstandendur þeirra. Þetta eru mjög vandaðir þættir og vel gerðir í alla staði. Ég hef líka lesið að hernaðarráðgjafar komi að gerð þáttanna til að gera þá eins trúverðuga og mögulegt er.

Í einum þættinum voru hermenn að gæta vegatálma. Þeir skutu á bíl sem stoppaði ekki og drápu tvo menn í honum. Hermennirnir fengu í fyrstu mikinn móral en svo kom í ljós að mennirnir voru hryðjuverkamenn og þá létti öllum. Í næsta þætti tóku þeir ungan og sakleysislegan mann til fanga. Eftir nokkuð hörkulegar aðfarir brotnaði maðurinn saman og þá kom í ljós að hann var samviskulaus hryðjuverkamaður. Í síðasta þætti fengu hermennirnir skipun um að skjóta mann á heimili sínu þar sem hann bjó með konu sinni og barni. Það fannst þeim erfitt en eftir að þeir voru búnir að skjóta hann kom í ljós að hann var hryðjuverkamaður og njósnari. Öllum létti mikið.

**EINA** sem er trúverðugt við þessa þætti er ytri umgjörðin. Kjarni þáttanna er lymskulegur áróður og lygi. Mér finnst ógeðslegt að það skuli strax vera byrjað að gera glæsilegar áróðursmyndir um þetta hræðilega stríð þar sem tekin er svona einsleit og hallærisleg afstaða. Það er verið að láta mann halda að Írakar séu allir óútreiknanlegir hryðjuverkamenn og því réttdræpir. Þættirnir ala á lágkúrulegum fordómum. Írakar eru fólk eins og við. Ekkert öðruvísi en fólk í Kópavogi eða á Bíldudal.

**STRÍÐIÐ** í Írak er ekki sveipað neinum hetjuljóma í mínum huga. Það verður bara sífellt ógeðslegra. Hingað til hafa fallið rúmlega 2.000 bandarískir hermenn þar og á milli 27 til 30 þúsund óbreyttir borgarar. Ég sá í fréttunum um daginn að bandaríski herinn hefði viðurkennt að hafa notað fosfórsprengjur í Írak. Ég táraðist.

**ÉG** er ekki að segja að Saddam Hussein hafi ekki verið illmenni. En árangur næst best með fræðslu og friðsemd. Ég held að hergagnaframleiðendur hafi notað Írak sem átyllu til að nota og framleiða fleiri vopn. Ofbeldi verður ekki leyst með ofbeldi, eins og það er nú oft freistandi. Sá sem deyðir með sverði mun sjálfur falla fyrir sverði.







Hefur þú smakkað hreinan ávaxtasafa?

Þegar þú pressar hreinan ávaxta- eða grænmetissafa úr Solis safapressunni, þá áttarðu þig á því hvað hreinn safi er.



Þú setur ávexti í heilu lagi í pressuna og færð hreinan safa á svipstundu.

Verð 13.900 kr.



RadioNaust
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000
BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Kynningarmyndband á www.avaxtabillinn.is og www.ormsson.is